# FRÉTTABLAÐIÐ

219. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 19. ÁGÚST 2015




# Kóngurinn í körfunni

**Jón Arnór Stefánsson** ræðir um körfuboltann sem sendi hann á flakk um heiminn, eiginkonu sína Lilju, fjölskylduna og hvernig hann komst á svartan lista hryðjuverkamanna í Bandaríkjunum.

→30

Fréttablaðið/Valli



## Bændur á malbikinu

DJ Sóley heldur hænur heima →36



## Donald Trump er í vörn

## Hillary er enn hæst

→38



## Þurfa sumir bara spark í rassinn?

→34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður



Suðaustan 13 til 18 metrar á sekúndu og rigning með köflum. Hægari vindur á Norður- og Austurlandi, þurrt að mestu og þar verður jafnframt hlýjast, eða allt að 17 stiga hiti.
SJÁ SÍÐU 50

# Vesturbakkinn varinn



**Gæsum bægt burt** Fyrr í sumar var sett upp girðing í vestanverðri Reykjavíkurtjörn til að verjast ágangi gæsa í viðleitni til að rækta upp vatnagróður og aðrar plöntur við bakkann sem vonast er til að nýtist öndum og ungum þeirra. Fyrir tveimur vikum bættist við grindverk upp á landi til að hlífa bakkanum við ágangi þeim megin frá. Þórólfur Jónsson garðyrkjustjóri segir of snemmt að meta árangurinn. Fréttablaðið/Pjetur

## Hælisleitanda synjað um áheyrn í gær

**FLÓTTAMENN** „Hann á yfir höfði sér fangelsisdóm og trúarlegar ofsóknir ef hann fer heim aftur,“ segir á síðunni Ekki fleiri brottvísanir, um Mehdi Pedarsani. Hann er íranskur ríkisborgari sem kom hingað til lands fyrir ári sem hælisleitandi.

Í gær fékk Mehdi synjun frá kærunefnd útlendingamála um að mál hans yrði tekið til efnislegrar meðferðar hér á landi. Synjunin er veitt á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar og verður til þess að innan tíðar verður Mehdi sendur til Noregs. Þaðan verður hann svo líklega sendur til heimalands síns.

Rauði kross Íslands hefur hingað til séð um mál Mehdis. Nú þegar honum hefur verið synjað um efnislega meðferð stendur honum til boða að áfrýja málinu til dómstóla. Rauði krossinn hefur staðfest að við slíkar aðstæður sé hælisleitanda beint til lögfræðinga sem geta tekið málið að sér.

Á síðunni Ekki fleiri brottvísanir stendur að Mehdi hafi tekið ákvörðun um áfrýjun máls síns. Þá hafi honum verið greint frá því að þrátt fyrir áfrýjunina megi hann eiga von á því að vera sendur úr landi hvenær sem er.

Íran er íslamskt ríki með klerkastjórn. Staða mannréttinda hefur verið gagnrýnd í landinu og íranska ríkisstjórnin sökuð um pyntingar. - snæ



**Mehdi Pedarsani er kristinn bifvélavirki. Hann tók þátt í verkalýðsbaráttu sem er bönnuð í Íran.**

## Samið um lokagreiðslur Icesave

**EFNAHAGSMÁL** Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta hefur náð samkomulagi við seðlabanka Hollands og breska innstæðutryggingarsjóðinn.

Samkomulagið felur í sér að sátt hefur náðst á milli opinberra aðila í þessum þremur löndum vegna Icesave-innlánsreikninga Landsbanka Íslands, sem nú heitir LBI.

Seðlabanki Hollands endurheimti útlagða fjármuni að fullu í ágúst 2014.

Í tilkynningu frá Seðlabanka Íslands segir að fullnaðargreiðsla til breska innistæðutryggingasjóðsins sé áætluð annaðhvort samhliða nauðasamningi LBI á grundvelli stöðugleikaskilyrða eða eftir greiðslu LBI á stöðugleikaskatti.

Nú þegar hefur breski innstæðutryggingasjóðurinn fengið 84,2 prósent af kröfu sinni greidd frá þrotabúi LBI. - jhh



**Leikskólanum Sjónarhóli verður lokað í vetur vegna fækkunar leikskólabarna í Grafarvogi.** Fréttablaðið/GVA

# Leikskólabörnum fækkað um 20 prósent

**Leikskólum í Grafarvogi verður fækkað um einn á næstu dögum. Ástæðan er sú að leikskólabörnum í hverfinu hefur fækkað verulega á undanförnum árum. Foreldrum finnst skorta á samráð hjá Reykjavíkurborg við ákvörðunartökuna.**

**DAGVIST** Leikskólanum Sjónarhóli í Grafarvogi verður lokað í vetur. Þar með fækkar leikskólum í hverfinu úr 11 í 10. Ástæðan er sú að leikskólabörnum í hverfinu hefur fækkað svo mikið á undanförnum árum að ekki þótti forsvaranlegt að halda leikskólanum opnum. Í dag eru 920 börn á leikskólaaldri í Grafarvogi, en fyrir tíu árum voru þau 1.164. Fækkunin nemur 21 prósenti.

„Maður er auðvitað ekkert sáttur. Maður vill hafa góða leikskólann sinn áfram,“ segir Ásta Kristín Svavarsdóttir leikskólastjóri í samtali við Fréttablaðið. Hún segir ekki alla starfsmenn leikskólans vera komna með störf annars staðar. „En það er allt í farvegi og verið að aðstoða okkur við að finna það,“ segir hún. Hún segir ekki endanlega vera búið að ákveða hvaða dag leikskólanum verði lokað. Það sé þó ljóst að það verði gert fyrir áramót.

Foreldraráð Sjónarhóls gagnrýnir að skóla- og frístundasvið skyldi ekki hafa meira samráð við foreldra í aðdraganda að breytingunum og gagnrýnir að leikskólanum sé lokað. Í bréfi sem þær Auður Aðalbjarnadóttir og Anna Björk Bjarnadóttir, fyrir hönd foreldraráðs Sjónarhóls, sendu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs segir að fara hefði mátt aðrar leiðir en að loka leikskólanum. Þar segir meðal annars að sameining Sjónarhóls og leikskólans Brekkuborgar hafi ekki verið rædd til fulls. Sameining leikskólanna yrði mun mildari aðgerð. Slík sameining gæfi börnunum möguleika á að að vera áfram saman á leikskóla og vinna áfram með því starfsfólki sem það þekkir og treystir. Vill foreldraráðið að gerð verði úttekt á starfi leikskólanna og hverjir samlegðarþættir við sameiningu þeirra gætu orðið.

Þá segir í umsögn foreldraráðs að mikill aukakostnaður og umstang muni leggjast á foreldra, verði þessi tillaga samþykkt óbreytt. Aðlögun barna í leikskólum krefjist þess að foreldrar séu viðstaddir í leikskólanum í að minnsta kosti þrjá vinnudaga með barni sínu á leikskóla. Skipulagning sumarfrísdaga foreldra sé löngu lokið og fáir hafi kost á öðru en að taka sér launalaust leyfi. „Þurfi foreldrar að taka sér launalaust leyfi þessa þrjá daga er launatap sem fellur á foreldra um 14% af mánaðartekjum.“

> **Maður er auðvitað ekkert sáttur. Maður vill hafa góða leikskólann sinn áfram.**
>
> Ásta Kristín Svavarsdóttir leikskólastjóri Sjónarhóls

jonhakon@frettabladid.is






**Kynntu þér Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

Við blásum til sýningar á nýrri útgáfu af Land Cruiser 150 með nýrri og sparneytnari vél, háþróuðu myndavélakerfi og Blind Spot Monitor ásamt ríkulegum aukabúnaði. Skoðaðu hann líka í sérstakri afmælisútgáfu með Adventure pakka að verðmæti 750.000 kr. sem færir hann í æðra veldi.

**Láttu heillast í dag 19. september kl. 12-16 hjá neðantöldum, viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi.**

**GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM***

5 5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur** verður dreginn úr hópi þeirra sem fá nýja Toyotu afhenta í september**

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

**TÖLUR VIKUNNAR** 1.2.2015 - 7.2.2015

**5 ár**
er meðalstarfsaldur íþróttakennara á Íslandi. Þeir hætta störfum vegna álags og slæmra aðstæðna.



**1 TILLAGA AF 25**
tillögum frá landshlutanefnd fyrir Norðurland vestra skilaði sér í fjárlög fyrir næsta ár.



**277 dýr**
drápust í dýragarðinum í Tíblisi fyrir þremur mánuðum. Dýragarðurinn hefur nú verið opnaður á ný.

**249 KÍLÓ**
af útrýmingarefnum voru seld til leyfislausra einstaklinga árið 2014.

**8,3 STIG**
var jarðskjálftinn sem reið yfir Síle á miðvikudagskvöld. Átta létust í skjálftanum.



**2,7%**
atvinnuleysi er spáð á næsta ári samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Vinnumálastofnunar.



**572 MILLJÓNIR**
voru tekjur Gló veitingastaðanna á síðasta ári. Tapið á rekstrinum nam 12 milljónum króna.




## Þrír í fréttum
### Everest, kveðjutillaga og tollar



**Everest og Ísraelstillagan** Baltasar Kormákur frumsýndi á Íslandi á fimmtudagskvöld kvikmynd sína Everest. Margt var um manninn og meðal annars voru forsetahjónin, Dorrit og Ólafur, mætt. Í samtali við Ísland í dag lýsti Baltasar því hversu gaman væri að koma heim og frumsýna. Enn meira spennandi eftir að vel hefur gengið úti.



**Björk Vilhelmsdóttir** hætti störfum sem borgarfulltrúi Reykjavíkurborgar á þriðjudaginn. Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti á fundi þann dag síðustu tillöguna sem hún lagði fram, um viðskiptabann á Ísrael. Tillagan felur í sér að Reykjavíkurborg kaupi ekki vörur frá Ísraelsríki á meðan hernám ríkisins á landsvæði Palestínu varir. Hún hefur hlotið nokkra gagnrýni.



**Sigurður Ingi Jóhannsson,** sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, var kampakátur eftir að Ísland og Evrópusambandið undirrituðu samning á fimmtudag sem mun fela í sér að báðir aðilar felli niður tolla í allmörgum tollflokkum. Báðir aðilar munu auka verulega tollfrjálsan innflutningskvóta á ýmsar tegundir af kjöti og ostum.

# Fagna samningi við ESB sem fyrsta skrefi af mörgum

**Innflutningur á mikið unnum matvörum verður tollfrjáls sem og innflutningur á alls kyns villibráð. Forstjóri Haga og framkvæmdastjóri FA telja samninginn fagnaðarefni en vilja sjá frekari skref stigin á næstu árum.**

**NEYTENDAMÁL** Samningur íslenskra stjórnvalda og Evrópusambandsins opnar fyrir tollfrjálsan innflutning á alls kyns villibráð. Innflutt hreindýrakjöt, dádýrskjöt, rjúpur, dúfur, fasanar og önnur villibráð verður því tollfrjáls varningur með öllu.

Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í atvinnuvegaráðuneytinu, segir þennan samning hafa bæði jákvæð áhrif á neytendur á Íslandi sem og útflytjendur íslenskra landbúnaðarafurða. „Það sem við fáum út úr þessum samningum er að þeir eru algjörlega gagnkvæmir. Allt sem við megum flytja inn tollfrjálst getum við flutt út einnig án tolla. Það opnast mikil tækifæri fyrir íslenska framleiðendur á alls kyns matvælum, svo sem svínakjöti, sælgæti og öðru. Einnig felur þessi samningur í sér að við stækkum tollkvóta á kjöti og ostum gríðarlega," segir Ólafur.

Tollur á franskar kartöflur lækkar um 40 prósent og ís lækkar úr 30 prósentum niður í átján. Einnig lækkar svokallaður magntollur, sem er greiddur á hvert kíló af ís, úr 110 krónum í 66. Mesta lækkun á vörum mun vera á mikið unninni matvöru, svo sem kexi, pitsum, pasta, súkkulaði og þess lags vörum. Einnig hafa tollkvótar verið rýmkaðir nokkuð á landbúnaðarafurðir og verða þeir rýmkaðir í þrepum allt til ársins 2020. Gert er ráð fyrir að rýmka kvóta á innflutt nautakjöt um nærri 700 prósent frá því sem nú er og svínakjötstolla um 250 prósent. Innflutningstollar á alifugla fimmfaldast á næstu fimm árum.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, fagnar afnámi tolla á ýmsar vörutegundir. „Almennt talað eru beinar tollalækkanir eða afnám tolla hagstæðari fyrir neytendur en skömmtunarkerfi á borð við tollfrjálsa innflutningskvóta.

> Þetta er ein mesta kjarabót fyrir landsmenn sem við finnum því af þessu hlýst tvöfaldur ávinningur.
>
> Finnur Árnason, forstjóri Haga

Þegar almennir tollar eru lækkaðir eða afnumdir geta neytendur gengið að því vísu að það kemur fram í vöruverðinu. Það ber því að fagna því að afnumdir eru tollar á unnum vörum eins og pitsum, bökum, pasta og bökunarvörum, villibráð og fleiru slíku," segir Ólafur en bendir á að kvótaumhverfið standi enn heilbrigðri samkeppni aðila fyrir þrifum. „Þótt tollkvótarnir stækki myndarlega til ársins 2020 eru þeir samt áfram tiltölulega lágt hlutfall innanlandsneyslu eins og hún var á árunum 2011-2013. Árið 2020 verða þessi hlutföll væntanlega lægri af því að innanlandsneyslan fer hraðvaxandi, meðal annars vegna fjölgunar ferðamanna. Þetta er gríðarlega jákvætt skref, en hvað kjötið og ostana varðar er íslenskur landbúnaður samt bara að fá mjög takmarkaða samkeppni."

Finnur Árnason, forstjóri Haga, fagnar þessum samningi stjórnvalda. „Þetta eru almennt frábærar fréttir fyrir neytendur og þessu framtaki stjórnvalda ber að fagna. Það er ekki spurning. Við hefðum þó viljað sjá stærri skref tekin en þetta skref er þó í rétta átt og sem fyrsta skref getum við ekki annað en verið sáttir. Þetta er ein mesta kjarabót fyrir landsmenn sem við finnum því af þessu hlýst tvöfaldur ávinningur. Bæði mun nauðsynjavara lækka í verði sem og að margar af þessum vörum eru inni í vísitölu neysluverðs og lækkun þar mun hafa áhrif á lán landsmanna."

**sveinn@frettabladid.is**



**Tollkvótar verða áfram við lýði en Samkeppniseftirlitið hefur lagt til að það kerfi verði aflagt þar sem það gefi ekki nægilega góða raun fyrir neytendur.**

### Kvóti á kjöt og osta

| Tegund | Núverandi kvóti í tonnum | Umsóknir 2014 | Umsóknir 2015 | Nýr kvóti árið 2020 |
|---|---|---|---|---|
| Naut | 100 | 334 | 462 | 696 |
| Svín | 200 | 615 | 798 | 700 |
| Alifuglar | 200 | 820 | 1043 | 1056 |
| Þurrkað og reykt kjöt | 50 | 45 | 57 | 100 |
| Ostur (vöruliður 406) | 80 | 170 | 254 | 380 |
| Ostur (svæðisbundnir) | 20 | 37 | 52 | 230 |
| Pylsur | 50 | 66 | 123 | 250 |
| Elduð kjötvara | 50 | 200 | 222 | 400 |






# Smyglmál í Skógafossi enn óupplýst

**SAKAMÁL** Enn er óupplýst fíkniefnasmygl í Skógafossi í júní síðastliðnum þegar tæp þrjú kíló af kókaíni fundust í bakpoka í einum gámi skipsins.

Málið hefur dregist nokkuð í rannsókn og gengur afar hægt að sögn lögreglu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var verklagsreglum tollstjóraembættisins ekki framfylgt þegar efnin fundust.

Þegar fíkniefni finnast við komuna til Íslands er það verklag viðhaft að tryggja að rannsóknarhagsmunir spillist ekki, tryggja nánasta umhverfi og gera lögreglu viðvart. Fíkniefnin fundust í gámi, þar sem bátsmenn Skógafoss geyma verkfæri sín, klukkan rúmlega tvö um nóttina.

Einn heimildarmanna Fréttablaðsins sagði að öllum bátsmönnum á staðnum hefði verið sagt að fíkniefni hefðu fundist um borð án þess að nokkur lögregla kæmi á vettvang.

„Við förum reglulega yfir allt verklag og hvernig við vinnum okkar vinnu þegar fíkniefni finnast á okkar svæði," segir Kári Gunnlaugsson yfirtollvörður.

„Við gerðum það einnig sérstaklega eftir þessa leit. Fíkniefnin finnast þarna um nóttina og rannsóknarlögreglan er ekki tiltæk strax þarna um nóttina."

Aldís Hilmarsdóttir, yfirmaður deildar lögreglunnar sem rannsakar skipulagða glæpastarfsemi og fíkniefnamál, segir þetta mál hafa dregist nokkuð í rannsókn og að það gangi of hægt.

Aldís vill þó ekki meina að rannsókn málsins sé komin í eitthvert öngstræti.

„Við höfum sent rannsóknargögn utan til greiningar og bíðum eftir niðurstöðum úr þeim. Rannsókn málsins gengur hægt. Ef það er satt að starfsmenn tollstjóraembættisins hafi ekki unnið eftir fyrir fram ákveðnum verklagsreglum er það ekki til þess að hjálpa til við rannsókn málsins," segir Aldís.

Allir bátsmenn hafa verið teknir í skýrslutöku vegna málsins. Enn hefur enginn verið handtekinn eða færður í gæsluvarðhald né fengið réttarstöðu grunaðs manns í málinu. **- sa**

> Fíkniefnin finnast þarna um nóttina og rannsóknarlöreglan er ekki tiltæk strax þarna um nóttina.
>
> Kári Gunnlaugsson yfirtollvörður



> Ef það er satt að starfsmenn tollstjóraembættisins hafi ekki unnið eftir fyrir fram ákveðnum verklagsreglum er það ekki til þess að hjálpa til við rannsókn málsins.
>
> Aldís Hilmarsdóttir, yfirlögregluþjónn






GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Samráðsleysi við stjórnvöld

**STJÓRNMÁL** Baldur Þórhallsson, prófessor við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, segir sérstakt að borgarstjórn hafi ekki haft samráð við íslensk stjórnvöld áður en tillaga Bjarkar Vilhelmsdóttur um sniðgöngu á ísraelskum vörum var samþykkt.



Baldur Þórhallsson

„Þessi tillaga mun litlu skila ef borgin fylgir þessu ekki eftir með því að tala t.d. við höfuðborgir annarra Norðurlanda, vinaborgir sínar eða íslensk stjórnvöld fylgi fordæminu,“ segir Baldur.

En fylgi aðrar borgir eða ríki fordæmi Reykjavíkurborgar geti tillagan haft mikil áhrif. Ísraelar óttist mjög að vera beittir viðskiptabanni og því hafi Reykjavíkurborg verið svarað af mikilli hörku. Þá séu borgir sífellt að eiga í auknu alþjóðlegu samstarfi og því ekki endilega einkennilegt að þau hafi skoðanir á alþjóðamálum.

Dagur B. Eggertsson telur sjálfur að undirbúa hefði mátt tillöguna betur og ekki sé stefnt að því að sniðgangan nái til allra ísraelskra vara. Dagur segir ekki ljóst hvenær nánari tillögur liggi fyrir, nú sé mikilvægt að vanda sig.

Utanríkisráðuneytið áréttar í fréttatilkynningu að ákvörðun borgarstjórnar sé ekki í samræmi við utanríkisstefnu Íslands og sé heldur ekki til marks um tengsl Íslands og Ísraels. – **ih**

## Afmæli guðsins með fílshöfuðið



**Blómahaf** Hér sást indverskar konur og stúlkur á blómamarkaði að undirbúa hátíðina Ganesh Chaturthi, í Bangalore á Indlandi. Hátíðin er til heiðurs guðinum Ganesha sem hefur fílshöfuð og hófst hátíðin á fimmtudag. Fréttablaðið/EPA


FAAS

**„Hvað er að frétta af heilanum?“**

**Árlega er alþjóðlega Alzheimersdagsins hinn 21. september minnst um heim allan.**

FAAS mun í tilefni dagsins standa fyrir málstofu á Grand Hóteli mánudaginn 21. september 2015 kl. 17:00 -19:00 þar sem skyggnst verður inn í heilann og leitað frétta af því sem er að gerast þar.

**Dagskrá:**

***Ragnhildur Þóra Káradóttir,*** doktor í taugalífeðlisfræði er einn virtasti vísindamaður landsins á sviði rannsókna á taugasjúkdómum. Hún rekur rannsóknarstofu í Cambridge og er í teymishópi fremstu vísindamanna af yngri kynslóðinni í Evrópu.

***Kári Stefánsson,*** vísindamaður og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.

***Steinunn Þórðardóttir,*** öldrunarlæknir fjallar um snemmgreiningu Alzheimerssjúkdómsins

***Ari Eldjárn,*** uppistandari

Umræður og fyrirlesarar munu svara fyrirspurnum.
Málstofustjóri verður Guðlaugur Þór Þórðarson

Allir eru velkomnir, ókeypis aðgangur


## Ríkin sem Ísland beitir þvingunaraðgerðum

1 Afganistan
2 Norður-Kórea
3 Nagorno Karabakh
4 Hvíta-Rússland
5 Bosnía og Hersegóvína
6 Mjanmar
7 Fílabeinsströndin
8 Kongó, lýðstjórnarlýðveldið
9 Egyptaland
10 Eritrea
11 Gínea
12 Gínea-Bissá
13 Íran
14 Írak
15 Jemen
16 Úkraína
17 Líbanon
18 Líbería
19 Líbía
20 Mið-Afríkulýðveldið
21 Moldóva
22 Rússland
23 Simbabve
24 Sómalía
25 Suður-Súdan
26 Súdan
27 Sýrland
28 Túnis




# Íslensk stjórnvöld með þvinganir við 29 ríki

**Íslensk stjórnvöld eru með virkar þvingunaraðgerðir vegna aðildar að SÞ og til að framfylgja ályktunum alþjóðastofnana og ríkjahópa. Þingmaður og borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks segja þessar aðgerðir bera lítinn sem engan árangur.**

**UTANRÍKISMÁL** Ísland er með virkar þvingunaraðgerðir við 29 þjóðir í dag. Þar af eru sex þeirra meðal tuttugu fátækustu ríkja heims samkvæmt gögnum Alþjóðabankans.

Nýverið hefur háværumræða í þjóðfélaginu verið uppi um þvingunaraðgerðir gegn Rússum. Einnig um samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur að sniðganga vörur Ísraela.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segist almennt vera á móti þvingunaraðgerðum og ef eigi að setja á slíkar aðgerðir sé Alþingi réttur vettvangur. „Ég óttast að þessi ákvörðun borgarstjórnar muni hafa slæmar afleiðingar í för með sér. Erlendar fréttasíður hafa verið að taka upp þessa frétt og talsmaður utanríkisráðuneytis Ísraela hefur tjáð sig um málið,“ segir Kjartan. „Erlendir aðilar gera ekki greinarmun á Reykjavík annars vegar og íslensku þjóðinni allri hins vegar.“

Um er að ræða tvenns konar aðgerðir sem íslensk stjórnvöld fylgja. Annars vegar aðgerðir sem stafa frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, en þær er skylt að innleiða vegna aðildar að SÞ. Hins vegar er um að ræða ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar til að framfylgja ályktunum alþjóðastofnana, samstarfsríkja eða ríkjahópa um þvingunaraðgerðir sem eru samþykktar til að viðhalda friði, öryggi, virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

Þvingunaraðgerðir ESB eru í síðarnefnda flokknum. Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, hefur gagnrýnt þær opinberlega. Hann segir mikilvægt að Ísland gæti hlutleysis sem lítið efnahagskerfi sem byggi á fáum stoðum. „Við eigum ekki frekar en aðrar þjóðir að skaða þessar útflutningsgreinar,“ segir Ásmundur. „Ég held almennt að þessar viðskiptaþvinganir hafi ekki haft neina þýðingu heldur herðir það bara þessa bófa sem þær beinast gegn. Ég sé ekki að slíkar refsiaðgerðir hafi borið nokkurs staðar árangur.“

> **Erlendir aðilar gera ekki greinarmun á Reykjavík annars vegar og íslensku þjóðinni allri hins vegar.**
>
> Kjartan Magnússon borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



Ásmundur telur nokkurn tvískinnung felast í þvingunaraðgerðum íslenskra stjórnvalda. „Mér finnst það svolítið skrítið að við setjum þvinganir á Rússa en á sama tíma erum við í fullum viðskiptum við ríki þar sem troðið er á mannréttindum, í því er fólginn tvískinnungur og ég held að við sjáum það að slíkar þvinganir eru ekki til þess fallnar að laga réttindi þeirra hópa sem þarf að laga,“ segir Ásmundur. **sveinn@frettabladid.is**


LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju




Fruitmint Classic Freshmint Whitemint

**Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí**

**15% afsláttur af öllum bragðtegundum af Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmíi í 210 stk. pakkningum, 2 mg og 4 mg**

**15% afsláttur**
*Gildir til 30. september 2015*




**Nýr og betri Passat** er bíll ársins í Evrópu 2015. Hann er léttari og sparneytnari en forveri hans og býr yfir fullkominni tækni og frábærum aksturseiginleikum. Verðlaunaðu þig með nýjum Volkswagen Passat.

- 16" álfelgur
- Bakkmyndavél
- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Hraðastillir
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Þokuljós með beygjustýringu
- Bluetooth búnaður fyrir síma og tónlist
- Margmiðlunartæki með 6.5" litaskjá, geislaspilara, SD, AUX og USB
- Ergo Comfort sæti með rafmagnsstillanlegum bakstuðningi
- Litað gler í afturrúðum
- LED lýsing í innanrými
- LED afturljós
- Árekstrarvörn og neyðarbremsa
- Rafmagnslokun á afturhlera
- Þakbogar (Variant)

**Passat Comfortline 1.4 TSI, sjálfskiptur, 150 hestöfl:**

**4.550.000 kr.**

Das Auto.

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



Frá kr.
68.900

2 FYRIR 1
SÉRTILBOÐ

Skelltu þér í
borgarferð

Heimsferðir bjóða margar af helstu borgarperlum Evrópu í beinu leiguflugi. Allar borgirnar eiga það sameiginlegt að vera áhugaverðar, bjóða góða veitingastaði og úrvals verslunarmöguleika. Það getur verið einstæð upplifun að ganga um götur borganna og bera fallegar byggingarnar augum, þræða mjó strætin sem liggja að fallegum torgum þar sem hægt er að setjast niður og fá sér eins og einn kaldan. Njóttu lífsins og drekktu í þig árþúsundamenningu, meistaraverk á torgum úti og einstakt andrúmsloft sem þessar borgir bjóða.

Skelltu þér í helgarferð!

Prag - 8. okt. í 4 nætur

Frábært verð
Frá kr. 68.900
Ibis Mala Strana
Netverð á mann frá kr. 68.900 m.v. 2 í herbergi.



2 FYRIR 1

Valencia - 8. okt. í 4 nætur

Frábært verð
Frá kr. 69.900
Holiday Inn
Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 í herbergi.



2 FYRIR 1

Róm - 19. okt. í 4 nætur

Frábært verð
Frá kr. 122.900
Hotel Riscioli
Netverð á mann frá kr. 122.900 m.v. 2 í herbergi.



Sevilla - 6. nóv. í 3 nætur

Frábært verð
Frá kr. 89.900
Ribera de Triana
Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 í herbergi.



SÉRTILBOÐ

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir




# Afríkuráðið hefur vísað Búrkína Fasó á brott

**Herforingjar frömdu valdarán í Búrkína Fasó á miðvikudaginn síðastliðinn. Herforingjastjórnin segist vera tilbúin til viðræðna til að sætta deiluaðila.**

**BÚRKÍNA FASÓ** Afríkuráðið hefur vísað Búrkína Fasó úr ráðinu eftir að hópur hershöfðingja úr röðum lífvarðasveitar forsetans tók völdin í Búrkína Fasó á miðvikudaginn, handtók forsetann og forsætisráðherrann og kom á herforingjastjórn sem fer með völd í landinu.

Gilbert Diendere hershöfðingi er leiðtogi herforingjastjórnarinnar en hann er bandamaður fyrrverandi forseta landsins, Blaise Compaore, sem hrökklaðist úr embætti í fyrra eftir miklar óeirðir í landinu.

Forsetakosningar voru áætlaðar 11. október en talið er að hershöfðingjarnir hafi tekið völdin vegna umdeildra kosningalaga sem banna einstaklingum sem tengdir eru Compaore að bjóða sig fram.

Fjöldi íbúa Búrkína Fasó hefur mótmælt valdaráninu og óeirðir brutust út í höfuðborginni Ouagadougou. Mótmælendur kveiktu í dekkjum og rusli á götum úti en liðsmenn úr lífvarðasveit forsetans brugðust við með því að skjóta upp í loftið til að dreifa mótmælendum. Þrír hafa látist í átökum á milli mótmælenda og lífvarðasveitarinnar og fjöldi fólks hefur verið handtekinn.

Margir mótmælendur hafa kallað eftir því að herinn skerist í leikinn en lífvarðasveit forsetans er sérdeild sem er óháð hernum og í eru um 1.300 liðsmenn. Frakkland, Bandaríkin og Afríkubandalagið hafa fordæmt valdaránið auk Ban Ki-moon, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, sem hvetur herinn til að tryggja öryggi og réttindi þegna landsins.

Forseti Senegal, Macky Sall, og forseti Benín, Thomas Boni Yayi, komu til Búrkína Fasó í gær til að freista þess að semja um frið á milli deiluaðila. Eftir komu þeirra til landsins var sitjandi forseta landsins, Michel Kafando, sleppt úr haldi og herforingjastjórnin hefur lýst því yfir að hún sé opin fyrir viðræðum sem bendir til þess að farið sé að þiðna á milli deiluaðila.

**stefanrafn@frettabladid.is**



**Maður úr hópi mótmælenda gefst upp fyrir liðsmönnum lífvarðasveitarinnar.** NordicPhotos/AFP

## Búrkína Fasó stofnað af Che Guevara Afríku




- Búrkína Fasó er eitt fátækasta ríki heims.
- 17,3 milljónir manna búa í landinu.
- Meginútflutningsvara Búrkína Fasó er bómull.
- Landið var frönsk nýlenda þar til það fékk sjálfstæði árið 1960 sem Efri-Volta.
- Landið var nefnt Búrkína Fasó eftir að Thomas Sankara tók völdin árið 1983 og kom á vinstri stjórn. Hann var gjarnan kallaður Che Guevara Afríku.
- Compaore rændi völdum árið 1987 og stjórnaði Búrkína Fasó til ársins 2014 þegar hann hrökklaðist frá völdum.


Tækifæri
í september



Sao Paolo - Hangandi ljós
H x b x d: 20 x 20 x 20 sm.
Tækifærisverð:
11.900 kr.
(Fullt verð: 16.900 kr.)



SIEMENS - Expressó-kaffivél
TE 501205RW
Býr til ýmsa kaffidrykki. Einföld í notkun. Þrýstingur: 15 bör. 1600 W. Hágæða kaffikvörn úr keramík. Einstaklega hljóðlát.
Tækifærisverð:
103.900 kr.
(Fullt verð: 129.900 kr.)

SIEMENS



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Komdu með til Kanarí

Opið hús 20. sept
frá kl: 11 - 13
Kristín Tryggva fararstjóri tekur vel á móti ykkur

## Ekki missa af Kanarídögum 19. - 21. sept !

Tilboðsverð á völdum brottförum til Kanarí (*Gran Canaria*)
Opið hús í Hlíðasmára 19. sunnudaginn 20. september.

**FLOTT FYRIR KANARÍFUGLA** — Aðeins 5.579 kr. á dag

Apartamentos Teneguia ☆☆

Tilboðsverð

FRÁ **133.900** KR. — almennt verð 159.700 kr.

Íbúð með einu svefnherbergi og sundlaugarsýn m.v. 2 fullorðna.

**Brottför: 28. nóv. - 22. des. - 24 nætur**

**GOTT HÓTEL FYRIR ALLA ALDURSHÓPA**

Hotel IFA Buenaventura ☆☆☆

Tilboðsverð

FRÁ **119.900** KR. — almennt verð 142.400 kr.

Tvíbýli með hálfu fæði m.v. 2 fullorðna og 1 barn. m.v. 2 fullorðna. **131.100 kr.**

**Brottför: 26. jan. — 2. feb. - 1 vika**

**FRÁBÆRT FYRIR FJÖLSKYLDUR**

Parque Cristobal ☆☆☆

Tilboðsverð

FRÁ **99.900** KR. — almennt verð 127.213 kr.

Íbúð með einu svefnherb. m.v. 2 fullorðna og 1 barn.

**Brottför: 16 - 26. jan. — 10 nætur**

**GLÆSILEGT HÓTEL FYRIR PÖR**

Gold Hotel ☆☆☆☆ NÝTT

Tilboðsverð

FRÁ **149.900** KR. — almennt verð 174.800 kr.

Aðeins fyrir fullorðna, Studio með verönd m.v. 2 fullorðna.

**Brottför: 2. - 9. feb. — 1 vika**

SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar

Hlíðasmári 19, 210 Kópavogi | Sími 514 1400 | sumarferdir.is

# Skyndibitavædd á þjóðvegum landsins

## Skyndibitamarkaðurinn veltir gríðarlega háum fjárhæðum. Næringarfræðingur segir fólk fylla sig eins og það sé að fylla á bílinn.

**MATUR** Erlendir ferðamenn keyptu skyndibita fyrir 649 milljónir, með greiðslukortum, í ágúst síðastliðnum. Það var fjórðungur þeirrar upphæðar sem þeir eyddu í veitingar, svo sem mat á fínum veitingastöðum og bjór á börum.

Þetta kemur fram í tölum frá Rannsóknarsetri verslunarinnar. Þar kemur jafnframt fram að úttektir á reiðufé hafi numið rúmlega tveimur milljörðum króna. Því má gera ráð fyrir að umtalsvert hærri fjárhæð hafi í raun verið varið í kaup á skyndibita í mánuðinum.

Fjóla Sigurðardóttir, eigandi og matráður matarvagnsins Lobster hut, segir að um áttatíu prósent viðskiptavina hennar séu ferðamenn. „Fyrsta sumarið mitt var í fyrra. Hreinskilnislega sagt þá velti ég rosalega. Ég var með tugi milljóna samtals,“ segir hún. Fjóla bendir á að með milljónunum hafi hún þurft að borga laun og svo sé hún með dýrasta hráefnið í skyndibitaflórunni, humar.

Tölurnar frá Rannsóknarsetri verslunarinnar sýna aukningu um 718 milljónir á milli ára í veitingaþjónustu í heild. Þrátt fyrir það finnur Fjóla frekar fyrir samdrætti sem hún kennir nýrri staðsetningu matarvagnsins um. „En ég var heppin og fékk nætursöluleyfi líka þannig að í sumar er ég búin að vera á Lækjartorgi öll kvöld vikunnar. Í nótt opnum við níu og erum með opið til sex í fyrramálið.“

Aðspurð hvort humarsamlokur og humarsúpur séu rétti maturinn til að fæða ölvað fólk á leið heim af skemmtistöðunum segir hún: „Já, fólk er ofsalega ánægt. En svo vilja sumir annað. Á torgið eru komnir eftirréttir, fiskur og franskar og fleira. Þetta er orðin nokkuð góð flóra. Það er ekki bara hamborgari, pylsur og pitsa.“

Geir Gunnar Markússon, næringarfræðingur hjá Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands, segir að skyndibiti sé ekki rétti maturinn til að undirbúa ferðamenn undir langa daga í náttúru Íslands. „Ég vildi frekar að þetta væri alvöru íslenskur matur en við erum ótrúlega skyndibitavædd. Það eru skyndibitastaðir úti um allt.“

Hann segir ástæðu fyrir því vera að skyndibiti sé ódýrari en hollari kostur. „Þetta er ekki góð næring og ekki fyrir grey ferðamennina okkar heldur. “

Hann segir hollari skyndibitann ekki vera í boði á þjóðvegum landsins. „Prófaðu að keyra hringinn í kringum landið. Níutíu prósent af mat í vegasjoppum eru skyndibitamatur.“

Geir Gunnar segir vel hægt að ráðast í rekstur á hollum og ódýrum skyndibitastöðum. Það þurfi aðeins viljann til verksins. „Ekki fylla á sjálfan þig eins og þú fyllir á bílinn þinn, það er mjög góð næringarregla.“ **snaeros@frettabladid.is**


Fjóla Sigurðardóttir, matráður í Lobster hut, veltir milljónum á viðskiptum við ferðamenn.
Fréttablaðið/Anton Brink

**Hvað færðu fyrir 650 milljónir?**

**730.337** ostborgarar
á Hamborgarabúllu Tómasar

**1.625.000** pylsur
á Bæjarins beztu pylsur

> Ekki fylla á sjálfan þig eins og þú fyllir á bílinn þinn.
>
> Geir Gunnar Markússon næringarfræðingur




# Samfélagsstyrkir Landsbankans

**Landsbankinn veitir** 20 milljónum króna í samfélagsstyrki árið 2015 sem úthlutað er í tvennu lagi og koma 10 milljónir til úthlutunar nú í haust. Umsóknarfrestur er til og með 12. október næstkomandi.

**Verkefni sem einkum koma til greina:**
» Verkefni mannúðarsamtaka og góðgerðarfélaga
» Verkefni á sviði menningar og lista
» Menntamál, rannsóknir og vísindi
» Forvarna- og æskulýðsstarf
» Sértæk útgáfustarfsemi

**Á hvoru úthlutunartímabili verða veittir eftirtaldir styrkir:**
» Fimm styrkir að upphæð 1.000.000 krónur hver
» Fimm styrkir að upphæð 500.000 krónur hver
» Tíu styrkir að upphæð 250.000 krónur hver

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með mánudeginum **12. október 2015**. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á **landsbankinn.is**.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Meðal styrkveitinga úr sjóðnum eru námsstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA


# Sendi valdamönnum heimsins áskorun í bréfi

**MANNRÉTTINDI** „Ég vona að ofbeldi fari að minnka alls staðar í heiminum. Það er kominn tími til,“ segir Daldís Perla Magnúsdóttir. Daldís er í hópi átján ungmenna hvaðanæva úr heiminum sem skrifa undir opið bréf til ráðamanna heimsins og skora á þá að binda enda á ofbeldi gegn börnum. Sjálf varð Daldís fyrir ofbeldi sem barn.

„Bréfið er sent til að minna á að á fimm mínútna fresti deyr barn vegna ofbeldis sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir. Börnin biðla til ráðamanna að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir hvers kyns ofbeldi gegn börnum og að koma í veg fyrir að fleiri börn láti lífið vegna ofbeldis um allan heim,“ segir Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, en bréfið er á vegum samtakanna.

„Þetta er náttúrulega hræðilegt og það snertir mig alltaf rosalega mikið að lesa um að þetta sé enn að gerast árið 2015,“ segir Daldís, sem vonast til þess að bréfið verði til þess að leiðtogar ríkja heimsins leggi meiri áherslu á að koma í veg fyrir ofbeldi.

„Þið verðið að grípa til aðgerða núna strax til að binda enda á ofbeldi gegn börnum. Ekki bíða í fimm mínútur í viðbót, líf okkar eru að veði,“ segir í niðurlagi bréfsins. **– þea**


Daldís Perla skrifaði undir opið bréf til ráðamanna heimsins. Fréttablaðið/Anton

> Bréfið er sent til að minna á að á fimm mínútna fresti deyr barn vegna ofbeldis sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir.
>
> Daldís Perla Magnúsdóttir


Hofsós er sagður eiga undir högg að sækja. Fréttablaðið/Pjetur

# Sniðganga á Norðurlandi

**SVEITARSTJÓRNIR** „Umrædd afgreiðsla Byggðastofnunar er enn eitt dæmið um það hversu Norðurland vestra er sniðgengið í fjárveitingum hins opinbera,“ segir sveitarstjórn Skagafjarðar sem lýsir yfir vonbrigðum með „naumt skammtaðar“ fjárveitingar til verkefnisins „Brothættar byggðir“. Sveitarstjórnin vill að stjórn Byggðastofnunar beiti sér með sveitarfélaginu svo unnt verði að taka Hofsós og fleiri byggðarlög þar inn í verkefnið.

„Stjórnvöldum og stofnuninni ber að leita allra úrræða til að vinna með heimamönnum að því að styrkja byggð á Hofsósi og í öðrum byggðarlögum sem hafa átt undir högg að sækja á undanförnum árum,“ segir sveitarstjórnin. **- gar**




Nýr Hyundai i10 vann til 10 verðlauna á síðasta ári og er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að þar sé á ferðinni smábíll í fullum gæðum.

Hyundai i10 - Verð frá 1.990.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Comfort útgáfa verð 2.190.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

## Nýtt einkunnakerfi í bókstöfum | Tölugildin 1-4 liggja að baki bókstöfunum og nýtast sem tæki kennara við einkunnagjöf

**A**
Framúrskarandi hæfni. Nemandi getur leyst verkefni og prófhluta sem kölluðu á flóknari hæfni en hin. Kennarar hafa lýst þessari einkunn sem einkunninni 11 og útskýrt fyrir nemendum að það muni reynast erfitt að ná þessari einkunn. Tölulegt gildi á bak við einkunn: **4,00**

**B+**
Sá sem hefur náð meginþorra B matsviðmiða og náð einstökum þáttum í A getur fengið B+. Tölulegt gildi á bak við einkunn: **3,75**

**B**
Því er lýst í aðalnámskrá að þorri nemenda eigi að geta fengið einkunnina B sé miðað við markmið með aðalnámskrá. Tölulegt gildi á bak við einkunn: **3,0**

**C+**
Sá sem hefur náð meginþorra C matsviðmiða og einstökum þáttum í B getur fengið C+. Tölulegt gildi á bak við einkunn: **2,75**

**C**
Þeir fá C sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Tölulegt gildi á bak við einkunn: **2,0**

**D**
Engin viðmið eru til fyrir einkunnina D. Sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Tölulegt gildi á bak við einkunn: **1,0**

# Afar erfitt að fá A í nýju einkunnakerfi

**Gert er ráð fyrir því í námsskrá að þorri nemenda fái einkunnina B. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir skólastjóra þeirra framhaldsskóla sem geta valið og hafnað úr hópi nemenda vilja hæfnispróf. Einkunnaverðbólga er rannsökuð af Menntamálastofnun.**

**MENNTAMÁL** Frá og með vorinu 2016 skal gefa nemendum sem ljúka grunnskóla vitnisburð í samræmi við matsviðmið í aðalnámskrá grunnskóla og nota bókstafina A, B+, B, C+, C og D. En hvað þýða þessir lykilþættir í námsskránni: hæfniviðmið, matsviðmið, hæfnieinkunnir og lykilhæfni?

Við gerð hæfnieinkunna er stuðst við einfaldar lýsingar á hæfni nemenda. Í aðalnámskrá standa lýsingar að baki bókstöfunum A, B og C í hverju fagi, svo kölluð matsviðmið. Þessi viðmið eru gerð fyrir hverja og eina námsgrein og eru byggð á hæfnisviðmiðum í aðalnámskrá.

Bætt hefur verið við kvarðann B+ og C+ að ósk kennara sem sögðu of litla hvatningu til framfara felast í einkunnagjöfinni.

Að baki bókstöfunum liggja töluleg gildi sem hafa ekki verið gerð opinber. Tölugildin eru frá fjórum og niður í einn og eru ekki fyrir einkunnagjöf heldur hugsuð sem tæki fyrir kennara við einkunnagjöf í bókstöfum.

**Hætt við lokaeinkunn í lykilhæfni**
Hætt var við að gefa lokaeinkunn í lykilhæfni. Lykilhæfnin er mæld í þáttum svo sem þrautseigju, frumkvæði, námsvitund og ábyrgð. Deilt var um hversu huglæg hæfnin var. „Það þurfti bara að endurhugsa það,“ segir Illugi Gunnarsson, menningar- og menntamálaráðherra, sem segir hugtakið þó skipta öllu máli í nýrri námsskrá. „Við vitum ekki hvaða veruleika ungt fólk sem er að ljúka námi verður í. Mörg þeirra starfa sem við sinnum í dag, þau verða horfin. þess vegna skiptir miklu máli að byggja upp lykilhæfnina, svo þau geti orðið virkir þátttakendur í samfélagi framtíðar.“

**Deilt um hæfnispróf**
Ekki hefur verið endanlega ákveðið hvernig fyrirkomulag hæfnisprófa verður en þau verða unnin og þeim stýrt af hálfu Menntamálastofnunar. Formaður Skólastjórafélags Íslands, Svanlaug María Ólafsdóttir, segir undarlegt að treysta ekki námsmati grunnskóla og að nokkrir skólar geti farið þá leið að velja nemendur til sín.

> **Menntamálastofnun er að leggja mat á það hvort einkunnaverðbólga hafi átt sér stað. Skólameistarar í ákveðnum skólum telja að einkunnir úr grunnskóla veiti þeim ekki nægjanlegar upplýsingar til að velja úr nemendum.**
>
> Illugi Gunnarsson menningar og menntamálaráðherra



### Rafrænt prófskírteini

Skírteinið samræmir framsetningu einkunna úr skólum landsins og verður fyrst notað vorið 2016 þegar allir grunnskólar taka upp nýtt einkunnakerfi. Skírteininu er ætlað að veita fyllri upplýsingar um námsstöðu nemenda. Jafnframt geta framhaldsskólar nýtt skírteinið við innritun.

Illugi segir hæfnisprófin og framkvæmd á þeim enn á umræðustigi þótt stefnt sé að þeim. Það þurfi að breyta reglugerðum til þess að halda þau.

„Menntamálastofnun er að leggja mat á það hvort einkunnaverðbólga hafi átt sér stað. Skólameistarar í ákveðnum skólum telja að einkunnir úr grunnskóla veiti þeim ekki nægjanlegar upplýsingar til að velja úr nemendum. Þeim fannst erfitt að meta raunverulega stöðu nemenda,“ segir Illugi og bætir við að til skoðunar sé að einstökum skólum verði heimilt að taka upp einhvers konar hæfnispróf.

„Það er ekki verið að leggja upp með það að taka upp slík próf í öllum framhaldsskólum. Enda hentar það ekki öllum, það væri íþyngjandi. Suma skóla vantar til dæmis nemendur. Við viljum að skólarnir hafi sín sérkenni og hafi ólíkar nálganir um nemendahóp. Hvers vegna ættum við ekki að heimila skólum að leyfa slík próf?“


Hlíðar – Holt – Norðurmýri

## Hvernig vilt þú hafa þitt hverfi?





## *Undirbúningur að hverfisskipulagi í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi*

Hverfisskipulag er ný áætlun fyrir öll hverfi Reykjavíkur, sem sýnir hvar styrkleikar þeirra liggja. Því er ætlað að auðvelda skipulag, áætlanagerð og hvetja fólk til að hafa aukin áhrif á hverfið sitt.

Á næstu dögum verður kynningarbæklingi dreift í hús í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi þar sem ferlið framundan er kynnt. Þá verður haldinn opinn íbúafundur með Degi B. Eggertssyni borgarstjóra.

**Íbúafundur borgarstjóra:**
*22. september kl. 20.00 á Kjarvalsstöðum*
Meðal efnis á fundinum verða framkvæmdir, nýtt hverfisskipulag og þjónustukönnun fyrir Hlíðar. Ekki missa af líflegri umræðu um hverfið þitt.

**Viðvera verkefnastjóra hverfisskipulags:**
*23. september kl. 15.00–17.00 á Kjarvalsstöðum*
*24. apríl kl. 15.00–17.00 á Kjarvalsstöðum*

**Taktu þátt í að móta framtíð Reykjavíkur með okkur.**

Hverfisskipulag Reykjavíkurborgar www.hverfisskipulag.is

Umhverfis– og skipulagssvið Reykjavíkurborgar – Borgartún 12–14, 105 Reykjavík – 4 11 11 11

Brandenburg




NÝR FORD GRAND C-MAX
NÝR FORD C-MAX

> Frumsýning í dag milli kl. 12 og 16

Fjölskyldulíf er alltaf erilsamt. Þess vegna eru Ford C-MAX bílarnir hannaðir til að gera sérhverja bílferð lausa við vesen. Hvort sem þú velur fimm manna C-MAX eða fimm eða sjö manna Grand C-MAX nýtur þú góðs af sveigjanleika, hagkvæmni og skilvirkni. Bættu við frábærum akstursegiginleikum og fjölmörgum tækninýjungum og þú hefur fundið draumabíl fjölskyldunnar.

**Komdu á frumsýningu í dag í Brimborg**

FORD **C-MAX**
5 MANNA
FRÁ **3.390.000** KR.

FORD **GRAND C-MAX**
5 MANNA MEÐ RENNIHURÐUM
FRÁ **3.590.000** KR.
FÁANLEGUR 7 MANNA

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Ford C-MAX, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,1 l/100 km. $CO_2$ losun 117 g/km.
Ford Grand C-MAX, Ecoboost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,1 l/100 km. $CO_2$ losun 119 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Heimsþekkt hönnun – fr

Eames-sýningin í Pennanum Skeifunni 10 frá 18. september til 4. október



Eames Lounge Chair
Verð frá 870.000 kr.



Eames DSW
Tilboðsverð 49.900 kr.
verð áður 61.900 kr.



Eames House Bird
Verð 19.900 kr.



Ball Clock
Tilboðsverð 29.900 kr.
verð áður 44.900 kr.



# ...rábært verð











Rotary Tray
Verð 6.900 kr.

Eames DAR
Tilboðsverð 46.900 kr.
verð áður 54.900 kr.

Hang it all
Tilboðsverð 29.900 kr.
verð áður 42.900 kr.

Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

# Ástand heimsins

1


2




## Óskað eftir athugasemdum vegna Hvammsvirkjunar

Við minnum á að frestur til að senda inn athugasemdir varðandi mögulega endurskoðun á matsskýrslu Hvammsvirkjunar rennur út hinn 28. september næstkomandi.

Í samræmi við 12. gr. laga nr. 106/2002 um mat á umhverfis-áhrifum hafa Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur nú óskað eftir áliti Skipulagsstofnunar á því hvort umhverfismat fyrir Hvammsvirkjun frá árinu 2003 haldi gildi sínu eða forsendur hafi breyst þannig að endurskoða þurfi matsskýrslu að hluta eða öllu leyti.

Áhugasamir geta kynnt sér matsskýrsluna og önnur gögn málsins á **www.landsvirkjun.is** og **www.skipulag.is.**

Athugasemdir þurfa að berast bréfleiðis til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 105 Reykjavík, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@skipulag.is.

Landsvirkjun


**1.** Ísraelskir lögreglumenn hindruðu það að múslimar undir 40 ára aldri sæktu bænahald í Al-Aqsa moskunni í Jerúsalem í gær. Aðgerðir lögreglu ollu mikilli reiði í samfélagi múslima og mikið var um mótmæli í Jerúsalem. Mótmælendur úr röðum múslima vörpuðu bensínsprengjum og þrír lögreglumenn hafa særst í mótmælum.

**2.** Næstkomandi sunnudag verða þingkosningar í Grikklandi. Alexis Tsipras, fyrrverandi forsætisráðherra Grikklands, boðaði óvænt til kosninga eftir að þingið hafði samþykkt samkomulag um greiðslu skulda við lánardrottna. Syriza, flokkur Tsipras, á í vök að verjast en hægriflokkurinn Nýtt lýðræði sækir á í skoðanakönnunum.

**3.** Ágreiningur kom upp á milli Chico Flores, varnarmanns fótboltaliðsins Lekhwiya frá Katar, og Faisal Darwish, miðjumanns sádiarabíska liðsins al-Hilal, fyrr í vikunni. Flores átti erfitt með að halda aftur af sér og öskraði af lífs og sálar kröftum á Darwish.

**4.** Lögregla við landamæraborgina Edirne í Tyrklandi meinar flóttafólki frá Sýrlandi inngöngu í Grikkland. Nokkur hundruð flóttamenn eru fastir á svæðinu. Á sama tíma hafa Króatar hætt við að leyfa flóttafólki að ferðast í gegnum landið og beina þeim sem þegar eru í Króatíu norður til Ungverjalands. NordicPhotos/AFP

3


4


# ? BÍLL SEM SVARAR SPURNINGUM DAGSINS Í DAG



3,4 l/100 km

$CO_2$ 89 g/km










CRÉATIVE TECHNOLOGIE

**VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.**

## CITROËN **C4 CACTUS**

Hvernig get ég eignast og rekið nýjan bíl? Hvers vegna er ekki framleiddur léttari og sparneytnari bíll? Er ekki hægt að vernda hurðirnar gegn rispum og skellum? Af hverju getur mælaborðið ekki verið notendavænna og stílhreinna? Öllum þessum spurningum er svarað með nýja Citroën C4 Cactus. Hugmyndafræðin að baki nýja C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svörin.

Velkomin í reynsluakstur

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Skoðaðu citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Uppgefinn eyðsla í blönduðum akstri miðast við 1,6 BlueHDi dísilvél. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## Nýir tímar í pólitík



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Æskilegt er að hópur vina og kunningja bjóði fram til þings og sveitarstjórna. Óháð framboð, sem tjalda til einnar nætur, gera stjórnmálin blæbrigðaríkari, hvort sem fulltrúar þeirra ná kjöri eða ekki.

Besti flokkurinn er besta dæmið. Hann var trúverðugur af því hann var óháður. Við gengum að því vísu, að hann skuldaði engum neitt. Eins og Bandaríkjaforseti á öðru kjörtímabili, var hann frjáls á valdatíma sínum því hann vildi ekki endurkjör. Stíllinn fólst í góðum mannasiðum, tillitssemi og græskulausu háði. Grín slær vopnin úr höndum einstrengingslegra pólitíkusa. Þeir horfa á myndina af sjálfum sér í spéspeglinum, verða niðurlútir og hopa.

Framboð af þessu tagi leysa stjórnmálaflokka ekki af hólmi. Margir liðsmenn flokkanna eru hreint ágætir pólitíkusar. Sum standa fyrir skilgreinda hagsmuni, sem sagðir eru sérhagsmunir í niðrandi tóni. En sérhagsmunir og almannahagsmunir fara iðulega saman. Sterk fyrirtæki geta borgað góð laun, góð laun skila miklu skattfé sem stendur undir rekstri góðs samfélags. Þetta er jafnvægislist.

Lengi vel höfðu flokkarnir tangarhald á menningu og listum, réðu fjölmiðlum, bönkum, samtökum fyrirtækja og verkalýðshreyfingunni. Ítökin hafa minnkað. En nokkur fyrirtæki hafa illu heilli hert tökin á sínum flokkum.

Metorðastigar flokkanna lúta reglum sem eru sniðnar að þeim sem mótast í valdakerfi þeirra. Byrja í ungliðahreyfingu eða háskólapólitík, fá starf í ráðuneyti eða flokksapparati og verða aðstoðarmenn ráðherra. Sumum er fleytt alla leið í ráðherrastól hratt og örugglega með næringarsnautt veganesti. Ekki má þó gera lítið úr reynslu af flokksstarfi. Þekking á refilstigum stjórnmálanna getur gagnast vel. En hjörðin verður einsleit ef öll fara í gegnum nálarauga flokksstarfs.

> Lengi vel höfðu flokkarnir tangarhald á menningu og listum, réðu fjölmiðlum, bönkum, samtökum fyrirtækja og verkalýðshreyfingunni.

Píratar eru boðberar válegra tíðinda af hugverkarétti. Það er grafalvarlegt og snúið mál sem ekki verður leyst með því að skjóta sendiboðann.

Þótt brokkgeng séu leggja Píratar oft gott til málanna. Nú vilja þau bregðast við fleiri tíðindum úr tækniheimum. Vélmenni, vitvélar, flygildi og sjálfkeyrandi samgöngutæki munu fljótlega leysa af hólmi um helming starfa. Spurningarnar eru: Hvernig skiptum við auðnum þegar æ færri hendur skapa hann? Hvernig látum við daginn líða þegar störfin hverfa? Hver kaupir afurðina þegar launþegum fækkar? Hvernig drögum við fram lífið án atvinnu? Við þurfum að finna svörin og helst snúa þessu öllu okkur í vil. Hugverkaflækjan er bara toppurinn á ísjakanum.

Pírötum stafar hætta af lukkuriddurum, sem vilja stökkva á vinsældavagninn. Þau hafa engar skyldur við þá. Framboð vina og kunningja er lýðræðislegt ef kjósandinn veit hvernig í pottinn er búið. Krafan er að við fáum tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun í kjörklefanum.

Af hverju meðgöngujóga?




Kennt í sjúkraþjálfaranum í Hafnarfirði
sími 6910381

Gunnar




## Mín skoðun Jón Gnarr



## Cogito, ergo sum. Eða hvað?

„Ég hugsa og þess vegna er ég," er heimspekileg staðhæfing sem yfirleitt er eignuð franska stærðfræðingnum, heimspekingnum og vísindamanninum René Descartes (1596-1650). Hugmyndin er þó eldri þótt hún sé orðuð með öðrum hætti. Þessi staðhæfing er einn helsti grundvöllur vestrænnar heimspeki. Staðhæfinguna má túlka með mismunandi hætti. Í henni er einstaklingurinn gerandi. Hann hugsar og skapar þannig hugmyndina og vitundina um sjálfan sig. Maðurinn hefur frjálsan vilja sem er þó settur undir æðri vilja sem sé vilji Guðs. Manneskjan er tvískipt, í anda og líkama. Líkaminn er ófullkominn og dýrslegur, þar búa hvatirnar og brestirnir. Sálin er á æðra plani á guðlegu sviði.

Siðfræðin snýst svo að miklu leyti um átökin þarna á milli. Við erum andlegar verur í grunninn en dregin áfram af dýrslegum hvötum sem oft koma okkur í ógöngur enda sálin fangi líkamans. Kynhvötin fer þar fremst í flokki. Hún er frumstæðust og subbulegust allra hvata. Andinn er reiðubúinn en holdið er veikt. Trúarbrögðin grundvallast á þessu. Líf okkar og örlög dansa eftir geðþótta Guðs. Svo okkur farnist vel í lífinu þarf okkar eigin vilji að vera í sem mestu samræmi við æðri vilja hans. Hann leiðir okkur áfram. Innsæi er oft skilgreint sem leiðsögn frá Guði, eða að handan að minnsta kosti. Handanverur geta líka vitjað okkar í draumum og komið á framfæri skilaboðum.

### Ég er ósammála

Ég er ósammála þessu af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi hafna ég hugmyndinni um Guð. Ég hef ekki fundið neitt sem bendir til tilvistar slíkrar veru eða fyrirbæris. Persónuleikinn er heldur ekkert sem ég er sammála að sé óbreytanlegur hluti af einstaklingi. Það hefur sýnt sig að sjúkdómar og áföll geta breytt skapgerðareinkennum fólks. Ég þekki þetta líka sem leikari, að skipta um ham og verða önnur persóna. Það getur verið andleg reynsla.

Nýjustu rannsóknir í taugavísindum benda til þess að frjáls vilji sé ekki til eða að minnsta kosti stórlega ofmetinn. Það sem ég upplifi því sem „mig sjálfan" virðist á tálsýn byggt. Ég veit ekki með sálina eða mannsandann. Kannski er meðvitund eitthvað meira en bara líkamlegt ástand. Ég hef fengið nokkrar slíkar upplifanir sem ég get ekki útskýrt. Ég er þó alls ekki á því að ef eitthvað andlegt sé til þá sé það þar af leiðandi yfirnáttúrulegt. Ég held að hugtakið „yfirnáttúrulegt" sé yfirleitt einungis orð yfir náttúruleg fyrirbæri sem við höfum ekki enn náð að skilja.

### Guðstrú er úrelt hugmyndafræði

Ég held því að við þurfum að losa okkur við gamlar og úreltar hugmyndir til að geta tekið við nýjum. Guðstrú er úrelt hugmyndafræði, hjátrú sem beinlínis stendur okkur fyrir þrifum á svipaðan hátt og þegar fólk til forna hélt að geðsjúklingar væru haldnir illum öndum eða sjúkdómar og áföll væru guðleg refsing. Guðstrú er fyrir mér lygi og lygi getur aldrei verið til blessunar. En það er bara mín skoðun og aðrir hafa fullan rétt á að mynda sér sína eigin skoðun út frá sínum eigin upplifunum.

Heilinn er hinn raunverulegi stjórnandi lífs okkar. Hann tekur ákvarðanir sem við sjálf erum oft ekki meðvituð um. Heilarannsóknir sýna að þegar við tökum ákvarðanir er heili okkar búinn að taka hana áður en án okkar vitundar. Og oftar en ekki beitir hann okkur sjálf blekkingum til að leiða okkur áfram og fá okkur til að gera hluti. Fullorðið fólk leikur þann leik oft við börn. Ef við værum tölva væri heilinn móðurborðið og harði diskurinn. „Við" værum einungis viðmót. Og heilinn í mér á meira sameiginlegt með heilanum í þér heldur en restinni af mér. Hann er ekki bundinn einstaklingum heldur er hann sjálfstæð lífvera. Og við erum einungis þjónustufólk hans. Heilinn er Guð. Heilinn hefur vilja. Við getum kallað hann sjálfstæðan eða eðlislægan. Það erum því ekki „við" sem tökum ákvörðunina heldur heilinn. Hann er ekki hluti af okkur heldur erum við einungis hluti af honum.

Í ljósi þessa stenst staðhæfing Descartes ekki. „Ég" er ekki vegna þess að ég hugsi. Það er hugsun og þess vegna er „ég".

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Innovation that excites

WWW.NISSAN.IS

# NISSAN QASHQAI ER **VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS**




## EIGUM NOKKRA BÍLA **TIL AFGREIÐSLU STRAX**

Nissan Qashqai er einn tæknilegasti sportjeppi sem völ er á og hlaðinn aukabúnaði svo sem sjálfvirkum aðalljósum, 17" álfelgum, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, Google og Facebook samþættingu við snjallsíma svo eitthvað sé nefnt.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Verð: 4.190.000 kr.**
**NISSAN QASHQAI ACENTA**
Framhjóladrifinn, 1,5 dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*

**Verð: 4.790.000 kr.**
**NISSAN QASHQAI ACENTA**
Framhjóladrifinn, 1,6 dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 4,6 l/100 km*

**Verð: 5.190.000 kr.**
**NISSAN QASHQAI ACENTA**
Fjórhjóladrifinn, 1,6 dísil, beinskiptur
Eyðsla 4,9 l/100 km*

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

ENNEMM / SÍA / NM70922

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / Aukabúnaður í mynd: Álfelgur

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# Hræsni viðskiptabanns



**Yair Lapid**
leiðtogi Yesh Atid og fyrrverandi fjármálaráðherra Ísraels

Eins og kunnugt er ákvað borgarstjórn Reykjavíkur núna í vikunni að sniðganga vörur frá Ísrael.

Allar vörur. Alls staðar frá Ísrael.

Ég hef nokkrar spurningar varðandi þetta.

Nær viðskiptabannið til vara sem arabíski minnihlutinn í Ísrael framleiðir, en hann er 20% af heildaríbúafjölda?

Nær viðskiptabannið til 14 þingmanna Araba sem sitja með mér á ísraelska þinginu?

Nær viðskiptabannið til ísraelskra verksmiðja þar sem tugir þúsunda Palestínumanna starfa? Fyrir þá er þetta eina leiðin til að brauðfæða börnin sín.

Nær viðskiptabannið til sjúkrahúsa í Ísrael sem sinna tugum þúsunda Palestínumanna á ári hverju?

Nær viðskiptabannið til vara sem 71% Ísraelsmanna framleiðir en nýjustu kannanir sýna að sá fjöldi styður tveggja ríkja lausnina og stofnun ríkis Palestínumanna við hlið Ísraels?

Bíddu, ekki fara strax, ég hef fleiri spurningar.

Verður lyfið Copaxone sem ætlað er MS-sjúklingum einnig sniðgengið?

Nær viðskiptabannið til vínsins Tulip sem þroskaheftir og einhverfir framleiða?

Og hvað með bækur ísraelska Nóbelsverðlaunahafans Shai Agnon?

Nær viðskiptabannið til Microsoft Office, farsímamyndavéla, Google – sem innihalda hluti sem eru fundnir upp eða framleiddir í Ísrael?

Ef svarið við öllum þessum spurningum er „já“, þá skal ég láta kyrrt liggja og óska ykkur ánægjulegs lífs þar til kemur að hinu óumflýjanlega hjartaáfalli (sem er leitt en gangráðurinn var líka fundinn upp í Ísrael). Hinn möguleikinn er að einhver í borgarstjórn Reykjavíkur hafi ekki hugsað þetta mál til enda.

Ef svo hefði verið, af hverju að einskorða sig við Ísrael? Eitt best varðveitta leyndarmálið um deilur Ísraels og Palestínu er að þetta er ein minnsta deila Miðausturlanda. Í raun er engin samsvörun milli stærðar deilunnar og fjölmiðlaumfjöllunar um hana.

Frá lokum sjálfstæðisstríðs Ísraels fyrir 67 árum hafa um 12 þúsund Palestínumenn látið lífið í þessum átökum. Stór hluti þeirra var hryðjuverkamenn, sjálfsvígssprengjumenn og gangagerðarmenn í ýmsum Jihad-samtökum.

Við getum heldur ekki hunsað þá staðreynd að á þessum árum létu nokkur þúsund saklausra lífið. Mér finnst það hræðilegt. Það heldur fyrir mér vöku og svo er um flesta Ísraelsmenn. Að auki má benda á þá staðreynd – sem auðvelt er að sannreyna – að á 67 árum voru færri saklausir Palestínumenn drepnir en á einum mánuði (!) í Sýrlandi. Á þessu sama tímabili létu um 12 milljónir manna lífið í Arabaheiminum. Einfaldur útreikningur sýnir að deila Ísraels og Palestínu olli dauða 0,01% af þeim sem féllu í átökum í heimi múslíma.

Hver er þá afstaða borgarstjórnar Reykjavíkur gagnvart heimi múslíma? Hyggst borgarstjórnin sniðganga hann líka? Í heild?



En að sjálfsögðu snýst þetta ekki um tölur, heldur siðferði. Ísrael er líflegt lýðræðisríki sem berst fyrir tilveru sinni við erfiðar aðstæður. Aðalsynd okkar að mati heimsbyggðarinnar og borgarstjórnar Reykjavíkur er sú að við höfum betur í þessu stríði.

Já, í þessari deilu falla fleiri Palestínumenn en Ísraelsmenn. Af hverju? Af því að við höfum betri her og Iron Dome-kerfið sem ver borgir okkar fyrir skotflaugum. Ef her okkar myndi leggja niður vopn og við myndum aftengja Iron Dome, yrðum við myrtir innan sólarhrings.

Ísraelsmenn munu halda áfram að verja sig og kappkosta að óbreyttir borgarar falli ekki. Samhliða því höldum við áfram leit okkar að friði við Palestínumenn. Tvisvar, árið 2000 og árið 2008, buðu Ísraelsmenn þeim rúmlega 90% landsins svo þeir gætu reist ríki sitt. Í bæði skiptin höfnuðu þeir boðinu.

Viðskiptabannsiðnaðurinn er ekki nýr af nálinni. Þetta er víðtæk starfsemi fjölmiðla og almannatengla sem íslamskir hópar skipuleggja með fjárstuðningi frá Katar og Íran. Tilgangurinn er ekki stofnun Palestínuríkis **við hlið** Ísraels, heldur Palestínuríkis á **brunarústum** Ísraels. Þeir vita að frjálslynd Evrópuríki samþykkja aldrei þann boðskap. Þess vegna ákváðu þeir – eins og margoft hefur verið sýnt fram á – að selja hrekklausum Evrópubúum mannréttindagildi á borð við frelsi og samstöðu, sem þeir trúa sjálfir ekki á og hafa aldrei gert. Hamas hefur ekki í hyggju að stofna lýðræði Palestínumanna, heldur fjandsamlegt klerkaveldi þar sem samkynhneigðir eru hengdir á símastaurum, konum meinað að fara út fyrir heimilið og kristnir menn og gyðingar eru myrtir fyrir það eitt að vera kristnir og gyðingar. Telur borgarstjórn Reykjavíkur þetta ásættanleg gildi? Ef svo er, sætir það furðu, því borgarstjórnin greiddi atkvæði með þeim.

**Nær viðskiptabannið til sjúkrahúsa í Ísrael sem sinna tugum þúsunda Palestínumanna á ári hverju?**




# Erum við eftir á og með allt niður um okkur?



**Þuríður Harpa Sigurðardóttir**
formaður Sjálfsbjörg Skagafjörður

Við Íslendingar erum eftir á! Við erum takmörkuð og takmörkum hvert annað, þannig er Ísland í dag. Við veifum höndum og fótum og höldum því fram að Ísland sé best í heimi og ég trúði því í 40 ár, eða þar til ég þurfti skyndilega að fara að nota hjólastól. Aðgengi takmarkar mig á hverjum degi og það sem áður var svo sjálfsagt er í dag stór hindrun. Heimsóknir til vina og ættingja í lyftulausum blokkum er liðin tíð, búðaráp á Laugavegi er úr myndinni og ég get alls ekki keypt mér litla risíbúð eða snotra kjallaraíbúð o.s.frv.

Ég er heft af þjóðfélagi sem hefur ekki enn stigið inn í nútímann, þjóðfélagi sem virðir ekki mannréttindi mín né annars fatlaðs fólks nema í orði. Við fatlaða fólkið erum heft af ráðamönnum sem fullgilda ekki samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þótt þeir segi að við eigum að hafa sama rétt og aðrir. Það er merkilegt hvað Íslendingar og íslensk stjórnvöld eru komin skammt á veg í aðgengismálum og hve erfitt það reynist okkur fötluðu fólki að fá ófatlað fólk til að hugsa út frá algildri hönnun, þegar haft er í huga að árið 1969 steig maður á tunglið í fyrsta skipti en enn þá árið 2015 flækist það fyrir íslensku samfélagi að koma okkur, fólki í hjólastólum, frá fyrstu hæð upp á aðra. Hvernig stendur á þessu? Nú tala ég út frá hreyfihömluðu fólki en í okkar hópi er líka heyrnarskert, sjónskert, fótbrotið, ólétt og hjartveikt fólk ásamt fólki sem verður tímabundið hreyfihamlað, sem sagt alls konar fólk. Hvað er að í okkar samfélagi? Er það aumingjavæðingin margumrædda, er auðveldara að hlaupa til og styðja aumingjann? Er ekki eðlilegra að gera fólki kleift að bjarga sér sjálft?

Nú stendur Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) fyrir undirskriftasöfnun þar sem allir 18 ára og eldri eru hvattir til að skora á stjórnvöld að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á haustþingi 2015. 156 lönd hafa fullgilt samninginn en fimm lönd í Evrópu hafa ekki enn gert það og er Ísland þar á meðal.

Farðu inn á obi.is eða visir.is og horfðu á myndbönd sem lýsa aðstæðum fatlaðs fólks á Íslandi. Það er dapurlegt að sjá misréttið sem fólk er kerfisbundið beitt, meðvitað og ómeðvitað. Við þurfum viðhorfsbreytingu og við þurfum hana strax, stjórnvöld verða að hysja upp um sig og fullgilda samninginn, til að við öll sem þetta land byggjum séum jöfn og jafngild, því fatlað fólk er með væntingar til lífsins alveg eins og aðrir.

**Hvað er að í okkar samfélagi? Er það aumingjavæðingin margumrædda, er auðveldara að hlaupa til og styðja aumingjann? Er ekki eðlilegra að gera fólki kleift að bjarga sér sjálft?**




Gleði og
FRIÐARJÓL
Jólatónleikar
Jólatónleikar
Pálma Gunnarssonar
ásamt Ragnheiði Gröndal
Í Eldborg Hörpu
19. desember kl. 21:00
Jólatónleikar Pálma og Ragnheiðar slógu rækilega í gegn í fyrra og komust færri að en vildu. Þau endurtaka leikinn í ár með góðum gestum og sömu notalegu stemningunni.
Í ár eru 30 ár liðin frá útgáfu jólaplötunnar Friðarjól og er hún órjúfanlegur hluti af jóla-undirbúningnum á fjölmörgum heimilum. Og það er aldrei að vita nema ný jólalög líti dagsins ljós í tilefni afmælisins. Ekki missa af þessu tækifæri til að eiga yndislega og ógleymanlega stund á aðventunni.
Miðasalan hefst þriðjudaginn 22. september kl. 10:00 á harpa.is, tix.is eða í síma 528 5050
DÆGURFLUGAN
HARPA

## Stóra systir hafði betur í fyrsta systraslag vetrarins á Ásvöllum



**Velkomin heim!** Helena Sverrisdóttir spilaði sinn fyrsta mótsleik á Íslandi í mörg ár í gærkvöldi og hafði betur gegn systur sinni Guðbjörgu þegar Haukar unnu Val á Ásvöllum, 73-52, í Fyrirtækjabikarnum. Helena var langbest á vellinum og skoraði 24 stig og tók 18 fráköst. Fréttablaðið/Anton Brink

# Ég var svolítið afbrýðissöm

**Landsliðskonan Unnur Ómarsdóttir er komin aftur í Olís-deildina eftir eitt ár í atvinnumennsku með Skrim í Noregi. Dvölin þar var enginn dans á rósum en Unnur stefnir á að vinna titla með Gróttu í vetur.**

**HANDBOLTI** Önnur umferð Olís-deildar kvenna í handbolta hefst í dag með sex leikjum. Þar ber hæst leik Gróttu og Stjörnunnar en þessi lið áttust við í lokaúrslitunum í fyrra þar sem Seltirningar höfðu betur í fjórum leikjum.

Grótta teflir fram mjög svipuðu liði og í fyrra. Karólína Bæhrenz Lárudóttir fór til Svíþjóðar en landsliðskonan Þórey Anna Ásgeirsdóttir kom í hennar stað í hægra hornið. Önnur landsliðskona, Unnur Ómarsdóttir, er svo komin í vinstra hornið en hún sneri aftur á Nesið í sumar eftir árs dvöl í Noregi þar sem hún lék með Skrim.

„Við erum ógeðslega spenntar og það er fínt að fá heimaleik gegn þeim,“ sagði Unnur um leikinn gegn Stjörnunni sem hefst klukkan 13.30.

„Við spiluðum æfingaleik við þær fyrir mót og þær mættu dýrvitlausar til leiks og unnu hann. Við þurfum að mæta jafn ákveðnar til leiks og gefa allt í þetta til að vinna leikinn.“

Gróttu var spáð sigri í Olís-deildinni í árlegri spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna liðanna og Unnur segir markmið Seltirninga ósköp einfalt: Að vinna alla titla sem í boði eru.

„Við erum allavega með lið í það og við getum náð markmiðum okkar ef við erum nógu einbeittar. Við erum búnar að taka nokkra æfingaleiki og þegar við erum ekki 100 prósent vinnum við ekki leiki. Það virðast allir geta unnið alla,“ sagði Unnur sem ítrekar að Grótta verði að halda einbeitingu og megi hvergi slá af í vetur.

„Við erum svo miklir kettlingar í vörninni, við þurfum að vera svolítið árásargjarnari eins og Anna Úrsúla (Guðmundsdóttir) er alltaf að tuða um. Það hefur vantað smá í byrjun móts og í æfingaleikjum, við erum smá hræddar við að vera harðar,“ sagði Unnur sem þurfti að fylgjast úr fjarlægð með fyrrverandi liðsfélögum sínum vinna stóru titlana þrjá í fyrra.

„Ég var með í anda seinast,“ sagði hún. „Ég gat lítið fylgst með og sá eiginlega bara úrslitaleikina. Það var svolítið skrítið að fylgjast með úr fjarlægð. Þetta var eiginlega sama lið og ég var í áður og ég var svolítið afbrýðissöm.“

Unnur segir gott að vera komin heim en að dvölin í Noregi hafi að mörgu leyti verið erfið: „Þetta er yndislegt og ég er mjög ánægð að vera komin heim. Það var svolítið skrítið að vera úti og mér leið ekkert rosalega vel í byrjun, kunni ekki málið og handboltinn var allt öðruvísi. En maður þekkir allt hérna og mér líður strax rosalega vel. Þetta var miklu erfiðara í fyrra,“ sagði Unnur en Skrim endaði í 7. sæti efstu deildar á síðasta tímabili.

Unnur og kærasti hennar, handboltamaðurinn Einar Rafn Eiðsson, fóru saman út í fyrra en þau bjuggu í Nøtterøy, þar sem liðið hans var staðsett. Skrim er hins vegar í bænum Kongsberg sem er í eins og hálfs tíma akstursfjarlægð frá Nøtterøy.

Unnur segir að þessi sífellda og langa keyrsla milli staða hafi verið lýjandi til lengdar: „Maður þurfti að keyra í einn og hálfan tíma til að fara á æfingu, bara aðra leið. Maður var ekkert að nenna að hanga með stelpunum eftir æfingu, kom mjög seint heim og þetta var hálffurðulegt.“

Unnur segir að það sé erfitt að vera handboltapar erlendis þar sem það reynist þrautinni þyngri að finna lið fyrir báða aðila á svipuðum stað.

„Þetta er allt öðruvísi úti. Í svona góðum liðum er bara kvennalið og öfugt. Það var ekkert karlalið í kringum mitt lið fyrir Einar. Við skoðuðum fullt, fórum til Þýskalands, en það var ekkert í boði,“ bætti hún við.

Unnur segir að þótt deildin í Noregi sé sterkari en hér heima sé ekkert verra að vera hér á landi og spila nánast hverja einustu mínútu í staðinn fyrir að sitja á bekknum úti. Að því leyti segir hún að heimkoman sé ekki skref niður á við.

„Í raun ekki. Mér fannst ég ekkert græða á að sitja á rassgatinu helminginn af leikjunum úti. Ég held að ég græði miklu meira á að spila hér á fullu og deildin hérna er orðin miklu sterkari en hún var,“ sagði Unnur Ómarsdóttir.

ingvithor@365.is



**Unnur þurfti að fylgjast með úr fjarlægð þegar Grótta vann stóru titlana í fyrra.** Fréttablaðið/valli

N1
Í DAG KL. 14:00 BRAVÓ
UMF VÍKINGUR - KFF
BIKAR Á LOFT!
Víkingur Ólafsvík fær Fjarðabyggð í heimsókn í fyrstu deildinni í knattspyrnu á laugardag. Víkingur Ó. hefur þegar tryggt sér sæti í deild þeirra bestu á næsta ári og mun taka við bikarnum í leikslok.
365.is | Sími 1817
365

## Nýjast

**LITHÁEN Í ÚRSLITALEIKINN**
Litháen, sú mikla körfuboltaþjóð, komst í úrslitaleikinn á Evrópumóti karla í Lille í Frakklandi í gærkvöldi þegar liðið lagði Serbíu, 67-64, í mögnuðum undanúrslitaleik sem var æsispennandi og skemmtilegur. Þetta er í sjötta sinn í sögu Litháen sem liðið kemst í úrslitaleikinn, en það lék síðast til úrslita fyrir tveimur árum og tapaði þá gegn Tony Parker og félögum frá Frakklandi. Litháen vann síðast mótið fyrir tólf árum, í Svíþjóð 2003, en mætir nú Spáni í úrslitaleiknum á sunnudaginn. Serbía mætir Frakklandi í leiknum um bronsið.

**Það er svo mikil seigla í þessari þjóð, Litháen. Það snýst allt um körfubolta þar. Sumir tilbiðja Guð en Litháar tilbiðja körfubolta.**

Friðrik Ingi Rúnarsson
@FridrikIngi

**CECH-AR CHELSEA SIG ÚR TITILBARÁTTUNNI?**
Sjötta umferð ensku úrvalsdeildarinnar byrjar með látum í dag því hádegisleikurinn er viðureign Lundúnarisanna Chelsea og Arsenal. Chelsea fer skelfilega af stað þetta tímabilið og er í 17. sæti eftir fimm leiki með fjögur stig og búið að fá á sig tólf mörk. Arsenal er aftur á móti í fínum málum með tíu stig eftir fimm leiki.
Vanalega myndi José Mourinho ekki hafa neinar áhyggjur af þessum leik þar sem hann var ekki vanur að tapa fyrir Arsene Wenger. Það breyttist þó þegar liðin mættust í Samfélagsskildinum rétt fyrir mót.
Arsenal er auðvitað komið með Petr Cech í markið sem þekkir það að vinna stórleiki og titla og spurningin er hvort gamla hetjan á Brúnni afgreiði Chelsea alveg úr titilbaráttunni þótt aðeins sex umferðir verði búnar.

## Um helgina

**Olís-deild karla, sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | **Afturelding - Akureyri** | N1 höllin |

**Olís-deild kvenna, laugardagur**

| | | |
|---|---|---|
| 13.30 | **Grótta - Stjarnan** | Hertz höllin |
| 13.30 | **Valur - ÍR** | Vodafonehöllin |
| 13.30 | **ÍBV - Afturelding** | Vestmannaeyjar |
| 13.30 | **HK - Fram** | Digranes |
| 15.00 | **Selfoss - KA/Þór** | Selfoss |
| 16.00 | **Fylkir - FH** | Fylkishöllin |

**Olís-deild karla, sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | **Haukar - ÍBV** | Schenkerhöllin |

**Olís-deild kvenna, sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 18.15 | **Haukar - Fjölnir** | Schenkerhöllin |

**Pepsi-deild karla, sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | **Fjölnir - Víkingur** | Fjölnisvöllur |
| 16.00 | **Fylkir - Leiknir** | Fylkisvöllur |
| 16.00 | **KR - Stjarnan** | Alvogenvöllurinn |
| 16.00 | **Keflavík - ÍA** | Nettóvöllurinn |
| 16.00 | **ÍBV - Valur** | Hásteinsvöllur |
| 16.30 | **Breiðablik - FH** | Kópavogsvöllur |

**Það helsta á Sportrásunum, laugardagur**

| | | |
|---|---|---|
| 11.35 | **Chelsea - Arsenal** | Sport 2 |
| 13.50 | **Swansea - Everton** | Sport 2 |
| 13.55 | **Real Madrid - Granada** | Sport |
| 14.00 | **Víkingur Ó. - Fjarðabyggð** | Bravó |
| 16.20 | **Man. City - West Ham** | Sport 2 |
| 17.15 | **BMW Championship** | Golfstöðin |

**Það helsta á Sportrásunum, sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 12.20 | **Tottenham - Crystal Palace** | Sport 2 |
| 14.50 | **Liverpool - Norwich** | Sport 2 |
| 14.50 | **Southampton - Man. Utd.** | Sport 3 |
| 16.15 | **BMW Championship** | Golfstöðin |
| 16.30 | **Breiðablik - FH** | Sport |
| 18.25 | **Barcelona - Levante** | Sport 3 |
| 18.40 | **AC Milan - Palermo** | Sport 4 |
| 20.00 | **Eagles - Cowboys** | Sport |
| 21.00 | **Pepsi-mörkin** | Sport/Sport 2 |






## Föstudags- og laugardagskvöld 20. nóvember - 12. desember

Njóttu ævintýralegrar matarupplifunar frá matreiðslumeisturunum Hilton á meðan **Jógvan Hansen**, **Vignir Snær** og **Kalli Olgeirs** flytja vandaða tónleikadagskrá yfir borðum. Að því loknu slá þeir upp stórdansleik með hljómsveit sem spilar fram eftir kvöldi. **Verð 9.900 kr.**

## Jólin á VOX Restaurant byrja 21. nóvember

Okkar sívinsæla jólahádegishlaðborð verður á virkum dögum og jólabrunch um helgar frá 21. nóvember. **Verð 4.950 kr.**
Stórglæsilegur jólamatseðill hefst 26. nóvember og verður í boði til jóla. **Verð 12.900 kr.**

**Við bjóðum einnig upp á nýja og spennandi þjónustu fyrir hópa af öllum gerðum og stærðum. Hafðu samband við söludeildina okkar á meetings@icehotels.is og fáðu nánari upplýsingar um kostina fyrir hópa.**

Pantaðu borð tímanlega og fáðu nánari upplýsingar í síma: 444 5052 eða hilton@hilton.is
Viltu gera meira úr kvöldinu? Bókaðu gistingu á www.hilton.is

VOX RESTAURANT

Hilton REYKJAVIK NORDICA


25 ár eru síðan KA komst upp fyrir FH í lokaumferðinni 1989. Guðjón Þórðarson þjálfaði KA-liðið.


Daði Lárusson lyfti bikarnum fyrir níu árum.


Daði Lárusson og Heimir Guðjónsson með Íslandsbikarinn árið 2004.


FH tryggði sér titilinn árið 2005 með því að vinna fimmtán fyrstu leikina.


FH varð síðast Íslandsmeistari árið 2012.


Michael Præst og Veigar Páll Gunnarsson lyftu bikarnum í fyrra.

**18. umferð 1989**
**Tókst ekki**
*1 stigs forskot á KA, sigur tryggir titilinn*
**2-1 tap** á heimavelli á móti Fylki
*KA vann Keflavík 2-0 á útivelli*
**KA Íslandsmeistari í 1. sinn**

**18. umferð 2004**
**Íslandsmeistarar**
*3 stiga forskot á ÍBV, jafntefli tryggir titilinn*
**2-1 sigur** á útivelli á móti KA
*ÍBV tapaði sínum leik*
**FH Íslandsmeistari í 1. sinn**

**15. umferð 2005**
**Íslandsmeistarar**
*11 stiga forskot á Val, jafntefli tryggir titilinn*
**2-0 sigur** á heimavelli á móti Val
**FH Íslandsmeistari í 2. sinn**

**16. umferð 2006**
**Tókst ekki**
*7 stiga forskot á Val, sigur tryggir titilinn*
**1-1 jafntefli** á útivelli á móti ÍBV
*ÍBV jafnaði metin í uppbótartíma*

**17. umferð 2006**
**Íslandsmeistarar**
*5 stiga forskot á Val, sigur tryggir titilinn*
**4-0 sigur** á heimavelli á móti Víkingi
**FH Íslandsmeistari í 3. sinn**

**17. umferð 2007**
**Tókst ekki**
*2 stiga forskot á Val, sigur tryggir titilinn*
**2-0 tap** á heimavelli á móti Val
*Valur vann HK 1-0 í lokaumferðinni*
**Valur Íslandsmeistari í 20. sinn**

**21. umferð 2009**
**Íslandsmeistarar**
*5 stiga forskot á KR, sigur tryggir titilinn*
**2-0 sigur** á heimavelli á móti Val
**FH Íslandsmeistari í 5. sinn**

**19. umferð 2012**
**Íslandsmeistarar**
*9 stiga forskot, jafntefli tryggir titilinn*
**2-2 jafntefli** á útivelli á móti Stjörnunni
**FH Íslandsmeistari í 6. sinn**

**22. umferð 2014**
**Tókst ekki**
*2 stiga forskot á Stjörnuna, jafntefli tryggir titilinn*
**2-1 tap** á heimavelli á móti Stjörnunni
**Stjarnan Íslandsmeistari í 1. sinn**

# Tíundi titilleikur FH-inga frá 1989

**FH getur tryggt sér sjöunda Íslandsmeistaratitil félagsins á Kópavogsvelli á morgun og þarf ekki einu sinni öll þrjú stigin. Þetta er langt frá því að vera í fyrsta sinn sem FH-ingar þurfa ekki að treysta á neinn nema sjálfa sig til að landa titlinum.**

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** 352 dögum eftir áfallið á Kaplakrikavelli í fyrrahaust eru FH-ingar komnir aftur í sömu stöðu. Eitt stig og Íslandsmeistaratitillinn er þeirra, í sjöunda sinn á tólf árum. Mótherjarnir nú eru eins og fyrir ári lið sem hefur komið mörgum á óvart undir stjórn nýs þjálfara. Aðstæðurnar eru hins vegar allt aðrar.

FH er með átta stiga forskot á Breiðablik þegar níu stig eru eftir í pottinum. Blikar hafa tapað fjórum stigum í síðustu tveimur leikjum sínum og því þurfa þeir sigur á FH á morgun auk afar hagstæðra úrslita í síðustu tveimur umferðunum.

Það varð ekkert úr einvígi FH og KR þrátt fyrir að KR-ingar hafi sótt þrjú stig í Kaplakrikann um miðjan júlí og verið þá með tveggja stiga forskot á toppnum. Síðan þá hafa FH-ingar fengið ellefu stigum meira en KR-liðið.

FH hefur níu sinnum áður verið í þeirri stöðu að geta treyst á sjálft sig í leik til að landa Íslandsmeistaratitlinum í Hafnarfjörðinn. Auk þess hafa FH-ingar fjórum sinnum getað tryggt sér titilinn með góðri hjálp frá öðrum liðum í öðrum leikjum á sama tíma.

FH-ingar spila því tíunda titilleik félagsins í Kópvogi kl. 16.30 á morgun.

FH-ingar eiga slæmar minningar bæði frá því þegar þeir voru fyrst í þessari stöðu fyrir 25 árum og þegar þeir voru síðast í þessari stöðu á móti Stjörnunni í lokaumferðinni í fyrra í hreinum úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn.

Að þessu sinni er staðan reyndar allt önnur enda á liðið tvo leiki til góða náist ekki ætlunarverkið á morgun.

FH-ingar hlutu sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil haustið 2004 en fimmtán árum fyrr töldu flestir að titillinn væri á leiðinni í Krikann.

FH var með eins stigs forskot á KA fyrir lokaumferðina 1989 og fram undan var heimaleikur á móti neðsta liðinu í deildinni. FH, þá nýliðar í deildinni, unnu leiki sína í 16. og 17. umferð og voru einu skrefi frá því að verða fyrstu nýliðarnir til að verða Íslandsmeistarar.

Þrátt fyrir draumabyrjun og mark eftir aðeins þrjár mínútur þá urðu FH-ingar að sætta sig við tap á móti Fylki í 18. umferðinni og að horfa á eftir titlinum til KA-manna sem unnu 2-0 sigur á Keflavík á sama tíma.

FH-ingar tryggðu sér fyrsta titilinn með sigri á KA 2004 og árin á eftir voru þeir búnir að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn fyrir lokaumferðina. FH missti titilinn til Valsmanna sumarið 2007 eftir tap í hálfgerðum úrslitaleik í næstsíðustu umferðinni.

FH-ingar höfðu síðan klárað titilinn bæði 2009 og 2012, auk þess sem liðið fékk góða hjálp frá Fram í lokaumferðinni við að landa titlinum haustið 2008.

Fyrir tæpu ári missti FH-liðið hins vegar frá sér titilinn með dramatískum hætti þegar Stjarnan, manni færri, skoraði sigurmarkið úr vítaspyrnu í uppbótartíma. Það hefur tekið sinn tíma fyrir FH-inga að jafna sig á þeim leik og að öllum líkindum hreinsa þeir 4. október 2014 ekki út úr kerfinu fyrr en Íslandsmeistaratitillinn 2015 er í höfn.




## Eitt lítið skref eftir

**FÓTBOLTI** Þróttarar geta tryggt sér sæti í Pepsi-deild karla í dag þegar lokaumferð 1. deildar karla fer fram. Þróttur spilaði síðast í úrvalsdeildinni 2009 en liðinu nægir jafntefli á heimavelli á móti Selfossi til að komast aftur upp. Þróttur hefur þriggja stiga og sex marka forskot á KA sem þýðir að aðeins stórt tap og stórsigur KA á nágrönnum sínum í Þór á sama tíma kemur KA-mönnum upp fyrir Þrótt. Þróttarar ætla að skapa skemmtilega umgjörð í kringum leikinn en hann mun blandast inn í Októberfest-hátíð félagsins í risatjaldi í Laugardal. Víkingar úr Ólafsvík hafa tryggt sér sigur í deildinni fyrir nokkru og taka við bikarnum eftir heimaleik á móti Fjarðabyggð. Þeir hafa þegar jafnað stigametið í B-deildinni og taka það af Skagamönnum með því að ná í stig. Þróttarar geta ekki aðeins komist upp í kvöld því þeir geta einnig eignast markakóng deildarinnar. Til að svo verði þarf þó Viktor Jónsson að skora tveimur mörkum fleiri í lokaumferðinni en Haukamaðurinn Björgvin Stefánsson. Haukar spila við HK í Kórnum. Þrír leikir verða í beinni í lokaumferðinni; leikur Víkinga og Fjarðabyggðar er sýndur á Stöð 2 Sport, leikur Þórs og KA á Vísi og leikur Þróttar og Selfoss á Sporttv. Allir leikir hefjast klukkan 14.00.
**- óój**


Átján marka maður í sumar, Þróttarinn Viktor Jónsson.




**Það borgar sig að fá þetta allt saman í einum pakka**
Nú færðu SkjáEinn hjá Símanum, Sjónvarp Símans, Netið og Endalausan heimasíma í einum pakka fyrir aðeins 12.000 kr. á mánuði. Þú færð líka Sjónvarp Símans appið, 9 erlendar stöðvar, val um SkjáKrakka eða SkjáÞætti og Spotify Premium í 6 mánuði. Hafðu samband og njóttu þess að stjórna dagskránni á SkjáEinum heima í stofu.

**Þú getur meira með Símanum | Hringdu núna í 800 7000 eða opnaðu Netspjall á siminn.is til að klára málið!**



Hljómsveitirnar koma allar fram til þess að styðja baráttu UNICEF. Fréttablaðið/Pjetur

# Gefa vinnu sína til styrktar börnum frá Sýrlandi

Tónleikar á vegum UNICEF eru haldnir í dag á KEXI og byrja hálffjögur. Þar koma fram landsþekktar hljómsveitir og allur aðgangseyrir rennur til neyðarsöfnunarinnar.

Dj flugvél og geimskip, FM Belfast, Agent Fresco, Mammút og fleiri koma fram. Allt tónlistarfólkið gefur vinnu sína og KEX útvegar aðstöðuna og við kunnum þeim bestu þakkir fyrir," segir Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi. Samtökin standa fyrir tónleikum til stuðnings baráttunni fyrir börn á flótta frá Sýrlandi. Tónleikarnir standa frá 15.30 í dag, laugardag, og verða ef veður leyfir í portinu á Kexi Hosteli.

„Það er líka mikilvægt að sýna samstöðu og láta sig þessi mál varða. Öll börn eiga rétt á vernd," segir Bergsteinn. „Afleiðingarnar af því stríði sem staðið hefur yfir í Sýrlandi síðustu fjögur ár eru skelfilegar: Helmingur þjóðarinnar hefur þurft að flýja að heiman og meira en helmingur flóttafólksins er börn. Það er veruleiki málsins og hann er mjög grimmur."

Miðaverð er 2.500 krónur og allur aðgangseyrir fer í neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi fyrir börn frá Sýrlandi. Frítt er fyrir börn tólf ára og yngri í fylgd með fullorðnum. Einnig verður tekið á móti frjálsum framlögum.

### Á TÓNLEIKUNUM SPILA:

- DJ FLUGVÉL OG GEIMSKIP
- SIN FANG
- JÚNÍUS MEYVANT
- VAGINA BOYS
- MAMMÚT
- AGENT FRESCO
- FM BELFAST

## Um helgina, af hverju ekki að...

### LESTU

Ljóðabókina Tíst og bast eftir Eydísi Blöndal sem yrkir um allt frá kynlífi yfir í strætóferðir.





Björk Eiðsdóttir ritstjóri

### LASERTAG OG VILLIBRÁÐ

Dagurinn hefst í Laser Tag ásamt 15 eintökum af kjarnorkusprengjum í jarðneskum formum níu ára drengja þar sem einkasonurinn heldur upp á afmælið. Kvöldið er svo frátekið í dýrindis villibráðarmatarboð hjá mesta matarpervert landsins.

### HLUSTAÐU

Á Magga Eiríks sem heldur upp á sjötugsafmælið sitt á tvennum tónleikum í Hörpu á laugardag.





Össur Skarphéðinsson þingmaður

### BAKSTUR OG LEIKFIMI

Ég þarf að standa pólitíska vakt á mikilvægum fundi í stjórnmálahreyfingu sem ég er partur af. Svo fer ég í líkamsrækt, svitna duglega og marinera úr mér í gufunni á eftir. Í kvöld vænti ég þess að það verði mikið um dýrðir því við höldum upp á 21 árs afmæli eldri dótturinnar.

### HORFÐU

Á Everest. Það má enginn láta nýjustu mynd Baltasar Kormáks fram hjá sér fara.





Edda Hermannsdóttir, samskiptastjóri Íslandsbanka

### DANS OG BAKSTUR

Ég ætla að byrja helgina á að drösla samstarfsfólki mínu í Íslandsbanka í leikfimi og kenna þeim dansspor. Því mun helgin fara í að jafna sig með bakstri og brunch með börnum og góðum vinum.

### FARÐU

Á heimilislegan sunnudag á Kexi með börnin. Þennan sunnudag stýrir Dansskóli Birnu Björns fjörinu. Krakkar 4-7 ára geta lært að dansa kl. 13 og 8 ára og eldri kl. 13.30.






Íslensk Getspá
ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is
ÖBÍ
UMFÍ
Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



# Rýmum til fyrir nýjum vörum

Seljum um helgina með góðum afslætti sýningareintök og útlisgallaða sófa og stóla.

## Fyrstur kemur fyrstur fær!



**KENYA**
Hægindastóll. Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Stærð: B:69 D:70 H:86 cm
**39.990 kr.** ~~49.990 kr.~~

1.


2.


**GLOBE**
Fæst í svörtu, rauðu og ljósu leðri.
Stærð: 76 × 70 × 113 cm

Stóll
**319.990 kr.**
Skemill
**69.990 kr.**
Stóll og skemill
**315.980 kr.**
~~389.980 kr.~~



3.


4.


5.


**1.** Kähler pipar- og saltkvörn stk. **10.990 kr.** **2.** Vidivi kökudiskur með glerkúpli **7.980 kr.** **3.** Speedtsberg vasi 60 cm. **24.990 kr.** **8.** IVV Iroko kertastjaki 20 cm. **7.490 kr.** **5.** Broste Diamond glerlukt 27,5 cm. **7.490 kr.**



**NORDIC**
Vandað borðstofuborð frá Skovby. Olíuborin eik.
Stærð: 100 x 183/274 x 74 cm.
**189.990 kr.** ~~229.990 kr.~~

**ROMANCE**
2,5 sæta sófi.
Dökkgrár.
Viðarfætur.
Stærð:
170 x 82 x 87 cm



**139.990 kr.**
~~179.990 kr.~~

**KAMMA**
Þriggja sæta sófi
með viðarfótum.
Dökk-, ljósgrátt
eða brúnt slitsterkt
áklæði.
Stærð:
201 x 84 x :105 cm



**89.990 kr. Afmælisverð**

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*



# Höllin kynnir

NATUZZI EDITIONS

**NATUZZI EDITIONS**
**B908** leður sófasett.
Stærð sófa: 218 x 97 x 95 cm
Stærð stóls: 106 x 97 x 95 cm

Sófi 3ja sæta
**369.990 kr.** ~~489.990 kr.~~

Stóll
**229.990 kr.** ~~299.990 kr.~~

# Vertu eins og heima hjá þér

## Húsgögn og smávara fyrir lifandi heimili



NATUZZI EDITIONS

**NATUZZI EDITIONS**
**B814** leður hornsófi með rafknúinni einingu. Brúnt leður.
Stærð: 367 x 298 x 95 cm

**974.990 kr.** ~~1.299.990 kr.~~






NATUZZI EDITIONS

**NATUZZI EDITIONS**
**B877** tveggja sæta rafknúin sjónvarpssófi. Svart leður.
Stærð: 194 x 110 x 78 cm

**709.990 kr.** ~~949.990 kr.~~

**Nýtt blað er komið í dreifingu**
http://www.youblisher.com/p/1212708-Baeklingur-september/

HÚSGAGNA HÖLLIN



Jón Arnór gekk að eiga Lilju Björk Guðmundsdóttur í Dómkirkjunni í Reykjavík í júlí. Brúðhjónin voru glæsileg og ekki síður Guðmundur Nóel og Stefanía Björk. Mynd/Íris Dögg Einarsdóttir

# Lúxuslíf síðan ég byrjaði með Lilju

**Jón Arnór Stefánsson** hefur flakkað um heiminn með körfubolta í hendi í átján ár. Íþróttamaður ársins leiddi landsliðið á sitt fyrsta Evrópumót, samdi við enn eitt félagið á Spáni, var svekktur að fá ekkert að spila í NBA og ætlar að fagna stúdentinum fyrir fertugt.

Kolbeinn Tumi Daðason
kolbeinntumi@365.is



Marga dreymir um að vera læknar og í hvaða háskóla þeir ætla. Minn draumur var körfubolti," segir Jón Arnór Stefánsson. Landsliðsmaðurinn, sem fagnar 33 ára afmæli á mánudag, er nýmættur til Valencia á Spáni þar sem hann mun spila næstu þrjá mánuðina í það minnsta. Að baki er riðlakeppni Evrópumótsins í Berlín þar sem okkar menn, þrátt fyrir að tapa öllum fimm leikjum sínum, stóðu sig vonum framar. Bestu landslið Evrópu áttu fullt í fangi með snögga og baráttuglaða íslenska stráka sem unnu hug og hjörtu stuðningsmanna annarra þjóða, hvort sem var í Berlín eða heima í stofu um alla álfuna.

Langflestir áttu von á að okkar drengir yrðu leiddir til slátrunar leik eftir leik en svo var ekki. Tapið gegn Tyrkjum eftir framlengingu í lokaleiknum sveið sárt að sögn Jóns.

„Okkur leið eins og þetta væri að falla með okkur. Við hefðum átt að taka hann. Það svíður eftir á," segir landsliðsmaðurinn og byrjar að telja upp nöfn liðsfélaga sinna af aðdáun. Upptalningin hættir enda Jón Arnór að verða búinn að telja upp alla leikmenn liðsins. Þrátt fyrir fimm töp ræðir hann um „velgengni landsliðsins", sem segir ansi mikið.

„Lykillinn að þessu var að við vorum fullir sjálfstrausts, svo orkumiklir og andinn var náttúrulega bara geðveiki. Við getum verið stoltir af því," segir Jón Arnór. Hann skrifaði undir þriggja mánaða samning við Valencia BC eftir tapið gegn Tyrkjum. Samningurinn er í styttra lagi en Jón Arnór segir einn þjálfarann þegar hafa sagst vonast til að framlengja samninginn.

**Flökkuðu um hverfið með sófa**

Íþróttahæfileikarnir urðu snemma ljósir hjá Jóni Arnóri sem ólst upp í Laugarneshverfinu í Reykjavík. Hann spilaði fótbolta í hverfisliðinu Fram en svo var það rúntur vestur í bæ, ýmist í strætó eða foreldrabílum, á æfingar með KR í körfunni. Jón Arnór rifjar upp NBA-körfuboltasprenginguna sem varð hér á landi snemma á tíunda áratugnum. Óhætt er að segja að Jón Arnór og félagar í Laugarnesinu hafi orðið fyrir áhrifum.

„Við gerðum ekkert annað en að spila „streetball" (götubolta), hvort sem var á sumrin eða veturna," segir Jón Arnór. Á tímabili var gamall leðursófi með þeim í för vallanna á milli auk gettóblasters þar sem ekkert komst að nema rappið. Jón rifjar upp götukörfuboltamót sem haldið var hér á landi sumarið 1994 og lauk með úrslitum í Laugardalnum.

„Það muna allir eftir þessu móti. Uppsetningin í Laugardalnum var svakalega flott, fullt af aldursflokkum og frábært veður," segir Jón í nostalgíustuði. Þrír spiluðu gegn þremur, og auk Jóns Arnórs skipuðu liðið Andri Fannar Ottósson, Hjalti Kristinsson og Helgi Már Magnússon. Allir æfðu þeir saman með KR sem var með fáheyrða yfirburði í 1982 árganginum. Helgi Már varð einnig atvinnumaður í íþróttinni og spilar með Jóni í íslenska landsliðinu.

Það var ekki erfið ákvörðun að velja körfuboltann fram yfir fótboltann að sögn Jóns Arnórs. Lífið snerist um körfubolta. Þar æfði hann með nokkrum árgöngum, spilaði með yngri landsliðum og þar voru vinirnir. Undir lokin í fótboltanum hafi honum boðist að mæta bara í leikina enda ekki gefist tími til æfinga.

„Ég reyndi eins og ég gat en undir lokin hafði ég ekkert gaman af því."

**Stórt stökk sextán ára vestur um haf**

Jón Arnór hefur verið á flakki um heiminn í átján ár með stoppum hér heima inn á milli. Alls hefur hann spilað sem atvinnumaður með tíu félögum úti í heimi. Þýskaland, Bandaríkin, Rússland, Ítalía og Spánn hafa verið viðkomustaðir kappans á fjórtán ára atvinnumannsferli ytra. Hann fékk nasaþef og gott betur af lífinu utan Íslands þegar hann hélt til Bandaríkjanna sumarið eftir samræmdu prófin, þá á sextánda ári. Um fyrirheitna landið var að ræða þar sem bestu körfuboltamenn heimsins spila í NBA-deildinni. Menn á borð við átrúnaðargoð Jóns Arnórs, Michael Jordan.

„Það var mjög stórt stökk," segir Jón Arnór. Um sumarið spilaði hann með liði sem þjálfari körfuboltaliðs Artesia High School hélt utan um. Um ólöglegt athæfi var að ræða sem þó var stundað um öll Bandaríkin þar sem þjálfarar menntaskólaliða settu upp leiki til að sjá leikmenn spila. Þeirra hagur var að finna frábæra leikmenn í skólaliðið, hvort sem var bandaríska eða erlenda. Þjálfarinn áttaði sig strax á hæfileikum Jóns Arnórs og bauð honum að spila með skólaliði Artesia.

„Við pabbi fengum bara pappíra senda að utan, fórum bandaríska sendiráðið og ég var floginn út. Enginn spurði neinna spurninga," segir Jón. Fram undan voru fjögur ár í menntaskóla, þaðan er sjálfsagt skref í bandaríska háskólaboltann þar sem næsta skref er NBA-deildin. Planið átti heldur betur eftir að breytast.

**Bannað að ferðast til Bandaríkjanna**

„Ég var ungur og óharðnaður. Mættur í high school í gettói á Long Beach í Los Angeles. Það var mjög erfitt að vera að heiman og mig langaði svo oft að komast heim. Ég átti erfitt með að losna við þá tilfinningu."

Hann hafi dvalið hjá góðri fjölskyldu og eignast góðan vin sem hafi hjálpað mikið. Í mars árið 2000 kom hins vegar meiriháttar babb í bátinn og allt í einu var Jón Arnór mættur til Íslands og byrjaður að spila með KR. Ævintýrinu úti var lokið og ástæðan var körfuboltaskandall sem vakti athygli um öll Bandaríkin.

Jón Arnór og fleiri erlendir liðsfélagar hans höfðu verið skráðir í einkaskóla í Los Angeles til að fara í kringum reglurnar. Jón Arnór telur fjölmiðlaumfjöllunina hafa átt upptök sín hjá foreldrum leikmanna í skólanum sem fengu ekki að spila vegna alþjóðlegu leikmannanna. Í grunninn eigi skólaliðin að vera skipuð nemendum úr nágrenninu, ekki upprennandi körfuboltastjörnum héðan og þaðan úr heiminum. Lið Artesia var ógnarsterkt, að margra mati það sterkasta í landinu, og hafði fengið mikla umfjöllun.

„Þegar þetta kemur upp þá er byrjað að elta mann eftir skóla, reynt að ná manni í viðtal. Því var hótað að þetta kæmi út í lok tímabilsins. Okkur var sagt að segja ekki neitt," segir Jón Arnór. Um málið var fjallað á risamiðlum á borð við ESPN og USA Today.

„Þjálfarinn flýr eitthvert, fer bara í felur, og við guttarnir vitum ekki neitt," segir Jón Arnór um atburðarásina ótrúlegu fyrir fimmtán árum. Stefán Eggertsson, faðir Jóns Arnórs, hélt utan til að vera með syni sínum.

## Talar sjaldan við Óla bróður

Jón Arnór er yngstur fimm systkina. Elst er Íris, svo kemur Ólafur, næstur Eggert og svo Stefanía. Um mikla íþróttafjölskyldu er að ræða en Eggert spilaði með Fram í efstu deild, Stefanía sankaði að sér verðlaunum í tennis og Ólaf Stefánsson þarf varla að kynna fyrir neinum. Jón segir þá lítið hafa rætt um leiðtogahlutverkin í landsliðum Íslands.

„Við tölum voðalega lítið saman til að byrja með,“ segir Jón Arnór. Þegar þeir ræði saman á annað borð sitji þó mikið eftir. „Ég hef alltaf verið úti og hann úti í sínu svo við höfum varla hist einu sinni yfir sumarið. Svo er hann rokinn í stórmót og við aldrei náð að tengjast,“ segir Jón Arnór. Þeir ræði samt alltaf að þegar þeir flytji heim muni það breytast.

„Óli er nú fluttur heim og orðinn þokkalega jarðbundinn. Þá kannski byrjar eitthvað og það myndast meiri tengsl,“ segir Jón Arnór. Það séu þó alltaf fagnaðarfundir þegar þeir hittist og mjög náttúrulegt, eins og þeir hafi verið að ræða saman í gær.

„Þannig eiga bræðratengslin að vera,“ segir Jón Arnór.




Varð fljótlega niðurstaðan að halda heim til Íslands.

„Við brottfararhliðið bíður okkar rannsóknarblaðamaður og á sama tíma mætir aðstoðarþjálfarinn til að passa að við segjum ekki neitt. Þetta var algjör bilun. Þvílíkt fíaskó.“

Félagið var svipt tveimur titlum og þjálfarinn, sem hafði verið afar sigursæll í þrettán ár hjá skólanum, var rekinn. Jón Arnór var kærkomin viðbót við sterkt lið KR sem tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn nokkrum vikum síðar.

**Bónaði bíla í kennaraverkfallinu**

„Þetta klúðraði öllu,“ segir Jón Arnór um fyrrnefnda atburðarás. Sautján ára var hann kominn á svartan lista og mátti ekki fara til Bandaríkjanna.

„Ég lét ekki reyna á það en var tilkynnt af yfirvöldum á Íslandi að ég hefði verið settur á lista með hryðjuverkamönnum,“ segir Jón Arnór. Þótt Jón Arnór væri aðeins tvö ár ytra hafði frammistaða hans kveikt áhuga háskóla í Bandaríkjunum. Meðal annars hins fræga körfuboltaskóla Gonzaga og svo háskólans í Norður-Karólínu, þar sem Michael Jordan spilaði.

„Skólarnir héldu áfram að eltast við mig eftir að ég kom heim,“ segir Jón Arnór sem var í vondri stöðu. Hann gat ekki klárað skólann úti í Bandaríkjunum og fékk aðeins eitt ár af tæpum tveimur metið í menntaskóla hér heima. Hann nam við MS í tvö ár meðfram því að spila með KR. Kennaraverkfall var í framhaldsskólum á þessum tíma sem Jón nýtti til að bóna bíla með Eggerti bróður sínum. Allt var reynt til að koma honum aftur til Bandaríkjanna. Hann tók tilheyrandi próf og nafn hans var tekið af svarta listanum. Menntaskólaprófið vantaði hins vegar upp á og klukkan tifaði. Hafa verður í huga að nemendur byrja tveimur árum fyrr í háskóla vestan hafs en hér heima.

Sumarið 2004 hélt Jón Arnór til Þýskalands á prufu ásamt landsliðsmanninum Loga Gunnarssyni og var Jóni boðinn samningur hjá Frankfurt. Um fyrsta atvinnumannssamninginn hefði verið að ræða sem eðlilegt hefði verið að stökkva á og fagna. Jón hafnaði honum. ➜





**Svipurinn með feðgunum Jóni Arnóri og Guðmundi Nóel leynir sér ekki. Ingigerður Jónsdóttir, móðir Jóns sem þekkt er í körfuboltaheiminum sem „Frú Ingigerður“, heimsótti son sinn til Pétursborgar. Jón Arnór, Lilja og krakkarnir eru orðin vön sólardögum á Spáni.**





Mættur til Dallas með Benedikt Guðmundssyni, þjálfara sínum. Með þeim á myndinni eru Mavericks-feðgarnir Don og Donnie Nelson.



Jón Arnór klæddist treyju Dallas á sumrin en fékk aldrei stóra tækifærið.



Jón vann Evrópudeildina með Dynamo St. Pétursborg.



Ökklameiðslin með landsliðinu 2006. Mynd/Gunnar Freyr Steinsson



Leiðtoginn í kunnuglegum stellingum í Róm.

## Atvinnumannsferillinn

**2002-2003 TBB Trier** Þýskaland
**2003-2004 Dallas Mavericks** Bandaríkin
**2004-2005 Dynamo Saint Petersburg** Rússland
**2005-2006 Carpisa Napoli** Ítalía
**2006-2007 Pamesa Valencia** Spánn
**2007-2008 Lottomatica Roma** Ítalía
**2008-2009 KR** Ísland
**2009 Benetton Treviso** Ítalía
**2009-2011 CB Granada**
**2011-2014 CAI Zaragoza** Spánn
**2014-2015 Unicaja** Spánn
**2015- Valencia Basket** Spánn



Okkar maður einbeittur á EM í Berlín.

Fréttablaðið/Valli

„Það var fyrsta ákvörðunin sem ég tók og hún var mjög góð,“ segir Jón. Samningurinn var til sex ára og skítalaun að hans sögn. „Þetta var týpískur samningur fyrir unga punga. Þú bara sendir þeim eitthvað,“ rifjar Jón Arnór upp. Í kjölfarið barst betra tilboð en Jóni leist ekki á blikuna. Smærra félag, Trier, falaðist einnig eftir kröftum Jóns sem samdi við félagið til eins árs.

„Það var planið. Sanna sig og fara annað. Liðið var lakara en fyrir vikið fékk ég miklu meiri spilatíma.“

**Missti aldrei svefn yfir NBA**

Óhætt er að segja að Jón Arnór hafi sannað sig á sínu fyrsta ári í atvinnumennsku.

„Þú veist aldrei hver er að horfa,“ segir Jón Arnór. Fulltrúar NBA-liðsins Dallas Mavericks heilluðust af framgöngu Jóns Arnórs og úr varð að hann hélt til Texas sumarið 2004.

Jón spilaði með Dallas í sumardeildinni þar sem leikmenn reyna að sanna að þeir séu verðugir fyrir aðaldeildina um veturinn. Í framhaldinu fór á annan tug leikmanna í prufur þar sem niðurskurðurinn var ekki ósvipaður og í keppnum á borð við American Idol. Hið ótrúlega gerðist, frá sjónarhorni litla Íslands í það minnsta. Jón Arnór fékk fimm ára samning hjá Dallas.

„Þegar maður hugsar aftur þá var þetta auðvitað svaka mikið. Ég tók þessu samt með stóískri ró og missti aldrei svefn. Þetta var eitthvað sem maður ætlaði sér og sá fyrir sér. Svo gerðist það.“

Hann viðurkennir þó að honum hafi fundist aðeins óraunverulegt þegar hann mætti í klefann með stjörnunum í liði Dallas.

„Það var ákveðið Bitlamóment. Vá, þetta eru svakastjörnur. En svo var það farið.“

**Mikil vonbrigði í Dallas**

Landsliðsmaðurinn þakkar fyrir að stjörnurnar í liðinu, Dirk Nowitzki og Steve Nash, voru jarðbundnir persónuleikar eins og Jón lýsir þeim. Jón varði töluverðum tíma með þeim auk Mexíkóans Eduardo Nájera. Aðspurður hvort Nowitzki og Nash hafi verið nálægt því að komast á boðskortið fyrir brúðkaupið hans og Lilju Bjarkar Guðmundsdóttur í sumar hlær Jón.

„Maður verður að heyra í mönnum allavega síðustu tíu ár til að þeir komist á listann!“

Annars hafi flest verið frekar ópersónulegt og um harðan heim að ræða í Dallas.

„Allir eru að hugsa um rassgatið á sjálfum sér. Margir búnir að vera í deildinni í mörg ár,“ segir Jón. Hann hafi þó lært mjög mikið af því að umgangast leikmennina. Á æfingum var hart barist en lítið um hittinga utan þeirra eins og Jón átti eftir að venjast síðar í Evrópu. Þrátt fyrir margt jákvætt voru mikil vonbrigði að fá aldrei tækifærið með aðalliðinu um veturinn.

„Mér var samt sagt að ég fengi ekki að klæðast treyjunni fyrsta árið,“ segir Jón. Engu að síður var tímabilið langt og minnir landsliðsmaðurinn á að hann er keppnismaður. „Það var pirrandi. Alveg sama hvað ég stóð mig vel á æfingu og átti fullt erindi á völlinn fékk ég ekki tækifæri. Ég æfði eins og rotta, lyfti á fullu og var líklega í mínu besta formi nokkru sinni.“

Svo varð Jóni ljóst að tækifærið kæmi aldrei.

**Skítakuldi í Rússlandi**

Jón Arnór var á fimm ára samningi hjá Dallas og þurfti vafalítið hugrekki til að stíga út úr NBA-deildinni. Þótt Jón Arnór væri ekki að spila þá hugsaði Dallas hann til framtíðar. Þrátt fyrir allt var hann aðeins tvítugur fyrsta og eina árið í NBA og til samanburðar eru nýliðar sem koma úr háskólaboltanum 22 ára. Það skipti engu máli. Jón vildi spila. „Ég fékk tilboð frá Rússlandi sem var spennandi svo ég spáði ekkert meira í það,“ segir Jón Arnór sem samdi við glænýtt rússneskt félag, Dynamo St. Pétursborg. Stökkið yfir til Rússlands var hins vegar risastökk.

„Þetta var algjör U-beygja. Á meðan allt var til alls hjá Dallas átti félagið í Rússlandi ekki einu sinni íþróttasal. En þeir byggðu hann bara,“ segir Jón Arnór hlæjandi. Eigandinn átti sand af seðlum en á meðan salurinn var í byggingu flökkuðu Pétursborgarliðar um Evrópu, æfðu og spiluðu æfingaleiki. Við tók rússneskur vetur sem var ískaldur og harður. Jón segir þetta eina ár í Rússlandi hafa kennt sér mikið. Hann lenti hjá færum þjálfara og spilaði stórt hlutverk með hörkuliði. Það hafi hjálpað honum í gegnum allt það sem upp á vantaði utan vallar. Liðið vann Evrópudeildina og komst í úrslit í rússnesku deildinni. Hugurinn var samt að miklu leyti bundinn við Bandaríkin.

„Það var alltaf planið að fara aftur í NBA,“ segir Jón Arnór og unnu umboðsmenn hans í því. Honum bauðst lengri dvöl í Pétursborg en Jón Arnór gat ekki hugsað sér að vera annað ár í kuldanum. Gott tilboð barst frá Napólí.

„Það var svipað og Rússadæmið. Nýr þjálfari og þeir settu svakalegan pening í að búa til hörkulið sem tókst,“ segir Jón Arnór sem var í svipuðu og stóru hlutverki. Liðinu gekk vel og varð meðal annars bikarmeistari.

**Kunni ekki að segja nei**

Segja má að ferill Jóns Arnórs í Evrópu hafi verið afar farsæll. Hann lék stórt hlutverk hjá átta af níu félögum sem hann var á mála hjá. Einu vonbrigðin voru hálfa árið hjá Valencia BC, sama félagi og Jón samdi við á dögunum, en dramatískt augnablik í leik með landsliði Íslands hafði mikið um það að segja. Jón Arnór hafði samið við spænska félagið til þriggja ára, var á fullu á undirbúningstímabilinu með liðinu en flaug heim í landsleiki sem voru í gangi yfir sumarið.

„Þeir voru ekki sáttir við að ég væri að taka þátt í landsliðinu yfirhöfuð. Þess vegna var enn verra að ég meiddist,“ segir Jón Arnór sem reif liðband í vöðva í leik gegn Lúxemborg. „Ég hefði ekkert átt að vera að taka þátt í þessu,“ segir Jón Arnór sem langaði að spila fyrir landsliðið og verja nokkrum dögum á Íslandi. Hann sneri því til Spánar meiddur og í hvert skipti sem hann sneri aftur til leiks meiddist hann. Í tvígang reif hann vöðva og auk þess var þjálfarinn sem falaðist eftir kröftum Jóns rekinn.

„Þetta var erfitt tímabil og stöðug pressa á mig að ná mér af meiðslunum,“ segir Jón. Reynsluleysi í þeim efnum hafi orðið honum að falli. „Mig vantaði reynsluna að segja nei,“ segir Jón sem telur að hann hefði þurft að fá lengri hvíld til að jafna sig, þó það væri ekki nema aukavika. Úr varð að körfuboltaliðið í Róm á Ítalíu óskaði eftir kröftum Jóns Arnórs sem sneri aftur í ítalska boltann.

**Ætlar að fagna stúdentinum með stæl**

Jón lauk tveimur tímabilum á Ítalíu, sneri heim og varð Íslandsmeistari með KR vorið 2009, áður en hann spilaði lokamánuðinn af ítölsku deildinni með Benetton Treviso. Hann samdi svo við CB Granada á Spáni. Þar í landi hefur hann spilað síðan með fjórum liðum að meðtalinni endurkomunni til Valencia. Þar dvelur hann á hóteli þessa dagana en hann flaug í gegnum læknisskoðun í vikunni. Hvort eiginkonan Lilja Björk flytji út með börnin þeirra segir Jón alveg óráðið.

„Ég rauk út svo fljótt að við náðum eiginlega ekki að setjast niður og tala um þetta,“ segir Jón Arnór. Lilja er lögfræðimenntuð og möguleiki er á að hún fari á námskeið til héraðsdómslögmanns úti í Valencia. Þau þrjú flytji þó örugglega ekki strax.

„Þetta er svo stuttur tími og vesen að flytja alla út þegar maður veit ekki með framhaldið. Við þurfum að skoða þetta betur en vonandi koma þau sem fyrst í heimsókn.“

Líf atvinnumannsins getur verið ljúft en sömuleiðis einmanalegt. Frítími utan æfinga og leikja er mikill. Margir atvinnumenn í íþróttum spila golf og tölvuleiki. Þannig mætti lýsa hinum hefðbundna atvinnumanni. Jón gengst við því fyrra en ekki hinu síðara.

„Ég eyði núll tímum í tölvuleiki og hef aldrei verið mikið fyrir þá,“ segir Jón Arnór. Í ljós kemur að hann er mikill lestrarhestur og sömuleiðis mikill áhugamaður um tónlist. Hann hefur einnig fetað sig stöðugt í átt að langþráðu markmiði, stúdentsprófinu, sem flestir vinir hans luku fyrir fimmtán árum. Hann hefur verið utanskóla í Fjölbraut í Ármúla og tekið þar nokkra kúrsa.

„Það er vandræðalegt hvað ég á lítið eftir. Ég ætla mér að klára þetta og halda massa stúdentsveislu, með húfu og allt,“ segir Jón Arnór og hlær.

Hann segist hafa rætt þetta töluvert við Pavel Ermolinskij, félaga sinn úr íslenska landsliðinu, en saman reka þeir Kjöt og fisk við Bergstaðastræti. Pavel á sömuleiðis eftir að ljúka stúdentinum.

„Við höldum sameiginlega veislu. Ætli ég verði ekki orðinn fertugur.“

**Lilja kletturinn í lífi Jóns**

Jón Arnór og Lilja gengu í það heilaga í sumar. Hann segir líf sitt hafa tekið miklum breytingum til hins betra eftir að hann kynntist henni.

„Þegar maður var einn var maður mikið á klúbbum með strákunum sem fylgir þessu,“ segir Jón Arnór. Mikill tími og orka hafi farið í að stunda skemmtistaðina, fara út að borða en það hafi minnkað. Hann sé mun rólegri í tíðinni nú og hafi þroskast.

„Maður er búinn að gleyma gamla tímanum, hann skiptir mann engu máli. Það er fjölskyldan sem gefur lífinu gildi,“ segir Jón Arnór sem segir nærveru konu sinnar og barna veita sér mikinn styrk og stuðning.

„Lilja er alltaf minn klettur. Ég get grátið á öxlinni á henni þegar illa gengur og hún peppar mig upp. Eftir að við byrjuðum saman hefur þetta verið lúxuslíf. Það er ástæðan fyrir því að ég er búinn að gleyma hinu og sé ekkert annað.“

Með fjögurra ára son og tveggja ára dóttur er nóg að gera á heimilinu í dag þegar Jón Arnór er ekki með körfubolta í hendi.

„Nú plana ég daginn í kringum krakkana og reyni að létta á Lilju því hún er alltaf með börnin.“

> ÞAÐ ER VANDRÆÐALEGT HVAÐ ÉG Á LÍTIÐ EFTIR AF STÚDENTSPRÓFINU. ÉG ÆTLA MÉR AÐ KLÁRA ÞETTA OG HALDA MASSA STÚDENTSVEISLU, MEÐ HÚFU OG ALLT.




25
ára
Við bjóðum í afmæliskaffi
laugardaginn 19. september frá kl. 12–16.00
á öllum kaffihúsum okkar.
Um leið og við fögnum 25 ára afmæli, þökkum við ykkur
öllum fyrir samfylgdina í gegnum árin.
Við munum halda áfram að kaupa kaffi beint frá bónda og koma
því til landsmanna með alúð og umhyggju.
Þú finnur okkur í:
REYKJANESBÆ
BANKASTRÆTI
SMÁRALIND
BORGARTÚNI
KRINGLUNNI
ÞJÓÐMINJASAFNI
kaffitar.is
Kaffitár

# Á að skilyrða fjárhagsaðstoð?

Ólöf Skaftadóttir



Mikil umræða hefur skapast eftir Föstudagsviðtal við Björk Vilhelmsdóttur, sem gegndi stöðu formanns velferðarráðs lengi . Björk sagðist telja að sér hefði mistekist í starfi, þar sem henni tókst ekki að skilyrða fjárhagsaðstoð. Hún sagði að veikleikavæðing ætti sér stað innan velferðarkerfisins. Borgarfulltrúarnir **Sóley Tómasdóttir** og **Áslaug Friðriksdóttir** eru ekki á einu máli um hvaða leið eigi að fara.



## Sóley Tómasdóttir

borgarfulltrúi
Vinstri grænna

*Er ekki hlynnt skilyrðingu fjárhagsaðstoðar.*

**ÞETTA ÚRRÆÐI ER TIL ÞESS AÐ AÐSTOÐA FÓLK SEM HEFUR EKKI AÐRAR BJARGIR. SLÍKA GRUNDVALLARVELFERÐARÞJÓNUSTU GETUM VIÐ EKKI SKILYRT MEÐ NOKKRUM HÆTTI**

## Ég hef enga trú á spörkum

Þetta úrræði er til þess að aðstoða fólk sem hefur ekki aðrar bjargir. Slíka grundvallarvelferðarþjónustu getum við ekki skilyrt með nokkrum hætti," útskýrir Sóley og segir skilyrðingar aldrei jákvæðar. „Við höfum verið að bjóða upp á fleiri virkniúrræði og fjölbreytt tilboð fyrir fólk sem er á fjárhagsaðstoð, en við þurfum alveg klárlega að gera meira af því. Það er þannig sem við hvetjum fólk til virkrar þátttöku í samfélaginu. Að gera það með skilyrðingum hef ég einfaldlega ekki trú á að virki. Svo tel ég það hreinlega ekki í samræmi við grunnhugmyndafræði velferðarsamfélags."

Sóley segist ósammála þeirri fullyrðingu Bjarkar Vilhelmsdóttur að sumir sem eru á fjárhagsaðstoð þurfi einfaldlega spark í rassinn. „Ég er hreinlega ósammála þessari nálgun sem þarna er höfð uppi. Ég hef enga trú á spörkum. Ég hef hins vegar trú á samtalinu, hvatningu, umbunum og hrósi. En ég hef enga trú á skömmum, skilyrðingum og spörkum."

*En hvað segirðu um þá gagnrýni að of lítill munur sé á lágmarkslaunum og fjárhagsaðstoð og það virki letjandi?*

„Mér finnst þessar hugleiðingar til marks um að fólk hafi ekki mikinn skilning á stöðu þessa fólks sem er á fjárhagsaðstoð. Það ætlar sér enginn að vera á slíkri aðstoð. Því trúi ég allavega. Þetta er ekki val fólks, heldur liggja ástæður að baki þess að fólk sækir slíka þjónustu. Það er mjög mikil einföldun á veruleikanum að halda að fólk þiggi slíka aðstoð ef það hefur á annað borð möguleika á einhverju öðru."

*Nú er borgin rekin með miklum halla. Eigum við fyrir því að hafa svo marga á fjárhagsaðstoð, eins og raunin er?*

„Þetta snýst um hvernig við forgangsröðum sameiginlegum sjóðum okkar. Við erum eftir allt saman ríkt samfélag og við eigum að veita aðstoð ef þörf er á – en fyrst og fremst eigum við að stuðla að virkni strax í bernsku. Það gerum við með því að halda úti öflugu skólakerfi sem mismunar ekki börnum eftir efnahag eða aðstæðum. Það gerum við heldur með því að tryggja gjaldfrjálsa þjónustu og þar með að skólakerfið virki sem það jöfnunartæki sem því er ætlað að vera.

Fjárhagsaðstoðin er hærri í Reykjavík en hjá mörgum öðrum sveitarfélögum, en samt þannig að erfitt er að lifa af henni. Við erum höfuðborg þessa lands, leggjum upp með að hafa gott velferðarkerfi og ég sé ekki eftir þessum peningum."



## Áslaug Friðriksdóttir

borgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins

*hefur mikla trú á skilyrðingu fjárhagsaðstoðar.*

**AF HVERJU AÐ LEGGJA Á SIG AÐ TAKA SLÍKU STARFI EF ÞAÐ SKIPTIR ENGU FJÁRHAGSLEGA?**

## Reykjavík hefur setið með hendur í skauti

Í almennri umræðu finnst mér flestir telja að skilyrðingar þurfi alltaf að vera neikvæðar en svo er ekki. Vel er hægt að skilgreina grunnfjárhagsaðstoð og nota svo styrki til viðbótar til þeirra sem taka þátt í að sinna sínum málum, hvort sem þeir eru í leit að bata eða út á vinnumarkaðinn," útskýrir Áslaug. Hún segir yfirskin að nauðsynlegt sé að bíða eftir lagabreytingum. „Jákvæðar skilyrðingar rúmast innan lagaheimilda. Það eina sem þarf er að leggja á sig í að skipuleggja hluti upp á nýtt."

Áslaug segir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins hafa viljað setja meiri vinnu og breytingar í fjárhagsaðstoð undanfarin ár, meðal annars með skilyrðingum. „Björk Vilhelmsdóttir kom einlægt fram í Föstudagsviðtalinu í síðustu viku. Þar fór hún yfir hluti sem við höfum oft tekist á um. Ég vissi að Björk var sammála okkur en áttaði mig ekki á því að samstarfsmenn hennar hefðu komið í veg fyrir að málið gengi í gegn. Það þarf hugrekki til að segja það sem Björk sagði. Ég held að hún hafi haft mikið til síns máls með það að sumir þurfi spark í rassinn. Of oft kemur fyrir að fólk hefur sannfært sjálft sig um að það hafi lítið fram að færa."

Hún segir að við eigum að nota jákvæða skilyrðingu. „Styrki eða viðbótarfjárhagsaðstoð ef fólk tekur virkan þátt og situr ekki hjá."

*Hvað er það sem gerist þegar munur á lágmarkslaunum og fjárhagsaðstoð er of lítill eða enginn?*

„Augljóslega dregur það úr vilja til að taka láglaunastarfi. Af hverju að leggja á sig að taka slíku starfi ef það skiptir engu fjárhagslega? En svo er annar þáttur. Ef einhver hefur glímt við langtímaatvinnuleysi eða aðra erfiðleika er oft kominn upp doði og kvíði hjá viðkomandi. Þá finnst mörgum mjög erfitt að fara af stað. Þá er afar mikilvægt að reyna að rjúfa þann vítahring."

Áslaug segir kostnaðarmun milli sveitarfélaga sláandi. „Hafnarfjarðarbær tók upp Áfram-módelið og vann gríðarlega gott verk, aðstoðaði marga og dró verulega úr kostnaði eða um 800 milljónir. Kostnaðurinn við fjárhagsaðstoð í Reykjavík er um þrír milljarðar króna á hverju ári, þeim sem þurfa á henni að halda fækkar varla miðað við hvað gerist hjá öðrum sveitarfélögum. Í fyrra lækkaði talan í fyrsta sinn í sjö ár en það var varla merkjanlegt. Þetta segir sína sögu – hægt er að gera betur. En Reykjavík hefur setið með hendur í skauti. Nú er ekkert fé til nýrra verkefna í Reykjavík og sárlega þarf meiri fjármuni í velferðina."

*Nú segja sumir að leiðin í Hafnarfirði hafi hreinlega ekki verið lögleg?*

„Hafnarfjörður beitti skerðingum bóta. Eitt mál fór í kæruferli en úrskurðarnefnd taldi skerðingarnar lögmætar. Allt tal um að lögin komi í veg fyrir skilyrðingar er til að drepa málum á dreif, vel er hægt að gera þetta, með skerðingum og jákvæðum hvötum. Stóra málið er að viljann hefur vantað."

# netto
*þægindi & kostakjör*

## Frábært verð!




**-44%** KJÚKLINGALUNDIR
DANSKAR, 700 GR
**991**
ÁÐUR 1.769 KR/KG



KJÖTSEL

**-50%** BAYONNESKINKA
KJÖTSEL
**999**
ÁÐUR 1.998 KR/KG

---

KJÖTSEL

## Mikið úrval af nýslátruðu!



LAMBALÆRI
FERSKT, KJÖTSEL
**1.487**
ÁÐUR 1.690 KR/KG

LAMBAHRYGGUR
FERSKUR, KJÖTSEL
**1.846**
ÁÐUR 2.098 KR/KG



**-35%** LAMBAINNRALÆRI
FERSKT
**2.893**
ÁÐUR 4.450 KR/KG

---

## Haustmarkaður - mikið úrval af íslensku grænmeti!



**-30%**

---




**-32%** PIZZUR
NICE N'EASY, 4 TEG
**299**
ÁÐUR 439 KR/PK



**-50%** PIZZASTYKKI
OSTUR, SALAMI
**190**
ÁÐUR 379 KR/STK




**-38%** SOFT QUILT 9 RL
KLÓSETTPAPPÍR
**489**
ÁÐUR 788 KR/PK

---

## Namminamm!




EMMESS SKAFÍS
3 TEG, 1 L
**398**
ÁÐUR 498 KR/STK




PEPSI MAX
4 X 2L
**699**
KR/PK




OREO KEX
NABISCO, 66 GR
**99**
ÁÐUR 129 KR/PK

**Tilboðin gilda 17. sept – 20. sept 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Sóley Kristjánsdóttir býr í Breiðholti og finnst róandi að rækta garðinn sinn og halda hænur. Fréttablaðið/Anton Brink

# Bændur í borginni

Sjálfsþurftarbúskapur þrífst vel innan borgarmarkanna. Á höfuðborgarsvæðinu færist í aukana að fólk haldi hænur við heimili sitt. Þá eru margir með býflugnabú, blómlega garðyrkju, hesta og kindur.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is

Búskapur var mikill í borginni á árunum 1930 til 1970. Aðkomufólk úr sveit kom með sauðfé, ræktaði kartöflur og matjurtir. Eftir því sem borgin hefur þróast síðustu áratugi hefur búskapurinn horfið. Nú er búfjárhald óheimilt í Reykjavík nema á örfáum stöðum þar sem sérstaklega er gert ráð fyrir því. En með aukinni vitund um umhverfi og sjálfbæra framleiðsluhætti er búskapur í sókn. Nú sækist fólk eftir því að fá að vera með sjálfsþurftarbúskap við heimili sín.



Kindur finnast enn á höfuðborgarsvæðinu og margir eru með hesta í bakgarðinum í úthverfum borgarinnar. En í þéttari byggð heldur fólk  hænur og býflugur auk þess sem fjölbreytni í matjurtagörðum er orðin mun meiri.



Hersteinn með býflugur úr einu búa sinna. Hann þarf að gefa þeim sykurvatn reglulega, svo þær lifi af íslenskan vetur og vor. Fréttablaðið/Anton Brink

**Hersteinn Pálsson,** býflugnabóndi í Grafarholti

## Blíðar býflugur

Hersteinn Pálsson kaupir býflugur og drottningu frá Álandseyjum. „Býpakkinn samanstendur af tveimur til þremur kílóum af býflugum ásamt drottningu í sérstöku boxi. Svo er bara að koma þeim fyrir. Það er gert í seinni hluta júní.“

Býflugurnar eru blíðar og stinga sjaldan. Hann á tvö börn og þau geta vel umgengist flugurnar. „Það er búið að rækta úr þeim árásargirnina. Ég á tvö börn og eitt á leiðinni. Dóttir mín er fimm og sonur minn er þriggja. Hún hefur mest gaman af pabbaflugunum, þær eru bangsalegar býflugur og stinga ekki. Sonur minn hefur verið stunginn en virðist ekki kippa sér upp við það.“

Hersteinn er með þrjú bú. Tvö þeirra keypti hann í vor, hinu þriðja er hann að hjúkra en það kom veikt undan vetri og erfiðu vori. „Ég missti drottningu og þurfti að hjúkra búinu, það er ekki víst að það hafi það af,“ segir hann og segir vorið reynast íslenskum býflugnabændum erfitt. „Býflugur fara ekki í híði yfir veturinn. Það þarf að gefa þeim sykurvatn og þær mynda klasa inni í búinu þar sem þær hafast við. En á vorin þurfa býflugurnar að komast út til að drita. Ef þær fá ekki nokkra frostlausa daga þá svelta þær sig og deyja. Ef það koma frostlausir dagar þar sem hitinn fer yfir fimm gráður þá hleypi ég þeim út til að hreinsa sig. Þá drita þær gulum doppum út um allt og þá veit maður að búin eru í lagi.“

Hersteinn segir fyrsta árs bú framleiða lítið hunang. Á næsta ári reiknar hann með að vera með um það bil fimmtíu þúsund býflugur, jafnvel meira. Hann gefur þeim sykurvatn til að þær geti byggt upp vaxið í búunum. „Þú þarft að mata býflugur með sykurvatni svo þær geti byggt upp vaxið. Ef þú tekur hunang þarftu að gefa þeim sykurvatn. Við höfum framleitt lítið af hunangi, það hefur aðallega farið í tækifærisgjafir og við höfum skipt á laxi og hunangi til dæmis.“

Býflugur Hersteins eru við Grafarholt. Eitt sinn var hann með búið í þéttari byggð. „Það var í lagi en maður getur lent í svermum sem getur farið fyrir brjóstið á nágrönnunum. Svermar eru meinlausir, býflugur stinga ekki þá. Maður er hins vegar stunginn stundum þegar maður gerir mistök í umgengni við flugurnar nálægt búinu, en ég læri í hvert skipti sem ég er stunginn og það skiptir ekki miklu máli.“

Hersteinn hefur gaman af því að prófa sig áfram í býflugnaræktinni. „Þegar gengur vel þá er gaman, þegar gengur illa þá vill maður vita af hverju og bæta úr því. Það er stúdían sem er svo heillandi.“

**Sóley Kristjánsdóttir,** hænsnabóndi í Breiðholti

## Kemst í samband við jörðina

Sóley Kristjánsdóttir er komin langt í hænubúskapnum. Hún hefur byggt hænum sínum myndarlegt búr í Breiðholti og nýtur þess að vera sjálfbær, rækta og endurnýta það sem fellur til af heimilinu.

„Hænurnar komu í fyrrasumar. Ég las viðtal í blaði við bónda sem nefndi að fólk í borginni væri komið með hænur og þá kviknaði ljós. Ég er mikið í garðinum og er að rækta blóm, salöt, grænmeti og kryddjurtir þannig að þetta var einhvern veginn alveg eðlilegt framhald. Garðurinn nær mér á jörðina þar sem ég er snarofvirk stundum. Þar slaka ég á og kemst í samband við jörðina. Allt daglega stressið gleymist. Þetta er eiginlega eins og hugleiðsla.

Sóley er með fjórar hænur, allar ólíkar. „Það er goggunarröð og ég veit alveg hvaðan það orð er komið. Ein er foringinn og étur fyrst og ef henni finnst eitthvað sérlega gott þá fá hinar ekki. Þær eiga ekki séns. Sú yngsta, Katla, er neðst í röðinni og hún þarf að bíða þar til hinar leyfa henni að komast að. Tvær þeirra eru styggar og tvær eru fremur gæfar og Freyja sem er foringinn leyfir mér stundum að taka sig upp.“

Sambúðin við nágranna gengur vel. „Ég spurði að sjálfsögðu um leyfi og þeim finnst þetta skemmtilegt og rómantískt. Garðurinn minn er samt afskekktur þannig að þeir verða fæstir varir við þær. Það heyrist yfirleitt ekki í þeim.“

Kostirnir eru margir og hún segir eggin mun betri en egg úr verksmiðjuhænum. „Hænur eru frábærar af því að þær gefa svo mikið til baka eða næstum egg á dag frá hverri. Þær njóta félagsskapar hver annarrar á meðan ég er í burtu. Svo eru þær skemmtilegar og hjálpa til að halda illgresinu niðri og sniglum í burtu. Þessi egg eru miklu betri en egg úr verksmiðjuhænum. Gulan er stærri og dekkri og hvítan er þétt í sér. Bragðmunurinn er mikill. Mínar hænur éta ósköp af grænmeti, eru í fersku lofti og undir berum himni og fá að ganga lausar í garðinum þegar ég er heima. Þá finna þær sér eigið æti að þeirra lyst. Ég borða aðallega egg um helgar og þá hlakka ég til að vakna og fá mér morgunmat. Mér finnst eggin best linsoðin eða spæld og svo er ég alltaf á leiðinni að læra að búa til majónes. Ég lærði að gera ís og hann er æðislegur til dæmis með döðlum, súkkulaði og trönuberjum. Svo í bakstur, það eru endalausir möguleikar með egg. Af því að eggin eru svo ný þá er skurnin föst utan á þeim ef þau eru soðin, þannig að yfirleitt sýð ég þau án skurnar og geri þau „poached“ eins og í Egg Benedict. Svo má ekki gleyma hinni aðalafurðinni sem er hinn ómetanlegi hænsnaskítur, besti áburður sem hægt er að hugsa sér og allt lífrænt! Mér finnst gott að vera dálítið sjálfbær og rækta og endurnýta það sem fellur til frá heimilinu.“

Hænurnar áttu til að strjúka þegar þær voru nýkomnar. „Það er ekki auðvelt að smala hænum en þó skárra þegar þær eru í hóp. Að smala einni skelkaðri hænu er eiginlega fyndið. Þær hlaupa svo hratt og aldrei í þá átt sem þú vilt.“

Sóley segir hænur auðveldar í umhirðu. Þeim þurfi hins vegar að sinna daglega. „Ég held að þetta sé ekki fyrir alla, sumum vinum mínum finnst ég vera klikkuð. Þær þurfa að hafa hreint vatn og korn og það þarf að þrífa dallana og skítinn. Um vetur þurfa þær hlýjan og skjólgóðan kofa. Svo éta þær grænmetisafganga og fleira og elska að fara út í garð að róta.“



# HAUSTIÐ ER KOMIÐ HLAUPUM AF STAÐ!

**Ný sending af ASICS hlaupaskóm og fylgihlutum á góðu verði**

**Hlutlausir skór**
Fyrir þá sem þurfa mikla dempun, eru með neutral til háa rist og jafnvel stífan fót.

Einnig ef hné leita út á við (hjólbeinóttir) Oft verkir í tábergi og út á jarka. Ökklar, hné, mjaðmir, nári og bak oft viðkvæm.

**Stöðugir skór innanfótarstyrktir**
Fyrir þá sem hafa sigin iljaboga, með 5-8°innhalla á ökkla eða hné sem leita inn á við (kiðfættir). Oft verkir í hælum, ökklum, hnjám og undir il.



**29.990**

**ASICS** GEL NIMBUS 17
Hlutlausir hlaupaskór með mjög góðri dempun í hæl og tábergi.
Dömu- og herrastærðir.

asics



**31.990**

**ASICS** GEL KAYANO 22
Innanfótarstyrktir hlaupaskór með mjög góðri dempun í hæl og tábergi. Dömu- og herrastærðir.



**5.490**

**ASICS** HLAUPAHANSKAR
Dömu- og herrastærðir.



**24.990**

**ASICS** CUMULUS 17
Hlautlausir hlaupaskór með dempun í hæl og tábergi.
Dömu- og herrastærðir.



**23.990**

**ASICS** FUJI TRABUCO 4 G-TX
Flottur gore-tex utanvegaskór með dempun í hæl.
Dömu- og herrastærðir.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®




Sjónvarpskappræður repúblikana á fimmtudagskvöldið voru haldnar í forsetabókasafni Ronalds Reagan í Kaliforníu, þar sem forsetaflugvél Reagans er höfð til sýnis. Fréttablaðið/EPA

## Demókratarnir

## Repúblikanarnir

**Meðaltal skoðanakannana 20. ágúst - 13. sept. skv. Realclearpolitics.com**



Hillary Clinton
**44,7%**



Bernie Sanders
**23,3%**



Joe Biden
**19,2%**



Donald Trump
**30,5%**



Ben Carson
**20%**



Jeb Bush
**7,8%**



Ted Cruz
**6,8%**



Marco Rubio
**5,3%**



Mike Huckabee
**4,5%**

| Rand Paul | Carly Fiorina | Scott Walker | John Kasich | Chris Christie | Rick Santorum | Rick Perry | Bobby Jindal | Lindsey Graham |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3,3% | 3,3% | 3,0% | 2,5% | 1,5% | 0,8% | 0,8% | 0,5% | 0,3% |

## Kosningabaráttan langa

**2015** | **2016** janúar febrúar mars apríl maí júní júlí ágúst september október nóvember desember

**10. janúar 2015** Rand Paul lýsir því yfir, fyrstur allra, að hann óski eftir því að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins í kosningunum 2016.

**12. apríl, 2015** Hillary Clinton lýsir því yfir að hún óski eftir að verða forsetaefni Demókrataflokksins.

**1. febrúar** Forkosningar flokkanna tveggja hefjast. Fyrst er kosið í Iowa, átta dögum síðar í New Hampshire.

**14. júní** verða síðustu forkosningar flokkanna haldnar, í höfuðborginni Washington.

**18. júlí** hefst flokksþing repúblikana, þar sem forsetaefni flokksins verður kosið. Flokksþingið verður haldið í Philadelphíu, í Pennsylvaníuríki.
**25. júlí** hefst flokksþing demókrata, þar sem forsetaefni flokksins verður kosið. Flokksþingið verður haldið í Cleveland í Ohio.

**8. NÓVEMBER 2016** Kosið verður til þings og forseta í Bandaríkjunum

# Skemmtiefni stjórnmálanna

Donald Trump virðist eiga erfiðara með að komast upp með gífuryrði. Mætti harðari mótstöðu í kappræðum en hann á að venjast. Enn er þó meira en ár í kosningar og lítið að marka skoðanakannanir.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Kosningabaráttan í Bandaríkjunum fyrir forsetakosningarnar á næsta ári er engan veginn stutt eða hnitmiðuð, þótt vissulega sé hún óspart notuð sem skemmtiefni í fjölmiðlum.

Þetta er nærri tveggja ára og harla langdregið ferli, sem fer af stað þegar fyrstu stjórnmálamennirnir tilkynna um framboð og stendur yfir allt þar til kosningarnar eru haldnar.

Að þessu sinni var það repúblikaninn Rand Paul sem reið fyrstur á vaðið stuttu eftir síðustu áramót. Forkosningar flokkanna hefjast svo snemma á næsta ári og kosningarnar verða haldnar í nóvember 2016.

Á endanum verður það væntanlega fjárstyrkur frambjóðendanna sem ræður úrslitum. Þeir leggja ekki minna kapp á að höfða til auðmanna, sem gefa í kosningasjóði, heldur en til almennra kjósenda.

Það er ekki síst þar, sem styrkur Donalds Trump liggur. Sjálfur er hann auðmaður, sem hefur gefið í kosningasjóði stjórnmálamanna, en þarf ekki á slíkum gjöfum að halda.

### Skákar í skjóli eigin auðs

Þetta gefur honum frelsi til að vekja athygli almennings með glannalegum yfirlýsingum og hálfgerðum trúðslátum, en láta sér í léttu rúmi liggja hvað fjársterku gefendunum sýnist.

> Bobby Jindal sagði demókratann Hillary Clinton, sem líklegust þykir til að keppa um forsetaembættið við einn repúblikananna, græða mest á persónulegum svívirðingum eins og Trump hefur stundað í kosningabaráttunni.

Hann notar sér þetta líka til að skjóta á mótframbjóðendur sína fyrir að vera háðir fjármagni annarra. Og enn þá ber hann höfuð og herðar yfir aðra frambjóðendur Repúblikanaflokksins í skoðanakönnunum.

### Trump í vörn

Í sjónvarpskappræðum repúblikana á CNN á fimmtudagskvöld átti hann þó aldrei þessu vant í vök að verjast. Mótframbjóðendur hans eru greinilega orðnir óhræddari við að skjóta á móti.

Einn þeirra, Scott Walker, ríkisstjóri í Wisconsin, sagði enga þörf fyrir lærling í Hvíta húsið. Og Bobby Jindal sagði demókratann Hillary Clinton, sem líklegust þykir til að keppa um forsetaembættið við einn repúblikananna, græða mest á persónulegum svívirðingum eins og Trump hefur stundað í kosningabaráttunni.

Líklega var það samt Carly Fiorina, eina konan í hópi repúblikana á sviðinu, sem kom stærsta högginu á Trump að þessu sinni, þegar hún var spurð út í niðrandi ummæli hans um útlit hennar. Þá sagði hún: „Ég held að allar konur í Bandaríkjunum hafi heyrt mjög greinilega hvað Trump sagði.“ Trump varð heldur vandræðalegur, og ekki tókst honum að bæta stöðu sína þegar hann í framhaldinu lét þess getið að sér þætti hún bara afskaplega falleg.

### Hreyfingar á fylgi

Þegar skoðanakannanir eru skoðaðar vekur reyndar sérstaka athygli að sá frambjóðenda repúblikana, sem hefur unnið mest á undanfarið, er heilaskurðlæknirinn Ben Carsons, sem er eins ólíkur Trump og hugsast getur.

Carson talar varlega og reynir jafnan að vera málefnalegur, og það hefur skilað honum því að vera kominn upp í 20 prósenta fylgi. Hann er þar með í öðru sæti á eftir Trump, sem er með 30 prósent í skoðanakönnunum. Hinir eru allir langt á eftir þeim báðum.

Þann fyrirvara verður þó að gera að enn er meira en ár í kosningar og skoðanakannanir nú þar af leiðandi lítt marktækar.

### Clinton dalar

Hjá demókrötum er það enn Hillary Clinton, sem er með öruggt forskot, en þetta forskot hefur hins vegar minnkað töluvert á síðustu vikum. Þar á væntanlega einna stærstan hlut vandræðagangur hennar vegna tölvupósta, sem hún vistaði á einkavefþjón þegar hún var utanríkisráðherra í staðinn fyrir að nota ráðuneytisvefþjón.

Hún hefur verið gagnrýnd fyrir þetta háttalag og ekki tekist almennilega að snúa sig út úr því, þótt hún segi hreint út að þetta hafi stafað af klaufaskap hennar sjálfrar og vankunnáttu.

Hún var lengi vel með 60 prósenta fylgi en er nú komin niður undir 40 prósent, og bæði Joe Biden varaforseti og róttæklingurinn Bernie Sanders hafa unnið verulega á síðustu vikurnar.

Mest hefur þar komið á óvart hið góða gengi Bernie Sanders, sem höfðar sérstaklega til grasrótarandstöðu við auðvaldið og stendur með þeim sem minna mega sín.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




**Í ANDA GÖMLU MEISTARANNA**

**Bjarni Arason söngvari verður með góðum hópi tónlistarmanna á sviðinu í Eldborg á miðvikudag þegar 100 ára afmæli Franks Sinatra verður fagnað. Flutt verða þekktustu lög söngvarans og farið yfir sögu hans.**

**Síða 2**








# COLDFRI VIÐ KVEFI OG HÁLSBÓLGU

**LYFIS KYNNIR** *Coldfri munnúði styttir kveftímabil og meðhöndlar særindi í hálsi. Coldfri munnúðinn er í 20 ml úðaglasi og fæst í apótekum á góðu verði.*

Coldfri munnúði er ekki lyf og er seldur í almennri sölu í apótekum. Tilvalið er að prófa Coldfri munnúða næst þegar kvefpestin ber að dyrum. Munnúðinn er sykurlaus og því ákjósanlegur í stað sykraðra hálstaflna við hálsbólgunni.

„Mikill kostur er að hafa góða og einfalda lausn sem flýtir fyrir bata, en kvefpestir eiga uppruna sinn í smiti í öndunarfærum. Mikilvægur þáttur í að hindra framgang kvefpesta er að koma í veg fyrir að sýklar nái fótfestu í kokinu,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS.

„Coldfri munnúða á að nota mjög reglulega fyrstu klukkustund meðferðar þar sem fjöldi sýkla er mestur í upphafi sýkinga,“ segir Hákon. „Beina á úðanum að kokinu og úða 4 skömmtum 4 sinnum fyrstu klukkustundina, síðan 4 skömmtum á 2 klukkustunda fresti þar til einkenni hverfa.“




Aðalinnihaldsefni Coldfri munnúða eru glýseról og sorbitól, zink asetat og pantotenat. Efnin vinna saman að því að fjarlægja sýkla og vernda slímhimnu í hálsi og hjálpa til við endurnýjun hennar.

Coldfri má nota á meðgöngu og með barn á brjósti.

**Á MEÐGÖNGU** Coldfri má nota á meðgöngu og með barn á brjósti

LYFIS
Traust í lyfjum

Hvað gera innihaldsefnin?

- **Glýseról og sorbitól**
  - hvata munnvatnsmyndun sem veldur útskolun á sýklum
- **Zink asetat**
  - myndar varnarfilmu á slímhúðinni og hefur veiruhamlandi áhrif
- **Pantotenat (B5 vítamín)**
  - hvetur endurnýjun á bólginni slímhimnu í koki







Sólgæti



HEILNÆMT OG NÁTTÚRULEGT

LJÓMANDI GOTT



*Vörurnar frá Sólgæti eru hollar og góðar fyrir sælkera á öllum aldri sem vilja gera vel við sig. Líttu í kringum þig í næstu verslun. Þú kemur eflaust auga á eitthvað ljómandi gott.*

100% LÍFRÆNT RÆKTAÐ — 100% ORGANIC

heilsa.is solgaeti.is



**SINATRA Á MIÐVIKUDAGINN** Bjarni segist alla tíð hafa verið veikur fyrir gömlum meisturum á borð við Elvis og Sinatra. MYND/STEFÁN

# GAMLIR MEISTARAR ALLTAF FYLGT MÉR

**ÁHUGAVERT** *Bjarni Arason söngvari verður með góðum hópi tónlistarmanna á sviðinu í Eldborg á miðvikudag þegar 100 ára afmæli Franks Sinatra verður fagnað. Flutt verða þekktustu lög söngvarans og farið verður yfir sögu hans.*

Frank Sinatra fæddist 12. desember 1915. Þess er minnst víða um heim að hann hefði orðið 100 ára þann dag. Sinatra lést árið 1998. Bjarni segir að hugmyndin hafi komið frá Sigurði Flosasyni og félögum í Stórsveit Reykjavíkur. Helstu söngvarar landsins koma fram á tónleikunum og flytja þekktustu lög Sinatra, fyrir utan Bjarna eru það Björgvin Halldórsson, Egill Ólafsson, Helgi Björnsson, Páll Óskar Hjálmtýsson, Pálmi Gunnarsson, Ragnar Bjarnason, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson, Jógvan Hansen, Friðrik Ómar Hjörleifsson og Þór Breiðfjörð.

**MIKIÐ STUÐ Á MILLA-BALLI**

Meðal frægustu laga Sinatra eru My Way, New York, New York og I've Got You Under My Skin en þar að auki söng hann mörg mjög fræg jólalög. Bjarni segir að á tónleikunum verði flutt öll helstu og frægustu lög Sinatra, þó ekki jólalög. Bjarni er kannski betur þekktur fyrir Elvis-lög en hann segist ekkert síður hafa gaman af Sinatra. „Ég hef sungið heilmikið af Sinatra-lögum í gegnum tíðina. Ég er kannski þekktari fyrir Elvis-lögin en á löngum ferli er ekki hægt að komast hjá því að syngja Sinatra. Við erum til dæmis með Sinatra-lög þegar ég syng með Milljónamæringunum," segir Bjarni. Milljónamæringarnir voru einmitt með ball um síðustu helgi í Gamla bíói sem Bjarni segir að hafi verið einstaklega vel heppnað. „Það var alveg ótrúlega mikið stuð og mjög gaman," segir hann. „Milla-böllin eru alltaf einstök," bætir hann við. „Fólk sem er ekki mikið á djamminu kemur á Milla-böll til að dansa. Við vorum að koma saman eftir þó nokkurt hlé og ég á von á að það verði fleiri svona böll á næstunni," segir Bjarni. „Það er hugur í sveitinni og ég reikna með að við verðum á árshátíðum í vetur og ýmsum öðrum uppákomum."

Það er alltaf nóg að gera hjá Bjarna, hann syngur við alls kyns athafnir; útfarir, brúðkaup og afmæli, fyrir utan tónleika. „Ég mun syngja á jólahlaðborði Grand hótels fyrir jólin þannig að það eru ýmis verkefni sem koma upp í hendurnar á manni," segir söngvarinn, sem er einnig með útvarpsþátt eftir hádegi á sunnudögum á Bylgjunni. „Þessi helgi er óvenju róleg hjá mér, ekkert bókað í kvöld þannig að ég ætla að njóta þess að vera með fjölskyldunni."

**LANGUR FERILL**

Bjarni segir að Stórsveitin hafi verið að æfa á fullu fyrir Sinatra-tónleikana og söngvarar búnir að vinna sína heimavinnu. „Það verða æfingar með söngvurum á næstu dögum. Það er mjög góð stemning fyrir tónleikunum og ég hlakka mikið til," segir hann.

Bjarni er 44 ára en hann hefur verið á sviði frá fjórtán ára aldri þannig að ferillinn er langur þótt hann sé enn ungur maður. „Ég hef alltaf haft áhuga á tónlist fyrri tíma og hún hefur svolítið fylgt mér," segir hann. „Elvis kom alltaf sterkur inn hjá mér, enda var ég ólíkur jafnöldrum mínum í skóla að því leyti. Krakkarnir voru að hlusta á popp áttunda áratugarins þegar ég var í gömlu meisturunum með vatnsgreitt hár," segir Bjarni, sem byrjaði í tónlistarskóla níu ára og var tæpra sextán ára þegar hann var kosinn látúnsbarki árið 1987. Þar með var hann orðinn poppstjarna Íslands. „Það er til upptaka af mér í sjónvarpinu að syngja þegar ég var 14 ára svo maður er búinn að koma víða við."

**HARPA EINSTÖK**

Bjarni hefur tvívegis tekið þátt í undankeppni Eurovision og árið 1992 munaði litlu að hann færi alla leið með lagið Karen Karen, sem enn lifir góðu lífi. „Ég gæti vel hugsað mér að taka þátt aftur ef það byðist," segir Bjarni og bætir því við að mörg spennandi verkefni séu á döfinni. „En núna hugsa ég bara um Sinatra-tónleikana. Mér finnst einstakt að stíga á svið í Eldborg. Harpa er svo stórfenglegt hús og svo verður maður með frábærum fagmönnum á sviðinu."

elin@365.is



**ECCO CADEN** ST. 33-40 KR. 17.995



**ECCO SNOWBOARDER** ST. 27-35 KR. 15.995



**ECCO BIOM HIKE INFANT** ST 21-28 KR. 14.995



**ECCO BIOM TRAIL KIDS** ST. 27-35 KR. 15.995



**ANGURO SKÓRNIR ERU ALVEG FRÁBÆRIR ÚR NAUTSTERKU LEÐRI** ST. FRÁ 36-46 OG KOSTA 17.995



**MELANIA KULDASKÓR ÚR LEÐRI** ST. 23-32 KR. 9.995



**ECCO BIOM LITE INFANTS** ST. 19-24 KR. 12.995



**ECCO BIOM HIKE KIDS** ST. 30-35 KR. 16.995

# VEL SKÓUÐ Í SKÓLANN

**STEINAR WAAGE KYNNIR** *Haustið nálgast óðfluga. Börnin eru sest á skólabekk að nýju og kætast í frímínútum í góðu jafnt sem slæmu veðri. Þá er gott að vera vel búinn til fótanna, til dæmis í vatnsþéttum kuldaskóm frá Ecco eða kuldastígvélum frá Viking. Þessi merki ásamt fleirum fást í Steinari Waage í Smáralind og Kringlunni.*



**NÍNA ÞÓRARINSDÓTTIR INNKAUPASTJÓRI.**

Í Steinari Waage er að finna mikið úrval af kuldaskóm á börn og unglinga. „Við erum til dæmis með danska gæðamerkið Ecco sem hefur reynst afar vel,“ segir Nína Þórarinsdóttir, innkaupastjóri hjá Steinari Waage. Hún segir kuldaskó frá þessu merki vera flesta með Gore-Tex en að öðru leyti sé fjölbreytnin mikil í útliti og sólum. Hún bendir á að í Biom-línunni frá Ecco séu svokallaðir natural motion skór. „Það þýðir að þeir eru betri fyrir þroska fóta og börn þreytast síður í hnjám og baki.“

### FJÖLBREYTT ÚRVAL

Viking kuldastígvélin eru einnig afar vinsæl enda hafa þau sannað sig í gegnum tíðina, þykja bæði þægileg og endingargóð. Önnur merki sem Steinar Waage selur vel af á haustin eru venjulegir og vatnsheldir skór frá Hummel. „Við seljum líka mikið af Nike en fólk hefur einnig verið að kaupa þá sem innanhússíþróttaskó fyrir skólann,“ segir Nína. Hún nefnir einnig skó af ítalska merkinu Melania. „Þetta eru afar fallegir og endingargóðir leðurskór á hagstæðu verði.“

Nína segir foreldra leggja mikla áherslu á að skórnir séu vandaðir. „Þá er afar mikið atriði á þessum árstíma að skórnir séu vatnsheldir,“ segir Nína en nú þegar er mikill straumur í verslunina af fólki sem vill kaupa skó á börnin sín fyrir veturinn.

### STÆRÐIN SKIPTIR MIKLU

Nína segir miklu máli skipta hvernig skór eru valdir á börn. „Áríðandi er að velja rétta stærð. Fólki hættir til að kaupa of stóra skó til að auka endinguna en hins vegar geta of stórir skór bæði verið óþægilegir og svo skemmast þeir líka fyrr,“ útskýrir hún. Starfsfólk Steinars Waage aðstoðar fólk við að finna rétta stærð enda eru stærðir ólíkar eftir merkjum.

Nína bendir á að fólk úti á landi geti fengið skóna senda til sín. „Þá erum við með mjög góða vefsíðu, www.skor.is, þar sem hægt er að skoða úrvalið, kaupa og láta senda. En svo er líka velkomið að hringja í okkur og spyrja, við tökum alltaf vel á móti öllum fyrirspurnum.“

## FACEBOOKLEIKUR STEINARS WAAGE

**Viltu fá skóna þína endurgreidda?**

- Taktu mynd af þér í nýju skónum þínum.
- Póstaðu henni á Facebooksíðu Steinars Waage.
- Merktu myndina #SteinarWaageHaust.
- Fáðu alla til að like-a þína mynd.

**Myndin sem fær flest atkvæði vinnur!**





**VIKING FROST STÍGVÉL** ST. 21-39 KR. 8.995

## LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.


Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**



**FALLEGAR LAGLÍNUR OG BEITTIR TEXTAR** Brynhildur hefur alltaf verið mikill aðdáandi Kurt Weill. Síðari hluti tónleikanna verður tileinkaður tónlist hans og textum Bertolt Brecht. Þá breytist Rosenberg í tötrakrá þar sem margsigld kona í lífsins ólgusjó syngur um ævi og ástir á hausti lífsins. MYND/STEFÁN

# HAUSTINU SUNGIÐ LOF OG TREGI

*__SEPTEMBERSÖNGVAR__ Brynhildur Björnsdóttir er vön því að hafa mörg járn í eldinum. Hún er bæði söngkona og leikkona en hefur síðustu ár að mestu fengist við gerð barnaefnis og var um árabil annar umsjónarmaður Leynifélagsins á RÚV. Hún heldur tónleika undir yfirskriftinni Septembersöngvar á mánudag og undirbýr sig með því að fara á Skálmaldartónleika í kvöld.*

Tónleikarnir, sem Brynhildur heldur í félagi við píanóleikarann Aðalheiði Þorsteinsdóttur, verða haldnir á Rosenberg við Klapparstíg. Tilefnið er í senn sumarlok og haustkoma. Í fyrri hlutanum verður haustinu sungið lof og tregi og flutt lög eftir ýmsa höfunda. Í síðari hlutanum, sem er tileinkaður tónlist Kurt Weill og textum Bertolt Brecht, breytist staðurinn í tötrakrá þar sem margsigld kona í lífsins ólgusjó syngur um ævi og ástir á hausti lífsins.

„Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi tónlistar Kurt Weill og sérstaklega hrifin af þeirri tónlist sem hann samdi við texta Bertolt Brecht. Ég hélt tónleika tileinkaða þeim í vor í félagi við Aðalheiði, Sigtrygg Baldursson og Margréti Erlu Maack. Eins og oft vill verða með einstaka viðburði voru einhverjir sem misstu af og ég ákvað því að endurtaka leikinn. Þá var reyndar að koma sumar og allir á ferðalagi. Weill samdi undurfallegt lag sem heitir Septembersong á New York árum sínum og ég ákvað því að miða á haustið,“ útskýrir Brynhildur en að þessu sinni verða þær Aðalheiður aðeins tvær.

Þegar Brynhildur fór að fara í saumana á frekari efnistökum rakst hún á mörg lög sem tengjast þessari árstíð. „Haustið er að mínu mati bæði sjarmerandi og tregafullt. Það hafa persónurnar í lögum Kurt Weill í gegnum tíðina oft verið að byrja haustið í lífi sínu og sömuleiðis þær konur sem eru til umfjöllunar í lögunum. Þær eru flestar lífsreyndar og hafa átt misgott líf. Þetta eru með öðrum orðum þroskaðar konur og þar fannst mér komin önnur hausttenging.“

Brynhildur segir tónlist Kurt Weill einstaklega vel samda og texta Bertolt Brecht bæði beitta og sársaukafulla, en þeir eru til í íslenskum þýðingum Þorsteins Gylfasonar. „Þó efnið sé nær hundrað ára gamalt er ýmislegt sem talar inn í samtímann og má til dæmis nefna vændisumræðuna, enda margar af persónunum sem um ræðir vændiskonur að segja frá örlögum sínum. Það verður því smá broddur í þessu. Það má segja að þetta sé síðasta vespa sumarsins,“ segir Brynhildur glettin.

Fyrir hlé munu þær Brynhildur og Aðalheiður flytja lög eftir Joseph Kosma, Cumulus og Tove Janson, Sprengjuhöllina, Skálmöld og jafnvel Earth Wind and Fire. „Ég er forfallinn Skálmaldaraðdáandi og liður í undirbúningnum verður að fara á tónleika með þeim á Gauknum í kvöld en á mánudag mun ég svo syngja mitt uppáhalds Skálmaldarlag sem heitir einmitt Að hausti. Ég mun þó ekki geta sungið það í upprunalegri útgáfu þar sem það er ekki nógu mikið af rafmagnsgíturum í hljómsveitinni okkar Aðalheiðar. Ég hef ekki heldur náð tökum á hinum stórkostlega söngstíl Björgvins Sigurðssonar, söngvara hljómsveitarinnar. Ég mun því syngja lagið með mínu nefi og túlkun en ég hef mjög gaman af því að breyta samhengi hlutanna og sjá hvað gerist. Þarna verða líka fleiri lög sem eru ekki endilega hönnuð fyrir eina kvenmannsrödd og píanó en við ætlum samt að prófa. Þá mun ég lauma inn litlum frásögnum á milli atriða og vona að þetta verði notaleg kvöldstund.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30.

■ vera@365.is



### RÓSENBERG BREYTIST Í TÖTRAKRÁ

Tónleikarnir verða haldnir á mánudaginn og hefjast klukkan 20.30.


Náttúrulegt **Melatónin**

MADE WITH NON-GMO INGREDIENTS

ZenBev **Triptófan** úr graskersfræjum






**Friðsælar nætur Streitulausir dagar**

**Betri og dýpri svefn**
Engin eftirköst eða ávanabinding
Vísindaleg sönnun á virkni
http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/16053244
http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/18066139

www.zenbev.is - Umboð: vitex ehf

**Upplýsingasími 896 6949 og www.vitex.is**

Fæst í apótekum og heilsubúðum

# Betra blóðflæði




Fæst í apótekum og heilsubúðum

**Betri heilsa**

**Íslensk vottun á virkni $NO^3$**
Sýni rannsóknarstofa Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Upplýsingar www.SUPERBEETS.is vitex ehf - Upplýsingasími 896 6949

# LAGERSALA
## AÐEINS ÞESSA HELGI!

**laugardag 11-17 og sunnudag 13-17.**

**Undirföt-Sundföt-Náttföt-Sloppar..**

Selena

**Bláu húsunum við Faxafen.**


20-50% afsláttur
af völdum vörum!
FYRIRMYNDAR-FYRIRTÆKI KRINGLUNNAR
2015
HAUST-SPRENGJA!
Frábær tilboð dagana 16-20. september
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.490
St. S-XXXL
BOLUR
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
St. S-XXXL
TOPPUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 1.990
St. S-XXL
PILS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
St. S-XXXL
LEGGINGS
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
St. S-XXXL
GOLLA
ÁÐUR 7.990
NÚ 5.990
St. 36-56
TÚNIKA
ÁÐUR 7.990
NÚ 5.990
St. S-XXL
LEGGINGS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
St. 36-56
Blúndu TOPPUR
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
St. 42-56
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.490
St. S-XXXL
Ný sending af fallegum haustvörum!
SKYRTA
8.990kr
st. S-XXXL
PEYSA
6.990kr
st. S-XXXL
PHONCO
9.990kr
Ein stærð
KJÓLL
10.990kr
st. S-XXXL
PEYSA
8.990kr
st. 42-56
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# SELJA AFRAKSTUR SUMARSINS

**LISTAVERKAMARKAÐUR** *Norðlenskir listamenn efna til listaverkamarkaðar í Deiglunni á Akureyri í dag. Gilfélagið stendur fyrir viðburðinum. Þóra Karlsdóttir formaður félagsins segir markaðinn eins konar uppskeruhátíð listamanna.*

Listamenn þurfa oft að pakka niður afrakstrinum á vinnustofunni eftir sumarið og því tilvalið að efna til Listamessu að hausti. Við ætlum að stilla upp verkum á básum og leggjum áherslu á minni verk. Listamennirnir sýna sitt, kynna sig og vonandi freista fólks til þess að fjárfesta í myndlist,“ segir Þóra Karlsdóttir, myndlistarmaður og formaður Gilfélagsins, en Gilfélagið stendur fyrir Listamessu í Deiglunni í dag, milli klukkan 14 og 17.

Þar mun stór hópur listamanna sýna og selja verk sín en Þóra kynntist slíku fyrirkomulagi erlendis.

„Ég hef búið víða um heim í yfir 20 ár og var vön að fara á listamessur þar sem margir listamenn söfnuðust saman og seldu verk sín. Þetta hefur ekki verið gert áður hér í Listagilinu en verður vonandi til þess að auka fjölbreytnina. Með þessu verður einnig til vettvangur og tækifæri fyrir listamenn að koma verkum sínum á framfæri. Það skapast öðruvísi stemming en þegar verk eru sett upp í sal, þá er ekkert endilega á hreinu hvort um sölusýningu er að ræða. En þarna verður það alveg á hreinu,“ segir Þóra. „Við hlökkum til að taka á móti gestum. Það má segja að listamessan sé eins og smá uppskeruhátíð eftir sumarmánuðina en margir listamenn nýta sumarið til að skapa. Ég sé fyrir mér að gera þetta á stærri skala. Myndlistarmenn þurfa stöðugt að minna á sig,“ segir Þóra en nýlega stóð Gilfélagið fyrir sérstakri sýningu, Salon des Refusés, í Deiglunni.

„Þá héldum við sýningu með þeim listamönnum sem sóttu um á haustsýningu Listasafns Akureyrar og var hafnað, eins og impressjónistarnir gerðu í gamla daga. Svona „rebel“ sýningar eru haldnar um allan heim og Gilfélagið er grasrótarfélag, það á að ögra öðru hvoru.“

Sjálf heldur Þóra vinnustofu í Listagilinu. Yfirstandandi er gjörningur hennar 280 kjólar, 40 vikur, 9 mánuðir þar sem hún klæðist nýjum kjól hvern dag í 280 daga og birtir ljósmynd á Facebook. Nýlega komst hún yfir 200 kjóla markið. „Þetta fer að hafast,“ segir hún sposk.

Listamessan hefst í dag klukkan 14 í Deiglunni í Listagilinu og stendur til klukkan 17.



**SALON DES REFUSÉS** Gilfélagið setti upp sýningu á verkum þeirra sem ekki komust inn í haustsýningu Listasafns Akureyrar á dögunum í Deiglunni.



**GRÓSKA** Litríkt listalíf er á Akureyri. Í dag selja listamenn verk sín í Deiglunni milli klukkan 14 og 17. MYNDIR/ÞÓRA KARLSDÓTTIR


# Bio-Kult

Bio Kult Candéta inniheldur góðgerla, hvítlauk og grape seed extract

Styrkir meltinguna, vinnur á Candida sveppasýkingu í meltingavegi




*“Mikill munur á húðinni og meltingunni”*
**Lilja Dröfn Kristinsdóttir**

„Bio Kult Candéa hefur breytt lífi mínu“
**Fjölnir Kvaran**

*“Loksins laus við ristilkrampaköstin”*
**Jóhanna Þorvaldsdóttir**


# PÓLITÍSK LIST

*Haraldur Ingi Haraldsson opnar vinnustofusýningu í sýningarsal Myndlistarfélagsins í Listagilinu á Akureyri undir nafninu Codhead XI á laugardag. Hún fjallar að hluta til um kjarna nýfrjálshyggjustjórnarhátta.*

Að sögn myndlistarmannsins Haraldar Inga Haraldssonar er Codhead heimur þar sem jakkafataklætt fólk með bindi og þorskhaus sinnir margvíslegum viðfangsefnum í umhverfi sem skilgreinir heiminn. „Codhead er samstofna orðinu Godhead og á einhvern hátt nánast sama orðið. Þorskdómur og guðdómur.“

Haraldur Ingi hefur fengist við Codhead síðan 2000. „Þetta er pólitísk list og fjallar að hluta til um heimspeki rándýrsins; græðgi, eigingirni og miskunnarleysi sem er kjarni nýfrjálshyggjustjórnarhátta Vesturlanda.“ Haraldur Ingi segir hrunið á Íslandi árið 2008 hafa afhjúpað inngróna spillingu íslensks samfélags og meðvirkni á ævintýralega háu stigi. „Allt þetta dregur kraft úr samfélögum og ógnar framtíð almennings. Þetta er mér ofarlega í huga. Þá er ég mjög upptekinn af hefðbundnum úrlausnum í framsetningu myndlistar; jafnt hvað varðar litameðferð, myndbyggingu og aðra framsetningartækni, en á sýningunni verða málverk unnin með blandaðri tækni á pappír. Þau eru öll frá 2014-2015.“



**ÞORSKDÓMUR** Codhead er samstofna orðinu Godhead og á einhvern hátt nánast sama orðið. Þorskdómur og guðdómur.

Á meðan á sýningunni stendur mun Haraldur Ingi vinna að ýmsum verkefnum sem eru í farvatninu og ræðst opnunartíminn af þeirri vinnu. Hann býst þó við að opið verði frá um það bil átta á morgnana og fram á kvöld. „Þegar skiltið er úti og ljós í glugga þá er opið.“

**NÁNAR Á CODHEAD.NET**

Sýningin verður opnuð klukkan tvö og stendur til 27. september. Á heimasíðunni codhead.net má sjá úrval af verkum Haraldar Inga í rafrænni bók. Þar munu einnig birtast myndir af sýningunni.



## RAFVIRKJAR TÖFLUSMIÐIR

### VILT ÞÚ VINNA HJÁ FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI?

**Óskum eftir rafvirkjum og töflusmiðum til starfa.**

Áhugasamir hafi samband við Kristinn Hreinsson, kristinn@rafeyri.is.

2014
FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI 2010-2014

RAFEYRI *alltaf í stuði!*

RAFEYRI EHF - AKUREYRI - SÍMI 460 7800 - RAFEYRI@RAFEYRI.IS - WWW.RAFEYRI.IS

## Knattspyrnufélagið Valur auglýsir stöðu íþróttafulltrúa félagsins

**Íþróttafulltrúi er yfirmaður allra yngri flokka þjálfara og yfirþjálfara í knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik. Meginmarkmið íþróttafulltrúa er að hámarka þjónustu við iðkendur og foreldra innan fjárhagsramma.**

**Helstu ábyrgðarsvið eru eftirfarandi:**
- Yfirumsjón með yngri flokkum félagsins
- Stefnumótun fyrir yngri flokka starf í samráði við framkvæmdastjóra og stjórn
- Ráðningar þjálfara í samráði við yfirþjálfara hverrar deildar
- Samskipti við foreldra, iðkendur, sérsambönd og opinbera aðila sem snúa að barna- og unglingasviði
- Rafrænar skráningar iðkenda og utanumhald
- Umsjón með þróun og fjölgun iðkenda hjá félaginu, sérstaklega í yngstu aldurshópum
- Ritstjórn á heimasíðu
- Aðhald og eftirfylgni með rekstraráætlun sviðsins

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf
- Reynsla af störfum í íþróttahreyfingunni er góður kostur
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Frumkvæði, metnaður og vönduð vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta og hæfni til að tjá sig í máli og riti á íslensku og ensku

**Ítarlegar umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendast á netfangið johann@valur.is fyrir fimmtudaginn 1. október nk.**

**VALUR ER OPINN, LÍFLEGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR.**

# Structural Engineering

Marel leitar að liðsmönnum í "Structural Engineering" teymi sitt. Teymið er burðarásinn í vinnu Marel við að koma vörusafni sínu á staðlað einingaform (Modularization). Vinnan snýst um að tryggja að öll nauðsynleg sölu-, tækni- og framleiðslugögn séu til staðar og þeim viðhaldið fyrir þann hluta vörusafns Marel sem á uppruna sinn á Íslandi. Structural Engineering teymið er sameiginlegt þjónustuteymi innan Technical Center hjá Marel á Íslandi. Ráða á í þrjár stöður.

### Starfslýsing:
- Vinna með vöruhópum, iðnaðarsetrum, framleiðslu og þjónustu að stöðlun og uppbyggingu vara og vörutengdra upplýsinga (Modularization).
- Gerð og viðhald sniðmáta fyrir vörutengdar upplýsingar innan Modularization.
- Gerð og viðhald sölutengdra gagna í samstarfi við vörueigendur.
- Viðhald vörutengdra upplýsinga í gagnagrunnum svo sem Axapta, Product Builder, KIS, SharePoint og verð- og vörulista Marel.
- Uppbygging og skipulag verkferla sem tengjast Modularization.
- Gerð flæðirita og skýringarmynda fyrir verklag innan Modularization.
- Öll framsetning gagna og upplýsingaskrif er á ensku.

### Hæfniskröfur:
- Tæknimenntun eða víðfem reynsla og þekking á sviði tækni eða annarra þátta sem tengjast starfssviði Marel.
- Djúp tæknileg þekking er mikill kostur.
- Mjög góð enskukunnátta, í skrifuðu og mæltu máli.
- Hæfni til að vinna í teymi.
- Mjög góð þekking af Microsoft Word og Excel.
- Hæfni til að safna og vinna úr upplýsingum og setja fram á skipulagðan hátt.
- Lausnamiðuð hugsun og færni.
- Mjög góð skipulagsfærni.
- Vandvirkni og öguð vinnubrögð.
- Reynsla af notkun forrita s.s. Dynamics, Axapta, Sharepoint og CAD programs er kostur.

### Umsóknarfrestur og frekari upplýsingar:
Umsóknarfrestur er til og með 27. september 2015. Sækja skal um á vefsíðu fyrirtækisins: marel.is/jobs. Frekari upplýsingar veitir Sigurpáll Jónsson: sigurpall.jonsson@marel.com

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 4000 manns í fimm heimsálfum, þar af um 500 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, framúrskarandi íþróttaaðstöðu, gott félagslíf og margt fleira.

marel.is/jobs



marel

# Staðarstjóri

**SORPA bs. óskar eftir að ráða staðarstjóra á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.** Urðunarstaður SORPU er stærsti og þróaðasti urðunarstaður landsins þar sem tekið er við úrgangi til urðunar, fyllingar og moltugerðar auk þess sem unnið er metan úr hauggasi. Nánari upplýsingar um SORPU má finna á www.sorpa.is

**Helstu verkefni:**
- Dagleg verkstjórn, umsjón og eftirlit með daglegum rekstri
- Eftirfylgni með samningum og samskipti við verktaka
- Umsjón og ábyrgð á urðunarstað
- Umsjón og ábyrgð á öryggismálum
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Starfsmannamál

**Hæfniskröfur:**
- Tækni- eða iðnmenntun s.s. vélfræði eða vélstjórn eða háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er nauðsynleg
- Reynsla af starfsmannahaldi er nauðsynleg
- Áhugi og þekking á umhverfismálum er kostur
- Meirapróf og/eða vinnuvélaréttindi fyrir stærri tæki eru æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta, önnur tungumálakunnátta er kostur
- Góð almenn tölvufærni
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og drifkraftur

**Umsóknarfrestur er til og með 28. september nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

# Hótelstjóri – Hótel Laxá

**Hótel Laxá í Mývatnssveit óskar eftir að ráða hótelstjóra.** Leitað er að árangursdrifnum og metnaðarfullum einstaklingi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Búseta á svæðinu er skilyrði og getur hótelið útvegað húsnæði. ***Information in English about the position is available on www.capacent.is***

**Starfssvið:**
- Daglegur rekstur hótelsins
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Kostnaðareftirlit og samskipti við birgja
- Dagleg stjórnun starfsmannamála og umsjón með vaktaáætlunum
- Markaðssetning á hótelinu og samskipti við ferðaþjónustuaðila
- Sjá til þess að hótelið uppfylli gæðastaðla

**Menntun- og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af hótelrekstri og stjórnun starfsmannamála
- Reynsla af markaðsmálum
- Reynsla og þekking af rekstri og áætlanagerðum
- Góð kunnátta í ensku nauðsynleg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð sem og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Drifkraftur og áræðni

Hótel Laxá er 80 herbergja þriggja stjörnu hótel staðsett á Olnbogaás við Mývatn. Hótelið var opnað 19. júní 2014. Hótelið er hið glæsilegasta með miklu útsýni yfir eina helstu náttúruperlu Íslands. Í ár hafa yfir 20 þúsund gestir dvalið á hótelinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. september nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.


## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**




## Verkefnastjóri framkvæmdaverkefna

Við leitum að verkefnastjóra á Framkvæmda- og rekstrarsvið. Hlutverk sviðsins er að stýra framkvæmdum við uppbyggingu og endurnýjun á flutningskerfi Landsnets ásamt viðhaldi og rekstri kerfisins.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Þátttaka í verkefnateymi við hönnun og undirbúning nýframkvæmda og endurnýjun á flutningsvirkjum
- Verkefnisstýring nýframkvæmda og endurnýjunar á flutningsvirkjum
- Umsjón og eftirlit með framvindu verkefna og skilamati
- Gerð og eftirfylgni framkvæmda-, kostnaðar- og greiðsluáætlana
- Samskipti við hagsmunaaðila innan sem utan fyrirtækisins
- Gerð úboðsgagna og undirbúningur verksamninga, umsjón með framkvæmd, eftirfylgni og uppgjör verksamninga

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði
- Haldbær reynsla af verkefnastjórnun framkvæmdaverka
- Sérfræðiþekking á sviði háspennu er æskileg
- Vottun í verkefnastjórnun eða MPM-nám er æskilegt
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í samskiptum og virðing fyrir samstarfsmönnum og umhverfi
- Gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri

## Verkefnastjóri áætlana

Við óskum eftir að ráða verkefnastjóra á Þróunar- og tæknisvið. Hlutverk sviðsins er að gera áætlanir um uppbyggingu og þróun raforkuflutningskerfisins og undirbúning framkvæmda. Jafnframt ber sviðið ábyrgð á grunnrannsóknum og sinnir sameiginlegri tækniþjónustu fyrir fyrirtækið.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Mótun og forgangsröðun áætlanaverkefna er varða uppbyggingu og viðhald raforkukerfis landsins, s.s. kerfisáætlun og framkvæmdaáætlun
- Ábyrgð á og verkefnastjórn áætlana og útgáfu þeirra
- Bein þátttaka í áætlanagerð, s.s. fagvinnu, skrifum og rýni áætlana
- Miðlun á niðurstöðum áætlana innan og utan fyrirtækis
- Ábyrgð á faglegum vinnubrögðum og mótun verkferla

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldbær reynsla af verkefnastjórnun
- Árangursrík reynsla af áætlanagerð
- Reynsla af miðlun upplýsinga
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð hæfni í túlkun og greiningu gagna
- Hæfni í samskiptum og virðing fyrir samstarfsmönnum og umhverfi
- Gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri

**Landsnet**

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

Umsóknarfrestur er til og með **4. október 2015.** Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimsíðu Capacent, www.capacent.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent.

Domino's

# Sérfræðingur - aðstoðarmaður fjármálastjóra

**Dominos Pizza á Íslandi óskar eftir að ráða metnaðarfullan og sjálfstæðan eintakling í sérfræðingsstarf innan fjármáladeildar. Viðkomandi mun vinna mjög náið með fjármálastjóra fyrirtækisins.**

**Starfssvið:**

- Umfangsmikil almenn reikningshaldsvinna
- Mikil aðkoma að afstemmingum og uppgjörum
- Undirbúningur bókhalds til endurskoðunar
- Aðstoð við frávikagreiningar og áætlanagerð
- Vinna við vsk. uppgjör
- Sjóðsstreymisáætlanir
- Önnur verkefni í samráði við fjármálastjóra

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði skilyrði
- Sérhæfð menntun á sviði fjármála eða reikningshalds kostur
- Reynsla af reikningshaldi og fjármálalegum verkefnum
- Mjög góð tölvukunnátta skilyrði, kunnátta í Navision kostur
- Góð geta í íslensku og ensku, talað og ritað mál
- Metnaður og drift í starfi
- Hæfni til þess að vinna sjálfstætt og undir álagi

Fyrsta verslun Domino's Pizza á Íslandi var opnuð þann 16. ágúst 1993 að Grensásvegi 11 í Reykjavík. Í dag rekur Domino's Pizza 19 verslanir hér á landi. Auk þessara 19 verslana rekur Domino's hráefnavinnslu, birgðastöð fyrir verslanir fyrirtækisins og þjónustuver, þar sem tekið er við pöntunum viðskiptavina í gegnum síma. Domino's Pizza á Íslandi hefur að markmiði að vera leiðandi fyrirtæki á skyndibitamarkaðnum. Helstu markmið okkar eru ímynd, þjónusta og gæði sem stuðla að því að viðskiptavinir okkar séu ánægðir. Mikil áhersla er lögð á að vinna alltaf með fyrsta flokks hráefni og hágæða vöru. Stöðugleiki er mikilvægur í því tilliti og getur viðskiptavinurinn ætlast til þess að fá sömu eða svipuð gæði á vörunni þó hún sé keypt á ólíkum tímum og í mismunandi verslunum fyrirtækisins.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. september 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

www.n1.is facebook.com/enneinn




# Rekstraraðili óskast á Patreksfjörð

N1 óskar eftir rekstraraðila fyrir þjónustustöð félagsins á Patreksfirði.

Til sölu er veitingarekstur og vörubirgðir núverandi rekstraraðila í húsnæði félagsins.

Rekstraraðili mun jafnframt verða umboðsaðili N1 á Patreksfirði.

Hlutverk hans verður að þjónusta viðskiptavini á neytendamarkaði félagsins.

Miklir möguleikar fyrir einstakling eða samhent hjón sem vilja reka sitt eigið fyrirtæki.

Áhugasamir vinsamlega sendið tölvupóst á pallorn@n1.is eða hafið samband við Pál Örn Líndal í síma 440-1022 eða 660-3365.

**Hluti af landsbyggðinni** N1



# Forstöðumaður Þjónustuvers

Orkuveita Reykjavíkur leitar að forstöðumanni til að leiða Þjónustuver OR. Viðkomandi verður hluti af stjórnendateymi síns sviðs og mun bera ábyrgð á þjónustu einingarinnar við fyrirtæki samstæðunnar sem eru Veitur, Orka náttúrunnar, Gagnaveita Reykjavíkur og OR. Viðkomandi þarf að búa yfir mjög góðri samskiptahæfni og þjónustulund ásamt sjálfstæði, frumkvæði og öguðum vinnbrögðum.

Forstöðumaður Þjónustuvers starfar á Þjónustusviði OR og ber ábyrgð á rekstri þjónustuvers, þjónustuvaktar og innheimtu OR. Þjónustuver annast almenna afgreiðslu og símaþjónustu, upplýsingagjöf til viðskiptavina og þjónustuvakt allan sólarhringinn fyrir fyrirtæki samstæðunnar.

## Starfs- og ábyrgðarsvið

- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Daglegur rekstur einingarinnar
- Gerð mönnunar- og þjónustuáætlana
- Þjálfun starfsmanna
- Skilgreining ferla
- Samskipti við viðskiptavini
- Samskipti við ytri aðila, s.s. vegna innheimtu

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf, s.s. á sviði viðskiptafræða, þjónustu- eða mannauðsstjórnunar
- Framhaldsmenntun á háskólastigi er kostur
- Stjórnunarreynsla
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

**Nánari upplýsingar** veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is.

**Þú sækir um** á ráðningavef Orkuveitunnar starf.or.is. Umsóknarfrestur er til og með 21. september 2015.

**Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.**

JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu 2002 og 2013

Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

---

BJÖRK

## Framkvæmda- og rekstrarstjóri

Fimleikafélagið Björk er fjölgreina íþróttafélag með um 1300 iðkendur, börn og unglinga, í fimleikum, klifri og taekwondo og er eitt af fimm stærstu íþróttafélögunum í Hafnarfirði, sjá nánar www.fbjork.is.

**Framkvæmda- og rekstrarstjóri** starfar í umboði aðalstjórnar og sér um daglegan rekstur, starfsmannahald, áætlanagerð, skipulag félagsstarfs, samskipti við iðkendur, foreldra, sjálfboðaliða, þjálfara og aðra starfsmenn. Framkvæmdastjóri annast einnig verkstjórn á mótum, sýningum og öðrum viðburðum á vegum félagsins auk annars.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi menntun sem nýtist í starfi og marktæka reynslu af sambærilegum störfum. Áhersla er lögð á haldbæra reynslu og þekkingu á bókhaldsferlum, áætlana- og skýrslugerð, verkefnastjórnun og færni í tölvunotkun. Leitað er að metnaðarfullum og traustum aðila, sem er lipur í mannlegum samskiptum og hefur gaman af að starfa í krefjandi starfsumhverfi.

**Umsóknarfrestur** er til og með 28. september nk. Gengið verður frá ráðningu sem fyrst. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár ásamt sakarvottorði til **stra@stra.is**. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf.** veitir frekari upplýsingar í síma 588 3031, en símaviðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferli stendur.

**Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ ehf.**

STRÁ

---

STEF

## Skrifstofustjóri hjá STEF

**Við leitum að skrifstofustjóra** með marktæka reynslu af fjármálastjórnun og rekstri, starfsmannahaldi og erlendum samskiptum.

**Skrifstofustjóri** annast daglegan rekstur skrifstofu STEF, fjármálastjórn og starfsmannahald, utanumhald og stýringu verkefna, yfirumsjón með úthlutunum og samskiptum við félagsmenn. Starfinu fylgir mikil innlend og erlend samskipti. Sjá heimasíðu **www.stef.is.**

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi háskólamenntun sem nýtist í starfi auk marktækrar reynslu af sambærilegum störfum. Áhersla er lögð á styrk í meðferð talna og framúrskarandi góða tölvukunnáttu, góða íslensku- og enskukunnáttu, fagleg og skipuleg vinnubrögð, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur** er til og með 28. september nk. Gengið verður frá ráðningu samkvæmt nánara samkomulagi. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár til **stra@stra.is**. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf.** veitir frekari upplýsingar í síma 588 3031, en símaviðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferli stendur.

**Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ ehf.**

STRÁ

# MIÐASÖLUSTJÓRI HÖRPU

HARPA

Harpa ohf. auglýsir laust til umsóknar starf miðasölustjóra Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík. Miðasala Hörpu veitir fjölbreytta þjónustu jafnt við gesti hússins sem og starfsfólk og fyrirtæki sem hafa starfsemi í húsinu. Starf miðasölustjóra heyrir undir fjármálasvið. Leitað er að drífandi einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi og áhuga á að starfa í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi.

STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ

- Umsjón með starfsstöðvum auk verkstýringar þjónustufulltrúa og starfsfólks á sölu- og þjónustuborðum
- Daglegt söluuppgjör
- Umsjón og eftirlit með sölukerfum
- Samskipti og samstarf við fasta notendur innan Hörpu og aðra tónleika- og ráðstefnuhaldara
- Þjónusta við gesti hússins

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af verkstjórn og daglegri stjórnun starfsmanna á gólfi
- Reynsla af sölukerfum
- Menntun sem nýtist í starfi - kostur
- Þekking á helstu tölvu- og upplýsingakerfum (Word, Excel, Outlook)
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð framkoma, snyrtimennska og þjónustulund
- Góðir samskiptahæfileikar

SÆKJA UM:

Nánari upplýsingar um starfið veita Agla Sigr. Björnsdóttir, agla@radum.is og Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is í síma 519 6770. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is. Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá.

ráðum
ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk.

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# Norræna húsið
## leitar að verkefnastjóra kynningarmála

Norræna húsið
The Nordic House

**Ertu sá sem við erum að leita að?**
- Þú ert hugmyndarík/ur og skapandi.
- Þú getur komið boðskap á framfæri og vakið áhuga á menningar- og listviðburðum.
- Þú ert jafnfær í íslensku og skandinavísku.
- Þú ert ófeimin/n og frábær í mannlegum samskiptum.
- Þú notar nýjustu miðlana og samskiptaforrit og hefur tilfinningu fyrir hvað virkar á ólíka markhópa.

**Helstu viðfangsefni:**
- Umsjón með heimasíðu hússins.
- Gerð markaðsefnis.
- Markaðssetning einstakra viðburða.
- Stuðningur við verkefnastjóra.
- Markhópagreining og áætlanagerð.
- Umsjón með beinu streymi frá viðburðum.

**Hæfniskröfur:**
Leitað er að einstaklingi með menntun á sviði markaðsmála. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á Norðurlöndunum og norrænu samstarfi. Gerð er krafa um framúrskarandi kunnáttu í sænsku, dönsku eða norsku ásamt kunnáttu í íslensku. Mikilvægt er að einstaklingurinn hafi góða almenna tölvukunnáttu og sé fær að tjá sig í ræðu og riti. Við leitum að sjálfstæðum, áreiðanlegum og hugmyndaríkum einstaklingi.

**Umsjón með ráðningu**
hefur **Þórunn Ragnarsdóttir** og veitir hún upplýsingar um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. október 2015.**
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn með tölvupósti á **thorunn@nordice.is.**

Með umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn skal vera á dönsku, sænsku eða norsku og eru umsóknir á öðrum tungumálum ekki teknar til greina.

Ráðið er í starfið til fjögurra ára með möguleika á framlengingu ráðningarsamnings í fjögur ár í viðbót skv. reglum Norrænu ráðherranefndarinnar. Upplýsingar um Norræna húsið má finna á **www.norraenahusid.is.**

Norræna húsið í Reykjavík er norræn menningarstofnun með áherslu á bókmenntir, tungumál, arkitektúr, hönnun, börn og ungmenni og sjálfbæra þróun. Markmið hússins eru að koma norrænni menningu á framfæri og styrkja tengsl við hin Norðurlöndin. Norræna húsið er leiðandi afl í íslensku menningarlífi og húsið er eitt af meistaraverkum Alvars Aalto.







# LÍFLEGT STARF Í ÚTIVISTARDEILD INTERSPORT

Okkur vantar hressan og duglegan starfskraft í fullt starf í útivistardeild INTERSPORT á Bíldshöfða.

Vinnutími er alla virka daga og annan hvern laugardag.

Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.

HÆFNISKRÖFUR:
- Reynsla af verslunarstörfum æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Þekking á útivistarfatnaði
- 20 ára og eldri

Áhugasamir vinsamlegast sæki um á heimasíðunni www.intersport.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. september 2015.

INTERSPORT
SPORT TO THE PEOPLE

15-1974 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Við leitum að fluggáfuðu fólki

**Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum til starfa hjá Isavia í Flugstöð Leifs Eiríkssonar**

**Óskað er eftir skipulögðum og hugmyndaríkum einstaklingum með háskólapróf sem nýtist í starfi. Í boði eru spennandi framtíðarstörf hjá fyrirtæki í miklum vexti.**

**Viðskiptafulltrúi í viðskiptadeild**

Viðkomandi þarf að búa yfir þekkingu á tölfræði og úrvinnslu gagna, góðri þjónustulund og reynslu af gerð viðskiptaáætlana. Starfið felst meðal annars í úrvinnslu og miðlun upplýsinga til starfsfólks, rekstraraðila og farþega á leið um flugstöðina, þjónustu- og gæðaeftirliti með rekstraraðilum og greiningu sem og innleiðingu á nýjum tekjutækifærum.

**Viðskiptafulltrúi í bílastæðaþjónustu KEF parking**

Viðkomandi þarf að búa yfir aðlögunarhæfni og vera fljótur að tileinka sér tækninýjungar auk þess sem hæfni við gerð markaðs- og tekjugreiningar og viðskiptaáætlana kemur sér vel í starfinu. Helstu verkefni eru val og innleiðing á fyrirframbókunarkerfi, markaðsgreiningar á vörum tengdum bílageymslu, vöruþróun og samskipti við viðskiptavini.

**Sérfræðingur í rekstri farangurskerfa**

Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi og reynsla eða menntun á sviði framleiðslu- eða færibandakerfa er æskileg. Meðal helstu verkefna er dagleg umsjón með virkni, viðhaldi og viðhaldsáætlun farangurskerfa, ábyrgð á gæðakerfi, gerð og eftirfylgni rekstraáætlana ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á **www.isavia.is/atvinna**

Umsóknarfrestur er til og með **28. september 2015**



**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 1040 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

Isavia

# Þjónustustjóri á Tæknisviði

Vilt þú vinna í skemmtilegu og hreinlegu umhverfi? Á Tæknisviði Securitas starfar fjöldi tæknimanna við ýmis sérhæfð störf. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir starfskrafti í starf þjónustustjóra. Við leitum að jákvæðum, kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni og leggja sitt af mörkum.

SECURITAS

**Starfssvið:**

- Daglegur rekstur tiltekinnar deildar innan Tæknisviðs
- Verkefnastjórnun
- Verkstýring stærri verka
- Samskipti við viðskiptavini
- Bein stjórnun starfsmanna viðkomandi deildar
- Gerð fjárhags- og starfsáætlana
- Umsjón með reikningagerð vegna útseldra verka og öðrum fjárhagslegum rekstri sem tilheyrir deildinni
- Þátttaka í ákvarðanatöku varðandi stefnumótun og framþróun deildarinnar og Tæknisviðsins í heild

**Hæfniskröfur:**

- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Geta til að vinna bæði sjálfstætt og undir álagi
- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á rafmagns- og/eða öryggismarkaði er mikill kostur
- Mjög góð kunnátta í íslensku er skilyrði og viðkomandi þarf einnig að búa yfir góðri enskukunnáttu

Starfið hentar jafnt báðum kynjum. Securitas fer fram á að allir starfsmenn leggi fram hreint sakavottorð og að þeir séu reiðubúnir að leggja fram upplýsingar úr málaskrá lögreglu.
Umsækjendur skulu fylla út umsókn á heimasíðu fyrirtækisins, www.securitas.is
Umsóknarfrestur er til 4. október.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Dögg Höskuldsdóttir, starfsmannastjóri.

Securitas hf. er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði með um 450 starfsmenn. Hjá Securitas starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að veita frábæra þjónustu. Securitas rekur útibú og starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni 8 í Reykjavík.

**www.securitas.is**

Framúrskarandi fyrirtæki 2013 · JAFNLAUNAVOTTUN VR · VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2014

ÍSLENSKA SIA.IS SEC 70563 09/2014

---

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson, Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31
105 Reykjavík
www.fjarfesting.is
fjarfesting@fjarfesting.is

# Löggiltur fasteignasali

Fjárfesting Fasteignasala óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala í skjalafrágang.

Reynsla æskileg. Góð framkoma, íslensku- og tölvukunnátta nauðsynleg.

**Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á fjarfesting@fjarfesting.is fyrir 1. október næstkomandi.**

---

BORGARBYGGÐ

**Borgarbyggð auglýsir lausa eftirfarandi stöðu:**

## Skólastjóri í Borgarbyggð

Staða skólastjóra við Andabæ, Hvanneyri er laus til umsóknar. Andabær er skóli fyrir 74 börn sem byggir starf sitt á útinámi og náttúru- og umhverfismennt. Leitað er að skólastjóra til að leiða uppbyggingu skólastarfsins í samvinnu við starfsfólk, foreldra og börn. Skólastjóri tekur einnig virkan þátt í að móta skólasamfélag Borgarbyggðar með uppbyggilegum og framsýnum hætti í samvinnu við fjölskyldusvið og aðra skóla í Borgarbyggð. Þróunarstarf er að hefjast um breytingar á aldri barna sem dvelja í skólanum sem nær yfir leikskólastig og yngri bekki grunnskólans.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Grunnskólakennari eða leikskólakennari
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og kennslumála æskileg
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi
- Hæfni til að veita faglega forystu og frumkvæði
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og áhugi á nýjungum í leikskólastarfi

**Verkefni og ábyrgðarsvið**

- Er faglegur leiðtogi skólans
- Stjórnar daglegri starfsemi
- Sér um áætlanagerð og innra mat
- Ber rekstrarlega ábyrgð
- Sér um starfsmannahald
- Ber ábyrgð á samstarfi við foreldra
- Ber ábyrgð á samvinnu við ýmsar stofnanir

**Staðan er laus frá 15. október 2015.**

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Borgarbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um stöðu skólastjóra.

**Umsóknafrestur er til og með 3. október 2015.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Magnea Hreinsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs, netfang annamagnea@borgarbyggd.is eða í síma 525-8500.

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn umsókn á netfangið annamagnea@borgarbyggd.is. Umsókn þarf að fylgja yfirlit yfir nám og störf og upplýsingar um reynslu af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi. Jafnframt er óskað eftir því að gerð verði grein fyrir hugmyndum að áherslum í uppbyggingu skólastarfs í Andabæ.

### Skólar í Borgarbyggð

Skólar í Borgarbyggð eru eftirsóknaverðir vinnustaðir þar sem áhersla er lögð á jákvæðni, áreiðanleika og fagmennsku kennara og annarra starfsmanna. Þar starfar vel menntað og hæft starfsfólk sem skipuleggur nám og starf barna á markvissan hátt. Unnið er með leiðtogafærni starfsfólks og nemenda og er vellíðan og velferð barna í fyrirrúmi. Gott og náið samstarf er haft við foreldra og þeir hvattir til að taka virkan þátt í námi barna sinna. Þróunarstarf er virkur þáttur í skólastarfi og fást börn og ungmenni við fjölbreytt viðfangsefni við hæfi hvers og eins.

---

# EFTIRLITSMAÐUR Í LOFTHÆFI- OG SKRÁSETNINGARDEILD

Samgöngustofa

Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann í lofthæfi- og skrásetningardeild. Starfið felst í skrásetningu loftfara, lofthæfi þeirra og flugtæknilegra framleiðsluvara, vottun og eftirliti með fyrirtækjum sem annast viðhald og viðhaldsstýringu sem og þeim er annast kennslu flugvéltækna. Í starfinu getur einnig falist mat á umsóknum og afgreiðsla skírteina og tegundaáritana til flugvéltækna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Krafist er menntunar flugvéltæknis með Part 66 skírteini eða tæknilegs náms á háskólastigi sem tengist lofthæfi loftfara.
- A.m.k. fimm ára reynsla af viðhaldi eða viðhaldsstjórnun loftfara hjá fyrirtæki skv. kröfum EASA, þekking á hönnun loftfara og á EASA reglugerðum.
- Umsækjandi þarf að tileinka sér mjög öguð vinnubrögð, þ.m.t. alþjóðlegar kröfur sem gilda í flugi.
- Mjög góð tök á íslensku og ensku er skilyrði sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.

Leitað er að einstaklingi með góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu og mikinn áhuga á flugstarfsemi. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði, sjálfstæði og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir miklu álagi. Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi umhverfi sem reynir á faglega hæfni og frumkvæði einstaklings.

**Umsóknarfrestur er til 5. október 2015**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á www.samgongustofa.is/storf

Samgöngustofa hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um þessa stöðu.

Nánari upplýsingar veitir Ómar Þór Edvardsson, deildarstjóri lofthæfi- og skrásetningardeildar, í síma 480 6000.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Samgöngustofa áskilur sér rétt til þess að hafna öllum umsóknum. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála með um 140 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varðar flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á www.samgongustofa.is.

Samgöngustofa
Ármúli 2
108 Reykjavík
Sími: 480 6000




## SÉRFRÆÐINGUR Í MARKAÐSDEILD

Viltu taka þátt í að stýra einu verðmætasta vörumerki Íslands?

Við leitum að reynslubolta í hópinn með mikla þekkingu á markaðsmálum til að vinna með okkur að því spennandi verkefni að styrkja enn frekar vörumerkið Blue Lagoon á heimsvísu samhliða ört vaxandi heimsóknum erlendra gesta til landsins.

Nýr liðsmaður þarf að vera duglegur og búa yfir skapandi hugsun, þjónustulund, sjálfstæði og skipulagshæfileikum. Mikilvægt er að viðkomandi vinni vel í þeim samhelda hópi sem hér starfar.

Hæfniskröfur:

- Að minnsta kosti fimm ára reynsla af markaðsstörfum
- Reynsla úr alþjóðlegu umhverfi er kostur
- Menntun í markaðs- og/eða viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Skapandi hugsun og skipulagshæfileikar
- Eldmóður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Miklir samskiptahæfileikar sem nýtast í alþjóðlegu umhverfi

---

## MÓTTÖKUSTJÓRI

Við leitum að leiðtoga í gestamóttöku Bláa Lónsins í framtíðarstarf í vaktavinnu.

Viðkomandi mun leiða um 30 manna teymi sem leggur sig fram við að skapa ógleymanlegar minningar fyrir gesti. Þetta er starf sem snýst um að leiða, hvetja, skipuleggja, efla og gleðja.

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum nauðsynleg
- Fáguð og yfirveguð framkoma
- Framúrskarandi skipulags- og samskiptahæfni
- Góð tungumála- og tölvukunnátta
- Svigrúm og vilji til að vinna óreglulegan vinnutíma

Við leitum að framúrskarandi stjórnanda og góðri fyrirmynd sem hugsar í lausnum.

---

Nánari upplýsingar veitir Sylvía Dögg Hjörleifsdóttir, sérfræðingur í mannauðsdeild Bláa Lónsins, í síma 420 8800 eða sylvia@bluelagoon.is.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi í gegnum heimasíðu Bláa Lónsins, www.bluelagoon.is/atvinna

Umsóknarfrestur er til **27. september** n.k.

*Bláa Lónið hefur margsinnis verið valinn einn besti spa staðurinn á heimsvísu og hefur hlotið nafnbótina „Eitt af 25 undrum veraldar" hjá National Geographic. Bláa Lónið er tóbakslaus vinnustaður og hér starfa um 400 starfsmenn.*

BLUE LAGOON ICELAND

## SMIÐIR ÓSKAST

Gluggar og Garðhús hf. óskar eftir að ráða vana smiði í fullt starf við smíðar og uppsetningar. Vinsamlega sendið inn umsókn á **gluggar@solskalar.is**

GLUGGAR & GARÐHÚS hf
Sími: 554 4300 | www.solskalar.is

---

## Leiðandi fyritæki á innréttinga-markaði óskar eftir hönnuðum í tímabundin verkefni.

Helstu verkefni eru hönnun eldhúsinnréttinga fyrir einstaklinga og verktaka.

Umsóknir með upplýsingum um umsækjendur skal senda fyrir þriðjudaginn 22.09.2015. á box@frett.is

Öllum umsóknum verður svarað.

---

## Húsvörður – Staðarhaldari

Húsfélagið að Löngulínu 2 í Garðabæ vill ráða húsvörð - staðarhaldara í hlutastarf (30-35%) auk nokkurra aukaverka eftir samkomulagi.
Verkefni staðarhaldara eru almenn þrif á sameign, umhirða um lóð, bílastæði og bílageymslu auk minniháttar viðhalds og endurbóta.
Staðarhaldari þarf að vera laghentur og útsjónarsamur og hafa auga fyrir því sem betur má fara. Í húsinu eru 48 íbúðir í þremur stigagöngum ásamt bílageymslu.
Skriflegar umsóknir berist:
Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík eða starfsumsokn@eignaumsjon.is **Umsóknarfrestur er til og með 23. september 2015.**

---

ENNEMM / SÍA / NM69904



## Sérfræðingur hjá Fjárfestingum VÍB

**Fjárfestingar VÍB óska eftir að ráða sérfræðing í fjölbreytt og krefjandi verkefni.**

Hlutverk Fjárfestinga VÍB er að ávaxta fjármuni viðskiptavina með eignastýringarsamning við VÍB. Viðskiptavinir Fjárfestinga VÍB eru lífeyrissjóðir, opinberir aðilar, sjóðir, tryggingafélög, fjársterkir einstaklingar og félagasamtök.

**Starfssvið:**
» Greining markaða og fjárfestingakosta
» Ákvarðanir um fjárfestingar
» Þróun á nýjum vörum og þjónustu
» Þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavini
» Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi

**Hæfniskröfur:**
» Reynsla og þekking á fjármálamarkaði
» Háskólamenntun sem nýtist í starfi
» Próf í verðbréfaviðskiptum æskilegt
» Hæfni í mannlegum samskiptum
» Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Skúladóttir, forstöðumaður Fjárfestinga VÍB, í síma 844 4972 eða á halldora.skuladottir@vib.is.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sigrun.olafs@islandsbanki.is, sími 440 4172. Umsóknarfrestur er til og með **27. september nk.**

vib

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is | facebook.com/VIB.stofan | @vibstofan | www.vib.is

---

## Deildarstjóri tæknideildar Borgarnes

VEGAGERÐIN

**Starf deildarstjóra tæknideildar Vegagerðarinnar á Vestursvæði er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.**

**Starfssvið**
Stjórnun á áætlanagerð, undirbúningi og framkvæmd verka á sviði viðhalds- og nýframkvæmda á Vestursvæði. Yfirumsjón með með stofn-, tengi- og héraðsvegum, efnisvinnslu, frágangi náma, yfirlögnum og styrkingum bundinna slitlaga, brúm, varnargörðum og umferðarör-yggisaðgerðum ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Verk- eða tæknifræðingur
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfhæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

**Umsóknarfrestur er til 5. október 2015.**

Umsóknin berist mannauðsstjóra Vegagerðarinnar netfang oth@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt starfsferilskrá og upp-lýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir.

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingvi Árnason svæðisstjóri í síma 522 1510

Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

---

SPORTS DIRECT.COM




## - VILT ÞÚ VINNA Í SKEMMTILEGU OG LIFANDI UMHVERFI?
## - VILT ÞÚ FÁ BEINAN ÁVINNING AF VEL UNNU STARFI?
## - ERTU GÓÐ SÖLUMANNESKJA?

SPORTS DIRECT LEITAR AÐ STARFSFÓLKI VIÐ AFGREIÐSLUSTÖRF Í VERSLUN SÍNA Í LINDUM, KÓPAVOGI.
VINNUTÍMI ER EFTIR SAMKOMULAGI EN ER Í SAMRÆMI VIÐ OPNUNARTÍMA VERSLUNARINNAR.
SANNGJÖRN LAUN Í BOÐI OG VEGLEGIR SÖLUBÓNUSAR.

HÆFNISKRÖFUR:
ÞJÓNUSTULUND
STUNDVÍSI
SKIPULAGNI
SAMSKIPTAHÆFNI

ÁHUGASÖMUM ER BENT Á AÐ SENDA UMSÓKN TIL ASTA.FRIDRIKSDOTTIR@SPORTSDIRECT.COM EÐA KOMA Í VERSLUN OKKAR AÐ LINDUM, SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI.

SPORTS DIRECT.COM

# ERT ÞÚ TIL Í 100% ÁSKORANIR?

## TAKTU ÞÁTT Í AÐ MÓTA KRAFTMIKIÐ OG LIFANDI UPPLÝSINGATÆKNIFYRIRTÆKI




Okkar æðsta markmið er að veita viðskiptavinum okkar 100% uppitíma og það gerum við með því að hafa í okkar röðum tæknifólk í fremstu röð. Einstaklinga sem við treystum fyrir lyklinum að mikilvægustu upplýsingakerfum landsins. Fáir uppfylla þau skilyrði. Getur verið að þú gerir það?

Við trúum á öfluga liðsheild og lifum fyrir áskoranir sem felast í flóknum upplýsingatæknikerfum. Tækniteymin okkar eru ábyrg fyrir þeirri vinnu sem þau skila og hafa frelsi til þess að gera það sem þarf til að ná frábærum árangri. Við viljum að tími þinn hjá RB sé besti tími starfsævi þinnar.

Við leitum að framúrskarandi starfsfólki í eftirfarandi störf:

## Kerfisstjóri fyrir Linux/UNIX

**UM STARFIÐ:**

Kemur að rekstri og uppbyggingu á Linux og AIX umhverfi RB ásamt þeim lausnum sem keyra ofan á því umhverfi. Fær tækifæri til að takast á við stórskemmtileg og krefjandi verkefni.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur en ekki nauðsyn.
- Reynsla af kerfisstjórnun í Linux/UNIX umhverfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu.
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt.
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni.

Nánari upplýsingar um störf kerfisstjóra og netstjóra veitir Eyjólfur Ólafsson, forstöðumaður Rekstrarþjónustu, eyjolfur.olafsson@rb.is, sími 569 8877.

## Netstjóri

**UM STARFIÐ:**

Kemur að rekstri, viðhaldi og uppbyggingu á netumhverfi RB og viðskiptavina þess. RB er að byggja upp nýtt skýjaumhverfi og þar veltur mikið á netmálum. Viðkomandi mun koma að netrekstri í meðal annars VMware, álagsdreifum og netöryggislausnum og þarf að vera duglegur að tileinka sér nýjungar. Um er að ræða krefjandi og skemmtilegt starf fyrir öflugan einstakling.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur en ekki nauðsyn.
- Vottun á sviði net- og netöryggismála kostur.
- Nokkurra ára reynsla af rekstri netbúnaðar og netöryggis-kerfum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu.
- Metnaður í starfi og geta til að vinna sjálfstætt.
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt.
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni.

Nánari upplýsingar um störf kerfisstjóra og netstjóra veitir Eyjólfur Ólafsson, forstöðumaður Rekstrarþjónustu, eyjolfur.olafsson@rb.is, sími 569 8877.

## Sérfræðingur í aðgangsstýringu

**UM STARFIÐ:**

Kemur að heildarumsjón með aðgangsveitingu starfsmanna RB og aðgangsstýringu að þjónustu til viðskiptavina. Viðkomandi er jafnframt þátttakandi í uppbyggingu og hönnun á aðgangsmódelum (aðgangsferlum) RB.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur en ekki nauðsyn.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á Active Directory og Exchange.
- Reynsla af RACF, Powershell, Domino, ferlagerð og skjölun er kostur.
- Kostur að hafa lokið ITIL Foundation.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu.
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni.

Nánari upplýsingar um starf sérfræðings í aðgangsstýringu veitir Hulda Valsdóttir, forstöðumaður Þjónustu, hulda.valsdottir@rb.is, sími 569 8877.

## Verkefnastjóri hjá Verkefnastofu

**UM STARFIÐ:**

Verkefnastofa heyrir undir svið Viðskiptaþróunar og ráðgjafar. Verkefnastjóri hjá Verkefnastofu ber ábyrgð á daglegri stjórnun og rekstri umfangsmikilla verkefna hvað varðar tíma, kostnað, aðföng og gæði. Starfið felur í sér mikil samskipti við starfsfólk þvert á fyrirtækið, sem og við viðskiptavini og birgja fyrirtækisins.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði, MPM.
- A.m.k. 5 ára reynsla af stýringu verkefna og/eða stjórnun mannauðs.
- Vottun í aðferðafræði verkefnastjórnunar (Prince2, IPMA) og agile er kostur.
- Þekking á ITIL og bankakerfum er kostur.
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund.
- Sjálfstæði og mikill metnaður til að ná árangri.

Nánari upplýsingar um starf verkefnastjóra veitir Jóhanna Helga Viðarsdóttir, fyrirliði Verkefnastýringar, johanna.helga.vidarsdottir@rb.is, sími 569 8877.

**Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, öryggi og ástríða eru undirstaða allra verka.**

**Hægt er að sækja um á www.rb.is til 27. september 2015.**

Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



**NÁNAR UM RB**

RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megin greiðslukerfi landsins. Helstu viðskiptavinir RB eru fjármálafyrirtæki og vátryggingafélög. Markmið RB er að gegna lykilhlutverki í hagræðingu innan íslenska fjármálamarkaðarins með því að lækka upplýsingatæknikostnað fjármálafyrirtækja. Hjá RB starfar margt af öflugasta IT-fólki landsins – og þó víðar væri leitað.

**REIKNISTOFA BANKANNA** | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is

Svæfinga- og gjörgæslulækningar

LANDSPÍTALI

# SÉRFRÆÐILÆKNIR

*Laus eru til umsóknar þrjú störf sérfræðilækna í svæfinga- og gjörgæslulækningum. Starfsvettvangur innan spítalans verður ýmist við Hringbraut eða í Fossvogi. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur til greina. Störfin veitast frá 1. janúar 2016 eða eftir nánara samkomulagi.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Sérfræðistörf í samráði við yfirlækni sérgreinarinnar, s.s. vinna á skurðstofum, gjörgæslu, móttöku, við svæfingar á útstöðvum sjúkrahússins, bráðameðferð og meðhöndlun bráðra og langvinnra verkja
- Þátttaka í bakvöktum og bundnum staðarvöktum samkvæmt vaktafyrirkomulagi sérgreinarinnar
- Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækna og prófessor

**Hæfnikröfur**

- Reynsla í kennslu og vísindavinnu er æskileg en ekki skilyrði
- Vilji til frekari sérhæfingar í samráði við yfirlækna deildarinnar
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Frekari viðbótarnám í svæfinga- og gjörgæslulækningum er æskilegt en ekki skilyrði (t.d. barnasvæfingar, gjörgæslulækningar, verkjalækningar)
- Íslenskt sérfræðileyfi í svæfinga- og gjörgæslulækningum

**Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2015.**

Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags.

Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.

Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Nánari upplýsingar veita Gísli Vigfússon, yfirlæknir, (gislivig@landspitali.is, 825 3542) og Alma Dagbjört Möller, framkvæmdastjóri (almam@landspitali.is, 543 1000).

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heil brigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Verkefnisstjóri Jafnréttisskóla Reykjavíkur

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf verkefnisstjóra Jafnréttisskóla Reykjavíkur laust til umsóknar.**

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar og skólahljómsveita. Markmið Jafnréttisskólans er að efla jafnréttisstarf í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar, sbr. aðalnámskrár leik- og grunnskóla, 23. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og rétt kvenna og karla sem og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefnisstjóri Jafnréttisskólans starfar á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Næsti yfirmaður er skrifstofustjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

**Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi til að leiða starf Jafnréttisskólans og þróa það enn frekar.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Að skapa vettvang fyrir jafnréttis- og kynjafræðslu í skóla- og frístundastarfi í anda laga og mannréttindastefnu borgarinnar.
- Veita ráðgjöf, fræðslu og stuðning til starfsmanna í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum um jafnréttismál.
- Taka þátt í miðlægri stefnumótun á skóla- og frístundasviði og stefnumótun á starfsstöðum þess í tengslum við jafnréttisfræðslu.
- Þróa og viðhalda vef um jafnréttisfræðslu.
- Fylgjast með nýjungum á sviði jafnréttisfræðslu og í kynjafræði.
- Eiga samstarf við sérfræðinga í jafnréttis- og kynjafræðum innan og utan skóla- og frístundasviðs.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólanám í kynjafræði, sambærileg menntun eða haldgóð reynsla af kennslu um kynjafræðileg málefni.
- Reynsla af jafnréttisverkefnum æskileg.
- Kennsluréttindi eru æskileg og/eða reynsla af starfi með börnum og ungmennum.
- Reynsla af verkefnisstjórn og innleiðingu verkefna æskileg.
- Áhugi og þekking á birtingamyndum margþættrar mismununar.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Skipulagshæfni, nákvæmni og öguð vinnubrögð.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. nóvember 2015. Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2015.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu, sími 411 1111.
Netfang: hildur.skarphedinsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.**



# Forstöðumaður Reikningshalds

Orkuveita Reykjavíkur leitar að forstöðumanni til að leiða Reikningshald OR. Viðkomandi verður hluti af stjórnendateymi síns sviðs og mun bera ábyrgð á þjónustu einingarinnar við fyrirtæki samstæðunnar sem eru Veitur, Orka náttúrunnar, Gagnaveita Reykjavíkur og OR. Viðkomandi þarf að búa yfir mjög góðri samskiptahæfni og þjónustulund ásamt sjálfstæði, frumkvæði og öguðum vinnbrögðum.

Forstöðumaður Reikningshalds starfar á Fjármálasviði OR og ber ábyrgð á reikningshaldi og uppgjöri OR.

## Starfs- og ábyrgðarsvið

- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Daglegur rekstur einingarinnar
- Umsjón með uppgjöri og reikningshaldi samstæðunnar
- Ráðgjöf og þjónusta við dótturfélög OR
- Greiningarvinna, eftirlit og prófanir
- Mótun stefnu og framtíðarsýnar

## Menntunar - og hæfnikröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði skilyrði
- Reynsla af uppgjörsvinnu og samstæðuuppgjöri skilyrði
- Löggildingarpróf í endurskoðun kostur
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

**Nánari upplýsingar** veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is.

**Þú sækir um** á ráðningavef Orkuveitunnar starf.or.is. Umsóknarfrestur er til og með 21. september 2015.

**Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.**

JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu 2002 og 2013

Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur




Ef þú vilt vinna í spennandi, framsæknu og krefjandi viðskiptaumhverfi þar sem unnið er í markvissri teymisvinnu gætir þú átt heima í okkar frábæra liði. Við leitum að fólki með góða samskiptahæfni og mikla þjónustulund sem getur unnið sjálfstætt sem og í teymi.

## Tækniþjónusta – netkerfi

Við leitum að reynslumiklum, metnaðarfullum og skemmtilegum einstaklingi til að ganga til liðs við tækniþjónustu bankans. Starfið felst í rekstri á netkerfi bankans með rekstraröryggi að leiðarljósi.

### Helstu verkefni

- Hönnun og rekstur á netkerfi bankans
- Samskipti við birgja um innkaup á búnaði
- Uppsetning og rekstur á netbúnaði
- Umsjón og rekstur á eftirlitskerfum fyrir netkerfið

### Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði verkfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Cisco gráður skilyrði (CCNP eða hærra)
- Ítarleg, a.m.k fimm ára, reynsla af rekstri netkerfa skilyrði
- Reynsla af rekstri símkerfa kostur
- Þekking á Agile, Scrum, ITIL og Lean aðferðafræðum æskileg
- Forritunarþekking, t.d. á TCL og Python, kostur

**Nánari upplýsingar veita**

**Bjarni Örn Kærnested**, forstöðumaður tækniþjónustu,
sími 444 7225, netfang bjarni.kaernested@arionbanki.is.

**Brynja B. Gröndal** mannauðsstjóri,
sími 444 6386, netfang brynja.grondal@arionbanki.is.

**Sótt er um störfin á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is**
Umsóknarfrestur er til og með 29. september 2015. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Framlínulausnir – vörustjóri veflausna

Við leitum að öflugum aðila í starf vörustjóra veflausna hjá framlínulausnum bankans. Vörustjóri veflausna er ábyrgur fyrir þróun kerfa á borð við netbanka, app, ytri vefi og eignafjármögnun.

### Helstu verkefni

- Greining á þeim kerfum sem vörustjóri er ábyrgur fyrir
- Að tryggja rétta forgangsröðun og undirbúning verkefna fyrir framleiðsluteymi og birgja
- Utanumhald útgáfu kerfa og samskipti við notendur og birgja
- Starfar eftir Scrum aðferðafræði

### Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Gott vald á rituðu máli, íslensku og ensku
- 3–5 ára reynsla af störfum í greiningu
- Þekking á .NET, MS SQL og Team Foundation Server
- Þekking á Agile og Scrum aðferðafræðinni
- Reynsla úr fjármálageiranum æskileg

**Nánari upplýsingar veita**

**Hilmar Karlsson,** forstöðumaður framlínulausna,
sími 444 6420, netfang hilmar.karlsson@arionbanki.is.

**Brynja B. Gröndal** mannauðsstjóri,
sími 444 6386, netfang brynja.grondal@arionbanki.is.

**Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður.** Samskipti og tengsl starfsfólks og viðskiptavina er kjarni starfseminnar. Allt sem við gerum tekur mið af því **– þannig látum við góða hluti gerast.** Við leggjum mikið upp úr fagmennsku, jákvæðum starfsanda og að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi. Arion banki leggur áherslu á jafnan rétt kvenna og karla til starfa og hlaut nýverið Jafnlaunavottun VR.

Arion banki
– Fyrir framtíðina

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 15-1976

# VIÐ BÆTUM Í HÓPINN

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · ISUZU D-MAX · RENAULT · NISSAN · DACIA

## Bifvélavirkjar og bifreiðasmiður óskast.

### Ertu B-týpa og bifvélavirki?

Okkur hjá BL ehf. vantar bifvélavirkja vegna vinnu utan hefðbundins opnunartíma á verkstæði okkar að Sævarhöfða 2.

Um er að ræða vinnutíma frá kl. 17:00-23:00.
Í boði er björt og glæsileg vinnuaðstaða og möguleiki á sérhæfingu eftir getu og áhuga starfsmanna.

**Hæfniskröfur:**
- Bifvélavirkjamenntun. Nokkurra ára starfsreynsla nauðsynleg
- Gott tölvulæsi.
- Unnið er með rafrænar verkbeiðnar
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

### Bifreiðasmiður

Við leitum að starfsmanni á réttingaverkstæði okkar að Viðarhöfða 4. Vinnutími er mánudaga-fimmtudaga frá kl. 8-17 og á föstudögum frá kl. 8-16.

**Hæfniskröfur:**
- Bifreiðasmiður eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsækjendur eru beðnir um að fylla út umsókn á heimasíðu BL ehf. undir léninu www.bl.is/atvinna Umsóknarfrestur er til **31. september 2015.** Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Hauksdóttir, starfsmanna- og gæðastjóri.

Starfsfólk BL leitast eftir að ráða til sín samstarfsfólk sem hefur gaman af að veita góða þjónustu, löngun til að skara framúr, hefur nægjanlegt sjálfstæði til að grípa inn í og stýra málum í réttan farveg, hefur gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst er létt í lund.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Deildarstjóri unglingastarfs í Frostaskjóli

**Frístundamiðstöðin Frostaskjól í Vesturbæ Reykjavíkur auglýsir starf deildarstjóra unglingastarfs laust til umsóknar.**

Frostaskjól er þekkingarmiðstöð í lýðræðis- og mannréttindavinnu og mikil áhersla er lögð á virka þátttöku í fjölbreyttu hverfasamstarfi.
Í Frostaskjóli starfa að jafnaði um 130 starfsmenn og mikil áhersla er lögð á jákvæðan starfsanda og góða liðsheild.
Frostaskjól var valin *Stofnun ársins 2015- borg og bær.*

Frístundamiðstöðin Frostaskjól býður upp á fjölbreytt og áhugavert frístundastarf fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 - 18 ára þar sem lýðræði, virk þátttaka og samvinna eru höfð að leiðarljósi.
Helsta starfssvið deildarstjóra unglingastarfs er yfirumsjón með frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-18 ára í Vesturbæ, stefnumótun og rekstur félagsmiðstöðvarinnar Frosta, ungmennahússins Jöklu og frístundaklúbbsins Hofsins sem þjónustar börn með fötlun vestan Elliðaáa. Undir deildarstjóra unglingastarfs heyra forstöðumenn og aðrir starfsmenn félagsmiðstöðva og frístundaklúbbs. Deildarstjóri er hluti af yfirstjórnendateymi Frostaskjóls og skrifstofu frístundamála og tekur þátt í stefnumótun starfseminnar og mótun starfsmannastefnu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Yfirumsjón með starfi fyrir börn í 5.-10. bekk í Vesturbæ sem er á vegum Frostaskjóls.
- Yfirumsjón með frístundaklúbbnum Hofinu.
- Yfirumsjón með ungmennahúsinu Jöklu og Ungmennaráði Vesturbæjar.
- Skipulagning og útfærsla frístundastarfi í samráði við forstöðumenn félagsmiðstöðva og frístundaklúbbs.
- Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn frístundamiðstöðvarinnar og skrifstofu skóla- og frístundasviðs.
- Umsjón með starfsmannamálum.
- Samskipti og samstarf við stjórnendur skóla og annarra sem koma að frístundastarfi barna og unglinga

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf á sviði uppeldimenntunar, s.s. tómstunda- og félagsmálafræði, eða sambærileg menntun.
- Víðtæk reynsla af stjórnun og rekstri.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði frístundastarfs.
- Færni til að leita nýrra leiða í frístundastarfi og leiða framsækið frístundastarf.
- Reynsla af starfi með börnum og unglingum í frístundastarfi.
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð.
- Framtakssemi, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Færni í samskiptum og leiðtogahæfni.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.
- Góð tölvukunnátta.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og kynningarbréf þar sem kemur fram í stuttu máli framtíðarsýn umsækjanda á frístundastarfi fyrir börn og unglinga og upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt. Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. nóvember 2015**
**Umsóknarfrestur er til og með 28. október 2015.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Kaldal, framkvæmdarstjóri Frístundamiðstöðvar Frostaskjóls, sími 411-5700.
Netfang: gudrun.kaldal@reykjavik.is

STOFNUN ÁRSINS 2015 · FYRIRMYNDAR STOFNUN 2015

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.**

## Capacent Ráðningar

capacent

## Rauði krossinn leitar að verkefnastjóra

**Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ auglýsir eftir að ráða verkefnastjóra.** Helstu verkefni felast í umsjón með verkefnunum Heimsóknavinum, Fötum sem framlagi og Heilahristingi. Þá hefur verkefnastjóri umsjón með mótttöku nýrra sjálfboðaliða og skráningu þeirra, svörun almennra fyrirspurna og tekur þátt í átaksverkefnum.

Við leitum eftir ábyrgum, glaðlegum og þjónustulunduðum einstaklingi sem hefur gaman af ólíkum verkefnum og samskiptum við fólk á öllum aldri.
**Aðrar hæfniskröfur eru eftirfarandi:**

*Háskólapróf sem nýtist í starfi*
*Reynsla af verkefnastjórnun*

*Þekking á starfsemi félagasamtaka og vinnu með sjálfboðaliðum*

*Gott vald á íslenskri og enskri tungu, önnur tungumálakunnátta kostur*

*Góð tölvufærni, þekking á Salesforce er kostur*

*Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð*

Starfsstöð verkefnastjóra er í miðbæ Hafnarfjarðar á lítilli en líflegri skrifstofu en verkefnastjóri vinnur einnig með starfsmönnum á öðrum starfstöðum félagsins.

**Frekari upplýsingar um starfið gefur Hildur Tryggvadóttir Flóvenz á netfanginu hildur@redcross.is eða í síma 565 1222.**

**Umsóknarfrestur er til og með 27. september** og eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um. **Umsóknir skulu innihalda stutt kynningarbréf þar sem fram koma rök fyrir hæfni í starfið og greinagóða ferilskrá. Umsóknir skulu sendar sem eitt pdf skjal á netfangið hildur@redcross.is.**

Rauði krossinn
Hafnarfirði og Garðabæ

## Komdu í skátana!

Bandalag íslenskra skáta óskar eftir því að ráða skrifstofustjóra.

Um framtíðarstarf er að ræða.

### Tilgangur starfs

- Sinna öllum daglegum rekstri kjarnastarfssemi Skátamiðstöðvarinnar.
- Tryggja stuðning Skátamiðstöðvarinnar við skátafélögin í landinu.
- Umsjónaraðili stefnumótunarvinnu Skátana og innleiðingu hennar í samstarfi við stjórn BÍS.

### Ábyrgðar- og stjórnunarsvið

- Daglegur rekstur Skátamiðstöðvarinnar og starfsmannahald.
- Áætlanagerð og eftirfylgni verkefna.
- Samskipti við skátafélögin í landinu í samstarfi við starfsfólk Skátamiðstöðvarinnar.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, átt auðvelt með samskipti og sýna frumkvæði í starfi.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu úr skátastarfi.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til 4. október. Umsóknum skal skilað til framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra skáta á netfangið: hermann@skatar.is

Skátarnir
- ávallt viðbúnir

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands tók til starfa árið 1955 og hefur frá upphafi verið brautryðjandi í heilsueflingu, fræðslu og fyrirbyggjandi nálgun í heilsufari landsmanna. Í dag byggist starfsemin á sérhæfðri læknisfræðilegri endurhæfingu sem snýst um að meðhöndla sjúkdóma og slys heildrænt.

# Framkvæmdastjóri rekstrar

Heilsustofnun NLFÍ óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra rekstrar. Viðkomandi heyrir undir forstjóra í nánu samstarfi við stjórn. Mikill kostur að viðkomandi sé eða verði búsettur á svæðinu. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið:**

- Dagleg fjármálastjórnun
- Fjárhagsleg greining og eftirlit
- Samskipti við fjármálaumhverfið
- Yfirumsjón með gerð áætlana
- Rekstraruppgjör
- Skýrslugerð til stjórnar og framkvæmdastjórnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða skyldum greinum
- Reynsla af rekstri, fjármálastjórnun og rekstraruppgjöri
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, framsýni og mikill metnaður
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, framsögu og rituðu máli
- Góð tungumálakunnátta, a.m.k í ensku
- Þekking í stefnumótun og markaðsmálum er kostur

## Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Upplýsingar um störfin og kröfur til umsækjenda eru á heimasíðum Hagvangs www.hagvangur.is og Heilsustofnunar NLFÍ www.heilsustofnun.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 28. september nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Sérfræðingur

# Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka

Vegna fjölda verkefna leitum við að kraftmiklum liðsmanni í hópinn. Fyrirtækjaráðgjöf gegnir leiðandi hlutverki við mótun og uppbyggingu íslensks fjármálamarkaðar. Deildin veitir einnig ráðgjöf við skráningu fyrirtækja á markað, skuldabréfaútboð, hlutafjárútboð og yfirtökutilboð á félögum. Þar að auki veitir deildin ráðgjöf í tengslum við kaup, sölu og endurskipulagningu á fyrirtækjum. Flest stærstu fyrirtæki landsins eru í viðskiptavinahópi Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. október**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.

**Helstu verkefni:**

- Verðmat og greining á fyrirtækjum
- Gerð kynningargagna
- Kynning og rökstuðningur greiningarefnis
- Samskipti við viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði æskileg
- Þekking og skilningur á reikningshaldi og lestri ársreikninga
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli

**Nánari upplýsingar:**

Atli Rafn Björnsson, Fyrirtækjaráðgjöf, 440 4739
atli.rafn.bjornsson@islandsbanki.is

Berglind Ósk Þormar, Mannauðssviði, 440 4232
berglind.thormar@islandsbanki.is

**Við bjóðum góða þjónustu.** Hjá Íslandsbanka starfa um 950 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavini bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu.

**Hvað segir fólkið okkar?** Sjáðu hvað starfsfólk hefur að segja um vinnustaðinn: **islandsbanki.is** > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn

Íslandsbanki

BYGG

## SENDIBÍLSTJÓRI

**Óskum eftir að ráða sendibílstjóra.**
**Meirapróf er skilyrði. Framtíðarstarf í boði.**

**Upplýsingar veitir Guðjón í síma 617-3000**
**Netfang: gudjon@bygg.is**

---

**Snyrtivöruheildssala leitar eftir samviskusömu og áreiðanlegu starfsfólki.**

S. Gunnbjörnsson ehf heildverslun

Við leitum að lagerstarfsmanni og bílstjóra í útkeyrslu. Kynningar, lagervinna og afgreiðsla eru einnig hluti af þessum störfum.

Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti. Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur.

**Umsóknir sendast á box@frett.is merkt „lager1909"**

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Frístundaleiðbeinendur

Áslandsskóli óskar eftir að ráða frístundaleiðbeinendur með fjölbreytta hæfileika og áhuga á að vinna með börnum í hlutastörf á frístundaheimilum. Um er ræða 50% störf eða minna. Vinnutími er kl. 13-17 alla virka daga.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla eða menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Áhugi á að vinna með börnum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Særós Rannveig Björnsdóttir verkefnastjóri Tómstundamiðstöðvar Áslandsskóla í síma 664-5785. Einnig má senda fyrirspurnir á saeros@hafnarfjordur.is Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 28. september nk.

***Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um störf á frístundaheimilum.***

---




www.cintamani.is | Bankastræti 7 | Austurhraun 3 | Smáralind | Kringlan

---

# NÚ ER GAMAN!

Vegna aukinna umsvifa þarf Ferðaskrifstofan Gaman Ferðir að bæta við sig röggsömum og duglegum starfskrafti.

Helstu verkefni eru sala, símsvörun og bakvinnsla ásamt öðrum verkefnum sem falla til á skemmtilegum vinnustað.

Reynsla af ferðamannabrasi er ágæt en þó ekki nauðsynleg enda er mikilvægast að viðkomandi umsækjandi sé hress og skemmtilegur, geti unnið sjálfstætt og sé fljótur að tileinka sér nýja hluti.

Áhugasamir geta sent tölvupóst með umsókn á vinna@gaman.is.
Umsóknarfrestur er til 26. september.

Gaman Ferðir

---

**365 óskar eftir góðu fólki**

## ÞJÓNUSTURÁÐGJAFI 365

HEFUR ÞÚ ÁSTRÍÐU FYRIR ÞJÓNUSTU OG ERT MEÐ AFBURÐAR SAMSKIPTAHÆFNI?

**Nánari upplýsingar veitir Jón Gunnar, jgj@365.is**
**Umsóknarfrestur er til 27. september 2015**
**Viðkomandi þarf að vera orðinn 20 ára.**
**Vinnutími eftir samkomulagi, aðallega vaktavinna.**
**Umsóknir berast með tölvupósti á jgj@365.is**

**Helstu kröfur:**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Þjónustulund
- Hæfileiki til að vinna í hóp
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi
- Þekking á Salesforce og/eða áhugi á tæknimálum mikill kostur

**Helstu verkefni eru:**
- Almenn notendaþjónusta og hjálp við viðskiptavini
- Grunntæknileg aðstoð
- Úrvinnsla fyrirspurna og eftirfylgni
- Önnur tilfallandi verkefni

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- otg útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

L A G A H V O L L

## Lagahvoll óskar eftir að ráða lögfræðing

Í boði er krefjandi og metnaðarfullt starf. Viðskiptavinir stofunnar eru stór og smá fyrirtæki, sem og einstaklingar. Verkefnin eru fjölbreytt í síbreytilegu viðskiptaumhverfi þar sem reynir á sjálfstæði, samskiptalipurð, frumkvæði og ábyrgð.

*Umsóknir sendist á lagahvoll@lagahvoll.is*
*Umsóknarfrestur er til 1. október 2015.*

**Hæfniskröfur:**

- Starfsreynsla er skilyrði
- Reynsla á sviði fyrirtækja- og fjármálalögfræði er æskileg
- Framhaldsmenntun á því sviði er kostur
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði í starfi
- Hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi og undir miklu álagi

Lagahvoll slf. | Bankastræti 5 | 101 Reykjavík | Sími 519 7660 | lagahvoll.is

# Viltu starfa hjá framsæknu **hugbúnaðarfyrirtæki**

Vegna aukinna umsvifa og verkefna hérlendis og erlendis viljum við stækka hópinn. Við leitum af árangursdrifnum og sjálfstæðum einstaklingum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem nýtist við:

- ✓ **Ráðgjöf við IDMS tækjakerfi**
- ✓ **Ráðgjöf við IDMS leigu- og flotastýringarkerfi**
- ✓ **SQL forritun og umsjón**

Viltu starfa í lifandi og krefjandi umhverfi við úrlausn fjölbreyttra og skemmtilegra viðfangsefna, þar sem áhersla er lögð á metnað, gæði, gott vinnuumhverfi og góðan starfsanda? **Skoðaðu ítarlegar starfslýsingar á annata.is/careers** og kannaðu hvort þú sjáir ekki eitthvað spennandi fyrir þig.

Okkar lausnir eru byggðar á Microsoft Dynamics AX. Þeir sem hafa reynslu af Dynamics AX, annað hvort sem ráðgjafar eða notendur eru eftirsóknarverðir, en einstaklingar með bakgrunn í ráðgjöf og þjónustu við Dynamics NAV, Concorde XAL, SAP eða annan viðskiptahugbúnað eru einnig hvattir til þess að skoða hvort hér leynist tækifæri.

**Umsóknir skulu sendar á netfangið starf@annata.is fyrir 29. september n.k.**
**Fullum trúnaði er heitið.**

The strongest in Iceland 2014

Microsoft Dynamics

Microsoft Partner

Annata er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsemi í öllum heimsálfum. Annata er vottaður samstarfsaðili Microsoft með endursöluaðila í fleiri en 40 löndum umhverfis heiminn. Annata er í fararbroddi með IDMS iðnlausn sína fyrir fyrirtæki í bíla-, vinnuvéla og landbúnaðarvélageiranum, ásamt fyrirtækjum í hvers kyns tækja- og áhaldaleigustarfsemi.

annata

*Við leitum að sprækum*

# ARKITEKTUM



**Vegna fjölda spennandi verkefna framundan óska THG arkitektar eftir að ráða hugmyndaríka arkitekta.**

Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra og hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni. Jákvætt viðmót, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum eru mikilvægir eiginleikar og viðkomandi þarf að hafa reynslu af hönnunarvinnu og þrívíddarvinnslu.

Umsóknum fylgi náms- og starfsferilsskrá ásamt afriti af prófskírteinum. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

*Umsóknir sendist fyrir 4. október á netfangið: ella@thg.is*

THG ARKITEKTAR

*Upplýsingar um THG arkitekta - www.thg.is*

---

Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann

# LÆKNARITARAR

Samtök um áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann auglýsa eftirtaldar stöður á Sjúkrahúsinu Vogi lausar til umsóknar:

**Löggiltur læknaritari**
**Deildarritari**

Upplýsingar gefur Þórarinn Tyrfingsson forstjóri Meðferðarsviðs SÁÁ sími 824 7600, eða netfang: thorarinn@saa.is

Umsóknir berist SÁÁ, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík **í síðasta lagi 1. október nk.**

---

FAAS

## MARÍUHÚS ÓSKAR EFTIR STARFSMANNI Í 80% STARF VIÐ ALMENN HEIMILISSTÖRF

Maríuhús er dagþjálfun fyrir 20 einstaklinga með heilabilun. Umönnun og þjálfun skjólstæðinga Maríuhúss er byggð á hugmyndafræði Tom Kitwoods þar sem einstaklingurinn er ávallt í öndvegi. Með opnum samskiptum og þverfaglegri samvinnu leggjum við áherslu á vellíðan og gleði í öllum okkar störfum.

Starfið sem um ræðir felst í almennum húsverkum, m.a. að reiða fram aðkeyptan hádegismat, útbúa síðdegiskaffi, almennri tiltekt og léttari þrifum.
Mikilvægt er að skjólstæðingar okkar fái möguleika á að taka virkan þátt í heimilisstörfum og því þarf viðkomandi starfsmaður að hafa persónulega færni og ríkan vilja til samvinnu og umhyggju. Starfsmaðurinn sem við leitum að verður hluti af teymi hússins sem saman vinnur að endanlegulegu markmiði Maríuhúss, sem er að auka vellíðan skjólstæðinga okkar .

Vinnutími er frá 8:30 til 15:00 alla virka daga. Staðan er laus frá 1. nóvember n.k. eða eftir nánara samkomulagi
Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Nánari upplýsingar veitir Ólína Kristín Jónsdóttir, forstöðumaður í síma 534 7100 og á netfanginu olina@alzheimer.is

Umsóknir sendist til forstöðumanns Maríuhúss, Blesugróf 27, 108 Reykjavík fyrir 27. september 2015

---

samskip




# > Rekstrarstjóri frystigeymslu Samskipa - Ísheimum

**Samskip leita að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi til að stýra rekstri frystivörugeymslu Samskipa – Ísheimum. Rekstrarstjóri Ísheima mun sjá um rekstur og stjórnun Ísheima ásamt samskiptum og þjónustu við viðskiptavini.**

**Starfssvið:**
- Ábyrgð og umsjón með rekstri og stjórnun Ísheima
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Þjónusta við viðskiptavini
- Þróun nýrra þjónustuþátta

**Menntunar og hæfnikröfur:**
- Menntun í viðskipta- rekstrarfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfið
- Haldbær reynsla af rekstri og stjórnun
- Þekking á sjávarútvegi og/eða reynsla af vöruhúsrekstri er kostur
- Góð Íslensku- og enskukunnátta
- Góð almenn tölvuþekking ásamt sérstakri færni í vinnu með Excel

**Æskilegir eiginleikar:**
- Skipulagshæfileikar
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Þjónustulund, sjálfstæð vinnubrögð
- Afburða samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Metnaður til að ná árangri í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 27. september n.k.**

Umsóknir skulu fylltar út á www.samskip.is

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ítarlegri ferilskrá ásamt greinagóðu kynningarbréfi sem tilgreinir á skilmerkilegan hátt hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu, hæfni og eiginleika.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rúnar Sigurðsson í póstfanginu runar.sigurdsson@samskip.com

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutninga-tengdrar þjónustu. Við höfum að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

ENNEMM / SÍA / NM70940

---

# STARFSMAÐUR VIÐ UPPMÆLINGAKERFI HÚSASMIÐA

Byggiðn – Félag byggingamanna óskar eftir mælingamanni í fullt starf. Starfið felst í að fara á vinnustaði, magntaka verk trésmiða og reikna út.

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Sveinspróf í húsasmíði
- Góð alhliða tölvukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Kostur að umsækjandi hafi reynslu við að vinna í uppmælingakerfi

Umsóknarfrestur er til og með **28. september** nk. og skulu umsóknir berast á netfangið **finnbjorn@byggidn.is** eða í pósti á **Byggiðn – Félag byggingamanna, Borgartúni 30, 105 Reykjavík**. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um málalok þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir formaður félagsins, Finnbjörn A. Hermannsson í síma 535-6006.

Byggiðn – Félag byggingamanna er stéttafélag faglærðra byggingamanna og málsvari þeirra og samningsaðili um kaup og kjör á vinnumarkaði. Byggiðn varð til við sameiningu Trésmiðafélags Reykjavíkur og Félags Byggingamanna, Eyjafirði árið 2008.

Málsvari byggingamanna

BYGGIÐN
Félag byggingamanna

Carbon Recycling International (CRI) er íslenskt frumkvöðlafyrirtæki sem endurvinnur koltvísýring úr útblæstri iðn- og orkuvera og umbreytir í endurnýjanlegt eldsneyti sem nýtt er til framleiðslu á lífdísil og til íblöndunar á bensíni. Fyrirtækið rekur fyrstu verksmiðju sinnar tegundar í heiminum í Svartsengi í Grindavík. Hjá fyrirtækinu starfa nú yfir 30 manns.

Carbon Recycling International (CRI) captures CO2 from industrial emissions and converts to renewable methanol fuel to be blended into gasoline or used in biodiesel production. The company is currently constructing the first factory of its kind in Svartsengi. Number of staff is above 30 people.

## Framleiðslustarfsmaður / Operator

Tækifæri til þess að takast á við spennandi verkefni í verksmiðju sem er ein sinnar tegundar í heiminum.

*Opportunity at a one of a kind production plant*

**Helstu verkefni**

Eftirlit með rekstri verksmiðju.
Viðhald véla- og tækjabúnaðar.
Prófanir á kerfum og búnaði verksmiðju, og framkvæmd verk- og gæðaferla.
Sýnatökur, áfyllingar og afhending eldsneytis.

***Main responsibilities***

*Operations of equipment and systems.*
*General maintenance of machinery and equipment.*
*Conduct testing and inspection of systems and equipment, and carry out operating and quality procedures and processes*
*Product sampling, loading and delivery.*

**Hæfniskröfur**

- Tæknimenntun á sviði rafmagns eða vélstjórnunar.
- Reynsla af viðhaldi véla- og rafmagnsbúnaðar.
- Metnaður í starfi og öguð og vönduð vinnubrögð.
- Rík öryggisvitund.
- Færni í að tileinka sér nýja hluti.
- Góð enskukunnátta skilyrði.

***Qualifications***

- *Technical degree in mechanical or electrical applications.*
- *Proven skills, work self check ability, quality driven.*
- *Strong safety awareness.*
- *Willingness to learn new things and ability to adapt.*
- *Good communication and reporting skills in Icelandic and English.*

Umsóknir og ferliskrá eða fyrirspurnir skulu sendar á work@cri.is með starfstitil í efnislínu.

*Please send an application and cover letter to work@cri.is with the job title in the subject line.*

Nánari upplýsingar á
*Further information on*
www.carbonrecycling.is.

Umsóknarfrestur er til og með 27. september

*Deadline for applications is September 27.*



Landsvirkjun

# Við leitum að kröftugum og framúrskarandi **ræstitækni** á Þjórsársvæði

Starfið felur meðal annars í sér þrif í stöðvarhúsum og vélasölum. Á Þjórsársvæði eru aflstöðvar Landsvirkjunar við Búrfell, Búðarháls, Sultartanga, Hrauneyjafoss, Sigöldu og Vatnsfell ásamt veitumannvirkjum.

Æskilegt er að umsækjendur búi yfir góðri almennri menntun og hafi reynslu af þrifum við sambærilegar aðstæður. Starfið krefst þess jafnframt að umsækjendur búi yfir almennri tölvuþekkingu og séu sveigjanlegir og liprir í mannlegum samskiptum.

Öll starfsaðstaða er til fyrirmyndar og vinnuumhverfið er metnaðarfullt og faglegt.

Sótt er um starfið á vef Capacent, nánari upplýsingar um starfið veita Auður Bjarnadóttir *(audur.bjarnadottir@capacent.is)* og Þóra María Guðjónsdóttir á starfsmannasviði Landsvirkjunar *(thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is)*.
Umsóknarfrestur er til og með 4. október.

Jafnlaunaúttekt PwC 2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

**Hlutverk Landsvirkjunar** er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.




**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Hjúkrunarfræðingar

## Sunnuhlíð hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til starfa

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt. Reynsla af öldrunarhjúkrun er æskileg.

Starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Á Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.

Hægt er að sækja um á heimasíðu sunnuhlíðar: **sunnuhlid.is** en nánari upplýsingar veitir **Dagmar Huld Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 894-4128.**

**Sunnuhlíð**
**Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi**

**GRINDAVÍKURBÆR**

**Grindavíkurbær auglýsir eftir starfsmanni í 60% starfshlutfall til að sinna barnavernd og sérverkefnum**

**Nánari upplýsingar eru að finna á heimasíðu Grindavíkurbæjar, www.grindavik.is**

Kælivirkni ehf

## Þjónustumaður óskast á kæliverkstæði

Vegna mikilla umsvifa óskar Kælivirkni ehf. eftir að ráða til starfa vélfræðing, vélvirkja, vélstjóra eða mann með mikla reynslu í faginu.

Starfið felur í sér viðhald og uppsetningu véla og tækja tengt kæli og frystibúnaði, auk annarra tilfallandi verkefna.

Við leitum að laghentum og sveigjanlegum starfsmanni. Grunnþekking í kælitækni er nauðsynleg. Starfsmaður þarf að hafa góða færni í mannlegum samskiptum, reyklaus og með hreint sakavottorð.

**Áhugasamir sendi umsókn og starfsferilsskrá á netfangið:** villi@kaelivirkni.is

**Umsóknarfrestur er til 25 sept. nk.**

**Nánari upplýsingar í síma:** 695-3770 / 517-0900
Kælivirkni ehf.
**Aðsetur:** Rauðagerði 25, bakhús-108 Reykjavík
**Póstfang:** Hamradalur 11-260 Reykjanesbæ.

**www.kaelivirkni.is**

SAMSKIP



# > Sérfræðingur í flutningastjórnunardeild

**Starfssvið:**
- Greining á vöru- og gámaflæði
- Tölfræðileg úrvinnsla gagna
- Greining á nýtingu flutningakerfa
- Eftirlit með einingakostnaði í flutningakerfunum
- Eftirlit með gámakostnaði
- Tekjueftirlit (gámaleigu)
- Ýmis önnur sérverkefni

**Menntunar og hæfnikröfur:**
- Verkfræði-, viðskiptafræðimenntun eða sambærileg menntun
- Reynsla af úrvinnslu og framsetningu tölfræðilegra gagna.
- Þekking og reynsla af flutningum og flutningatengdri þjónustu æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

**Æskilegir eiginleikar:**
- Afburða samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Metnaður, seigla og framsýni til að ná árangri í starfi
- Lausnamiðuð hugsun
- Greiningahæfni, vandvirkni og sjálfstæð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til og með 27. september n.k.**
Umsóknir skulu fylltar út á www.samskip.is
Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ítarlegri ferilskrá ásamt greinagóðu kynningarbréfi sem tilgreinir á skilmerkilegan hátt hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu, hæfni og eiginleika.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Óskarsson í póstfanginu Gudmundur.arnar.Oskarsson@samskip.com

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutninga-tengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

ENNEMM / SÍA / NM70940



## *Verslunarstarf, sölu- og markaðsmál*

*Óskum eftir að ráða starfsmann í glugga-tjaldaverslun okkar að Suðurlandsbraut 6*

*Við leitum að metnaðarfullum og traustum einstaklingi með haldgóða tölvukunnáttu.*

***Umsóknir sendist á póstfang ok@non.is.***
*Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.*

Nútíma

# Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

Reykjavíkurborg

## Kennarastöður við Ölduselsskóla.

**Vegna forfalla vantar nú umsjónarkennara í 2. og 6. bekk Ölduselsskóla. Um tímabundna ráðningu á skólaárinu er að ræða.**

**Hæfniskröfur:**

- Réttindi til að sinna kennslu í grunnskóla
- Færni í samskiptum
- Faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum

Nánari upplýsingar gefur Börkur Vígþórsson skólastjóri, **borkur.vigthorsson@reykjavik.is**

Umsóknarfrestur er til og með 21. september og skal umsóknum skilað á vef **http://reykjavik.is/laus-storf**

*Ölduselsskóli er heildstæður grunnskóli og eru nemendur skólans um 460 talsins Einkunnarorð Ölduselsskóla eru færni, virðing og metnaður, þar sem lagt er upp með að starfsmenn og nemendur sýni metnað í námi og starfi, leitist við að bæta færni sína og beri virðingu fyrir sér, öðrum og umhverfinu. Skólinn státar af öflugri kennslu í bóklegum og verklegum greinum. Mikil áhersla er lögð á samvinnu kennara með það að markmiði að halda úti öflugu skólastarfi án aðgreiningar. Skólinn starfar eftir eineltisáætlun Olweusar.*

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**
HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Aðstoðarskólastjóri Dalskóla

**Laust er til umsóknar starf aðstoðarskólastjóra í Dalskóla með áherslu á grunnskólahluta skólans.**

Dalskóli er samrekinn leik- og grunnskóli auk frístundaheimilis. Í skólanum eru 230 börn frá 2ja ára aldri. Nemendur á grunnskólaaldri eru um 150 talsins. Dalskóli er staðsettur í ört vaxandi hverfi í Úlfarsárdal og fullbyggður verður skólinn 600-700 barna skóli. Fyrsti áfangi nýrrar skólabyggingar verður tekinn í notkun næsta haust. Í skólanum ríkir viðhorf virðingar fyrir einstaklingnum. Í Dalskóla er sungið hvern dag og þar er samkennsla í samfélags- og náttúrugreinum í þemabundnu námi. Lögð er áhersla á lifandi, skemmtilegt, metnaðarfullt og skapandi skólastarf.

Í stjórnunarteymi skólans eru skólastjóri, tveir aðstoðarskólastjórar og forstöðumaður frístundaheimilis. Annar aðstoðarskólastjórinn leggur rækt við leikskólahluta skólans en hinn við grunnskólahluta hans. Allir stjórnendur vinna saman með hag heildarinnar að leiðarljósi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Að vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Reykjavíkurborgar.
- Að bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfssemi skólans í samstarfi við teymi stjórnenda, með starfsmönnum og foreldrum.
- Utanumhald fjárhagsáætlana og launamála í samvinnu við skólastjóra.
- Utanumhald starfsmanna- og ráðningamála í samvinnu við skólastjóra.
- Að vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins.

**Hæfniskröfur**

- Kennaramenntun og kennslureynsla í grunnskóla.
- Meistarapróf í stjórnun mennta- eða menningarstofnana eða annað sambærilegt meistarapróf sem nýtist í starfinu æskilegt.
- Stjórnunarhæfileikar og stjórnunarreynsla.
- Reynsla af faglegri forystu í skólaþróunarverkefnum og fjölbreyttum kennsluaðferðum.
- Hæfni og geta til að vinna í teymi.
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun.
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari.

Umsóknarfrestur er til 4. október 2015. Starfið er laust frá miðjum október eða samkvæmt samkomulagi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Jóhannesdóttir skólastjóri í síma 411-7860 eða í tölvupósti á netfanginu hildur.johannesdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Sterna TRAVEL

Sterna Travel er vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu sem býður upp á dagsferðir með leiðsögn allan ársins hring. Á sumrin bjóðum við upp á nýjung í ferðaþjónustu sem er hringpassi í kringum landið. Yfir vetrartímann býður félagið auk þess upp á norðurljósaferðir frá Reykjavík, norður- og austurlandi.

Sterna Travel er með söluskrifstofu og aðstöðu í Hörpu tónlistarhúsi. Vegna aukinna umsvifa leitum við að jákvæðum og samviskusömum samstarfsmönnum með góða þjónustulund í eftirfarandi störf:

# Spennandi störf í ferðaþjónustu

## Markaðsstjóri

Leitum eftir öflugum og góðum aðila til að sjá um alhliða markaðsmál, heimasíðu og kynningarefni. Sjálfstæð vinnubrögð, þekking og reynsla á ferðaþjónustumarkaði hérlendis og erlendis eru kostir. Allar umsóknir meðhöndlaðar með 100% trúnaði.

## Sölu- og þjónustufulltrúi

Almenn afgreiðsla, tilboðsgerð og þjónusta.
Jafnframt óskum við eftir starfsfólki í norðurljósateymið okkar. Starfið felst í undirbúning og aðstoð í norðurljósaferðum. Vinnutími er óreglulegur.

## Bifreiðastjóri

Leitum eftir traustum og áreiðanlegum bifreiðastjórum með rútupróf í fullt starf. Getum einnig bætt við okkur bílstjórum í tilfallandi akstur í kvöld- og helgarferðir.

## Bifvélavirki

Leitum eftir að ráða faglærðann starfskraft á verkstæði fyrirtækisins. Vinnan felst í viðhaldi og viðgerðum á bifreiðum fyrirtækisins.

Áhugasamir sendið umsóknir og ferilskrá á **kjartan@sternatravel.com**
Umsóknarfrestur er til 1. Október.

## Við óskum eftir að ráða starfsmann á lager sem fyrst.

VERKFÆRA SALAN

**Starfið felur í sér:**
- Vörumóttöku á lager og frágang.
- Tiltekt og pökkun ásamt útkeyrslu á vörum.
- Öðrum tilfallandi störfum.

Við óskum eftir stundvísum og samviskusömum starfsmanni sem er vanur slíkum störfum.
Fullt starf / Framtíðarstarf.
Umsóknir sendist á
**umsokn@vfs.is**

**Verkfærasalan ehf**
**Síðumúla 11 Rvk.**

---

## Löggiltur fasteignasali aðstoðarmaður fasteignasala

Við leitum að meðeiganda að starfandi og ört vaxandi fasteignasölu. Aðeins löggiltur fasteignasali kemur til greina. Í boði er eingöngu fullt starf og eignarhlutur í fasteignasölunni samkvæmt samningum. Einnig leitum við að aðstoðarmanni fasteignasala.

Aðstoðarmaður þarf að vera vanur fasteignasölu sem sölumaður og/eða vanur/vön skjalagerð, bókhaldskunnátta er kostur. Viðkomandi þarf að koma vel fyrir og vera góð/ur í mannlegum samskiptum, hafa góð tök á pappírsvinnu/bókhaldi. Reglusemi er grunn skilyrði. Vinsamlegast sendið umsóknir til **einar @kaupstadur.net**

Kaupstaður FASTEIGNA

**Sími: 54 60 600**
**Ármúla 8, 108 Reykjavík**
**www.kaupstadur.com**

---

BLÅKLÄDER WORKWEAR

HEBRON VINNUFATNAÐUR

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2015

JAFNLAUNAVOTTUN VR

SÖLUMAÐUR MEÐ MEIRU!

Vegna aukinna umsvifa leitar **Hebron Vinnufatnaður** að öflugum starfskrafti!

STARFSSVIÐ:

Í starfinu felst ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini um vinnu-, öryggis- og útivistarfatnað, skó og öryggisvörur. Merkingar, tiltekt og skipulagning á lager. Viðkomandi þarf að stunda sjálfstæð og vönduð vinnubrögð og hafa ríka samskiptahæfni og mikla þjónustulund. Þekking og reynsla á ofangreindu er mikill kostur.

HÆFNISKRÖFUR:

- Þekking á Navision er kostur
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi
- Metnaður og ábyrgð í starfi

HEBRON VINNUFATNAÐUR Var stofnað í mars árið 1980. Árið 2008 var HEBRON ehf sameinað Johan Rönning hf og Sindra hf en samstæðan ber heitið Johan Rönning hf.

Hebron vinnufatnaður er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á vinnufatnaði og öryggisskóm. Við hjá Hebron veitum viðskiptavinum okkar alhliða þjónustu þar sem þínar aðstæður eru okkar áskorun.

Hebron tók við umboði Blåkläder árið 2009 sem hefur hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir framúrskarandi gæði og endingu á fatnaði.

Upplýsingar um starfið veitir Kristín Linda Sigmundsdóttir, Rekstrastjóri í síma 567-6000 eða kristin@hebron.is
Umsóknum skal skilað fyrir 28. september.

Hebron vinnufatnaður | Smiðjuvegi 1, grá gata | www.facebook.com/hebronvinnufatnadur

---

MOSFELLSBÆR | Lágafellsskóli

## Vegna fjölgunar barna í Frístundaseli Lágafellsskóla auglýsum við eftir frístundaleiðbeinendum til starfa

**Frístundaleiðbeinendur**
taka þátt í skipulagningu faglegs frístundastarfs og leiðbeina börnum í leik og starfi í samvinnu við samstarfsfólk.

Um hlutastörf er að ræða og vinnutími frá kl. 13:00 – 17:00. Möguleiki er á styttri vinnutíma. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem allra fyrst.

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stamos.
Upplýsingar veitir Ágústa Andrésdóttir, forstöðumaður í síma 525-9200 eða 896-2682. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið agusta@lagafellsskoli.is

**Tölvu- og upplýsingatæknikennara**
vantar tímabundið í 100% starf frá miðjum október vegna veikindaleyfis. Viðkomandi þarf einnig að geta kennt valáfanga á unglingastigi m.a. ljósmyndun og stuttmyndagerð.

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.
Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri í síma 525-9200 eða 896-8230. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

**Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

---

thekking.is

# Ert þú að leita að spennandi tækifæri innan upplýsingatækninnar ?

Við viljum bæta við Þekkingu og erum að leita að dugmiklum starfsmönnum til að styrkja flest svið fyrirtækisins.

- **MICROSOFT SÉRFRÆÐINGUR**
- **TÆKNIFÓLK VERSLUNARKERFUM**
- **RÁÐGJAFI Í SKÝJALAUSNUM** (E. CLOUD ARCHITECT)
- **SÉRFRÆÐINGUR Í NETKERFUM**
- **TSM AFRITUNARSÉRFRÆÐINGUR**
- **TÆKNIFÓLK Í NOTENDAÞJÓNUSTU**
- **GAGNAGRUNNSSÉRFRÆÐINGUR**



Ítarlegar upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðunni okkar **thekking.is**

Þekking er ört vaxandi fyrirtæki sem sinnir alhliða þjónustu á sviði upplýsingatækni; s.s. hýsingu, notendaþjónustu og rekstri tölvukerfa. Við erum með starfstöðvar bæði á Akureyri og í Kópavogi og vinna samtals um 70 manns á báðum stöðum. Það er ansi mikið að gera hjá okkur þessa dagana og því veitir ekki af liðsauka. Ef þú hefur áhuga á að starfa í lifandi umhverfi þar sem tækifærin finnast á hverju horni ættirðu að hafa samband.

Umsóknir sendist á netfangið **atvinna@thekking.is** merkt „Umsókn um starf" ásamt heiti þess starfs sem sótt er um.

Gerð er krafa um menntun og reynslu í sérfræðistörf ásamt hreinni sakaskrá umsækjenda.

ÞEKKING
Tölvudeildin þín

## Aðstoðarmanneskja í eldhúsi - framtíðarstarf

Northern Light Inn leitar að aðstoðarmanneskju með kokkinum okkar. Starfið felst í undirbúningi á matseðli, aðstoða kokk í keyrslu ásamt öðrum tilfallandi störfum.
Við leitum af samviskusamri manneskju, sem er hraust, stundvís og vill vinna á skemmtilegum vinnustað.

Um er að ræða framtíðarstarf. Unnið er á 2-2-3 vöktum frá kl. 10:30 til 22:30. Laun eftir samkomulagi
Við erum staðsett í Svartsengi, steinsnar frá Bláa Lóninu.
Nánar um fyrirtækið á **www.nli.is**
Sendu okkur upplýsingar um þig á fridrik@nli.is ef þú hefur áhuga!

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Íþróttamiðstöðin Ásgarður**
- starfsmenn í vaktavinnu

**Leikskólinn Akrar**
- leikskólakennari/leiðbeinandi

**Flataskóli**
- stuðningsfulltrúi

**Krókamýri**
- starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Núp
- Aðstoðar matráður í leikskólann Arnarsmára
- Leikskólakennari í leikskólann Arnarsmára
- Leikskólakennarar í leikskólann Læk
- Leikskólakennari í leikskólann Baug
- Deildarstjóri í leikskólann Rjúpnahæð
- Matráður í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka

**Grunnskólar**
- Skólaliðar í dægradvöl í Snælandsskóla
- Forfallakennari í Hörðuvallaskóla
- Forfallakennari í Salaskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Salaskóla
- Umsjónarkennari í Salaskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Kársnesskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Kópavogsskóla

**Velferðasvið**
- Starfsmaður í félagslega heimaþjónustu
- Starfsmenn í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk
- Liðveitandi, persónulegur ráðgjafi og tilsjón

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Starfsmaður í Tannlæknadeild | HÍ, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201509/956 |
| Skrifstofustjóri/sérgreinaritari | Landspítali, meltingalækningar | Reykjavík | 201509/955 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, kvenlækningadeild | Reykjavík | 201509/954 |
| Umsjónarmaður lagera | Landspítali, skurðstofur | Reykjavík | 201509/953 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, skurðstofur | Reykjavík | 201509/952 |
| Doktorsnemi | HÍ, Heilbrigðis- / Menntavísindasvið | Reykjavík | 201509/951 |
| Verkefnisstjóri | HÍ, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201509/950 |
| Sérfræðingur | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201509/949 |
| Sérfræðingar á fyrirtækjasviði | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201509/948 |
| Hjúkrunarfr. í ungbarnavernd | Heilsugæslan Árbæ | Reykjavík | 201509/947 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Stykkishólmur | 201509/946 |
| Eftirlitsmaður | Samgöngustofa | Reykjavík | 201509/945 |
Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Nú má fá hjálp til þess að minnka það að sögn Ólafar Rúnar Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra hjá Icecare. „Active Liver styður við niðurbrot fitunnar í þörmunum, bætir meltinguna og stuðlar að eðlilegri lifrarstarfsemi. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.

Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemina,“ útskýrir Ólöf.

**LEYNDARMÁLIÐ UM ACTIVE LIVER**

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtaþykkni, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og gallsins, og efnið kólín, sem er mikilvægt fyrir fitubrennslu og hjálpar til við að minnka fitu sem getur safnast fyrir í lifrinni.




**ÁNÆGÐ** Jóna mælir með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri. MYND/VILHELM

# SÆTINDALÖNGUN NÁNAST HORFIN

**ICECARE KYNNIR** *Zuccarin er fæðubótarefni sem inniheldur engin lyf. Það hentar þeim sem þurfa að minnka kaloríuinntöku eða draga úr sykurnotkun. Zuccarin-töflurnar eru aðallega unnar úr laufum af japanska mórberjatrénu.*

Ég hef sótt meira í sykur og sætindi en áður. Ég var alltaf að narta í eitthvað, til dæmis nammi eða popp á kvöldin. Þess vegna hafa kílóin læðst á mig hægt og rólega,“ segir Berglind Stolzenwald Jónsdóttir. „Í byrjun árs bauðst mér að prófa Zuccarin og ákvað ég að slá til og sé ekki eftir því.“

Berglind átti ekki sérstaklega von á því að sjá árangur og kom það henni því á óvart þegar hún fann að hún var orðin orkumeiri og fimm kílóum léttari á einum mánuði. „Ég er ánægð með árangurinn og ætla að halda áfram því ég finn að mér líður mun betur en áður og er full af orku,“ segir Berglind.

**EKKI LENGUR ORKULAUS**

Rósa Harðardóttir skólasafnskennari hefur gert margar tilraunir til að útiloka sykur úr daglegri fæðu sinni með misgóðum árangri. „Ekkert er eins gott og góður súkkulaðimoli eftir góða máltíð en ég hef átt erfitt með að standast sykur og sætindi. Ég hef fundið fyrir vanlíðan eftir að hafa borðað sætindi og kökur, finn til í skrokknum og fæ höfuðverk,“ segir Rósa.

Hún hefur í gegnum tíðina lagt sig fram um að borða hollan og næringarríkan mat og hreyfa sig daglega en sykurlöngunin er alltaf til staðar. „Eftir að ég fór að taka Zuccarin er þetta hins vegar ekkert mál. Ég hef nánast enga löngun í súkkulaði og önnur sætindi og finn að ég er öll kraftmeiri.“

**BLÓÐSYKURINN Í JAFNVÆGI**

Zuccarin-töflurnar eru aðallega unnar úr laufum af japanska mórberjatrénu. Einnig innihalda þær króm. Laufin innihalda sérstakt efni sem kallast DNJ en það getur komið í veg fyrir upptöku sykurs úr matnum sem við neytum. DNJ getur því haldið blóðsykrinum í jafnvægi og minnkað löngun í sykur. Króm getur hjálpað til við að viðhalda eðlilegum efnaskiptum. Zuccarin er auðvelt í notkun. Taktu eina töflu fyrir hverja máltíð og þú finnur fljótt muninn.






**ORKUMEIRI OG LÉTTARI** Berglind er ánægð með árangurinn og ætlar að halda áfram að taka Zuccarin því henni líður betur en áður og er full af orku.



**RÓSA HARÐARDÓTTIR** Fann fyrir vanlíðan eftir að hafa borðað sælgæti og kökur. Eftir að hún fór að taka inn Zuccarin hefur hún litla löngun í sætindi.

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** *Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is*

IceCare






**VERÐUR Á AUSTURLANDI** Þorgrímur ver helginni á Austurlandi og ætlar líklega að kíkja á steinasafnið hennar Petru á Stöðvarfirði og trítla á einhver fjöll ef vel viðrar. MYND/STEFÁN

# FORRÉTTINDI AÐ HITTA UNGT FÓLK

**KVEIKIR NEISTA** *Rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson ferðast nú um landið og flytur fyrirlesturinn „Verum ástfangin af lífinu" í grunnskólum landsins.*

Markmið fyrirlestranna „Verum ástfangin af lífinu" sem Þorgrímur Þráinsson flytur um þessar mundir í grunnskólum landsins er að kveikja neista í ungmennunum svo þau beri sig eftir draumum sínum í stað þess að treysta á aðra. „Hvert og eitt okkar er kraftaverk og í ljósi þess að við notum aðeins lítinn hluta af hæfileikum okkar almennt geta allir gert miklu betur og náð lengra en þá órar fyrir. Við erum öll okkar eigin gæfu smiðir," segir Þorgrímur. Hann stefnir að því að halda fyrirlesturinn í öllum grunnskólum í vetur og áþekkan fyrirlestur í fyrirtækjum. „Það er ekki síðra að fá að vera með hugleiðingar um lífið og tilveruna í hópi fullorðinna."

**ÞAÐ ERU ALLIR LEITANDI**

Til þess að fylgja fyrirlestrunum eftir stofnaði Þorgrímur Facebook-síðu með sama heiti og fyrirlestrarnir. „Vinur minn, Ólafur Stefánsson, fyrrverandi handboltahetja, sem hlýddi á fyrirlesturinn, ráðlagði mér að opna síðu til fylgja eftir því sem ég segði við krakkana svo þeir gætu horft á fleiri myndbönd, prentað út eyðublöð um markmiðasetningu og fundið annað efni. Á örfáum dögum hafa um þrjú þúsund horft á myndböndin og ég bæti fleirum við með reglubundnum hætti."

Verum ástfangin af lífinu inniheldur stutt myndbönd sem ættu að hvetja fólk til að lifa frábæru lífi, bera ábyrgð á velferð sinni, hrósa og gera góðverk. Spurður að því hvort Íslendingar tengi almennt við þessa lýsingu segir Þorgrímur að allir Íslendingar sem hann þekki tengi við hana. „Kannski þekki ég bara ákveðna tegund Íslendinga?" spyr hann sig í kjölfarið og bætir svo við: „Það eru allir leitandi, hvort sem þeir viðurkenna það eða ekki, leitandi eftir innri ró eða sínum sannleika en á meðan við lifum lífinu fyrir utan okkur sjálf, í kapphlaupi eftir hégóma, þá nálgumst við síður okkar innri sannleika."

**DREYMIR UM JAFNVÆGI**

Þorgrímur segir það ekki hvarfla að sér að halda að lífið sé eingöngu það sem við okkur blasir dagsdaglega.

„Ég er leitandi eins og aðrir og finn frið í náttúrunni, þögninni, einverunni en ég er líka fullkomlega frjáls þegar ég held fyrirlestra. Það eru forréttindi að fá að hitta ungt fólk og sá fræjum og á þeim vettvangi liggur ástríða mín um þessar mundir." Spurður að því hvort sá andlegi þankagangur sem lesa má á milli lína hjá Þorgrími hafi ágerst hjá honum með hækkandi aldri og auknum þroska svarar hann: „Ég sveiflast á milli þess að vilja feta í fótspor Gísla á Uppsölum og þess að vera í hringiðunni með landsliðinu í knattspyrnu, eldlínunni. Ég hef ekki sagt mitt síðasta orð en mig dreymir um að kafa dýpra í „andann" og vera ávallt í fullkomnu jafnvægi, hvað sem á dynur."

Þorgrímur ver helginni á Austurlandi og ætlar líklega að kíkja á steinasafnið hennar Petru á Stöðvarfirði og trítla á einhver fjöll ef vel viðrar. Hann var til í að svara nokkrum spurningum um hvernig dæmigerð helgum hjá honum er háttað.

„Dæmigerð helgi hjá mér er Kaffitár í Bankastræti snemma á laugardegi. Kíki á leik hjá Val eða Víkingi Ólafsvík, velti síðan vöngum yfir því hvort ég eigi að taka til og ryksuga heima en slíkar vangaveltur skemma ekki kvöldið. Sunnudagar eru áþekkir; vinna, fjölskyldan, jafnvel golf ef vel viðrar."

***Hver er óskamorgunmaturinn um helgar?*** Að fara með fjölskylduna í Sandholt bakarí á Laugavegi og njóta þess góðmetis sem er þar í boði, og ljúka honum með súkkulaðikrossant og cappuccino.

***Hver er yfirleitt helgarmorgunmaturinn?*** Hafragrautur og banani en annað slagið fæ ég mér ristað kaffibrauð á Kaffitári í Bankastræti með smjöri, sultu og osti. Það er ljúffengt.

## Í GÓÐU JAFNVÆGI

Ég sveiflast á milli þess að vilja feta í fótspor Gísla á Uppsölum og þess að vera í hringiðunni með landsliðinu í knattspyrnu, eldlínunni. Ég hef ekki sagt mitt síðasta orð en mig dreymir um að kafa dýpra í „andann" og vera ávallt í fullkomnu jafnvægi.

***Þegar þú ferð út að skemmta þér hvað finnst þér skemmtilegast að gera?*** Gott leikhús er gulls ígildi og að fara út að borða í góðra vina hópi en ég rata ekki um skemmtistaði borgarinnar.

***Sefur þú út um helgar?*** Stundum nýt ég þess að vakna ekki fyrr en ég er búinn að sofa en það er frekar fátítt á fjölmennu heimili.

***Vakir þú fram eftir?*** Þeim dögum fer fækkandi enda nýt ég þess í botn að vera á milli svefns og vöku því þá flýg ég oft á vit ævintýranna. Ég held að ég sé geimvera, eins og Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu.

***Ef þú ert næturhrafn færðu þér eitthvað í gogginn á kvöldin?*** Ég er ekki kvöldlystugur en ef ég finn nammi á heimilinu hverfur það fljótt.

***Ertu með nammidag? Hvaða nammi færðu þér?*** Allir dagar hjá mér eru nammidagar en ég nýti mér það sjaldan. Lakkrísrúllur eru freistandi sem og lífrænt súkkulaði sem frúin fellur oft fyrir. Hún er reyndar í áskrift hjá einhverju kókosbollufyrirtæki sem er með heimsendingarþjónustu. Ekki hafa það eftir mér!

***Hvað verður í sunnudagskaffinu?*** Ég verð á Austurlandi fram í byrjun október, dvel án efa í góðu yfirlæti hjá Ingimari Jónssyni á Stöðvarfirði um helgina og kíki með honum í steinasafn Petru. Kannski verða bláber í sunnudagskaffinu, kleinur eða bara harðfiskur.

■ liljabjork@365.is






BÍLA GALLERÍ



VW Up! Move up. Árgerð 2014, ekinn 53 Þ.KM, 5 gírar. Verð 1.550þ Rnr.110110.



DACIA Duster Plus 4x4. Árgerð 2014, ekinn 54 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.950þ Rnr.110087.



KIA Rio 1.4 Disel. Árgerð 2014, ekinn 58 Þ.KM, 6 gírar. Verð 2.290þ Rnr.110100.



TOYOTA Land Cruiser 120 GX. Árgerð 2006, ekinn 181 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.150 þ. Rnr.110090.

BÍLA GALLERÍ



VW Golf Trendline. Árgerð 2014, ekinn 59 Þ.KM, 6 gírar. Verð 2.790.000. Rnr.110088.

**Bílagallerí bílasala**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 554 6700**
**Hagstæð sölulaun ! 2,9 %**
**www.bílagallerí.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



TOYOTA Land cruiser 120 gx 35". Árgerð 2005, ekinn 173 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.970.000. 1 eigandi Rnr.116304.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is



TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2006, ekinn 129 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.einn eigandi Verð 4.250.000. Rnr.114864.



VOLVO Xc70 d5 disel . Árgerð 2008, ekinn 106 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. gullmoli Verð 3.990.000. Rnr.210799.



SKODA Superb ambition 170 hö 4x4. Árgerð 2014, ekinn 64 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.210855.



TOYOTA Land cruiser 150 gx leður . Árgerð 2014, ekinn 68 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.leður og fl Verð 9.350.000. Rnr.330341.

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is



TOYOTA Rav4 x. Árgerð 2012, ekinn 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. vel með farinn Verð 3.890.000. Rnr.210814.



PORSCHE Cayenne diesel 21" felgur . Árgerð 2011, ekinn 64 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. m/öllu gullmoli Verð 10.900.000. Rnr.112719.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



2011 Land Rover Discovery TDV6 HSE. Með öllum búnaði. Verð 7.990Þús. S: 8930041



BMW 316 2001, ekinn 214ÞKM, beinskiptur. Verð 450.000kr Uppl. í síma 868 9493.



Nýir LandCruiser 70 bílar. Útvega tveggja dyra, fjögurra dyra og pick up gerðirnar, bensín og dísel. Verð 10 - 11 milljónir kr, allt eftir útfærslu, komnir til landsins og skráðir Vinsaml. hafið samband við jb@isfar.is



Citroën fyrir safnara. Einstaklega vel út lítandi Xm árg 1996 með 2.0 l vél, ekinn 135 þús km. Innfluttur 2013, viðhaldsbók frá upphafi, tveir eigendur Verðhugmynd 750 þús. Vinsaml. hafið samband við jb@isfar.is



Land Cruiser 90. Árg. 2000. Ek. 238þ. Ný skoðaður og í topp standi. Verð 1.190þ S:8983946



**GULLMOLI, EINN EIGANDI**
Rav 4, árg.2010 Ek. 49þús. Topp eintak. Ekki bílaleigu bíll. Sjálfsk., hraðastillir ofl. Ásett verð 3.4 m. Aðeins bein sala. Engin skipti. Uppl.í s. 5552638 eða 8220279

**ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR**
Skoda Octavia, Skoda Fabia, Partner, Berlingo, R. Clio, R. Megane, og fleiri Nánar á Facebook: Ódýrir Díselbílar Sími: 534-0000

Subaru Forester sjálfssk. Árg. '98. Gengur ekki á einum annars góður. Tilb. óskast. Uppl. í S. 8982608

## 250-499 þús.



Chevrolet Lacetti árg. 2005 ek. 130.000 km. Allar nánari uppl. í s. 852 3668.

Citroen Xsara 1.8 '06.Ek 128 þ.Nýleg dekk.Parfnast lagf. Verð 270þ.S:772-0208

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507


**Viðskipti með notaða bíla er vandmeðfarin.**
**Er bílasalan þín hjá Bílgreinasambandinu?**
**Við veitum vandaða og örugga þjónustu.**

DIESEL.is · BÍLA BORG Stórhöfði 26 við Gullinbrú · BÍLALIND BÍLASALA · PLANIÐ bílasala 5170000

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN · bilfang.is S. 567 2000 · 100bilar.is bílasala · LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777

MB bílar · STÓRA BÍLASALAN · BÍLASALA ÍSLANDS · HÖFÐAHÖLLIN 567 4840

Arion banki · ergo · Lykill fjármögnun

**BÍLL - INNRÉTTING**
Óska e. Forester eða 4WD Station í skiptum fyrir innréttingu (Fatask, bað, lítið eldh.) Uppl. í S. 8982608

## Fornbílar



**GULLMOLI TIL SÖLU**
Dodge Coronet, árg. 1960 Ek. 64 þúsund mílur. Verð kr.4.000.000,- Uppl. í s.8981889

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Sendibílar



Mercedes Benz sprinter 313 CDi sendibíll. Rauð númer. Lengra boddý, árg. 2006, ekinn aðeins 203þ. km. Góður bíll. Verð 2.4M+vsk - GSM: 892-2023

568 5000 NS Nýja Sendibílastöðin

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

**Vörubílastöðin Þróttur**
Þróttur 577-5400
Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

## Húsbílar

rotor.is



Dótabúð húsbílaeigenda.
Rótor ehf, s. 5554900 Hellnhrauni 4, H.f.

## Lyftarar

BendPak



Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílalyftur.
Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 • Sími 517 5000
stalogstansar@stalogstansar.is

## Kerrur

Til sölu gömul enn góð fólksbílakerra frá Víkurvögnum. Parfnast smá lagfæringa. Verð 50þús S. 775 1516

# ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja

**GRÖFUÞJÓNUSTA AUBERTS.**
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, kranabílar, vörubílar, gámaleiga, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.
**Sími 892 1663.**

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**INNIMÁLUN**
Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**GA VERK**
2 vanir smiðir geta bætt við sig verkefnum. Öll almenn smíðavinna, vönduð og fagleg vinnubrögð, tilboð eða tímavinna. S 6951101. 6126605

**MARKMIÐ VERKTAKAR**
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna - Pípulagnir
Raflagnir - Málningavinna
Múrviðgerðir - Flísalagnir
Hellulagnir - Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólflist
99% RYKFRÍTT

**VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?**
IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

Hreinsa þakrennur, laga rið á þökum og tek að mér ýmis verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896 5778

**SMIÐUR GETUR BÆTT VIÐ SIG VERKEFNUM BÆÐI SMÁ SEM STÓR.**
Til dæmis Þak - Þakkant - Húsaklæðningar - Glugga og hurða ísetningar - Gifsveggi og fleira. Er með margra ára reynslu í byggingariðnaði.

Uppl. í s. 8213185 Helgi1019@gmail.com

## Spádómar

Stjörnuljós- Heilun og Spá. Símaspá og tímapantanir í s. 844 1596

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Trésmíði

Húsasmiðameistari getur bætt við sig verkefnum, tilboð eða tímavinna S. 7740866

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

SAUMAVERKSTÆÐI GRANDA FATABREITINGAR OG VIÐGERÐIR SÍMI:788-5544

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Haust-útsala**



Hitaveituskel 1850 L.
Hitaveituskel 1650 L.
Lok á heita potta, margar stærðir.
Heitirpottar.is • S. 777 2000



mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**sauna.is**
Fjárfesting í vellíðan

**NÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST**



TIFFANY´S GLERSK 22. SEPT
LEIR FRAMHALD 28. SEPT
SKARTGRIPAGERÐ 30. SEPT
SJÁ NÁNAR Á WWW.GLIT.IS OG FACEBOOK
WWW.GLIT.IS GLIT@GLIT.IS
GLIT

**LOK Á HEITA POTTA**



- Einangrunarlok
- Yfirbreiðslur
- Metum ástand og gerum við

www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**Eftirlitsmyndavél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is**

**BLIKK**
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
Gólflist
99% RYKFRÍTT

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Hljóðfæri



Til sölu vel með farið Young Chang píanó frá Tónastöðinni ásamt píanóbekk. Uppl. í s. 698 8335.



Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Harmonikur frá 40 þús. Harmonikukennsla. Pokar og ólar. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

**PÍANÓ TIL SÖLU**

Mjög vandað þýskt SCHIMMEL píanó til sölu. Um 30 ára úr eik, aðeins einn eigandi (tónlistarmaður). Hljóðfærið hefur verið metið af fagmönnum. Áhugasamir sendi fyrirspurn til lucinda@itn.is eða í síma 8980027.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örýrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**NORSKA - ICELANDIC - ENGLISH - ENSKA**

NORSKA I , II & NORSKA f. Heilbrigðisgeira, ICELANDIC - ÍSLENSKA f. útlendinga. ENSKA f. Fullorðna Byrja/Start: 21/9, 19/10, 16/11, 18/1. 4 vikur/5 x í viku - 4 weeks/5 days a week. Kennsla m/ móðurmálstækni - kr 45.000,- www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 557 1155/8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.


GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is


# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**VOFF.IS - NÝ HVOLPASÍÐA**

www.voff.is er hvolpasíða Hundaræktarfélags Íslands, þar geturðu fengið upplýsingar um got, ræktendur, tegundir ásamt greinum um hvolpauppeldi, allt á einum stað. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hvolpa. Leitaðu þér nánari upplýsingar á www.hrfi.is og www.voff.is



**GRINDARBÚR Á GÓÐU VERÐI**

Stærð 61 cm verð 6.990,-
Stærð 76 cm verð 8.990,-
Stærð 91 cm verð 10.990,-
Stærð 107 cm verð 12.990,-
Stærð 122 cm verð 14.990,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spönginni 23 s.587-0744

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**

129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**www.lundurfasteignir.is**

**S. 690 3031 / 661 7000**

Falleg 80fm íbúð á jarðhæð m. palli til leigu á besta stað í Garðabæ. Er laus strax og verður leigð til 31. maí 2016 Áhugasamir hafi samband í s. 695 0972

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**

Til sölu eða leigu mjög góð 50 m2 iðnaðarbil í Steinhellu 14, Hfn. Fjölbreyttir möguleikar. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

**AUÐBREKKA - VERSLUNARRÝMI**

Til leigu 400fm verslunarrými á jarðhæð við Auðbrekku. Innkeyrsludyr. s. 897 9743

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**

Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Haustttilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymslupláss f. tjaldvagna fellihýsi hjól húsbíla, nokkur stæði laus. s:7700333

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Bakaríið Kornið leitar að duglegum einstaklingum í afgreiðslu sem hefur gaman af að vera í kringum fólk og hefur mikla þjónustulund. Áhugasamir sendi umsókn á tölvupóstinn umsokn@kornid.is

**STARFSMAÐUR ÓSKAST Á SMURSTÖÐ OG HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI.**

Bílkó óskar eftir vönum mönnum eða með reynslu sem nýtist í starfi á smurstöð og dekkjaverkstæði. Framtíðarstarf í boði.

**Áhugasamir hafi samband við Guðna í s. 618 0560**

Pylsuhúsið Ingólfstorgi. Óskum eftir starfsfólki dagvinnu 10-17 alla virka daga. Aldurstakmark 18 ár og Íslenskukunnátta er skilyrði. Umsóknir sendist à helgi@hlollabatar.is Eða í síma 8422800

**LOFTORKA REYKJAVÍK EHF**

Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnuframkvæmda.

**Upplýsingar í síma 565 0875 eða 892 0525**

**GINGER**

óskar eftir hressu fólki í hlutastörf frá 10:30 - 15:00 alla virka daga.

Ef þú ert 18 ára eða eldri, reyklaus og langar að vinna í skemmtilegu umhverfi sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða kíktu við í Ginger Síðumúla 17, milli kl. 14-16 virka daga.

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Vinnutími frá 12:00 - 18:30 virka daga eða 06:30 - 13:00. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

Starfmenn vantar á hjólbarðaverkstæði Sólningar í Kópavogi. Uppl. í s. 544 5012 eða aegir@solning.is

**HOUSEKEEPERS**

Apartment Hotel in 101 Reykjavik seeks full time and part time housekeepers. Please send applications to: headhousekeeper@apartmentk.is

Óskum eftir vönum dekkjamanni á hjólbarðaverkstæði. Umsóknir á staðnum eða í síma 568-3080 Barðinn Skútuvogi 2

Laghentur trésmiður óskast til starfa. Uppl. í s. 770 0970

Óska eftir mönnum vönum mótum og pallasmíði í tímabundið verkefni. Uppl. í s. 699 8282

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SKYNDIKYNNI? SÍMASEX?**

RauðaTorgið.is

Karlmaður vill flengja stráka. RauðaTorgið.is, s. 905-2000, augln. nr 8339

Karlmaður leitar ákaflega kynna náinna kynna við karlmann. RauðaTorgið.is, s. 905-2000, augln. nr 8517.

Heitur karl vill hitta ákaflega heitan karl. RauðaTorgið.is, s. 905-2000, augln.nr 8862

Karlmaður vill hitta karlmann með náið sambandi í huga. RauðaTorgið.is, s. 905-2000, augln.nr 8378

**ÍSLENDINGAR.EU**

Nýr, frjálslyndur stefnumóta- og samskiptavefur, mjög sérstakur, sérsniðinn að stefnumóta- og samskiptamenningu íslendinga. Almenn samskitpi, stefnumót, makaleit, stundargaman, swingers (makaskipti) - blogg, dagbækur, hugrenningar, stöðufærslur - vefurinn dekkar regnbogann. Líttu við. www.islendingarl.eu.

## Vinnuvélar








BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR**

**LAUGARDAGINN 19. SEPT**

11:35 CHELSEA - ARSENAL
13:50 SWANSEA CITY - EVERTON
16:20 MAN.CITY - W.HAM UNITED

**SUNNUDAGINN 20. SEPT**

14:50 LIVERPOOL - NORWICH CITY
14:50 SOUTHAMP. - MAN.UNITED

**HLJÓMSVEITIN AMIGOS**

ARNAR FREYR, JÓNHANN HJÖRLEIFS JÓHANN OG JÓN KJARTAN SPILA UM HELGINA.

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin




TEKK COMPANY OG HABITAT | Skógarlind 2, Kópavogi | Sími 564 4400 | Opið mánudaga til laugardaga kl. 10-18 og sunnudaga kl. 12-17 | Vefverslun á www.tekk.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

300 kr. verðlækkun

1.198 kr. ks.

**Prince Polo** 32 stk. í kassa
Verð áður 1.498 kr.

359 kr. stk.

**Toblerone,** 200 g

## NÝ UPPSKERA
**Beint frá Kaliforníu**

895 kr. kg

**Vínber,** græn og rauð

NÝBAKAÐ!

259 kr. 4 stk.

**BÓNUS Kringlur,** 4 stk.

259 kr. stk.

**C vítamín,** 3 teg.
**Fjölvítamín**
20 stk. freyðitöflur

359 kr. stk.

**Kalk og magnesíum**
20 stk.
freyðitöflur

459 kr. stk.

**B-orka**
20 stk.
freyðitöflur

169 kr. stk.

NÝBAKAÐ! **BÓNUS Baguette**

259 kr. stk.

**BÓNUS Heilkornabrauð,**
770 g

80 kr. verðlækkun

2250 blöð í pakkanum

718 kr. pk.

**BÓNUS Salernispappír,** 9 rúllur
Verð áður 798 kr.

80 kr. verðlækkun

399 kr. stk.

**BÓNUS Scrubstone**
Verð áður 479 kr.

90 töflur

1.498 kr. pk.

**Finish Powerball**
Uppþvottatöflur, 90 stk.

40 þvottar

1.498 kr. pk.

**Ariel Þvottaefni**
XL Pack, 40 þvottar

EURO SHOPPER

298 kr. 450 g

**Euro Shopper**
**Tortilla Chips**
450 g, 2 tegundir

359 kr. 500g.

**Euro Shopper**
**Kaffi,** 500 g

79 kr. 400 g

**Euro Shopper**
**Tómatar**
400 g, 2 tegundir

98 kr. 1 l.

**Euro Shopper**
**Eplasafi,** 1 l
**Trönuberjasafi,** 1 L

79 kr. 420 g

**Euro Shopper**
**Bakaðar baunir** 420 g

VALITOR

Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **20. september** a.m.k.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**698** kr. kg

**BÓNUS**
**Grísahakk,** ferskt




**200** kr. verðlækkun pr./kg

**998** kr. kg

**Stjörnugrís**
**BBQ Grísarif,** forelduð
Verð áður 1.198 kr. kg

## NÝTT ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS




Af nýslátruðu 2015

**298** kr. kg

**Kjarnafæði**
Lambahjörtu og lambalifur
af nýslátruðu, ferskt

ÍSLANDS LAMB

Af nýslátruðu 2015



**1.579** kr. kg

**Íslandslamb Lambalæri**
af nýslátruðu, ferskt, sérskorið

ÍSLANDS LAMB



Af nýslátruðu 2015

**2.098** kr. kg

**Íslandslamb Lambahryggur,**
hálfur lundapartur, ferskur




**198** kr. pk.

**Poco Loco Tortillakökur**
4 stk. stórar eða 8 stk. litlar

Haust-slátrun 2014



**659** kr. kg

**Kjarnafæði Súpukjöt**
haustslátrun 2014, frosið

## ÓDÝR PIZZUVEISLA




**259** kr. 400 g

**Pizzadeig,** 400 g




**398** kr. pk.

**BÓNUS Pepperoni,** 153 g




**198** kr. pk.

**BÓNUS Samlokuskinka,** 237 g

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

TÆKNI

# Verður starfið þitt sjálfvirkni að bráð?

Innreið gervigreindar og sjálfvirkni á vinnumarkaði er ekki nýtt fyrirbæri en framfarir á þessum sviðum ógna nú mörgum starfsstéttum. Fræðimenn segja efnahag heimsins á barmi stórfelldra breytinga um þessar mundir.




**Líkur eru á að þjónar missi lífsviðurværi sitt í hendur vélanna.**

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



Á fjórða áratug síðustu aldar setti breski hagfræðingurinn John Maynard Keynes fram hugmyndina um „tæknilegt atvinnuleysi“. Áhyggjur Keynes beindust að hættulegu og yfirvofandi umróti á vinnumarkaði sem orsakaðist af innreið véla á kostnað verkamanna. Í dag – 80 árum eftir að varnaðarorð Keynes féllu – óttast margir hagfræðingar stöðnun markaða. Að þróaðri markaðir séu staddir í langdregnu tímabili þar sem færri störf verða til, framleiðni minnkar og tekjur dragast saman hjá flestum.

Á öndverðum meiði eru tveir prófessorar við tækniháskólann í Massachusetts (MIT). Annar er Andrew McAfee og hinn er hinn íslenskættaði Erik Brynjolfsson. Í bókinni „The Second Machine Age“ sem var gefin út sumarið 2014 færa þeir rök fyrir því að efnahagur heimsins sé á barmi stórfelldra breytinga. Með tilkomu tækja sem byggja á gríðarlegum framförum í sjálfvirkni, gervigreind og hinni stafrænu byltingu internetsins sjá McAfee og Brynjolfsson tímabil vaxtar á sjóndeildarhringnum. Þetta verður þriðja iðnaðarbyltingin.

### Veldisaukning á öllum sviðum

Að mati prófessoranna hverfist þessi bylting um veldisvöxt á ýmsum sviðum framleiðslu og þróunar. Veldisvöxtur hefur átt sér stað í vinnsluminni tölva, framleiðslu snjalltækja og gagnasöfnum netheima. Í þessu felst vöxtur á hraða sem er í beinu hlutfalli við stærðina sjálfa og þegar tölurnar tvöfaldast á hverju ári verður á endanum erfitt að átta sig á umfangi og áhrifum. Veldisaukning samhliða framförum í vísindum og verkfræði hefur fært okkur samfélag sem nú reiðir sig að mörgu leyti á gervigreind og sjálfvirkni. Að mati McAfee og Brynjolfsson er núverandi stöðnun í atvinnusköpun og framleiðslu vaxtarverkir þessa nýja, sjálfvirka samfélags. Í „The Second Machine Age“ benda þeir á að það hafi tekið áratugi fyrir framleiðendur að átta sig á og læra á gufuvélina, sama á við um rafvæðingu verksmiðja, fjöldaframleiðslu og framleiðslulínuna.

### Vegleg gjöf nýsköpunar

McAfee og Brynjolfsson hafa engu að síður áhyggjur af því hvernig þessar breytingar verða innleiddar. Þeir taka Instagram og Kodak sem dæmi. Á þeim fimmtán mánuðum sem liðu frá stofnun Instagram til eins milljarðs Bandaríkjadala yfirtöku Facebook á fyrirtækinu höfðu 130 milljónir manna deilt 16 milljörðum mynda í gegnum þjónustuna. Örfáum mánuðum eftir yfirtökuna fór Kodak á hausinn. Brynjolfsson og McAfee benda á að markaðsvirði Facebook og Instagram er nú margfalt meira en Kodak þegar best lét og fámennur hópur innan Facebook hefur nú milljarða dala milli handanna. Þessi hópur hefur tæplega fimm þúsund manns á launaskrá. Þegar Kodak var á toppnum unnu tæplega 150 þúsund manns hjá fyrirtækinu.

Í bók sinni hvetja prófessorarnir frumkvöðla, ríkisstjórnir og einstaklinga til að íhuga næstu skref. Nauðsynlegt sé að búa svo um hnútana að sem flestir hagnist á sjálfvirknivæðingunni miklu sem nú knýr á dyr.

**» Þeir reiknuðu út hversu móttækileg ákveðin störf eru fyrir sjálfvirkni og tölvuvæðingu út frá nokkrum lykilþáttum.**

### Samúðin heldur velli

Annað tvíeyki fræðimanna hefur nú reiknað líkur tölvuvæðingar rúmlega 700 mismunandi starfa. Þetta eru dr. Carl Benedikt Frey og dr. Michael A. Osborne en þeir eru báðir prófessorar við Oxford-háskóla. Rannsókn þeirra er sú fyrsta sinnar tegundar. Þeir reiknuðu út hversu móttækileg ákveðin störf eru fyrir sjálfvirkni og tölvuvæðingu út frá nokkrum lykilþáttum.

Líklegasta starfið til að falla í hendur tölvunnar er símasölumennska (99%), þar á eftir kemur vélritari (98,5%) og í því þriðja er löglærður aðstoðarmaður (97,6%). Þessi þrjú störf eru þegar orðin sjálfvirk að einhverju leyti og vélvæðing þeirra mun seint hafa mikil áhrif. Neðar á listanum flækjast málin. Ráðskonan er í 35. sæti (94,4%), þjónninn er númer 52 (89,9%) og byggingaverkamaðurinn í 95. sæti (80%).

Frey og Osborne benda á að störf símasölumanneskjunnar og gjaldkerans krefjist ákveðinnar víxlverkunar. Þrátt fyrir það þarfnist þessi störf ekki félagslegrar hæfni á háu stigi og séu þar með í hættu á sjálfvirknivæðingu. Vélarnar eru jafnframt líklegar til að erfa störf sem krefjast fimi og krafta enda hafa miklar framfarir átt sér stað í þróun vélmenna.

Þangað til að tilfinningarík gervigreind lítur dagsins ljós eru störf félagsráðgjafa, sálfræðinga og hjúkrunarfræðinga óhult. Samkvæmt Frey og Osborne eru starfssvið sem krefjast hluttekningar afar ólíkleg til að falla í vélrænar hendur. Sama á við um listamenn, hönnuði, rithöfunda og fleiri sem reiða sig á sköpunargáfu í starfi sínu. Þannig eru líkur á að vélaverkfræðingurinn haldi velli en hann er í 268. sæti (13,1%), ásamt sjúkraliðanum (4,9%) og tónlistarmanninum (4,5%). Frey og Osborne gera síðan ráð fyrir að starfssvið hótelstjórans verði óhult um ókomna tíð en þeir eru neðstir á lista (0,4%).

### Ný störf fyrir nýja tíma

Það eru skiptar skoðanir á því hvað sjálfvirknivæðing starfa þýðir í raun og veru. Þýðir það að störfum fækkar? McAfee og Brynjolfsson segja svo ekki vera. Ómögulegt sé að áætla um þróun vinnumarkaða þegar róttækar nýjungar eru annars vegar. Ný störf verða til á grunni nýrra aðstæðna. „Ef þú horfir aðeins á aðstæður eins og þær voru þegar innleiðing sjálfvirkni átti sér stað þá munt þú sjá fækkun starfa,“ ritaði framtíðarfræðingurinn Ray Kurzweil í bók sinni How to Create a Mind. „Þetta er það sem verkamenn í textílverksmiðjum sögðu snemma á 20. öldinni. Nýju störfin urðu til vegna aukinnar velmegunar og nýrra atvinnugreina sem áður fyrr voru duldar.“

### Líkur á að störf verði sjálfvirkni að bráð

| | |
|---|---|
| Símasölumanneskja | 99,0% |
| Vélritari | 98,5% |
| Löglærður aðstoðarmaður | 97,6% |
| Gjaldkeri | 96,8% |
| Móttökustjóri | 95,6% |
| Skattasérfræðingur | 95,3% |
| Ráðskona | 94,4% |
| Húsgagnasmiður | 91,6% |
| Gjaldkeri í verslun | 90,2% |
| Þjónn | 89,9% |
| Þaksmiður | 89,7% |
| Öryggisvörður | 89,3% |
| Bréfberi | 85,8% |
| Slátrari | 84,6% |
| Múrari | 82,0% |
| Málari | 80,9% |
| Byggingaverkamaður | 80,0% |
| Barþjónn | 76,8% |
| Bóndi | 75,8% |
| Matreiðslumaður | 73,4% |
| Lestarstjóri | 67,8% |
| Garðyrkjumaður | 66,9% |
| Götusópari | 66,3% |
| Umsjónarmaður | 66,3% |
| Rútubílstjóri | 61,2% |
| Leigubílstjóri | 56,8% |
| Bókasafnsfræðingur | 51,9% |
| Pípulagningamaður | 48,7% |
| Útfararstjóri | 45,4% |
| Bólstrari | 38,6% |
| Matreiðslumeistari | 36,6% |
| Rithöfundur | 32,7% |
| Hárgreiðslumaður | 32,7% |
| Tölfræðingur | 14,7% |
| Ökukennari | 13,4% |
| Vélaverkfræðingur | 13,1% |
| Rafmagnsverkfræðingur | 10,2% |
| Blaðamaður | 8,4% |
| Flugumferðarstjóri | 7,2% |
| Byggingaverkamaður | 7,1% |
| Sjúkraliði | 4,9% |
| Tónlistarmaður | 4,5% |
| Félagsráðgjafi | 4,3% |
| Listamaður | 3,8% |
| Arkitekt | 1,8% |
| Hjúkrunarfræðingur | 0,9% |
| Sálfræðingur | 0,7% |
| Hótelstjóri | 0,4% |

# HUNDASÝNING

Hundaræktarfélags Íslands





HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
4. september 1969

Pedigree

VÍS

## 19. - 20. september í Reiðhöllinni í Víðidal

Dómar standa frá 10:00 - 15:00
Miðaverð: 700 kr.
Frítt fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.
550 hundar • 77 tegundir • 5 erlendir dómarar • Fjöldi kynningarbása
Nánar á www.hrfi.is

# Flækjusaga



**Illugi Jökulsson** furðar sig á því að gömul flökkuþjóð skuli sýna aðkomufólki svo mikla hörku.

## UNGVERJAR á faraldsfæti í þúsund ár






Höfðingjar ættanna sjö helga sér land á sléttunni eftir aldalanga hrakninga.



Afkomendur ættbálkanna sjö reisa gaddavírsgirðingar til að hindra för annarra.

Margar evrópskar þjóðir eiga nú í vandræðum með flóttamannastraum úr Miðausturlöndum og Norður-Afríku. Viðbrögð sumra þeirra eru þeim eða öllu heldur stjórnvöldum þeirra lítt til sóma. Eitt ríki virðist þó skera sig úr sakir þeirrar hörku sem flóttamönnum er sýnd. Það er vitaskuld Ungverjaland og þarf ekki að fjölyrða um. En hvernig skyldi standa á því? Er það einungis vondum stjórnvöldum dagsins í dag að kenna? Eða leynist eitthvað í sögu Ungverja sem fyllir þá skiljanlegri tortryggni og varúð í garð flóttafólks og farandþjóða? Það fór ég að skoða og komst að þeirri niðurstöðu að svo væri alls ekki. Raunar þvert á móti. Ungverjar ættu að hafa sérstakan skilning á hlutskipti aðkomufólks og flóttamanna því á mótunarárum sínum sem þjóð, þá voru þeir einmitt það.

**Aðkomufólk – alls staðar.**

Fyrst hafa fræðimenn spurt til frum-Ungverja fyrir um 4.500 árum. Þá bjuggu þeir öðru hvoru megin við Úralfjöllin sem skilja að Rússland og Síberíu. Þar eru flæmi mikil og þeir flökkuðu töluvert. Tíðar loftslagsbreytingar rústuðu heimalöndum þeirra reglulega og þeir urðu að flýja annað. Framan af bjuggu þeir í þorpum á miklum mýrarflákum, stunduðu kornrækt og héldu kýr og svín, en seinna urðu þeir að læra hirðingjalíf þegar steppurnar á mótum Asíu og Evrópu gerðust þurrari. Fyrir tæpum 3.000 árum virðast þeir hafa hafið búferlaflutninga frá Úral og suðvestur á bóginn. Sjálfsagt fóru þeir nauðugir, þótt lítt sé um þá flutninga vitað. En svo mikið er talið víst að einmitt um þær mundir hafi slitnað samband milli þessara frum-Ungverja og frænda þeirra sem löngu seinna dúkkuðu líka upp í Evrópu eftir öðrum leiðum, það voru Finnar.

Það er sem sé svona langt síðan skildi með Ungverjum og Finnum þótt hljómfallið í tungumálum þeirra sé furðu svipað enn í dag.

**Sjö ættbálkar**

Þegar dró nær lokum fyrsta árþúsunds eftir Krist bjuggu Ungverjar líklega norðan Kaspíahafs og Aralvatns. Þeir voru þar í nánum og iðulega vinsamlegum tengslum við íranskar og þó einkum tyrkneskar þjóðir. Tyrkir skiptust þá í margar greinar og voru enn ekki sestir að í hinu núverandi Tyrklandi. Ungverjar höfðu þó líka hrakist töluvert um slétturnar undan innrásarþjóðum úr austri sem áttu leið vestur til Evrópu: Húnar voru frægastir um árið 400 en seinna Avarar og aðrir. Í byrjun níundu aldar – eða um það leyti sem Ísland var að byggjast – þá komu enn einir innrásarmenn sem hröktu nú Ungverja á undan sér inn í svonefnda Levedíu, eða austanverða Úkraínu sem nú heitir, einmitt þar sem nú er barist. En innrásarmennirnir skæðu létu ekki Ungverja í friði þar. Þeir voru Tyrkir og kölluðust Petsénekar og ráku meginhluta Ungverja næst enn lengra í vestur, þar sem Etelköz nefnist. Hluti þjóðarinnar flýði þó suður yfir Kákasusfjöll og inn í Miðausturlönd, og ekki er vitað annað en innbyggjarar hafi tekið þeim flóttamönnum vel.

Í Etelköz hreiðruðu Ungverjar vel um sig. Eftir allt flakkið og flóttann langa voru þeir orðnir liprir og harðleiknir hestamenn og alla níundu öldina voru þeir sífellt að fara ránsferðir inn á mikla og frjósama sléttu handan Karpatafjalla. Hana höfðu Rómverjar kallað Pannóníu og þar höfðu bæði Húnar og Avarar staðnæmst en nú bjuggu þar slavneskar þjóðir ýmsar. Ungverjar sýndu þeim enga miskunn, rændu bæði góssi og fólki og seldu í þrældóm. Í þá daga skiptust Ungverjar í eina sjö ættbálka og laut hver sinni stjórn en höfðu yfirleitt nána samvinnu sín á milli, einkum þegar þurfti að skipuleggja herleiðangra eða þjóðflutninga og fólksflótta.

**Enn á flótta**

Þrátt fyrir vaxandi hermennsku voru Ungverjar hins vegar enn ekki nógu miklir bógar til að standa uppi í hárinu á sínum fornu fjendum Petsénekum þegar þeir gerðu eina árásina enn á Ungverja árið 895. Þá flýði ungverska þjóðin með manni og mús yfir Karpatafjöll og inn á pannónsku sléttuna. Vegna innbyrðis deilna stórvelda Mið-Evrópu um þær mundir komust þessir flóttamenn upp með að leggja sléttuna undir sig og hafa búið þar síðan. Það er þó ekki víst að þeir hafi upphaflega hugsað sér að setjast þar að til frambúðar. Framan af tíundu öld, um það bil sem Alþingi var stofnað á Íslandi en víkingaferðir norrænna manna um Vestur-Evrópu voru enn í algleymingi, þá fóru Ungverjar miklar ránsferðir um alla Mið-Evrópu, lengst inn í Þýskaland og Ítalíu og alla leið suður á Spán. Orðið sem af þeim fór var engu skárra en af víkingum, eða Húnum áður.

Árið 955 var Ottó Þýskalandskóngi nóg boðið. Hann kvaddi út her sinn gegn Ungverjum og sigraði innrásarher þeirra örugglega í orrustu í Bæjaralandi. Þá virðast Ungverjar loks hafa ákveðið að setjast um kyrrt á sléttunni, þar sem þeir hafa síðan búið og verja nú með kjafti og klóm og gaddavír og byssukjöftum fyrir nýju flóttafólki. Lengst af réðu þeir allri sléttunni þótt úti við fjöllin á jöðrum hennar byggju einnig aðrar þjóðir, flestar slavneskar. Föst búseta Ungverja kallaði á margvíslegar breytingar, bæði samruna hinna sjö ættbálka, sem og aðlögun að háttum nágranna. Um árið 1000 tóku þeir kristni, rétt eins og Íslendingar. Höfðinginn Vajk varð fyrsti konungur Ungverja og tók upp nafnið Stefán til að gera sig kristilegri í augum páfans. Stefán þurfti að berja niður með blóði harða andstöðu margra landa sinna við bæði kristni og konungdóm og hikaði þá ekki við að kalla á útlenskt herlið til að hjálpa sér. Til varð öflugt ungverskt ríki og laust fyrir 1200 var það sennilega hið stærsta og ríkasta í Evrópu. Snemma á 13. öld eða um svipað leyti og Sturlungaöld var að hefjast á Íslandi neyddu ungverskir aðalsmenn þáverandi kóng til að samþykkja skjal er takmarkaði völd hans og var þar um að ræða fyrsta vísi að stjórnarskrá á meginlandi Evrópu – Englendingar voru aðeins á undan með sitt Magna Carta. Um miðja þá öld urðu Ungverjar fyrir gífurlegu áfalli er Mongólar réðust inn á sléttuna og frömdu mikil hervirki. Sumir telja að allt að helmingur ungversku þjóðarinnar hafi látið lífið meðan Mongólar stóðu við. Við uppbygginguna varð mikið gagn að 40.000 flóttamönnum af ætt hinna tyrknesku Kúmana sem leituðu hælis undan Mongólum. Þeim var vel tekið af Ungverjum á 13. öld og voru afkomendur þeirra lengi síðan 7-8 prósent þjóðarinnar og nutu nokkurrar sjálfstjórnar allt fram á 19. öld þótt þeir tækju fljótt upp ungverska siðu og tungumál.

> LAUST FYRIR SEINNI HEIMSSTYRJÖLDINA NÁÐI FASISTASTJÓRN VÖLDUM Í LANDINU OG GEKK TIL LIÐS VIÐ ADOLF HITLER Í STRÍÐI HANS VIÐ HEIMSBYGGÐINA. UNGVERSKIR FASISTAR GENGU MJÖG RÖSKLEGA FRAM VIÐ AÐ AÐSTOÐA OG TAKA ÞÁTT Í FJÖLDAMORÐUM Á GYÐINGUM, RÓMAFÓLKI, SERBUM OG FLEIRUM.

**Ríkasta land í Evrópu**

Aftur náðu Ungverjar sér vel á strik. Þegar kom fram á 14. öld var Ungverjaland óumdeilanlega ríkasta land Evrópu, enda höfðu þá fundist miklar gullnámur í landinu. En þá fór aftur að syrta í álinn. Tyrkir náðu loks í skottið á Ungverjum, Ottómana-Tyrkir að þessu sinni. Þeir lögðu undir sig Balkanskagann og sóttu langt inn í Mið-Evrópu. Þeir lögðu um tíma undir sig stærstan hluta ungversku sléttunnar og stórveldistíma Ungverja var lokið. Höfuðborg þeirra var um tíma í höndum Tyrkja. Þegar Tyrkir hurfu loks á brott var Ungverjaland ekki svipur hjá sjón. Það hvarf undir handarjaðar Habsborgaraættarinnar í Austurríki sem sölsaði þá undir sig lendur fjölmargra þjóða í Mið-Evrópu. Er kom fram á 19. öld voru Ungverjar farnir að eflast á ný. 1848 gerðu þeir uppreisn og nutu stuðnings sumra frændþjóða sinna og einkum Gyðinga sem orðnir voru nokkuð fjölmennir og áhrifamiklir í Ungverjalandi. En með hjálp Rússa braut Franz Jósef Austurríkiskeisari uppreisnina á bak aftur. Sem tilslökun við Ungverja var hins vegar nokkru seinna farið að kalla ríkið Austurríki-Ungverjaland. Þá var því miður svo komið að ungverskir ráðamenn í ríkinu munu ekki hafa verið hótinu viljugri en Austurríkismenn til veita öðrum þjóðum í „tvíríkinu“ sjálfstjórn eða sjálfstæði.

Við lok fyrri heimsstyrjaldar 1918 hrundi Austurríki-Ungverjaland. Ungverjar urðu loks sjálfstæðir á ný en réðu nú aðeins hluta sléttunnar. Rúmlega þrjár af tíu milljónum Ungverja lentu utan landamæranna. Margir Ungverjar lögðu nú aftur land undir fót til að komast undir ungverskan fána; aðrir syngja enn dramatíska ungverska sorgarsöngva í Serbíu, Rúmeníu og víðar. Laust fyrir seinni heimsstyrjöldina náði fasistastjórn völdum í landinu og gekk til liðs við Adolf Hitler í stríði hans við heimsbyggðina. Ungverskir fasistar gengu mjög rösklega fram við að aðstoða og taka þátt í fjöldamorðum á Gyðingum, Rómafólki, Serbum og fleirum. Um þann viðbjóð allan er enn í dag þagað að mestu í Ungverjalandi. Svo hvarf landið bak við járntjald Sovétríkjanna og uppreisn gegn þeim var bæld niður með hörku 1956. Hundrað þúsund Ungverjar flýðu þá land og voru vandræðalaust boðnir velkomnir í hinum frjálsu Evrópuríkjum. Eftir hrun Sovétríkjanna sóttu Ungverjar loks til frelsis en því miður virðast þeir hafa farið á taugum við efnahagshrunið 2008. Eitthvað var það; þeir kusu yfir sig stjórnvöld sem vel má kalla laumufasista. Með þeim sorglegu afleiðingum sem við sjáum nú í hörku Ungverja gegn flóttamönnum.

**Hvaða máli skiptir gömul saga?**

En svona var saga Ungverja í mjög stórum – og auðvitað einfölduðum – dráttum. Í aldir og árþúsund hröktust þeir óravegu undan fátækt og eymd, breyttum lífsskilyrðum og veðurfari, undan innrásum, hernaði og styrjöldum, alltaf í leit að betra lífi fyrir sig og sína, en sú reynsla virðist ekki hafa kennt þeim samlíðan með öðrum í sömu sporum, fólki sem verður að taka sig upp frá heimalöndum sínum og treysta á velvild annarra. Það má auðvitað spyrja: Hvaða máli skiptir svo gömul saga? Verða ekki Ungverjar eins og aðrir að hugsa fyrst og fremst um hagsmuni sína hér og nú? Jú, kannski – en mikið hefðu þeir haft gott af að læra umburðarlyndi á ferðum sínum. Og svo er á það að líta að þjóðarvitund þeirra, þjóðsögur og mýtur, eru að miklu leyti runnar frá þeim tímum þegar þeir flæktust og flýðu um heiminn. Leitin að „hindinni fögru“ eða nýju heimalandi er enn afar mikilsverður þáttur í sagnaheimi Ungverja. Þeir ættu því að skilja fólk í sömu aðstöðu.

En það ættum við Íslendingar raunar að gera líka. Segir ekki þjóðarmýta okkar að hingað höfum við komið sem aðkomufólk í leit að betra lífi? Og margir verið beinlínis á flótta? Að ekki sé minnst á að við höfum líka ýtt burt þeim sem fyrir voru.



Fjölskyldufjör á laugardag
Kaffi, kleinur, pylsur og djús *
*Á meðan birgðir endast, kveikjum upp í grillinu kl. 13.
Maxímús Músíkús kemur kl. 14:00
Ef keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira fylgir gjöf
Gjafir fyrir öll tækifæri!
Allt að 90% afsláttur
Yfir 4000 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!
RISALAGERSALA á Fiskislóð 39
OPIÐ ALLA HELGINA kl. 10–19
VÍSINDIN
LEIÐSÖGN Í MÁLI OG MYNDUM
NÁTTÚRAN
LEIÐSÖGN Í MÁLI OG MYNDUM
Stórvirki 4.990 kr. stk.
Hótel Kalifornía
99 kr.
Strympa
Spegillinn sem Strumpaði
Riddarastrumpur
10 bækur í pakka
3.990 kr.
Myndlist í þrjátíu þúsund ár
1.490 kr.
Innbundin
KONAN VIÐ 1000°
KEPLER
DÁVALDURINN
Innbundin
gæska
FLEIRI PRJÓNAPERLUR
TALNAPÚKINN
990 kr.
990 kr.
990 kr.
990 kr.
690 kr.
*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.
Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · Opið alla daga kl. 10–19

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
19. SEPTEMBER 2015 LAUGARDAGUR



Elskuleg eiginkona mín, dóttir okkar, móðir, tengdamóðir, systir, mágkona og amma

**Anna Guðrún Árnadóttir**

Sjafnarbrunni 4, Reykjavík
áður til heimilis að Brynjólfsbúð 16, Þorlákshöfn

lést að heimili sínu sunnudaginn 13. september. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 22. september kl. 13:00. Aðstandendur vilja koma á framfæri þakklæti til starfsfólks heimahlynningar Landspítalans.

**Gissur Baldursson**
**Árni Kristján Sigurvinsson** **Guðrún Halla Friðjónsdóttir**
**Guðrún Arna** **Bjarni R. Guðmundsson**
**Árný Yrsa Gissurardóttir** **Ingólfur Magnússon**
**Baldur Rafn Gissurarson**
**Aron Ingvar Gissurarson** **Edda Sigrún Guðmundsdóttir**
**Gissur Freyr Gissurarson** **Unnur Regína Gunnarsdóttir**
**Árni Friðjón Árnason** **Arna Mjöll Karlsdóttir**
**Sigurvin Óskar Árnason** **Elena Krat**
**Halla Sigrún Árnadóttir** **Þórður Grétar Kristjánsson**
**Hrafnhildur Anna og Þorgerður Arna**



Elskuleg frænka okkar,

**Þóra Aradóttir Sickels**

andaðist þriðjudaginn 1. september á heimili sínu í New Jersey í Bandaríkjunum. Útförin hefur farið fram. Minningarathöfn verður í Fossvogskapellu fimmtudaginn 24. september kl. 15.

**Systkinabörnin**












**Guðlaugur Aðalsteinsson í garðinum sínum. Námskeiðið hefst eftir tíu daga.** Fréttablaðið/Pjetur

# Hugmyndasmiður kennir börnum skapandi hugsun

**Gunnlaugur Aðalsteinsson er hugmyndasmiður á auglýsingastofunni Brandenburg. Hann ætlar að gefa börnum tól til að viðhalda skapandi hugsun sinni á sex vikna námskeiði.**

„Eftir því sem maður kemst ofar í skóla fer fókusinn meira á raungreinar eða tungumál, allt þetta praktíska,“ segir Gunnlaugur Aðalsteinsson hugmyndasmiður. Hann er að setja á laggirnar námskeið fyrir börn á aldrinum 10 til 13 ára í skapandi hugsun og hugmyndasmíð, sem ber nafnið Litla hugmyndasmiðjan.

„Ég ætla í raun ekki að kenna þeim skapandi hugsun heldur er ég með alls konar tól og tæki til að hjálpa þeim að viðhalda þessu. Þegar maður er í leikskóla er alltaf verið að styðja við þetta.“

Gunnlaugur starfar sjálfur sem hugmyndasmiður hjá auglýsingastofunni Brandenburg. „Það er skemmtilegasta vinna sem hægt er að vinna við. Ég vil endilega sýna fleirum að þetta sé möguleiki.“

Hann segir að sig hafi alltaf langað til að vinna sem hugmyndasmiður en það hafi verið erfiðara að finna nám sem hentaði hugmyndum hans um framtíðarstarf. „Ég fór til Englands og lærði auglýsinga- og markaðsfræði. Þar gat ég valið í hvaða deild ég vildi starfa og valdi creative analysis.“

En er hægt að fá frábærar hugmyndir undir pressu? „Hugmyndavinna fer yfirleitt fram í hóp, með samvinnu. Stundum er erfitt að steypa saman Excel-skjalinu og einhverju sem á að vera meira flæðandi, eins og þegar búið er að bóka hugmyndafund klukkan þrjú á miðvikudegi.“

„Skapandi greinar er alveg sérþáttur sem er svolítið leiðinlegt að horfa fram hjá. Þegar ég var lítill hefði ég verið til í að komast á svona námskeið,“ segir hann. Dóttir Gunnlaugs er tæplega tveggja vikna gömul en hugmyndin er að halda námskeiðið, sem er sex vikna langt, í fæðingarorlofinu. „Ég hugsaði að fyrst ég leitaði að einhverju svona námi á sínum tíma þá hlyti einhver annar að vera að spá í því sama.“

> **Ég hugsaði að fyrst ég leitaði að einhverju svona námi á sínum tíma þá hlyti einhver annar að vera að spá í því sama.**

Talið berst að hugmyndafrekri vinnu fullorðinna og hve erfitt það getur reynst að mæta hálftómur til vinnu. „Kannski þarf Litla hugmyndasmiðjan að stækka við sig og fá fullorðna til sín,“ segir Gunnlaugur.

Eins og áður segir er námskeiðið sex vikna langt og hefst mánudaginn 28. september. snaeros@frettabladid.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vinsemd við andlát föður okkar, tengdaföður og afa,

**Hólms Dýrfjörð**

frá Siglufirði.

Starfsfólki dvalarheimilisins Grundar viljum við færa sérstakar þakkir fyrir þá umhyggju og vinsemd sem hann naut síðustu æviárin.

**Birna Dýrfjörð**
**Anna Dýrfjörð** **Skúli Sigurðsson**
**Erla Dýrfjörð**
**Guðmunda Dýrfjörð** **Birgir Vilhelmsson**
**Kristján Dýrfjörð**
**Ragnheiður Sigurðardóttir** **Finnur Jóhannsson**
**Sigmundur Dýrfjörð** **Berglind Guðbrandsdóttir**
**og afabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Magnúsar Ásmundssonar**

læknis.

Starfsfólk á Skógarbæ fær sérstakar þakkir fyrir góða umönnun og gott viðmót við aðstandendur.

**Katrín Jónsdóttir**
**Eyrún Magnúsdóttir**
**Sæmundur Þ. Magnússon**
**Andrés Magnússon** **Áslaug Gunnarsdóttir**
**Jón Magnússon** **Guðrún Bergþórsdóttir**
**Ásmundur Magnússon** **Ásdís Höskuldsdóttir**
**Steinunn S. Magnúsdóttir** **Jesper Madsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


PIPAR\TBWA · SÍA
Veturinn leggst vel í okkur
2
Sjónvarpsdagskrá Stöðvar 2 verður með glæsilegasta móti í vetur. Boðið verður upp á skemmtilega blöndu af innlendu og erlendu gæðaefni þar sem áhorfendur á öllum aldri finna sér eitthvað við hæfi. Vertu með okkur í vetur, það verður nóg um að vera.



**Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir** hefur tvisvar áður haldið einsöngstónleika, fyrst árið 2011 og síðan 2013. Mynd/Aðsend

# Tónleikar í tilefni af fimmtugsafmæli

**Heiðrún Kristín Guðvarsdóttir söngkona heldur tónleika í dag undir yfirskriftinni Með bros á vör. Heiðrún fagnar því að hafa komist heil á húfi úr erfiðri krabbameinsmeðferð.**

„Þessir tónleikar eru mjög stórt skref fyrir mig,“ segir söngkonan Heiðrún Kristín Guðvarðsdóttir sem heldur tónleika í dag undir yfirskriftinni Með bros á vör. Tilefni tónleikanna er tvíþætt, annars vegar til að halda upp fimmtugsafmæli Heiðrúnar en einnig til þess að fagna því að hún komst heil á húfi úr erfiðri krabbameinsmeðferð. „Ég er enn að byggja upp orkuna eftir meðferðina,“ útskýrir Heiðrún og bætir við: „Ég fékk mjög sjaldgæfa tegund af krabbameini. Fyrir tíu árum voru ekki til lyf við tegundinni sem ég fékk. Ég þurfti að fara í allan pakkann; lyfjagjöf, geislameðferð, aðgerð og svo aftur í lyfjagjöf. Þetta var sextán mánaða barátta og var alveg svakalega erfitt. En nú fagna ég, meðal annars með því að nota lagið Smile, sem ég hafði sérstakt dálæti á í veikindunum.“ Heiðrún varð fimmtug í júlí og hélt upp á afmælið með því að fara til útlanda. „Ég fór til Düsseldorf ásamt manninum mínum. Ég fékk meira að segja ókeypis í ferju þarna í Þýskalandi á sjálfan afmælisdaginn,“ segir hún og skellir upp úr.

Tónleikar Heiðrúnar hefjast klukkan 16 í dag og fara fram í Fella- og Hólakirkju. Með henni syngja þau Davíð Ólafsson, Kristín R. Sigurðardóttir, Helga Magnúsdóttir og sönghópurinn Boudoir. Meðleikarar eru Julian M. Hewlett á píanó, Símon H. Ívarsson á gítar og Guðni Franzson á klarinett. Heiðrún ætlar að flytja sitt lítið af hverju. „Ég mun syngja bandarísk dægurlög og létta klassíska tónlist, svo eitthvað sé nefnt.“ Heiðrún mun einnig flytja íslensk lög á borð við Hrísluna og lækinn, eftir Inga T. Lárusson, og Hugur flýgur, eftir Gunnar Reyni Sveinsson. „Síðan tek ég auðvitað lagið hans Charlie Chaplins, Smile. Ég nýt aðstoðar kvennasönghópsins Boudoir í því lagi.“

Heiðrún hefur tvisvar áður haldið einsöngstónleika, fyrst árið 2011 og síðan 2013, í bæði skiptin í Fella- og Hólakirkju. **kjartanatli@frettabladid.is**

## Merkisatburðir

**1802** Andvana síamstvíburar fæddust í Rangárvallasýslu.
**1874** Blaðið Ísafold hóf göngu sína.
**1915** Jóhann Hafstein, fyrrverandi forsætisráðherra, fæddist.
**1939** Þýski kafbáturinn U30 kom til Reykjavíkur með þrjá slasaða menn. Þeir höfðu slasast við árás kafbátsins á breskt flutningaskip.
**1974** Jimmy Fallon, bandarískur grínisti og þáttastjórnandi, fæddist.
**1977** Jón L. Árnason varð heimsmeistari sveina í skák, 16 ára gamall.
**1981** Tungufoss sökk á Ermarsundi.



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og kærleika við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Páls Magnússonar**
vélfræðings.

**Jóhanna Rögnvaldsdóttir**
**Magni Þór Pálsson** — **Elísabet Arna Helgadóttir**
**Ingvi Már Pálsson** — **Sigríður Kristín Birnudóttir**
**Tómas, Helga, Gauti og Gunnur Magnabörn**
**Emilía, Karítas og Lovísa Ingvadætur**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir einstakan kærleikshug og samúð vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

**Þorgríms Einarssonar**
Togga

**Sigmundína Sara Þorgrímsdóttir**
**Kolfinna Líf Pálsdóttir, Breki Þór Þorgrímsson**
**Viljar Máni Þorgrímsson, Einar Þorgrímsson**
**Bryndís Eysteinsdóttir**
**Einar Þorgrímsson** — **Sigurlína Sveinsdóttir**
**Eysteinn Ó. Einarsson** — **Kristrún Úlfarsdóttir**
**Vífill Valdimarsson**

---



✝

Okkar ástkæri,

**Stefán Gunnar Vilhjálmsson**
Starrahólum 7, Reykjavík

lést á Landspítalanum við Hringbraut 12. september. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 24. september kl. 15.

**Sigríður Ásmundsdóttir** — **Gunnar Óskarsson**
**Ásdís Gunnarsdóttir**
**Ármann Gunnarsson**
**Arnþór Fannar Guðmundsson**
**Berglind Björg Guðmundsdóttir**
**og fjölskyldur**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Rafnhildar Katrínar Árnadóttur**
áður til heimilis að Sunnubraut 17, Akranesi.

Sérstakar þakkir fá starfsmenn Dvalarheimilisins Höfða fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Helga Guðmundsdóttir** — **Ingi Steinar Gunnlaugsson**
**Kristinn Guðmundsson** — **Petrea Ingibjörg Jónsdóttir**
**Guðjón Guðmundsson** — **Elín Jóhannsdóttir**
**Jónína Guðmundsdóttir** — **Ásgeir Kristjánsson**
**Þórir Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Þórelfur Jónsdóttir**
leikskólakennari,

lést miðvikudaginn 16. september á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 25. september kl. 11.00.

**Reynir Jóhannsson, Bragi Jóhannsson,**
**Brynjar Jóhannsson, Hjörtur Jóhannsson,**
**Lára Björk Magnúsdóttir, Árný S. Steindórsdóttir,**
**Ragnhildur Gunnarsdóttir og barnabörn.**

---



✝

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Inga Guðrún Gunnlaugsdóttir**
sjúkraliði,
Víðihlíð 10,

andaðist á dvalarheimilinu Grund 14. september sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 22. september kl. 13.00.

**Sigurjón Hreiðar Gestsson**
**Sigríður Sigurjónsdóttir** — **Eiríkur Steingrímsson**
**Gunnlaugur Sigurjónsson** — **Þórdís Arnardóttir**
**Rúnar Sigurjónsson** — **Kristín Loftsdóttir**
**Arney Eva, Inga Guðrún, Halla, Jón Hreiðar og Ragna Steinunn**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Rýmingarsala föstudag til sunnudags.

# Allt á að seljast !

# 20–90% afsláttur !

# VERSLUNIN LOKAR !

Kauptúni 1 Garðabæ

MAX RAFTÆKI

| | |
|---|---|
| Föstudagur | kl. 11-19 |
| Laugardagur | kl. 11-18 |
| Sunnudagur | kl. 12-18 |

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

# HINN EINI SANNI ATLAS!

Kominn aftur eftir **fimm ára bið!**

Þessi útgáfa er gerbreytt, með endurskoðuðum kortum og fleiri örnefnum.




**Íslands atlas**
Verð: 24.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá



### Laugardagur

**Suðaustan 13 til 18 metrar á sekúndu og rigning með köflum. Hægari vindur á Norður- og Austurlandi, þurrt að mestu og þar verður jafnframt hlýjast, eða allt að 17 stiga hiti.**

### Flóð og fjara

| REYKJAVÍK FLÓÐ | REYKJAVÍK FJARA | AKUREYRI FLÓÐ | AKUREYRI FJARA | ÍSAFJÖRÐUR FLÓÐ | ÍSAFJÖRÐUR FJARA |
|---|---|---|---|---|---|
| **09.32** | **03.21** | **01.37** | **07.41** | **11.29** | **05.23** |
| 3,31M | 0,7M | 1,28M | 0,41M | 1,85M | 0,43M |
| **21.49** | **15.47** | **13.57** | **20.10** | **23.48** | **17.58** |
| 3,12M | 0,87M | 1,33M | 0,45M | 1,74M | 0,58M |

**Tunglstaða:** Vaxandi 25%

**Sólarupprás:** 07.00 **Sólarlag:** 19.40

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 17° | 17° | 16° | 16° | 15° | 12° | 3° |
| **London** | **Amsterdam** | **París** | **Berlín** | **Madrid** | **Brussel** | **Róm** |
| 17° | 18° | 18° | 20° | 23° | 17° | 30° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 18° | 19° | 23° | 21° | 28° | 22° | 15° |

### Reykjavík



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 10° | 10° | 9° | 7° | 8° |
| ↖12 | ↑8 | ↑12 | ↗7 | ↖7 |

### Ísafjörður



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 9° | 7° | 7° | 6° | 5° |
| ↑9 | ↖6 | ↑14 | ↗7 | ↑10 |

### Akureyri



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 13° | 10° | 9° | 6° | 7° |
| ↑9 | ↑4 | ↑7 | ↗5 | ↗5 |

### Egilsstaðir



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 10° | 9° | 10° | 10° | 5° |
| ↑8 | ↑4 | ↑7 | →3 | →7 |

### Kirkjubæjarklaustur



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 10° | 9° | 8° | 8° | 9° |
| ↖10 | ↖6 | ←4 | ↗7 | ↘5 |

## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








Þessari kjarnaborvél var stolið úr bílskúr í Garðarbæ. Þeir sem geta gefið einhverjar upplýsingar um hana vinsamlega hafið samband í síma 840-7740 eða 840-7744.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT


HÁRTÆKJADAGAR
Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is
ÖLL HÁRSNYRTITÆKI
Á 20-50% AFSLÆTTI
Öll Babyliss, Philips, Remington, Vidal Sasson og Tony&Guy hártæki á góðum afslætti.
Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup!
LÝKUR UM HELGINA
SLÉTTUJÁRN • BYLGJUJÁRN • HÁRKLIPPUR • KRULLUJÁRN • NEFHÁRASNYRTAR • BLÁSARAR
• HITABURSTAR • RAKVÉLAR • KEILUJÁRN • HITARÚLLUR • HÁRSNYRTAR OG MARGT FLEIRA
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

## Konráð og félagar á ferð og flugi 166

Bragi Halldórsson

„Þar fór í ver," sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst." Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein."

Getur þú hjálpað félögunum að komast í gegnum þetta völundarhús?













# Æfir fimleika og hugrekkið

**Esja María Steindórsdóttir** verður fimm ára í nóvember og er á leikskólanum Laufásborg. Hún æfir fimleika og Páll Óskar er uppáhaldssöngvarinn hennar.

Esja María Steindórsdóttir verður fimm ára í nóvember. Hún æfir fimleika og Páll Óskar er uppáhaldssöngvarinn hennar.

**Ertu í leikskóla?** Já, ég er á Laufásborg sem er alveg eins og kastali í laginu, ég er á eldri stúlkna kjarna. Ég er sko alveg að verða fimm ára áður en jólin koma.

**Hvað er skemmtilegast í leikskólanum?** Sko, þegar einhver á afmæli þá er skemmtilegast. Þá eru 100 kökur í boði en samt bara ein á mann.

**Hver er uppáhaldssöngvarinn þinn?** Páll Óskar af því ég elska hann.

**Áttu gæludýr?** Já, tvo hunda. Ein heitir Stella, hún býr hjá ömmu Boggu og afa Snorra, hin heitir Fífa og býr hjá Önnu Maríu og Tinnu frænkum mínum. Svo á ég kött sem býr hjá Evu frænku. Pabbi minn er nefnilega með ofnæmi fyrir loði þannig að þau geta ekki búið hjá okkur.

**Finnst þér gaman í leikhúsi?** Já og í vetur ætla ég að sjá Billy Elliot.

**Ertu að æfa eitthvað?** Ég æfi fimleika, svo er ég að æfa mig að vera hugrökk.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Að fara í fimleika og í Hljómskálagarðinn.



Esju Maríu finnst skemmtilegast á leikskólanum þegar einhver á afmæli. Fréttablaðið/Anton

# Finnst skemmtilegast að baka kökur með hvítu súkkulaði

## Amelía deilir uppskrift að Mars Krispies kökum.

Amelía bakar mikið með mömmu sinni, Lilju Katrínu Gunnarsdóttur, en henni finnst skemmtilegast að skreyta kökurnar. Henni finnst skemmtilegast að baka kökur með hvítu súkkulaði. „Ég fæ ekki að baka ein en um daginn fékk ég að setja krem á möffins með kökusprautu alveg sjálf," segir Amelía sem fær stundum að smakka áður en kakan er tilbúin. „Ég fæ að sleikja sleifina og það sem er hrært með." Amelía hefur líka smakkað kökur í öðrum löndum. „Já, í Taílandi. Þar voru til grænar Manchester United kökur með kremi," segir hún.

Amelía lætur fylgja með uppskrift að aðeins öðruvísi Rice Krispies kökum sem hún bakaði með mömmu sinni um daginn. Ljómandi góðar og einfaldar.

### MARS KRISPIES

- 300 g Mars
- 50 g smjör
- 120 g Rice Krispies
- 300 g mjólkursúkkulaði

Bræðið Mars og smjör saman í stórum potti yfir meðalhita. Þegar allt er orðið vel blandað saman hellið þið Rice Krispies út í, takið pottinn af hellunni og blandið vel saman. Blöndunni skellt í ílangt form með smjörpappír eða bara möffinsform. Leyfið blöndunni að kólna og jafna sig.

Bræðið mjólkursúkkulaðið og hellið yfir Mars Krispies. Setjið inn í ísskáp og berið fram þegar súkkulaðið hefur storknað.



Amelíu finnst skemmtilegt að baka og hún fær oft að smakka deigið.

**ÉG FÆ AÐ SLEIKJA SLEIFINA OG ÞAÐ SEM ER HRÆRT MEÐ.**

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# Gerðu góð kaup



35% afsláttur

**999** kr. kg

Verð áður ~~1554~~ kr. kg

Íslenskt grísasnitsel



35% afsláttur

**999** kr. kg

Verð áður ~~1554~~ kr. kg

Íslenskt grísagúllas




Stórkaup

**1799** kr. kg

Íslenskar Krónu kjúklingabringur, stórkaup




## Heitt og klárt

**Heill grillaður kjúklingur**

og 2 lítra Toppur án bragðefna fylgir með

**1499** kr. tvennan

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

## BÆNDA-MARKAÐUR

Í DAG LAUGARDAG

VELJUM ÍSLENSKT!



## Ný íslensk uppskera

af grænmeti beint frá bónda

Í Krónunni Akranesi, Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ og Selfossi

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Ljóð bæta við og fylla myndina

**Óskar Árni Óskarsson skáld sendi nýverið frá sér ljóðabókina Blýengillinn og þar eru ófá ljóðin samofin borgarmyndinni, vinum skáldsins og góðum bókum enda hefur skáldið starfað sem bókavörður í 40 ár.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Ég hef verið á rölti um Reykjavík í sextíu og fjögur ár. Þannig að það má hiklaust segja það að ljóðin mín séu ofin inn í þessa borg þar sem ég tíni þau upp svona hér og þar en annað verður bara til við skrifborðið eins og gengur. Margt er svona fundin ljóð, þar sem ég sé eitthvað eða heyri samræður í strætó eða eitthvað slíkt á mínu rölti um borgina og það kveikir oft eitthvað,“ segir skáldið Óskar Árni Óskarsson sem nýverið sendi frá sér ljóðabókina Blýengillinn. Hér er á ferðinni þrettánda ljóðabók Óskars Árna en að auki liggja eftir hann átta smáprósar og fjöldi þýðingarverka, þar á meðal á japönsku ljóðskáldunum Kobayashi Issa og Matsuo Basho, auk smásagna hins ameríska Raymonds Carver.

**Knappur í formi**

Óskar Árni er gjarnan nefndur meistari smáprósans og hversdagsins í íslenskum bókmenntum en hann segir að ljóðin og smáprósarnir í Blýenglinum séu frá síðustu fjórum árum. „Þannig að það er ekkert meginþema í bókinni en svo eru myndljóðin þarna aftast en hluti af þeim hefur birst áður. Myndljóðin eru gerð á Silverreed-ritvél og birt þannig að letrið á blaðinu er birt eins og það kemur úr ritvélinni en það er engin leið lengur að fá borða í hana þannig að þetta er endanlegt. Það er svolítil kúnst að gera þetta á venjulega ritvél og ég hef alltaf haft áhuga á myndlist svo það tengist eitthvað þarna. Það er svo mikill skyldleiki á milli ljóðsins og myndlistarinnar og reyndar tónlistarinnar líka ef út í það er farið. Þetta hefur allt áhrif hvert á annað og eru allt hughrif.“

Allan sinn skáldaferil hefur Óskar Árni verið knappur í formi, hvort sem er í ljóði eða prósa, og hin knöppu form hafa óneitanlega togað sterkt í hann. „Jú, það hefur alltaf verið þannig og í þessari bók eru til að mynda einhendur, ljóð sem eru bara ein lína hvert ljóð, og svo eru þarna nokkrar hækur og lengri prósar. Ég held að það sem hafi gert það að verkum að ég leita í þessi knöppu form hafi upprunalega verið að ég féll fyrir einhverri bók á ensku með þýðingum á japönskum hækum. Líklega var það Kobayashi Issa og mér fannst bara eins og hann væri að yrkja í gegnum mig en hann var reyndar búinn að vera dauður í einhver 200 ár,“ segir Óskar Árni og skemmtir sér yfir þessum andlega skyldleika við japanska skáldið.

**Í heimi skálda og bóka**

Eitt af því sem einkennir verk Óskars Árna er að þau dvelja oft í veröld bóka og skálda. Í Blýengli bregður til að mynda fyrir Vilborgu Dagbjartsdóttur, Samuel Beckett, Geirlaugi Magnússyni, Degi Sigurðarsyni, Jóni Halli og Russel Edson og efalítið fleiri ef vel er að gáð. „Það má víst alveg segja það að ég dvelji talsvert í heimi bókarinnar enda er ég búinn að vera bókavörður í 40 ár og í hlutastarfi síðustu tvo áratugina eða svo,“ segir Óskar Árni sposkur. „En svo er það bara vinskapur við önnur skáld. Þetta er líka ákveðin samræða við vini mína og svo bara lestur til þess að fá innblástur. Það koma oft hugmyndir þegar maður er að lesa aðra höfunda þótt maður finni ekki endilega til skyldleika við þá eða eitthvað slíkt.“

Aðspurður hvað Óskar Árni telji að hafi mótað hann hvað mest sem skáld bendir hann á að hann hafi í raun byrjað seint. „Ég sendi fyrstu bókina frá mér 1986 og þá er ég þrjátíu og sex ára gamall. Þá var ég náttúrulega búinn að lesa heilmikið, lá í atómskáldunum en fyrstu höfundarnir sem ég las voru nú nokkuð rökréttir. Fyrst voru það Davíð og Tómas – Reykjavíkurskáldið og svo Örn Arnarson frændi minn en svo færði ég mig smátt og smátt yfir í módernismann. Þetta hefur eflaust verið einhver grunnur. Málið með þessi borgarskáld er að ég lít svo á að ljóð og önnur verk sem fjalla um ákveðið umhverfi verði hluti af borgarmyndinni. Ef þú hefur lesið texta um ákveðinn stað þá bætir það við og fyllir myndina af þeim stað sem þú ert á hverju sinni.“

**Hekluferð og Geirlaugur**

En ljóð og skáldskapur Óskars Árna hefur líka oft leitað út fyrir borgarmörkin. Í Blýengli fer þó minna fyrir þeim yrkisefnum en víða en smáprósinn Hekluferðin segir þó einkar skemmtilega frá tilraun skáldsins til þess að leggja land undir fót út fyrir borgarmörkin. „Já, þetta er reyndar sönn saga aldrei þessu vant. Ég lenti í þessu að ætla að fara í Hekluferð að ganga í fótspor Bjarna og Eggerts. En hafði farið dagavillt hjá Ferðafélaginu því ferðin hafði verið farin daginn áður. Mér var þó boðið að skella mér í fjöruferð á Seltjarnarnesið en það leist mér ekkert á. Það voru því dálítið þung sporin heim. Ég hef þó skrifað talsvert, bæði ljóð og prósa, þar sem sögusviðið er úti á landi.“

Óskar Árni tengist reyndar norður á Sauðárkrók í gegnum sinn vinahóp en þó einkum Geirlaug Magnússon sem þar bjó.

„Í mínum vinahópi var Gyrðir, Sigurlaugur Elíasson og Geirlaugur – þó að skáldskapur minn hafi aldrei verið eins og skáldskapur Geirlaugs þá hafði hann áhrif á mig. Við vorum svona í hóp, Norðanskáldin vorum við kölluð þó svo að ég hafi verið að sunnan. Geirlaugur var svo víðlesinn og hann var alltaf að miðla til okkar útlendum ljóðskáldum, alltaf að stækka heiminn, enda átti hann mikið safn af bókum. Það má eflaust segja að hann hafi mótað okkur talsvert en hann hafði líka svo hvetjandi áhrif. Ég fór til að mynda með annað ljóðahandrit mitt til Geirlaugs og hann var nokkuð ánægður með það og í framhaldinu er það svo gefið út á Sauðárkróki þar sem Sigurlaugur Elíasson býr. Þetta reyndist mér dýrmætt.“



Fréttablaðið/Pjetur

**Ég lenti í þessu að ætla að fara í Hekluferð að ganga í fótspor Bjarna og Eggerts. En hafði farið dagavillt hjá Ferðafélaginu því ferðin hafði verið farin daginn áður.**

## Á VOTRI GANGSTÉTT

**Ég var á gangi eftir Meistaravöllum
eitt rigningarsíðdegi í haust
þegar ég sá glitta í eitthvað á gangstéttinni.
Þetta var lítill engill úr silfurlitum málmi.
Lítill blýengill. Ég vóg hann í lófanum.
Hann var örsmár. Greinilega steyptur í mót
eins og tindátarnir sem ég átti þegar ég var strákur.
Hafði hann fallið niður af himninum,
of þungur til að vængirnir bæru hann uppi?
Ekki veit ég hvort fundur engilsins
hefur einhverja dýpri merkingu.
En allar götur síðar hefur hann búið í vasa mínum.**
Óskar Árni Óskarsson

FYRSTI SAMEIGINLEGI FUNDUR
ÖLDUNGARÁÐS REYKJAVÍKURBORGAR OG BORGARSTJÓRNAR

*verður haldinn* ***22. september 2015*** *í Tjarnarsal, Ráðhúsi Reykjavíkur*

DAGSKRÁ

14.00 **Stefnumörkun í málefnum aldraða**
Dagur B. Eggertsson, *borgarstjóri*

14.10 **Til hvers öldungaráð?**
Guðrún Ágústsdóttir, *formaður öldungaráðs*

14.20 **Staða eldri borgara** – kynningar sviðsstjóra Reykjavíkurborgar
Stefán Eiríksson, *velferðarsvið*
Ólöf Örvarsdóttir, *umhverfis- og skipulagssvið*
Helgi Grímsson, *skóla- og frístundasvið*
Ómar Einarsson, *íþrótta- og tómstundasvið*
Svanhildur Konráðsdóttir, *menningar- og ferðamálasvið*

15.00 **Aldursvænar borgir**
Pálmi V. Jónsson, *prófessor og yfirlæknir öldunarlækninga LSH*

15.10 **Talsmaður eldri borgara**
Þórunn Sveinbjörnsdóttir, *formaður félags eldri borgara í Reykjavík*

15.20 **Umræður borgarfulltrúa og spurningar fundargesta**

17.00 **Fundarlok**

## KAUPMANNAHÖFN

# AÐVENTUFERÐ

**Verð: 110.000 kr. á mann í tvíbýli**
**(Viðbót v/einbýlis 14.500 kr.)**




- Aðventuferð eldri borgara til Kaupmannahafnar verður farin 22. – 25. nóvember og 29. nóvember – 2. desember.
- Innifalið í verðinu er flug með Icelandair ásamt flugvallarsköttum, gisting á Hotel du Nord í 3 nætur með morgunverði og allur akstur.
- Einnig eru skoðunarferð um gamla bæinn með Sigrúnu Gísladóttur, kvöldverður og einn drykkur á komudegi, aðgöngumiði í Tívolí, „julefrokost“ á Restaurant Grøften og sigling um síkin með Jazzbandi Michael Bøving innifalin.
- Fararstjóri: Erla Guðmundsdóttir.

+ **Nánari upplýsingar hjá hópadeild Icelandair:**
**50 50 406 | hopar@icelandair.is**

ICELANDAIR

**Stjórn Vina Vatnajökuls auglýsir eftir umsóknum um styrki**

VINIR VATNAJÖKULS

Vinir Vatnajökuls eru hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs. Samtökin styrkja rannsóknir, kynninga- og fræðslustarf sem stuðlar að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs.

**Umsóknarfrestur stendur frá 1. ágúst til 30. september 2014. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu samtakanna www.vinirvatnajokuls.is**

**Gítarnámskeið**

**Skráning er hafin**

Einkatímar
40 mín. tímar 1x í viku | 12 vikur

Fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna á öllum aldri.

Skráning í síma 581 1281
gitarskoli@gitarskoli.is

www.gitarskoli.is

GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

**Náttúruparadís steinsnar frá hjartslætti borgarinnar**







**Til sölu úr landnámsjörðinni Skeggjastöðum í Mosfellsdal, við Leirvogsána undir Esjurótum, tvær íbúðir í mikið endurnýjuðu steinsteyptu húsi.**

Annars vegar 231 fm 5 herbergja hæð með bílskúr og hins vegar 73 fm tveggja herbergja íbúð með sér inngangi. Að auki fylgja tvær skemmur 588 fm hvor og sökkull undir þá þriðju. Draumastaðsetning hvort sem er sem einkaheimili eða undir rekstur ferða- eða frístundaþjónustu.
**Verð 94,3 milljónir og er eignin laus til afnota við samning.**
Húsið stendur á 3ja hektara landi sem skiptist til helminga milli tveggja eigenda en að auki er möguleiki á að kaupa 50 hektara aðliggjandi landsvæði.

**Nánari upplýsingar veittar í síma 841 6622 eða á netfanginu Skeggi@simnet.is Facebook síða: Skeggjastaðir ehf.**



Nína Tryggvadóttir listmálari var á meðal frjóustu og framsæknustu listamanna sinnar samtíðar.

# Alltaf í miðri hringiðunni

## Una Dóra Copley er einkadóttir Nínu Tryggvadóttur myndlistarkonu en í gær var opnuð glæsileg yfirlitssýning á verkum Nínu í Listasafni Íslands. Una Dóra var alin upp í hringiðu lista og menningar.

Nína Tryggvadóttir fæddist á Seyðisfirði árið 1913 en fjölskyldan flutti til Reykjavíkur árið 1920 og bjó skammt frá Ásgrími Jónssyni listmálara, sem hefur að öllum líkindum verið fyrstur til þess að segja Nínu til við listsköpun sína en í gær var opnuð í Listasafni Íslands yfirlitssýning á verkum Nínu.

Una Dóra Copley, einkadóttir Nínu og eiginmanns hennar, Alfreds L. Copley, er stödd á landinu og verður með áður óbirt verk eftir móður sína á sýningunni. Una Dóra segir að það sé mikið gleðiefni fyrir hana hversu viðamikil og glæsileg sýningin í Listasafninu sé. „Þetta er stærsta og glæsilegasta yfirlitssýning á verkum hennar í fjörutíu ár og svo ég er alveg óskaplega glöð.

Það hefur líka sérstaklega mikla merkingu fyrir mig að þessi sýning skuli vera hér. Ég elska Ísland. Hér var ég fædd og við mamma eyddum alltaf sumrunum saman hérna heima allt þar til hún lést árið 1968 og ég gifti mig þarna um svipað leyti. Eftir það hætti ég því miður að koma jafn mikið en ég lít samt alltaf svo á að þetta sé líka mitt heimili og að ég sé bæði íslensk og bandarísk. Mamma gerði líka alltaf sitt til þess að ég upplifði mig sem Íslending og það hef ég líka alltaf gert.“

Nína nam myndlist í Kaupmannahöfn og New York og bjó auk þess í París, Lundúnum og Reykjavík. Aðallega vann hún málverk með olíu á striga en hún er einnig þekkt fyrir barnabækur sínar, pappírsverk og verk úr steindu gleri og mósaík. Hún var meðal frjóustu og framsæknustu myndlistarmanna sinnar kynslóðar, þátttakandi í formbyltingunni í íslenskri myndlist á 5. og 6. áratugnum. Hún sýndi verk sín á fjölda sýninga um heim allan, þar á meðal í ICA; Institute of Contemporary Arts, London, Palais des Beaux-Arts í Brussel og New Art Circle Gallery í New York. Hún er einn fjögurra íslenskra listamanna sem eiga verk í eigu MoMA; Museum of Modern Art í New York, auk þess sem verk hennar eru í eigu fjölda annarra listasafna og einstaklinga um heim allan.

Una Dóra segir að það hafi nú ekki komið sér á óvart að sjá í hversu miklum metum verk Nínu eru í íslenskum listheimi. „Mamma fann alltaf að hún var í miklum metum hérna ekki síður en í öðrum heimshlutum. Fyrst og fremst er ég bara svo stolt af henni. Hún var stórkostlegur listamaður og yndisleg móðir. Málið er að ég skil í sjálfu sér ekki á milli listakonunnar og móðurinnar og hef aldrei gert. Mamma og pabbi tóku mig alltaf með hvert sem þau fóru enda var ég afskaplega þægt barn. Ég var tekin með í opnanir og veislur og þær voru nú aldeilis frábærar, opnunarveislurnar, í þá tíð. Hljómsveitir og heillandi samræður og mikið líf. Alveg gríðarlega mikið líf.

**FORELDRAR MÍNIR LIFÐU Í ÞESSARI HRINGIÐU LISTANNA HVAR SEM VIÐ BJUGGUM.**



Una Dóra Copley ung að árum ásamt foreldrum sínum á vinnustofu móður sinnar.

Það var svo mikið að gerast í listinni á þessum tíma og listamennirnir hluti af mikilli samræðu í gegnum verk sín. Það var afskaplega mikil samræða í gangi í listheiminum öllum, skipst á hugmyndum, möguleikar kannaðir, og tekist á um strauma og stefnur af mikilli ástríðu. Þetta var sérstakur og skemmtilegur tími í listinni. Foreldrar mínir lifðu í þessari hringiðu listanna hvar sem við bjuggum. Þar voru heimspekingar, rithöfundar, málarar, dansarar og svo mætti lengi telja og það merkilega er að alltaf var að minnsta kosti einn Íslendingur í miðri hringiðunni og sú manneskja var mamma. Mamma var alltaf í þessari hringiðu miðri og það var hún allt til hinsta dags.

Mér finnst synd hvað þetta hefur dottið upp fyrir í seinni tíð og hver og einn listamaður er meira að reyna að ná í gegn einn og sér. En fyrst og fremst er ég glöð yfir því hvað sýningin sem var verið að opna hérna á Listasafninu er glæsileg.“

magnus@frettabladid.is

# RJÓMINN AF NORRÆNUM HÖFUNDUM...

**1.** vika 37
Metsölulisti Eymundsson
Heildarlisti

**2.** vika 37
Metsölulisti Eymundsson
Heildarlisti

**3.** vika 37
Metsölulisti Eymundsson
Heildarlisti
















*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| EVEREST 3D | KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 | |
| EVEREST 2D VIP | KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 | |
| KNOCK KNOCK | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | |
| LOVE & MERCY | KL. 8 | |
| SELF/LESS | KL. 10:30 | |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 - 10:30 | |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:40 | |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 | L |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 2 - 4 - 6 | L |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERN | KL. 8 | |
| KNOCK KNOCK | KL. 10:30 | |
| THE TRANSPORTER REFUELED | KL. 10:30 | |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 | |
| VACATION | KL. 3:40 - 5:50 | |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| EVEREST 3D | KL. 12 - 2:40 - 5:20 - 8 - 10:35 | |
| KNOCK KNOCK | KL. 8 - 10:20 | |
| SELF/LESS | KL. 10:30 | |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 | |
| VACATION | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 | |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 2:40 - 5:20 - 10:20 | |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 12 - 1 - 3:20 - 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERN | KL. 8 | |
| LOVE & MERCY | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 10:45 | |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:30 | |
| VACATION | KL. 3:40 | |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| EVEREST 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| KNOCK KNOCK | KL. 8 | |
| MAZE RUNNER: SCORCH TRIALS | KL. 10:10 | |
| VACATION | KL. 6 | |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL TAL 3D | KL. 3 | L |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 4 | L |










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| EVEREST 3D | 2, 5, 8, 10:30 |
| MAZE RUNNER | 6, 9 |
| NO ESCAPE | 8, 10:15 |
| ABSOLUTELY ANYTHING | 4, 6 |
| FRUMMAÐURINN | 2 |
| SKÓSVEINARNIR | 4 |
| INSIDE OUT | 1:45 |

Góða skemmtun í bíó











# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

## Tónlist

**Hvað?** Stöndum saman
**Hvenær?** 15.30
**Hvar?** Portið á Kexi hosteli, Skúlagötu 28
UNICEF á Íslandi og KEXLand standa fyrir tónleikum til stuðnings baráttu barna á flótta. Meðal þeirra sem koma fram eru dj flugvél og geimskip, Júníus Meyvant, Vaginaboys, Agent Fresco og FM Belfast. Miðaverð er 2.500 krónur og rennur allur aðgangseyrir óskiptur til neyðaraðgerða UNICEF á Íslandi fyrir börn frá Sýrlandi. Einnig verður tekið á móti frjálsum framlögum.

**Hvað?** Skálmöld
**Hvenær?** 16.00 og 22.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu 22
Hljómsveitin heldur tvenna tónleika í dag, þá fyrri fyrir alla aldurshópa og er miðaverð á þá 1.500 krónur. 20 ára aldurstakmark er á seinni tónleikana og er miðaverð á þá 3.000 krónur.

**Hvað?** Tónleikar Heiðrúnar Kristínar Guðvarðardóttur
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Fella- og Hólakirkja, Hólabergi 88
Söngkonan Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir efnir til tónleika í dag. Á tónleikunum verða flutt ljúf og skemmtileg lög úr ýmsum áttum.

**Hvað?** Úlfur Úlfur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn, Sæmundargötu 4
Tónleikar í tilefni þess að sala er hafin á Airwaves-miðum í Bóksölu stúdenta.

**Hvað?** Belleville
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg 27
Franskættaða harmonikkubandið Belleville leikur gamlar franskar lummur og frumsamið efni í sama stíl. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

**Hvað?** Högni Egilsson
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bæjarbíó, Strandgötu 6
Dagskráin verður samsett úr helstu tónsmíðum ferilsins í bland við nýtt efni úr ýmsum óvæntum áttum. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Dikta
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni Hatturinn, Hafnarstræti 96
Dikta blæs til útgáfutónleika á Græna hattinum í kvöld. Hljómsveitin leikur lög af nýjustu plötu sinni, Easy Street, í bland við eldra efni. Miðaverð er 3.000 krónur.

## Sýningar

**Hvað?** Gamla þunga rottan
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Kunstschlager, Listasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 17
Myndlistarkonan Ásta Fanney sýnir verkið Gamla þunga rottan ásamt safni vídeóljóða í tilefni af brottflutningi Kunstschlager úr Hafnarhúsi. Allir velkomnir.

## Uppákomur

**Hvað?** Grænlandsgleði
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Pakkhús Hróksins, vörugeymsla Brims hf., Geirsgötu 11
Hrókurinn og Kalak bjóða til Grænlandsgleði. Heiðursgestir eru veiði- og listamaðurinn Dines Mikaelsen og grænlensk börn sem dvalið hafa hér undanfarið, lært sund og kynnst íslensku samfélagi. Allir velkomnir.

**Hvað?** RIFF Einnar mínútu myndakeppni
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Loft Hostel, Bankastræti 7
Tilkynnt verður um sigurvegara Einnar mínútu myndkeppni RIFF. Sería með völdum myndum úr keppninni frumsýnd. Útgangspunktur keppninnar var Barátta með áherslu á umhverfismál og kvenréttindi.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

## Leiðsögn

**Hvað?** Sunnudagsleiðsögn
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7
Halldór Björn Runólfsson safnstjóri leiðir gesti um sýninguna Nína Tryggvadóttir – Ljóðvarp.

**Hvað?** Sunnudagsleiðsögn
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga
Sýningarstjórarnir Birgitta Spur og Æsa Sigurjónsdóttir leiða gesti um sýninguna Samspil, Sigurjón Ólafsson & Finn Juhl. Athugið að um er að ræða síðustu sýningarhelgi.

**Hvað?** Sunnudagsleiðsögn
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Listasafn Árnesinga, Austurmörk 21
Alda Sigurðardóttir leiðir gesti um verkin á sýningunni Gullkistan. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.



Það verður krakkadans á Heimilislegum sunnudögum.

## Uppákomur

**Hvað?** Heimilislegir sunnudagar
**Hvenær?** 13.00 og 13.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu 28
Rakel Kristinsdóttir frá dansskóla Birnu Björns stýrir krakkadansi og kennir krökkum dans í tveimur hollum. Klukkan 13.00 verða börn á aldrinum fjögurra til sjö ára og klukkan 13.30 átta ára og eldri. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

## Tónlist

**Hvað?** Norrænar stemningar og Brahms
**Hvenær?** 15.15
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu 5
Klarinettuleikarinn Ármann Helgason og píanóleikarinn Jóhannes Andreasen leika útsetningar á íslenskum þjóðlögum eftir Þorkel Sigurbjörnsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson, einleiksklarinettuverkið Kjökr auk fleiri verka. Miðaverð er 2.000 krónur en 1.000 krónur fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

**Hvað?** Contrasti
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir, Flókagötu 24
Tónleikar með Elektra Ensemble. Verkið Contrasti eftir Huga Guðmundsson verður frumflutt á tónleikunum. Miðaverð er 2.500 krónur en 2.000 krónur fyrir námsmenn, eldri borgara og öryrkja.

**Hvað?** Íslensk tónlistarsaga
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10
Júlíana Rún Indriðadóttir leiðir gesti um ferð í gegnum íslenska tónlistarsögu í máli og myndum ásamt mezzósöngkonunni Halldóru Eyjólfsdóttur. Miðaverð er 2.000 krónur.

VERÐHRUN!

# RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

## OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18

## MÖRKINNI 1

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!




## MIKIÐ ÚRVAL BÓKA Á 99 KR.

## BARNABÆKUR: VERÐ FRÁ 299 KR.

## ALDREI MEIRA ÚRVAL AF BARNABÓKUM!



BÓKAPAKKAR Á FRÁBÆRU VERÐI

## OG NÚ ENN LÆGRA VERÐ!

## ALLIR SEM VERSLA FÁ FRÍA BÓK!




19:50
**SCHITT'S CREEK**
Stórskemmtilegir gamanþættir um fjölskyldu sem hefur lifað í vellystingum. Pabbinn rak myndbandaleigu, móðirin var leikkona og börnin þeirra þurftu ekkert að hafa fyrir hlutunum... þar til núna!

MEIRIHÁTTAR SUNNUDAGUR!
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



20:15
**Á UPPLEIÐ**
Gestur Sindra í næsta þætti er Tinna Empera, hárgreiðslu- og förðunarfræðingur fræga fólksins í New York.



20:40
**RIZZOLI & ISLES**
Stórskemmtilegir þættir þar sem lögreglukonan Jane Rizzoli og Maura Isles réttarmeinafræðingur leysa hina flóknustu glæpi í sameiningu.



21:25
**THE THIRD EYE**
Hörkuspennandi og vandaðir norskir þættir um rannsóknarlögreglumann sem verður fyrir því áfalli að dóttir hans hverfur sporlaust.



22:10
**X COMPANY**
Hörkuspennandi þættir um hóp ungra njósnara í seinni heimsstyrjöldinni sem allir eru með sérstaka hæfileika sem nýtast í stríðinu.



22:00
**ALEX CROSS**
Spennumynd byggð á sögu James Patterson og fjallar um lögreglumanninn Alex Cross sem eltist við hættulegan raðmorðingja.



Krakka stöðin 19:00
**ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU**
Skemmtileg teiknimynd um Öskubusku í villta vestrinu sem er orðin ansi þreytt á yfirgangi vondu stjúpunnar sinnar.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.01** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** UKI
**07.50** Lína langsokkur
**08.10** Tommi og Jenni
**08.35** Kalli á þakinu
**09.00** Með afa
**09.10** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**09.25** Latibær
**09.35** Mæja býfluga
**09.45** Mamma Mu
**09.55** Stóri og Litli
**10.05** Víkingurinn Vic
**10.20** Villingarnir
**10.45** Ærslagangur Kalla kanínu
**11.05** Victorius
**11.30** Planet's Got Talent
**12.00** Bold and the Beautiful
**13.20** Bold and the Beautiful
**13.45** Hjálparhönd
**14.15** Á uppleið
**14.45** Lýðveldið Lýðveldið er nýr og ferskur skemmtiþáttur þar sem þekktir einstaklingar gefa álit og ráð í ýmsum málum, til dæmis um stefnumótamenningu landans og tilhugalíf.
**15.10** Grantchester
**16.00** Masterchef USA
**16.45** Íslenski listinn
**17.15** ET Weekend
**18.00** Sjáðu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Lottó
**19.15** Modern Family
**19.40** Ævintýri Desperaux Skemmtilegt fjölskylduævintýri um litlu músina Despereaux sem er einstök á sinn hátt. Despereaux vill ekki læðast með veggjum eða húka í músarholum og vill frekar lesa bækur en éta þær. Hann ákveður því að ganga gegn vilja fjölskyldu sinnar og leggja upp í mikið ævintýri þar sem hann hittir prinsessuna Pea.
**21.10** Dawn of the Planet of the Apes
**23.20** Hit & Run
**01.05** The Grand Budapest Hotel
**02.45** A History of Violence
**04.20** 300: Rise of an Empire
**06.00** Fréttir

## SPORT

**07.40** St. Etienne - Rosenborg
**09.25** La Liga Report
**09.55** Formúla 1. Singapore - Æfing 3
**11.05** Eindhoven - Man. Utd
**12.50** Formúla 1 Tímataka - Singapúr
**14.40** Man. City - Juventus
**16.20** Meistaradeildarkvöld
**17.20** Wisla Plock - Veszprém: Meistaradeild í handbolta
**18.40** AC Milan - Palermo
**20.45** Real Madrid - Granada
**22.25** Flensburg - Paris St. Germain: Meistaradeild í handbolta
**23.45** UFC Now 2015
**00.35** Formúla 1 Tímataka - Singapúr

## SPORT 2

**08.55** Ipswich - Birmingham
**10.35** PL Match Pack
**11.05** Premier League Preview
**11.35** Chelsea - Arsenal BEINT
**13.50** Swansea - Everton BEINT
**16.00** Markasyrpa
**16.20** Man. City - West Ham BEINT
**18.30** Newcastle - Watford
**20.10** Stoke - Leicester
**21.50** Bournemouth - Sunderland
**23.30** Aston Villa - WBA
**01.10** Chelsea - Arsenal

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Solheim Cup 2015
**17.15** PGA Tour 2015
**22.00** Golfing World 2015
**22.50** 2014 FedExCup Playoffs Official
**23.40** Inside the PGA Tour 2015

## STÖÐ 3

**13.50** Bournemouth - Sunderland
**16.35** Junior Masterchef Australia
**17.20** World's Strictest Parents
**18.20** One Born Every Minute
**19.10** Cougar Town
**19.30** The Listener
**20.15** X Factor UK
**21.15** X Factor UK
**22.00** Bob's Burgers
**22.25** American Dad
**22.45** Man Vs. Cartoon
**23.30** Angry Boys
**00.00** Wilfred
**00.20** Cougar Town
**00.45** The Listener
**01.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Tommi og Jenni
**07.55** UKI
**08.00** Brunabílarnir
**08.22** Lukku láki
**08.47** Elías
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.25** Latibær
**09.47** Zigby
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.45** Doddi litli og Eyrnastór
**10.55** Hókus Pókus
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Tommi og Jenni
**11.55** UKI
**12.00** Brunabílarnir
**12.22** Lukku-Láki
**12.47** Elías
**13.00** Ævintýri Tinna
**13.25** Latibær
**13.47** Zigby
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.55** Hókus Pókus
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Tommi og Jenni
**15.55** UKI
**16.00** Brunabílarnir
**16.22** Lukku-Láki
**16.47** Elías
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.25** Latibær
**17.47** Zigby
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.45** Doddi litli og Eyrnastór
**18.55** Hókus Pókus
**19.00** Walking With Dinosaurs

## GULLSTÖÐIN

**18.05** Strákarnir
**18.35** Selfie Skemmtilegir gamanþættir um Eliza Dooley sem áttar sig á því að hún er algjörlega gagntekin af samskiptamiðlum og kemst að því að líf hennar gæti verið svo mikið betra ef það myndi ekki bara snúast um góðar myndir eða stöðuuppfærslur á netinu.
**19.00** Friends
**19.25** The New Girl
**19.50** Modern Family
**20.10** Stelpurnar
**20.40** Gatan mín
**21.00** Grey's Anatomy
**21.45** Life's Too Short
**22.15** The Mentalist
**23.00** Anna Pihl
**23.40** Crossing Lines
**00.30** Stelpurnar
**01.00** Life's Too Short
**01.30** Gatan mín
**01.50** The Mentalist
**02.35** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**07.50** The Prince and Me 3: A Royal Honeymoon
**09.20** The Secret Life Of Walter Mitty
**11.15** Semi-Pro
**12.45** He's Just Not That Into You Justin Long, Jennifer Connelly, Ginnifer Goodwin og margir fleiri fara með hlutverk í myndinni.
**14.55** The Prince and Me 3: A Royal Honeymoon
**16.25** The Secret Life Of Walter Mitty
**18.20** Semi-Pro
**19.50** He's Just Not That Into You
**22.00** Django Unchained Stórbrotin kvikmynd sem Quentin Tarantino leikstýrir með Jamie Foxx, Christoph Waltz, Leonardo DiCaprio, Kerry Washington og Samuel L. Jackson í aðalhlutverkum. Myndin gerist í suðurríkjum Bandaríkjanna skömmu áður en þrælastríðið braust út. Þýski læknirinn og mannaveiðarinn dr. King Schultz er á höttunum eftir hinum morðóðu Brittles-bræðrum þegar hann hittir þrælinn Django og fær hann til að aðstoða sig við leitina gegn loforði um frelsi. En samstarf þeirra er rétt að byrja.
**00.40** Silent Hill Revelation
**02.45** Conviction
**04.35** Django Unchained

## RÚV

**07.00** Morgunstundin okkar
**10.15** Dýraspítalinn
**10.45** Kiljan
**11.30** Útsvar
**12.35** Menningin
**13.00** Haustið er komið – í hundrað þúsund litum
**13.15** Viðtalið
**13.45** Sætt og gott
**13.55** Tónleikakvöld
**15.10** Tónleikakvöld
**16.40** Íþróttaafrek sögunnar
**17.10** Franklín og vinir hans
**17.33** Unnar og vinur
**17.55** Táknmálsfréttir
**18.05** Toppstöðin
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.40** Saga af strák
**20.05** The Money Pit
**21.35** The Way Back Verðlaunaður spennutryllir.
**23.45** Seven Psychopaths
**01.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.40** Dr. Phil
**09.20** Dr. Phil
**10.00** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**10.40** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**11.20** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**12.00** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**12.40** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**13.20** Werder Bremen - Ingolstadt
**15.20** Parks & Recreation
**15.45** Playing House
**16.10** Men at Work
**16.30** Psych
**17.15** Scorpion
**18.00** Jane the Virgin
**18.45** The Biggest Loser
**19.30** The Biggest Loser
**20.15** The Burbs Bráðskemmtileg gamanmynd með Tom Hanks í aðalhlutverki.
**22.00** Adult World
**23.40** As Good As It Gets
**01.55** Allegiance
**02.40** CSI
**03.25** The Burbs
**05.10** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ego dekor

# ÚTSÖLULOK 20-50% AFSLÁTTUR

-25%



GLERBORÐ -hvítt háglans
Stærð: 180X100cm
Verð: 98.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 73.500,-

-25%



MONACO tungusófi
Stærð: 291X168cm
Verð: 238.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 178.500,-

-20%



COSTA hornsófi
Stærð: 310X180cm
Verð: 235.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 188.000,-

MOBI TV skenkur
Breidd: 195cm -spónlagður askur
Verð: 109.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 65.400,-

-40%



-25%



MOBI sófaborð
spónlagður askur
Stærð: 120X60cm
Verð: 39.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 29.250,-

-25%



VANCOUVER glerskápur
Breidd: 168cm
Verð: 265.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 198.750,-

-25%



ATLAS tungusófi
Stærð: 292X173cm
Verð: 253.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 189.750,-

-25%



PALMER tungusófi
Stærð: 316X174cm
Verð: 253.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 189.750,-

-50%




MYND
Stærð: 65X55cm
ÚTSÖLUVERÐ: 1.950,-



-30%

STÓLL 234
Verð: 15.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 11.130,-

-30%



CODY stóll
Verð: 17.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 12.530,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: lau: 10.00 - 16.00 sun: 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is




# ERT ÞÚ LIÐSSTJÓRI?

**Hefur þú brennandi áhuga á kvikmyndum, tónlist og tilheyrandi menningu?**

**Fylgist þú vel með því sem gerist í heimi fræga fólksins?**

**Viltu vera liðstjóri sem leiðir þekkta einstaklinga til sigurs í stórskemmtilegum leikjum?**

Við leitum að hressum, skemmtilegum og leikglöðum einstaklingum í nýjan þátt með Pétri Jóhanni á Stöð 2.

Sendu nafn, mynd og upplýsingar um þig á **spilakvold@stod2.is** fyrir miðnætti sunnudaginn 20. september og segðu okkur af hverju þú værir fullkominn þátttakandi í þáttinn.

20 ára aldurstakmark og peningaverðlaun í boði.

**365.is | Sími 1817**




# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Brúðubíllinn
**07.36** Strumparnir
**08.00** Ævintýraferðin
**08.10** UKI
**08.15** Elías
**08.25** Doddi litli og Eyrnastór
**08.35** Latibær
**09.00** Víkingurinn Vic
**09.15** Zigby
**09.30** Tommi og Jenni Frábærir þættir um þá félaga Tomma og Jenna.
**09.50** Töfrahetjurnar
**10.05** Ben 10
**10.25** Ninja-skjaldbökurnar
**10.50** Beware the Batman
**11.35** iCarly
**12.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** X Factor UK
**14.50** X Factor UK
**15.35** Besti vinur mannsins
**16.00** Margra barna mæður
**16.25** Matargleði Evu
**16.55** 60 mínútur
**17.40** Eyjan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Atvinnumennirnir okkar Mögnuð þáttaröð þar sem skyggnst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar. Í þessum þætti fá áhorfendur að kynnast Loga Geirssyni sem leikur með Lemgo í Þýskalandi.
**19.50** Schitt's Creek
**20.15** Á uppleið
**20.40** Rizzoli & Isles
**21.25** The Third Eye Hörkuspennandi og vandaðir norskir þættir um rannsóknarlögreglumann sem verður fyrir því áfalli að dóttir hans hverfur sporlaust í hans umsjá. Hann á erfitt með að sætta sig við veruleikann og neitar að trúa því að hún komi ekki í leitirnar og reynir að hafa uppi á henni ásamt því að leysa önnur glæpamál.
**22.10** X Company
**22.55** 60 mínútur
**23.45** Show Me a Hero
**00.45** Orange Is the New Black
**01.40** Kill The Irishman
**03.25** The Mentalist
**04.10** Hostages
**04.55** Fréttir

## SPORT

**07.25** Roma - Barcelona
**09.10** Meistaradeildarkvöld
**09.45** Víkingur Ó - Fjarðabyggð
**11.30** Formúla 1 2015 - Singapúr Bein útsending
**15.10** Evrópudeildarmörkin 2015/2016
**16.00** Breiðablik - FH Bein útsending
**18.40** Chelsea - Maccabi Tel-Aviv
**20.25** Meistaradeildarkvöld
**21.00** Pepsímörkin 2015
**22.15** Genova - Juventus
**23.55** Barcelona - Levante
**01.35** Atalanta - Hellas Verona

## SPORT 2

**08.55** Man. Utd. - Liverpool
**10.40** Swansea - Everton
**12.20** Tottenham - Crystal Pala. BEINT
**14.50** Liverpool - Norwich BEINT
**17.00** Chelsea - Arsenal
**18.45** Premier League World 2014/
**19.15** Man. City - West Ham
**21.00** Pepsímörkin 2015
**21.55** Breiðablik - FH
**23.45** Southampton - Man. Utd.
**01.25** Liverpool - Norwich

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Solheim Cup 2015
**16.15** PGA Tour 2015
**22.00** 2013 Presidents Cup Official Film
**22.55** Golfing World 2015

## STÖÐ 3

**18.00** Who Do You Think You Are?
**18.45** One Born Every Minute
**19.35** Cristela
**20.00** Last Man Standing
**20.25** Bob's Burgers
**20.55** American Dad
**21.20** Man Vs. Cartoon
**22.05** Angry Boys
**22.35** Wilfred
**23.00** Drop Dead Diva
**23.45** No Ordinary Family
**00.30** Strike Back
**01.15** Bob's Burgers
**01.40** American Dad
**02.05** Man Vs. Cartoon
**02.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Kalli á þakinu
**07.25** Latibær
**07.47** Stóri og Litli
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Doddi litli og Eyrnastór
**08.55** Hókus Pókus
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Tommi og Jenni
**09.55** UKI
**10.00** Brunabílarnir
**10.22** Lukku-Láki
**10.47** Elías
**11.00** Kalli á þakinu
**11.25** Latibær
**11.49** Stóri og Litli
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Doddi litli og Eyrnastór
**12.55** Hókus Pókus
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.45** Tommi og Jenni
**13.55** UKI
**14.00** Brunabílarnir
**14.22** Lukku-Láki
**14.47** Elías
**15.00** Kalli á þakinu
**15.25** Latibær
**15.49** Stóri og Litli
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Doddi litli og Eyrnastór
**16.55** Hókus Pókus
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.45** Tommi og Jenni
**17.55** UKI
**18.00** Brunabílarnir
**18.22** Lukku-Láki
**18.47** Elías
**19.00** Öskubuska í villta vestrinu



Tommi og Jenni kl. 09.49, 13.45 og 17.45

## GULLSTÖÐIN

**18.05** Strákarnir
**18.35** Selfie
**19.00** Friends
**19.25** The New Girl
**19.50** Modern Family
**20.15** Viltu vinna milljón?
**21.00** Grey's Anatomy
**21.45** Twenty Four 4
**22.30** Anna Pihl
**23.15** Crossing Lines
**00.05** Sisters
**00.50** Hostages
**01.35** Viltu vinna milljón?
**02.20** Twenty Four 4
**03.05** Anna Pihl
**03.50** Crossing Lines
**04.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**07.50** Moulin Rouge
**09.55** Drinking Buddies
**11.25** The Mask
**13.10** Darling Companion
**14.55** Moulin Rouge Frábær dans- og söngvamynd sem líður mönnum seint úr minni. Sögusviðið er Rauða myllan, franskur næturklúbbur þar sem dásemdir lífsins eru í hávegum hafðar. Skáldið Christian hrífst af Satine, söng- og leikkonu sem er skærasta stjarnan í Rauðu myllunni. Hertogi nokkur er einnig orðinn hrifinn af Satine sem nú er á milli tveggja elda. Myndin var tilnefnd til átta Óskarsverðlauna og fékk tvenn.
**17.00** Drinking Buddies
**18.30** The Mask Heimsfræg metaðsóknarmynd með stórstjörnunni Jim Carrey í aðalhlutverki. Þegar hinn litlausi bankastarfsmaður Stanley Ipkiss finnur forna grímu, gjörbreytist líf hans. Í hvert sinn sem hann setur upp grímuna breytist hann í ósigrandi ofurmenni.
**20.15** Darling Companion
**22.00** Alex Cross
**23.40** Red 2
**01.35** Son of No One
**03.10** Alex Cross

## RÚV

**07.00** Morgunstundin okkar
**10.15** Aftur til Lampedusa
**11.15** Neytendavaktin
**11.45** Bronsleikur EM í körfubolta
**13.45** Mótokross
**14.25** Castle in the Sky
**15.55** Haustið er komið – í hundrað þúsund litum
**16.10** Bækur og staðir
**16.20** Táknmálsfréttir (20:365)
**16.30** EM stofa
**16.50** Úrslitaleikur EM í körfubolta
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.40** Landinn
**20.10** Öldin hennar 52 örþættir, sendir út á jafnmörgum vikum, um stóra og stefnumarkandi atburði sem tengjast sögu íslenskra kvenna og baráttu þeirra fyrir samfélagslegu jafnrétti.
**20.15** Poldark
**21.15** Órói Íslensk bíómynd frá 2010 um viðburðaríka daga í lífi vinahóps. Meðal leikenda: Atli Óskar Fjalarsson, Hreindís Ylva Garðarsdóttir, Gísli Örn Garðarsson, María Birta Bjarnadóttir, Ingibjörg Reynisdóttir og Þorsteinn Bachmann. Leikstjóri er Baldvin Z. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**22.55** Skepnur suðursins
**00.25** Kynlífsfræðingarnir

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.40** Dr. Phil
**10.00** Dr. Phil
**10.40** The Late Late Show
**12.40** The Late Late Show
**13.20** Stuttgart - Schalke
**15.20** Franklin & Bash
**16.00** The Biggest Loser
**16.45** The Biggest Loser
**17.30** Top Chef
**18.15** Parks & Recreation
**18.35** The Office
**19.00** Top Gear USA
**19.50** The Odd Couple
**20.15** Psych
**21.00** Law & Order
**21.45** Secrets and Lies
**22.30** Hannibal
**23.15** The Walking Dead
**00.05** Rookie Blue
**00.50** State Of Affairs
**01.35** Law & Order
**02.20** Secrets and Lies
**03.05** Hannibal
**03.50** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


TOPPUR
Á EVEREST
emmessís
HNETU
emmessís
~Toppurinn á ísnum
PIPAR\TBWA · SÍA



*Opnunartilboð*

**Grohe** | Eurodisc
Vnr. 15332843

## 17.995.-

~~fullt verð 21.995.-~~

Eldhústæki með hárri sveiflu

GROHE

**Grohe** er þýskt gæða merki sem hefur verið leiðandi í framleiðslu og hönnun blöndunartækja allt frá árinu 1817.

Nánar: www.grohe.com

# OPNUM UM HELGINA!

**BYKO** opnar Hólf & Gólf, glæsilegan sýningarsal í Breiddinni í dag, föstudaginn 18. september. Innréttingar, hreinlætistæki, parket, flísar og margt fleira. Gæðavörur frá þekktustu framleiðendum heims. Frábær *opnunartilboð* alla helgina sem þú vilt alls ekki missa af!

Nánar: www.byko.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Verð gilda til 01.10.2015

Opnunartilboð



**Armatura** | WC
Vnr. 13001460/62

**16.995.-**

~~fullt verð 22.995.-~~

Salerni með gólfstút/
veggstút án salernissetu

Opnunartilboð



**Grohe** | Start Edge
Vnr. 15323342

**8.995.-**

~~fullt verð 11.995.-~~

Handlaugartæki
með lyftitappa.

Opnunartilboð



**BHD** | Georgia
Vnr. 10708535

**4.995.-**

~~fullt verð 7.995.-~~

Vegghengd handlaug
Stærð: 45,5 x 33,5cm

Opnunartilboð



**V&B** | O´novo
Vnr. 13765660

**29.995.-**

~~fullt verð 35.995.-~~

Vegghengd salernisskál
ásamt setu með dempara

Opnunartilboð



**Grohe** | Tempesta
Vnr. 15328261

**2.995.-**

~~fullt verð 3.995.-~~

Handúðari
með 3 stillingum

Opnunartilboð



**Krono Original**
Lancaster
Vnr. 0113498

**1.295.-**
verð $m^2$

~~fullt verð 1.795.-~~

Harðparket - Eik
Stærð: 7 x 1285 x 192 mm

Opnunartilboð



**Krono Original**
Flaxen Oak
Vnr. 0113483

**1.595.-**
verð $m^2$

~~fullt verð 2.495.-~~

Harðparket - Eik
Stærð: 8 x 192 x 1285mm

Opnunartilboð



**CV Brillio**
Veggflís
Vnr. 18088000/05

**2.995.-**
verð $m^2$

~~fullt verð 3.995.-~~

Litur: Svart/Hvítt
Stærð: 75 x 150mm

Opnunartilboð



**E-Stone** | S.Wood
Gólfflís
Vnr. 17800155

**3.995.-**
verð $m^2$

~~fullt verð 5.395.-~~

Litur: Viðarlitað
Stærð: 20 x 90cm

Opnunartilboð



**Steirer**
Country Oak
Vnr. 0113722

**3.595.-**
verð $m^2$

~~fullt verð 4.195.-~~

Viðarparket - Eik
Stærð: 14 x 182 x 2200mm

# *Vinnur þú* 100.000.-

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalningar, hvort sem það er baðherbergi, stofa eða eldhús. Settu myndina á Instagram og merktu: **#HólfogGólf** og þú gætir unnið 100.000 krónu inneign í Hólf & Gólf. Föstudaginn 16. október verður svo heppinn vinningshafi dreginn úr pottinum.

HÓLF & GÓLF

BYKO BREIDDINNI

# Meira sameiginlegt en við höldum

Eames Demetrios er barnabarn Ray og Charles Eames. Hann bjóst ekki við að starfa við fjölskyldufyrirtækið en hefur stýrt því rúm 30 ár. Hann segir lærdómsferlið vanmetið og segir að við þurfum ekki að ná hlutunum í fyrstu tilraun.

„Ég tók við sem forstjóri árið 1988. Ég bjóst raunar aldrei við því að gera það, ég var að vinna að mínum eigin verkefnum og geri enn. Mamma erfði allt eftir Charles og Ray og hún þurfti aðstoð,“ segir Eames Demetrios, barnabarn hina rómuðu hönnuða og hjóna Ray og Charles Eames og forstjóri Eames Office.

„Eins og ég segi var það ekki planið, sem ég held reyndar að hafi verið gott því ég fann ekki fyrir pressu þangað til að starfa við fjölskyldufyrirtækið.“

Hann er ekki einungis forstjóri fyrirtækisins heldur er hann einnig kvikmyndagerðarmaður og listamaður og er hann staddur hér á landi í tvíþættum tilgangi, þar á meðal að fylgja eftir yfirlitssýningu á verkum afa síns og ömmu sem ferðast um heiminn. Sýningunni, sem er í versluninni Penninn Húsgögn, er skipt upp í mismunandi tímabil í hönnunarsögu hjónanna og þar er einnig hægt að sjá teikningar og texta sem fylgja hverri hönnun og staðsetur húsgögnin í sögulegu samhengi en einnig vinnur hann að eigin verkefni en hann hefur gert fjölda stuttmynda og tvær kvikmyndir í fullri lengd. „Verkið segir sögu með innsetningum inn í landslag víðs vegar um heiminn. Alls höfum við sett það upp á um 112 stöðum og það má líkja þessu við skáldsögu og við setjum hluta hennar upp á mismunandi stöðum. Í gær settum við upp hluta af verkinu á Hellnum. Við fengum steinsmið af svæðinu til þess að skera sögu í stein og ég er mjög spenntur fyrir því hvernig þetta mun koma út.“

Verkefnið ber nafnið Kcymaerxthaere og stendur saman af plötum sem orð eru grafin eru í og er komið fyrir víðs vegar um heiminn. Hugmyndina að því fékk hann fyrir tólf árum.

**Sögumaður í eðli sínu**

Hann lifir og hrærist í hönnun hjónanna en ekki hefur til þess komið að hann legði sjálfur fyrir sig húsgagnahönnun. „Ég hef vissulega hugsað mikið um hönnun og hluti en ég lít ekki á sjálfan mig sem hönnuð. Ég sé mig sem sögumann og líka sem kvikmyndagerðarmann. Það er kannski það hvernig þú orkar á heiminn og fyrir mig hefur það alltaf verið á þann hátt að segja sögur. Það er kannski þess vegna sem ég kann vel við mig í þessu starfi með húsgögnin og vil sjá til þess að það sé gert vel.“ Starf hans er kannski að mörgu leyti sem sögumaður og hefur hann haldið Eames-arfleiðinni á lofti, meðal annars með því að segja sögu hönnunar afa síns og ömmu í myndinni A Gathering of Elephants og halda fjölda fyrirlestra, en markmið Eames Office er að halda arfleið hjónanna og verkum þeirra á lofti.

Það liggur auðvitað beint við að spyrja Eames hvort hann eigi sér ekki uppáhaldshúsgagn eftir afa hans og ömmu. Hann hugsar sig um í smá stund, enda af nægu að taka, og bendir svo á Eames Aluminum Group Management Chair.

„Ástæða þess að ég vel þennan stól er í fyrsta lagi sú að ég er með svona stól á skrifstofunni minni og sit því í honum þegar ég vinn. En það sem ég virkilega elska við hann er það að þú getur einungis hannað hann ef þú veist nákvæmlega hvernig á að gera hann,“ segir hann og útskýrir að á bak við straumlínulagað útlitið liggi flóknar pælingar um hvernig skuli gera efnið nægilega strekkt á stólnum þannig að það haldi sér til langs tíma og styðji vel við þann sem í honum situr. Enda frekar mikilvægt að sitja í þægilegum stól við vinnu.

„Það er ekki það að það sé auðvelt að gera hina stólana. En það er hægt að sjá hvernig þeir eru gerðir. Hvernig efnið er mótað og unnið. En með þennan stól liggur flókið ferli að baki og þú þarft virkilega að sjá fyrir þér hvernig það á að framleiða hann í verksmiðjunni svo það gangi upp. Hann er frábært dæmi um góða hönnun. Hann er glæsilegur og hefur þennan, eins og Ray og Charles kölluðu það, „the-way-it-should-be-ness“ eiginleika. Þeim fannst að þegar það kæmi að virkilega vel heppnaðri hönnun væri það bara þannig sem hún ætti að vera. Þú bara fyndir það,“ segir hann og það er augljóst að hann er á sama máli.



Eames Aluminium Office Chair With Arms Mynd/Vitra



Eames Demetrios er forstjóri Eames Office og hefur verið síðastliðin þrjátíu ár. Fréttablaðið/Stefán

„Þau hönnuðu hann af því að vinir þeirra, Alexander Girard og Eero Saarinen, voru að vinna að húsi í Louisiana og þeir vildu vera með útihúsgögn en fundu engin sem þeim leist nægilega vel á og báðu Ray og Charles um að hanna fyrir sig húsgögn. Þannig að hann var upphaflega hannaður sem útihúsgagn.“ Aluminum Group stóllinn er nú til í mörgum útfærslum en hann var upphaflega hannaður árið 1958.

**Lærdómsferli vanmetin**

En hvað er það sem fær húsgagnahönnun til þess að standast tímans tönn líkt og raunin er með mörg af húsgögnum þeirra hjóna?

„Þegar Charles var spurður að því hvernig maður færi að því að hanna stól fyrir aðra var svarið það að þú yrðir að hanna hann fyrir sjálfan þig en þú yrðir að hanna hann fyrir alheimshluta sjálfs þín,“ segir hann og bætir við: „Við eigum öll mun meira sameiginlegt en við viljum vera láta. Ray og Charles voru mjög fókuseruð á þessi tengsl sem við eigum sameiginleg. Ef þú horfir á það þegar þú hannar hluti eins og stóla þá verður það til þess að þeir verða nytsamlegir í ólíkum menningarheimum og á margvíslegum tímum,“ segir hann hugsi.

**MÉR FINNST ÞAÐ FALLEGT. ÞETTA SNÝST EKKI UM AÐ HAFA RÉTT FYRIR SÉR Í UPPHAFI HELDUR LÆRDÓMSFERLI. ÉG TEL ÞETTA FERLI SEM VIÐ HÖFUM ÖLL GOTT AF AÐ TILEINKA OKKUR. ÉG HELD AÐ VIÐ, Í DAG, SÉUM OFT OF UPPTEKIN AF ÞVÍ AÐ NÁ HLUTUM RÉTT Í FYRSTU TILRAUN.**

„Hitt er það að hlutverk hönnuðar er að mörgu leyti eins og hlutverk góðs gestgjafa sem sér fyrir þarfir gesta sinna. Ég er mjög hrifin af þeirri hugmynd.“

Authenticity, eða trúverðugleiki, er mikilvægt hugtak í fyrirtækinu. Það skiptir máli að hlutirnir séu gerðir rétt og vel og þegar kemur að hönnun hluta þarf að halda í það hugtak á meðan hlutirnir eru framleiddir aftur og aftur.

„Þau reyndu stöðugt að bæta hlutina. Til dæmis er bara þessi tappi,“ segir hann og bendir á fót Eiffel stólsins sem hann situr í: „Hann hefur breyst mjög mikið í gegnum árin af því að í fyrstu útgáfunni var hann of viðkvæmur. Þau báðust ekki afsökunar og sögðust vera listamenn. Þau hugsuðu hvernig þau gætu bætt hann,“ segir hann og bætir við að þau hafi breytt og bætt hlutina að eigin frumkvæði því þannig vildu þau vinna. „Mér finnst það fallegt. Þetta snýst ekki um að hafa rétt fyrir sér í upphafi heldur lærdómsferli. Ég tel þetta ferli sem við höfum öll gott af að tileinka okkur. Ég held að við, í dag, séum oft of upptekin af því að ná hlutum rétt í fyrstu tilraun. Það eru vissulega hlutir þar sem fyrsta upplifun skiptir miklu máli en ég held að það sé líka mikilvægt að heiðra hitt. Að við getum bætt hluti í lífi okkar, hvort sem það eru við sjálf eða eitthvað sem tengist því sem við vinnum að.“

Sýningin á verkum hjónanna stendur yfir í verslun Pennans í Skeifunni 10. **gydaloa@frettabladid.is**



Charles og Ray Eames. Nordicphotos/Getty



GÖNGUFERÐ TENERIFE 21.– 28. OKT.



Þar sem m.a. er gengið um Teide National Park og Masca í yndislegu veðri. Farastjórarnir Inga og Snorri leiða hópinn. Innifalið fullt fæði, nesti, og allur flutningur.

VERÐ FRÁ 224.900 KR.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is


GÖNGUSKÓDAGAR
TIL MÁNUDAGS
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GÖNGUSKÓM
20%
Í VERSLUNUM ÚTILÍFS
MFS (Memory Foam) veitir aukin þægindi.
DIGA fix styður vel við hælinn.
Vibram sólar fyrir aukið öryggi.
Sérlega góður ökklastuðningur.
Vatnsvarið vandað Nubuck leður.
Gúmmírönd sem ver yfirleðrið.
MEINDL ISLAND GÖNGUSKÓRNIR HAFA FENGIST Í ÚTILÍF Í ÁRATUGI OG HAFA REYNST AFAR VEL VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR, ENDA NEFNDIR EFTIR ÍSLANDI. ÞEIR ERU, ÁSAMT ÖÐRUM GÖNGUSKÓM, Á 20% AFSLÆTTI TIL MÁNUDAGS.
MEINDL
Shoes For Actives
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is


Högni Egilsson titlar tónleikaröð sína Flóttinn um landið. Mynd/Ari Maggi

# Einsamall Högni og flóttinn um landið

**Tónlistarmaðurinn Högni Egilsson vinnur nú að sólóplötu og heldur í fyrsta sinn tónleika einn síns liðs með gítarinn og píanóið að vopni.**

„Þetta er eitthvað sem mig hefur langað að gera lengi," segir Högni Egilsson tónlistarmaður, sem heldur í fyrsta sinn tónleika þar sem hann kemur einn fram. Jafnframt því er Högni að leggja lokahönd á sólóplötu sína, sem hann hefur unnið að í á þriðja ár.

Högni heldur röð tónleika og byrjar nú um helgina, þegar hann leikur í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Hann segist vilja fara nýjar leiðir í hvernig hann kemur tónlistinni til fólksins; að leika ný lög á tónleikum áður en þau verða gefin út.

### Nánara samband

„Ég hugsa að á þessum tónleikum muni ég ná nánara sambandi við áhorfendur," segir Högni sem mun leika á píanó og gítar á tónleikunum, sem verða persónulegir. „Þetta gefur mér mikið frelsi til að leika mér með lögin. Opna lögin og opna túlkunina og í rauninni skapa eitthvert augnablik sem verður sterkt og sérstakt í sínum eigin heimi," bætir Högni við hugsi.

Högni, sem er einn af þekktari tónlistarmönnum þjóðarinnar, hefur verið duglegur að koma fram en alltaf verið með hljómsveitum sínum. „Já, strangt til tekið er þetta í fyrsta sinn sem ég kem fram einn. Ég hef alltaf notið liðsinnis og verið hluti af hljómsveitum. Þá helst Hjaltalín og Gus Gus. Þeir tónleikar hafa verið með stærri brag og umgjörðin verið meiri músíklega. En mig hefur alltaf langað að sjá hvað myndi gerast ef ég myndi leita í smærra form og setja mína eigin sköpun í smærri einingu."

### Unnið lengi í sólóefni

Högni hefur lengi unnið að sólóplötu. „Þetta er músík sem ég hef unnið síðustu misseri. Ég hef aldrei verið tilbúinn að klára hana. En núna er ég tilbúinn að koma henni yfir lokaþröskuldinn. Þetta hefur verið svolítið eins og að vera í langhlaupi en vera ekki tilbúinn að komast í mark. En núna finnst mér rétti tíminn vera runninn upp."

Stephan Stephensen, betur þekktur sem President Bongo og meðlimur Gus Gus, hefur unnið með Högna að plötunni og Atli Bollason séð um textasmíði. „Vinnan hefur gengið vel. Við unnum samfleytt að plötunni yfir tveggja ára tímabil. En síðan þá hefur hún legið í ofninum, ef svo má segja, í hægri eldun. Við erum núna tilbúnir að taka hana alla leið og fylgja þessu eftir. Það þýðir að ég er að leggja lokahönd á plötuna og undirbúa útgáfu núna í haust."

> **VINNAN HEFUR GENGIÐ VEL. VIÐ UNNUM SAMFLEYTT AÐ PLÖTUNNI YFIR TVEGGJA ÁRA TÍMABIL. EN SÍÐAN ÞÁ HEFUR HÚN LEGIÐ Í OFNINUM, EF SVO MÁ SEGJA, Í HÆGRI ELDUN.**

### Öðlist sitt eigið líf

Þegar Högni er beðinn að lýsa tónlistinni er hann með svör á reiðum höndum. „Þetta er músík sem liggur svolítið á elektrónískum grunni, í teknó eða „acid" heimi. Þetta eru hægir elektrónískir taktar en við það blandast annars konar tónlist. Við erum með strengi, kóra og alls kyns hljóðheima sem tengjast saman."

Fyrstu tónleikar Högna fara fram í Gamla bíói í Hafnarfirði á morgun. Þeir hefjast klukkan 22 og er miðaverð 2.000 krónur.

kjartanatli@frettabladid.is







Rúnar Freyr Gíslason segir mikilvægt að vera óttalaus þegar uppistand er flutt.

# Uppistandsæði skekur íslensku þjóðina

**Óreynir grínistar hafa kost á því að stíga á svið á Reykjavík Comedy Festival.**

„Þú þarft alveg að vera dálítið klikkaður," segir Rúnar Freyr Gíslason, einn dómaranna í Open Mic, eða Orðið er frjálst, keppni sem haldin er í tengslum við Reykjavík Comedy Festival og fer fram 23. október næstkomandi.

„Hugmyndin er sú að fólk sendi inn myndbönd af sér á visir.is, þar sem þau safnast saman og dómnefndin fer yfir. Þar verða sigtaðir úr tuttugu grínistar og lesendur visir.is fá svo það verkefni að velja átta bestu úr. Í framhaldinu munu þeir stíga sín fyrstu skref í uppistandsbransanum, í sjálfu Silfurbergi í Hörpu," útskýrir Rúnar, þó nokkuð spenntur. Auk hans munu þeir Jóhannes Haukur Jóhannesson og Ísleifur B. Þórhallsson skipa dómnefnd, en Jóhannes Haukur mun að auki sinna hlutverki kynnis í Silfurbergi.

Aðspurður um hvaða kostum grínistar þurfi að búa yfir, ætli þeir sér að taka þátt í fjörinu, segir Rúnar allra mikilvægast að vera óttalaus. „Að fara með sitt eigið efni fyrir framan fullan sal af fólki þar sem krafa er gerð um að þú sért ógeðslega fyndinn, er ekkert grín. Ég fæ í magann bara við tilhugsunina. Ég meina, kannski hlær enginn," bendir hann á og segir svo alvarlegur í bragði: „En svo verður fólk að átta sig á að menn geti hæglega orðið háðir þessu, það er að segja ef vel gengur." Þá segir Rúnar frumlegheit skipta sköpum, að geta gripið eitthvað í daglega lífinu og bent áhorfendum á húmorinn í því sé gulls ígildi. Gerir hann ráð fyrir að úr nógu verði að moða. „Það er eitthvert uppistandsæði í gangi á landinu núna. Hingað hafa verið fluttir inn uppistandarar hægri vinstri, og það er alltaf uppselt strax." – ga



# Frægir í nærmynd Kylie Jenner

Nafn: **Kylie Kristen Jenner**

Þekkt sem: **Kylie Jenner**

Staður: **Los Angeles, Kalifornía, Bandaríkin**

Fæðingardagur: **10. ágúst 1997**

Starf: **Raunveruleikastjarna, fyrirsæta, fatahönnuður, athafnakona**

Maki: **Tyga**

Foreldrar: **Kris Jenner, Caitlyn Jenner**

Systkini: **Kendall Jenner, Kim Kardashian, Khloe Kardashian, Kourtney Kardashian, Robert Kardashian**








Þrátt fyrir ungan aldur á Kylie Jenner sér stóran aðdáendahóp og hefur unnið að fjölmörgum sjálfstæðum verkefnum ásamt því að koma fram í raunveruleikaþáttunum Keeping Up With The Kardashians sem eru sýndir á sjónvarpsstöðinni E! og eru komnir upp í sína tíundu seríu. Kylie var aðeins átta ára þegar þættirnir hófust, en hún hefur vaxið og dafnað fyrir augum áhorfenda. Hún hefur ásamt Kendall systur sinni skrifað bók og gefið út nokkrar fatalínur, nú síðast fyrir tískurisann Topshop.



Kylie er í sambandi með rapparanum Tyga, sem er 25 ára og á barn. Þau hafa verið óopinberlega saman í yfir ár en þau urðu fyrir mikilli gagnrýni vegna aldurs hennar, enda hún var aðeins 17 ára þegar sambandið byrjaði og þar með undir lögaldri. Í febrúar á þessu ári festi Jenner kaup á 350 milljóna króna höll í Calabasas í Kaliforníu. Í húsinu eru fimm herbergi og fimm baðherbergi og miðað við myndir á Instagram-síðu hennar þá er það vel stíliserað og flott.

Það vakti hörð viðbrögð þegar það var ljóst að Kylie, sem var þá aðeins 17 ára, hefði fengið sér fyllingu í varirnar. Í kjölfarið fékk hún töluverða athygli sem hún hefur náð að nýta sér í hag og er með vinsælasta Snapchat-aðgang í heimi og hefur 36 milljónir fylgjenda á Instagram. Hún er alltaf vel til höfð, fallega förðuð og líta margar ungar stelpur upp til hennar.



Hún kynnti ásamt systrum sínum smáforritin sín á tískuvikunni í New York. Hver og ein systir, fyrir utan Kourtney, er með sitt eigið forrit en það hefur vakið mikla athygli að forrit Kylie er langvinsælast af öllum og situr nú í toppsæti App Store-listans í Bandaríkjunum og fleiri löndum. Hún er sífellt meira að skera sig úr hópi systra sinna og sinna sjálfstæðum verkefnum sem virðast ganga vel enda á hún stóran aðdáendahóp sem fylgir henni í einu og öllu.


Við erum smíð Guðs, **sköpuð í Kristi Jesú til ♥ verka** sem hann hefur áður fyrirbúið til þess að við skyldum leggja stund á þau...

www.versdagsins.is



BARÁTTAN GEGN KRABBAMEINI

BLÁA FJÖÐRIN

# Fjöður sem vegur þungt

**Kauptu Bláu fjöðrina – til stuðnings rannsóknum á bættri greiningu krabbameins.**

**Blái naglinn og Landsspítalinn**

Landssöfnunin **Fjöður sem vegur þungt** er samstarfsverkefni Bláa naglans og Erfðaog sameindalæknisfræðideildar Landspítalans til að byggja upp fullnægjandi aðstöðu til rannsókna á kjarnsýrum í líkamsvökva.

**Mælingar á kjarnsýrum**

Kjarnsýrur, bæði DNA og RNA, losna frá líffærum út í líkamsvökva. Magn kjarnsýranna og gerð þeirra endurspeglar heilsu einstaklingsins. Vonir eru bundnar við að nota megi mælingar á kjarnsýrum í blóði og þvagi til að skima fyrir margvíslegum sjúkdómum, til sjúkdómsgreininga og til að fylgja eftir meðferð. Vonir standa til að mögulegt verði að nota þessi próf í rannsóknaskyni til að berjast gegn krabbameini. Vitað er að stökkbreytingar í erfðaefni meinsins valda sjúkdómum og þessar stökkbreytingar eru einmitt greinanlegar í líkamsvökvum.

*Með kaupum á Bláu fjöðrinni leggurðu þitt af mörkum til stuðnings rannsóknum á bættri greiningu krabbameins. Afrakstur landssöfnunarinnar verður notaður til kaupa á tækjum sem bæta greiningu krabbameins.*

BLÁI NAGLINN

Hægt er að leggja framlög til stuðnings erfða- og sameindalæknisfræðideildar Landspítalans inn á reikning Bláa naglans; 537-14-350350 (kennitala 450700-3390).

## Lífið í vikunni
12.09.15–18.09.15



**Hugleiðsla er til þess fallin, líkt og íslenska orðið gefur til kynna, að hvíla hugann og átta sig á því hvar maður er á þeirri stundu sem maður er að hugleiða.“**

Björn Bjarnason, fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, mun leiða hálftíma langa hugleiðslutíma tvisvar í viku frá október.

Magnús Skarphéðinsson er hagvanur í leikhúsunum og festir kaup á 140 leikhúskortum á hverju ári.






5.500 manns mættu á tónleika Jessie J sem fram fóru í Laugardalshöll síðastliðinn þriðjudag.

Akureyrarmærin Aníta Hirlekar sýndi nýjustu fatalínu sína á „Ones to Watch“ á London Fashion Week í gær.









Jahn Aamodt

**TIMEOUT** hægindastóllinn er hannaður af **Jahn Aamondt** með fagurfræði og þægindi að leiðarljósi. Stóllinn fæst hjá Betra Baki í ótal útfærslum. Svörtu leðri og hnotu, svörtu leðri og ljósri eik, lime grænu, rauðu eða hvítu leðri og svörtum botni, brúnu leðri allan hringinn, gráu slitsterku áklæði o.fl., með eða án skemils.



www.betrabak.is

Betra BAK

Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík · Sími 588 8477 | Opið virka daga frá kl. 10-18 & Laugard. frá kl. 11-16
Dalsbraut 1, Akureyri · Sími: 558 1100 | Skeiði 1, Ísafirði · Sími 456 4566 |


# Ráðherrar lofa Everest

Nokkrir af ráðherrum þjóðarinnar voru staddir á frumsýningu Everest, stórmyndar Baltasar Kormáks. Lífið leitaði til ráðherranna og spurði þá hvað þeim fannst um myndina, en hún hefur fengið jákvæð viðbrögð víða um heim.

Margir þekktir Íslendingar mættu á frumsýningu Everest á fimmtudagskvöld. Baltasar Kormákur, leikstjóri myndarinnar, var sjálfur á staðnum og ræddi við gesti fyrir myndina. Meðal annars bað hann alla Íslendinga sem unnu að myndinni um að koma fremst í salinn, til þess að sýna viðstöddum hversu margir héðan lögðu hönd á plóg. Mikill fjöldi Íslendinga vann við myndina og sinnti hinum ýmsu störfum, til dæmis tæknivinnslu myndarinnar, sem gagnrýnendur eru flestir sammála um að sé stórkostleg.



Vilborg Arna Gissurardóttir reyndi við toppinn á Everest í fyrra.

### FANGAÐI RAUNVERULEIKANN

**Mér finnst myndin mjög góð og verulega raunveruleg. Ég þekki aðstæður á Everest náttúrulega vel, líka eftir að það koma upp stórslys. Ég varð bara orðlaus þegar ég horfði á myndina, því þeir ná þessu svo vel. Umhverfið er bara eins og það er í alvörunni. Ég þekki auðvitað ágætlega til og fylgdist með tökum á meðan ég var á Everest. Ég þekki marga sem voru í myndinni og hef upplifað ýmislegt með þessu fólki. Myndin var stórkostleg og situr í mér.**



**Þetta var alveg mögnuð upplifun. Manni finnst raunar alveg ótrúlegt hvað manneskjur eru tilbúnar til að leggja á sig: Bæði þetta fólk sem hefur ástríðuna fyrir fjallgöngunni sem myndin fjallar um, en ekki síður þeir sem taka að sér að miðla þessari sögu til okkar með þessum hætti. Manni finnst líka ótrúlegt að Íslendingur sé kominn í þá stöðu að hafa tækifæri til að búa til svona listaverk. Það er mjög merkilegt og fyllir mann af ákveðnu stolti.**

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra



**Mér fannst eitt af augnablikum kvöldsins vera þegar Baltasar safnaði öllum Íslendingunum sem unnu að myndinni saman. Þótt myndin hafi ekki verið tekin hér þá er hún íslensk. Þetta er stórmynd á alla mælikvarða og virkilega raunveruleg. Mér varð kalt þegar það varð snjóstormur í myndinni og hefði viljað fá húfu og vettlinga á köflum. Myndatakan var flott og íslenski hluti myndarinnar – eftirvinnslan og tæknin – var framúrskarandi. Vonandi verður þetta til þess að draga meira af slíkri vinnu hingað til lands.**

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra



**Mér fannst myndin alveg stórkostleg. Maður upplifði atburðarásina mjög sterkt í henni, þetta var allt svo raunverulegt fyrir manni. Myndin verður allt að því „brútalt“ raunveruleg. Þessi mynd og stærðin á henni sýnir auðvitað þá stöðu sem Baltasar er kominn í sem leikstjóri. Svona stór mynd vekur athygli á íslenskri kvikmyndagerð og íslenskri menningu.**

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra



**Everest er frábær mynd. Kvikmyndagerð er mikilvæg og öflug atvinnugrein og það er augljóst að við eigum fólk í greininni sem er á heimsmælikvarða. Baltasar heldur áfram að gera frábæra hluti og ekki má gleyma Daða Einarssyni – tæknibrellurnar voru framúrskarandi líkt og í öðrum myndum sem hann hefur komið nálægt.**

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og umhverfisráðherra

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjalti Egilsson *hjalti@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir *geira@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



# STYRKTU STÖÐU ÞÍNA

## NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI

ENN FLEIRI NÁMSKEIÐ Á ENDURMENNTUN.IS

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Gagnrýnin hugsun við ákvarðanatöku
Snemmskráning til og með 27. september

Agile verkefnastjórnun
Snemmskráning til og með 5. október

Mannauðsstjórnun – vinnustofa
Snemmskráning til og með 10. október

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
Snemmskráning til og með 12. október

VMS töflur – ein af grunnaðferðum straumlínustjórnunar
Snemmskráning til og með 18. október

### PERSÓNULEG HÆFNI

Jarðgerð í heimagörðum
Snemmskráning til og með 20. september

Ljósmyndun – að taka betri myndir
Haldið 23. september

Heimili og hönnun
Hefst 23. september

Hreyfing og næring á efri árum – lífsins elixír
Hefst 23. september

Komdu ég vil hlusta á þig -
um samskipti foreldra og barna
Snemmskráning til og með 25. september.

### MENNING

Popp- og rokktónlist í fræðilegu ljósi
Snemmskráning til og með 26. september

Glæpasagnadrottningar
Snemmskráning til og með 27. september

Undraheimur Þingvalla
Hefst 28. september

Arfur í öðru landi – Íslendingar í Vesturheimi
Hefst 28. september

Þar sem orðunum sleppir - námskeið
um vestræna tónlistarsögu
Snemmskráning til og með 4. október

### TUNGUMÁL

Practical English
Snemmskráning til og með 25. september

Pólska fyrir byrjendur
Snemmskráning til og með 25. september

Ítalskt talmál og menning
Snemmskráning til og með 2. október

### VERKFRÆÐI OG TÆKNIFRÆÐI

Ný lagnaefni í hita-, vatns- og frárennsliskerfum
Snemmskráning til og með 13. október

### STARFSTENGD HÆFNI

Alþjóðareglur í flugi og innleiðing þeirra hér á landi
Snemmskráning til og með 21. september

Vefmiðill einyrkjans – að fá meira út úr vefnum
Snemmskráning til og með 21. september

Tímastjórn – til bættra lífsgæða
Snemmskráning til og með 21. september

Áhrif húmors á starfsumhverfi – vinnustofa í húmor,
gleði og hamingju
Snemmskráning til og með 27. september

Hlutverk hópstjórans/vaktstjórans
Snemmskráning til og með 28. september

### UPPELDI OG KENNSLA

Tákn með tali tekið lengra – málið á flug
Snemmskráning til og með 28. september

Hagnýtar, einfaldar og jákvæðar aðferðir í kennslu
- bætt hegðun, betri líðan
Snemmskráning til og með 2. október

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Grunnatriði fjármála
Snemmskráning til og með 26. september

Excel PowerPivot
Snemmskráning til og með 28. september

Virðismat fyrirtækja - grunnatriði
Snemmskráning til og með 28. september

Greining ársreikninga
Snemmskráning til og með 5. október

### ERLENDIR SÉRFRÆÐINGAR

SAP2000 Basic Training Course
Snemmskráning til og með 25. september

SAP2000 Earthquake analysis course
Snemmskráning til og með 25. september

Leadership and Decision Making
Haldið 8. október

Negotiations Skills: Strategies for Increased Effectiveness
Snemmskráning til og með 19. október

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Teymisvinna – að leiða teymi og vinna í teymi
Snemmskráning til og með 2. október

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð
Snemmskráning til og með 19. október

### UPPLÝSINGATÆKNI

Gagnasöfn og SQL
Snemmskráning til og með 5. október

SQL fyrirspurnarmálið
Snemmskráning til og með 26. október

**SNEMMSKRÁNING VEITIR AFSLÁTT OG LÝKUR TÍU DÖGUM ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST**

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# ÚTSALA

# HÚSASMIÐJUNNAR

FLÍSAR **30%** • SMÁRAFTÆKI **25%** • POTTAPLÖNTUR **20 - 50%** •

## LÝKUR UM HELGINA

RAFMAGNSVERKFÆRI

NILFISK HÁÞRÝSTIDÆLUR **20%** • BÚSÁHÖLD **25%** • PLASTKÖRFUR OG BOX **30%** • ÝMIS BLÖNDUNARTÆKI **20-25%** • VINNUFATNAÐUR **20-40%** NORDLUX LJÓS **20%** • INNIGOSBRUNNAR **50%** OG MARGT FLEIRA








**6.997kr**

~~9.995kr~~

**5.995kr**

Frábært verð

**64.900kr**

~~76.900kr~~

**Hillurekki Strong 175**

Stærð: 180x90x45 cm
5 hillur, hver hilla ber 175 kg
Litur: Galv
5803673

Electrolux

**ÞVOTTAVÉL**

Electrolux, FW30L7120
1200 snúninga, 7 kg.
1805690

BLACK&DECKER

**HÖGGBORVÉL**

KR504CRE, 500W
5245599

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ og tilboðsvörum • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.


AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
30% AFSLÁTTUR
BLACK & DECKER VERKFÆRI
30% AFSLÁTTUR
ALLAR FLÍSAR
25% AFSLÁTTUR
EMMEVI BLÖNDUNARTÆKI
20% AFSLÁTTUR
VERÐ FRÁ 990 kr/m²
ALLT HARÐPARKET
25% AFSLÁTTUR
ÖLL SMÁRAFTÆKI
20% AFSLÁTTUR
ÖLL NORDLUX LJÓS
25% AFSLÁTTUR
CERSANIT HREINLÆTISTÆKI
35% AFSLÁTTUR
ALLAR VERKFÆRATÖSKUR
20% AFSLÁTTUR
ALLAR HÁÞRÝSTIDÆLUR
20% AFSLÁTTUR
ALLAR INNIHURÐIR
25% AFSLÁTTUR
HARPA SJÖFN INNI OG ÚTIMÁLNING
25% AFSLÁTTUR
ALLAR HREINSIVÖRUR
20-50% AFSLÁTTUR
ALLAR POTTAPLÖNTUR
30% AFSLÁTTUR
GARÐVERKFÆRI
30% AFSLÁTTUR
PLASTKASSAR
25-50% AFSLÁTTUR
ÖLL BÚSÁHÖLD
999kr/3 stk
1.499kr
ERIKA OG CALLUNA 3 stk.
meðan birgðir endast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Bergs Ebba




# Að drepa tímann

Úrslitin á Opna bandaríska meistaramótinu í Tennis fóru fram um síðustu helgi. Það var gríðarleg spenna fyrir viðureigninna í karlaflokki því þar mættust þeir allra stærstu: Novak Djokovic og Roger Federer. Það jók einnig á spennuna að úrslitaleikurinn frestaðist um 3,5 klst. vegna rigningar. Sky Sport hélt uppi útsendingu gegnum alla biðina. Þar á bæ voru menn hreinlega að ærast úr spennu þó að þeir hefðu ekki úr miklu að moða.

Myndbrot af Federer að mæta á æfingasvæðið var endursýnt í sífellu. Federer var ekki með reimarnar á skóm sínum hnýttar og það fór óralangur tími í að ræða það „atvik“ og hvaða áhrif það gæti haft á leikinn. Umræðan varð ítarleg og langdregin. Sumir gerðu því skóna að Federer væri með óreimaða skó því hann væri stökkbólginn og meiddur. Aðrir mótmæltu og sögðu hann virka meiddan vegna þess að hann væri með óreimaða skó og því væri göngulagið kjagandi. Þessi umræða var stórkostlega heimskuleg. Á meðan menn ræddu skóreimarnar og meint meiðsli í þaula sást Federer hlaupa um völlinn í upphituninni. En eitthvað verða menn að segja til að fylla upp í 3,5 klst. af bið. Þessi umræða fór fram frammi fyrir alþjóð, líklega voru milljónir að fylgjast með. Það sem er enn athyglisverðara er að þátttakendur umræðunnar eru ekki heimskt fólk. Þetta er líklega mestanpart fólk með háskólagráður og mikinn metnað fyrir starfi sínu. Það var spennan, biðin og aðstaðan sem skóp heimskuna.

Ég er stundum gáttaður á meintri heimsku fólks hér og þar og pæli mikið í „vondum skoðunum“ og rugli sem sett er fram. En kannski ætti ég frekar að beina athyglinni að aðstæðunum sem við sköpum okkur. Á meðan ekkert er í gangi eru skoðanirnar heitastar, oftúlkanirnar brenglaðastar o.s.frv. Einmitt þegar ekkert skiptir máli þá fellur mesta froðan. Kannski erum við bara eins og Sky Sport-fólkið, endalaust að rýna í tilgangslaus „atvik“, bíðandi í rigningunni eftir að leikurinn hefjist með nógan tíma fyrir höndum.








